


GARÐAR ÓLI GYLFASON

*Galdraði fram dýrindis þríréttaða veislumáltíð*

matur ■ jól

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

MAGNÚS SCHEVING

*Ríkasti maður í heimi*

Heimildarþáttur Discovery frumsýndur

FÓLK 70



**STÚDENTABLAÐIÐ**

H HÁSKÓLINN
M MENNING
P PÓLITÍK

*fylgir Fréttablaðinu 16. desember*


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. nóvember 2007 — 326. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FÖSTUDAGUR**



### Tískuverðlaun Bretlands

Stella McCartney er fatahönnuður ársins.

FÓLK 56

### Rokkdoktorar sameinast



Dr. Gunni fékk Dr. Spock til að spila lag í Laugardagslögunum.

FÓLK 70

### Áfram í toppsætinu

Haukar styrktu stöðu sína á toppnum í N1-deild karla í handbolta með útisigri á Stjörnunni.

ÍÞRÓTTIR 66

**SIRKUS**

### Ástfangin og vinnusöm

Björn Sveinbjörnsson yfirgaf fyrirsætuferilinn til að fara að vinna með kærustunni sinni, Svövu Johansen.




FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**VEÐRIÐ Í DAG**




**STORMUR NORÐVESTAN TIL** - Í dag verða norðaustan 18-23 m/s norðvestan til, annars 13-20 m/s. Snjókoma eða él norðan til, rigning eða slydda austan til, annars úrkomulítið.

VEÐUR 4

# Landspítalinn skeri niður um 500 til 700 milljónir

**Fjármagn sem Landspítalanum er úthlutað til rekstrar verður skorið niður milli ára. Formaður nefndar um málefni spítalans gerir ekki ráð fyrir skertri þjónustu. Óákveðið hvar skorið verður niður segir forstjóri.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sviðsstjórar á Landspítalanum hafa fengið bréf frá Vilhjálmi Egilssyni, formanni nefndar um málefni spítalans, þar sem þeim er gert að skera verulega niður á næsta ári. Niðurskurðurinn mun nema um tveimur prósentum, að sögn Vilhjálms.

„Það er enginn að segja að þetta verði auðvelt, en það er heldur enginn að segja að þetta sé vonlaust. Þetta er það nákvæmlega sama og menn þurfa að glíma við í öllum rekstri,“ segir Vilhjálmur.

Í breytingartillögu meirihluta fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarp ársins 2008 er lagt til að 200 milljónir króna bætist við framlög til Landspítalans. Þá hafa framlögin frá árinu sem nú er að líða aukist um 1.020 milljónir. Samtals eru framlög ríkisins til Landspítalans um 33 milljarðar króna.

Á síðasta ári var Landspítalinn þó rekinn með talsverðum halla, og þurfti því að samþykkja 1.800 milljóna aukafjárveitingu til að greiða upp halla á rekstri stofnunarinnar. Því hefur spítalinn minna fé milli handanna á næsta ári en þurfti til rekstrarins í ár.

„Menn eru alltaf að leita leiða til að hagræða, gera hlutina betur en þeir gera,“ segir Vilhjálmur. Það sé gert á Landspítalanum eins og annars staðar. Spurður hvort þetta þýði þjónustuskerðingu segir hann: „Ég er ekki farinn að sjá það ennþá að þess þurfi.“

Vilhjálmur segir að ekki verði eingöngu um niðurskurð að ræða, til standi að færa verkefni til annarra heilbrigðisstofnana. Stofnanir á Akranesi, Selfossi, Hafnarfirði og Reykjanesbæ fái þannig aukalega 430 milljónir króna til að styrkja rekstrarstöðu svo þær geti tekið við auknum verkefnum.

„Auðvitað hefur þetta áhrif,“ segir Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans. Nú þegar Alþingi hafi sett rammann segir hann stjórnenda að halda sig innan hans. Hann geti ekki fullyrt hvar niðurskurðurinn komi niður. - bj



**ATHVARF Í VETRARKULDANUM** Gestum á hinum gamalgróna jólamarkaði í Berlín býðst að hvíla lúin bein undir svokölluðum hitakápum, þykkum yfirhöfnum sem hengdar eru yfir ylvolga pottofna. Þessar dömur gæddu sér á jólaglögg í hlýjunni. NORDICPHOTOS/AFP

Heilbrigðiskerfið:

## Heimilislaus í kerfinu líka

**HEILBRIGÐISMÁL** **Úrræðaleysi einkennir heilbrigðisþjónustuna þegar kemur að heimilislausu fólki. Fyrir kemur að fólk sé útskrifað af spítala þrátt fyrir að það eigi hvorki heimili né peninga til að kaupa nauðsynleg lyf.**

**Eva Lind Björnsdóttir, sem eitt sinn var heimilislaus, segir aðstoð skorta við konur á götunni.** - eb / sjá síðu 16

Fólki hjálpað að létta á sér:

## Salerni í símann

**BRETLAND** Breskt farsímafyrirtæki hefur þróað gervihnattakerfi sem gerir fólki kleift að finna næsta salerni með símanum sínum. Einungis þarf að senda skilaboð með orðinu „toilet“ í síma 80097 og þá berast upplýsingarnar um hæl.

Kerfið er þegar virkt á um tíu ferkílómetra svæði í Westminster-hverfinu í London og er frekari útbreiðsla þess fyrirhuguð. Fulltrúar yfirvalda segjast hæstánægðir með árangurinn. - sh

Miðborg Toronto í Kanada rýmd vegna gjörnings Þórarins Inga Jónssonar listnema:

# Íslensk sprengja veldur usla

**MENNING** Íslenskur listamaður olli fjaðrafoki í miðbæ Toronto í Kanada þegar hann skildi eftir gervisprengju á listasafni.

„Ég bjó til skúlptúr úr viði og málningu sem leit við fyrstu athugun út eins og sprengja. Ég tók síðan upp tvö myndbönd á farsíma sem sýna sprenginguna,“ segir Þórarinn Ingi Jónsson, nemi við listaháskólann Ontario College of Art and Design í Toronto.

„Daginn sem ég átti að sýna lokaverkefnið fór ég inn á safnið og kom skúlptúrnum fyrir við hliðina á bekk með miða þar sem á stóð að þetta væri ekki sprengja,“ segir Þórarinn en að því loknu fór hann í skólann og sýndi verkefnið. Það var ekki fyrr en seint á miðvikudagskvöld sem Þórarinn komst að því að safnið hefði verið rýmt og götum í miðborginni lokað af lögreglu.

„Ég hef ekkert heyrt frá lögreglunni, en ég talaði við lögfræðing skólans áður en ég hófst handa við gerð listaverksins.“

Þórarinn segir kanadíska fjölmiðla heldur neikvæða út í gjörninginn og sumir efist um að verk hans geti kallast list. Hann kippir sér þó ekki upp við það enda er verkið byggt á hugmyndum Marcel Duchamp, listamannsins sem hengdi upp klósettskál á listasafni.

Verk Þórarins er einnig tilvísun í nútímann. „Þetta hefði ekki orðið jafn stór viðburður fyrir 11. september 2001. Allt hefur breyst síðan. Tímasetning verksins er því mikilvæg og tengist boðskapnum.“ - eb


STÓR-SÝNING

KIA

laugardaginn

1. desember kl. 10–16

EURO2008 · KIA MOTORS Official Partner







**SPURNING DAGSINS**



*Einar, er íslenskan heilög kýr?*

„Hún er að minnsta kosti mínar ær og kýr."

Alþjóðahúsið, Samtök atvinnulífsins og nokkur stéttarfélög og stofnanir hafa látið útbúa sjö barmmerki til að virkja þá sem tala íslensku til að kenna þeim sem tala málið ekki. Á einu barmmerkinu er spurt hvernig eigi að fallbeygja kýr. Einar Skúlason er framkvæmdastjóri Alþjóðahússins.

Bæjarstarfsmenn í Hafnarfirði fá kjarabætur vegna aðstæðna á vinnumarkaði:

# Fá 200 milljóna aukagreiðslu

**HAFNARFJÖRÐUR** Bæjarstarfsmenn í Hafnarfirði fá kjarabætur til „að mæta þeim aðstæðum sem nú eru á vinnumarkaði," að sögn bæjarstjórnar, sem samþykkt hefur rúmlega 200 milljóna króna aukagreiðslur vegna þessa.

Allir bæjarstarfsmenn fá þrjátíu þúsund króna jólauppbót, sextán þúsund króna styrki til líkamsræktar og hálfs árs sundkort á eitt þúsund krónur. Þá verður tekin upp sú nýjung að meta fyrri starfsreynslu hjá öðrum vinnuveitendum bæjarstarfsmönnum til tekna.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu er athyglinni sérstaklega beint að starfsfólki leikskóla og grunnskóla, sem fær ýmsar kjarabætur. „Hafnarfjörður vill vera til fyrirmyndar í skólamálum og gefur hér skýr skilaboð um mikilvægi umönnunar og menntastétta í Hafnarfirði," segir Ellý Erlingsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.



**ELLÝ ERLINGSDÓTTIR** „Hafnarfjörður vill vera til fyrirmyndar," segir forseti bæjarstjórnar.

Bæjarráð samþykkti aukagreiðslur til skólastarfsmanna í síðustu viku en í fyrradag bætti bæjarstjórninun um betur. Sérstakur sjóður til grunnskóla var þannig hækkaður úr 4.000 krónum á nemanda í 8.500 krónur á nemanda.

„Í sex hundruð nemenda skóla gerir þetta sjóð að fjárhæð rúmlega fimm milljónir króna. Þessum fjármunum má ráðstafa til að mæta álagi og undirmönnun og einnig til að efla starfsanda og liðsheild," segir Ellý Erlingsdóttir. **- gar**

Skjalafalsari ákærður:

# Þóttist í umboði líknarfélags

**DÓMSMÁL Mál gegn karlmanni á fertugsaldri sem sakaður er um skjalafals var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.**

**Maðurinn sótti um stofnun veltureiknings í nafni líknarfélags en ákærði falsaði undirskrift á umsókninni sem prókúruhafi og framkvæmdastjóri félagsins, í útibúi KB banka í Austurstræti í nóvember í fyrra.**

**Þá lagði hann fram falsað umboð frá stjórn líknarfélagsins um heimild til úttektar á fjármunum af reikningi þess en á umboðinu hafði maðurinn falsað undirskrift stjórnarmanna félagsins og ímyndaðra votta. - æþe**

Fiskveiðar í ESB:

# Frekari kvótaniðurskurður

**BRUSSEL Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leggur til enn frekari niðurskurð fiskveiðikvóta í lögsögu sambandsins.**

**Framkvæmdastjórnin vill að þorskveiðikvótinn verði skorinn niður um fjórðung í stærstum hluta lögsögunnar. Undantekning er norðanverður Norðursjór, þar sem hún vill heimila ellefu prósenta aukningu. „Nýjasta vísindaráðgjöfin staðfestir að þótt ástandið sé nokkuð stöðugt er enn veitt of mikið úr flestum stofnum," hefur fréttavefur BBC eftir Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórninni.**

**Sjávarútvegsráðherrar ESB hittast í desember til að taka ákvörðun um kvóta næsta árs. - aa**

Ólafur F. Magnússon:

# Aftur í Ráðhús á mánudaginn

**REYKJAVÍK** Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-lista frjálslyndra og óháðra, snýr aftur til starfa á mánudaginn.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Hann blæs á sögusagnir um viðræður um meirihlutasamstarf við sjálfstæðismenn. „Enda lá fyrir að ég styð nýjan borgarstjóra og mun gera það áfram."

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fagnar endurkomu Ólafs, sem hann kallar guðfaðir hins nýja meirihluta: „Hann var sá fyrsti sem hringdi í mig með þessa hugmynd á sínum tíma."

Hvorugur telur að ólíkar áherslur um Reykjavíkurflugvöll verði þeim að ásteytingarsteini á kjörtímabilinu. **- kóþ**

# Orkan er á við þrjár Kárahnjúkavirkjanir

**Stefnt er að því að koma upp sjávarfallavirkjun í Röstinni í Breiðafirði. Fjárfestingin næmi minnst 90 milljörðum króna og myndi virkjunin framleiða tvöfalt til þrefalt meiri raforku en Kárahnjúkavirkjun. Óvíst er um umhverfisáhrif.**

**ORKUMÁL** Verið er að rannsaka möguleikana á því að setja upp sjávarfallavirkjun, eða hafstraumamyllu, í Breiðafirði. Slík virkjun þykir helst koma til greina í röstinni í Hvammsfirði. Í Breiðafirði virðist vera hægt að framleiða mikla raforku með lágum framleiðslukostnaði á umhverfisvænan og afturkræfan hátt. Fjárfestingin yrði minnst 90 milljarðar króna miðað við sex þúsund megavatta virkjun og framleiðslu upp á 11-13 þúsund gígavattstundir á ári.

Geir Guðmundsson, verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð, segir að upprunalega hafi hugmyndin verið sú að byggja brú með hverflum yfir Breiðafjörðinn sem hefði jafnframt verið akvegur yfir í Dalasýslu en Breiðafjörðurinn sé náttúruperla sem menn vilji ekki eyðileggja auk þess sem Vegagerðin hafi talið litla þörf fyrir veg þarna yfir.

Í dag sé gert ráð fyrir að sökkva svokölluðum Gorlov-hverflum á bólakaf þannig að þeir sjáist ekki. „Ganga þarf úr skugga um að hverflarnir þoli þessa miklu strauma í Breiðafirði og ganga líka úr skugga um að þetta sé öruggt fyrir fiska og fugla. Æðarfuglar kafa þarna eftir æti og þang þvælist fram og til baka. Það þarf að kanna hvaða áhrif þetta hefur."

Geir segir að fyrsta mat á hugmyndinni sé það að þarna sé geysilega mikil orka fyrir hendi, „á við nokkrar Kárahnjúkavirkjanir og jafnvel þó að við myndum bara virkja lítið brot af orkunni. Þetta yrði líka ódýrari orka miðað við núverandi vatnsaflskosti," segir hann. Hins vegar fylgir böggull skammrifi. „Orkan er sveiflukennd og því þyrfti að koma til samvinna við til dæmis Landsvirkjun til að jafna út sveiflurnar," segir hann og bendir á að það gæti haft í för með sér kaup á sérstökum túrbínum og framkvæmdir sem gætu hækkað raforkuverð.

Fyrirtækið Sjávarorka, sem var stofnað fyrir nokkrum árum til að vinna að virkjuninni, er í samvinnu við Siglingastofnun og verkfræðistofur og felst undirbúningurinn í mælingum og matsvinnu, til dæmis á því hvar best væri að koma hverflunum fyrir. Vonir standa til að hægt sé að stunda ítarlegri rannsóknir á næstunni.

Geir segir að lítill áhugi sé á hugmyndinni hér á landi. Viðkvæði sé að fyrst beri að virkja jarðvarma og vatnsföll. „Menn eru fastir í því að bora og stífla," segir hann.

**ghs@frettabladid.is**




**FRAMLEIÐIR TVÖFALT MEIRA**

Sjávarfallavirkjunin í Breiðafirði yrði samsett úr hundrað pöllum sem hver um sig er með fjórutíu rafala. Pöllunum yrði sökkt í sjóinn á fimmtán til sextán metra dýpi og þeir festir við botninn. Þegar sjórinn streymir í gegnum rafalana framleiða þeir rafmagn. Uppsett afl væri sex þúsund megavött og framleiðslan gæti náð 11-13 þúsund gígavattstundum á ári en Kárahnjúkavirkjun framleiðir tæplega fimm þúsund gígavattstundir á ári.

> „Æðarfuglar kafa þarna eftir æti og þang þvælist fram og til baka. Því þarf að kanna hvaða áhrif þetta hefur.
>
> **GEIR GUÐMUNDSSON**
> VERKEFNISSTJÓRI HJÁ NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ.



**ÁVARPAÐI ÞJÓÐINA** Pútín segir stjórnarandstæðinga „svikahrappa á jötu útlendinga". FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingkosningar í Rússlandi:

# Pútín varar kjósendur við

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti varaði í gær kjósendur við því að styðja ekki flokk sinn, Sameinað Rússland, í þingkosningunum á sunnudaginn. Hlyti hann ekki glæst brautargengi gæti Rússland sokkið aftur í „tíma niðurlæginga, ósjálfstæðis og upplausnar".

Sjónvarpsávarp Pútíns var sent út í lok kosningabaráttu þar sem séð hefur verið til þess að engar aðrar raddir en þær sem styðja Pútín og hans menn fengu að komast að í fjölmiðlum landsins.

Stórsigur Sameinaðs Rússlands gæti gefið Pútín umboð til að vera áfram álitinn leiðtogi þjóðarinnar jafnvel þótt hann hætti sem forseti í vor. **- aa**

**DÓMSMÁL**

### Framlengt yfir skútumanni

Gæsluvarðhald yfir einum skútumannanna svokölluðu, sem teknir voru með um 40 kíló af fíkniefnum í Fáskrúðsfjarðarhöfn, var framlengt til 10. janúar í gær. Hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar.

**KÓPAVOGUR**

### Áfram hámarksútsvar

Útsvarsprósenta í Kópavogi verður óbreytt á næsta ári, 13,03 prósent, sem er hæsta leyfilega álagningarhlutfall. Þetta samþykkti bæjarstjórn samhljóða að tillögu bæjarstjóra. Gert er ráð fyrir 2,2 milljarða króna rekstrarafgangi á bæjarsjóði á næsta ári.






Naser Khader og flokkur hans verða í stjórnarandstöðu í Danmörku:

# Vill flóttamenn til Grænlands

**DANMÖRK** Danski stjórnmálamaðurinn Naser Khader hefur stungið upp á því að hluti þeirra flóttamanna sem fá hæli í Danmörku fái að búa á Grænlandi.

Juliane Henningsen, annar tveggja fulltrúa Grænlendinga á danska þjóðþinginu í Kaupmannahöfn, tekur vel í þessa hugmynd, en segir þó að Grænlendingar verði að fá að ráða ferðinni í þeim efnum sjálfir. Frá þessu er skýrt meðal annars á fréttavef danska dagblaðsins Politiken.

Khader, sem er leiðtogi danska stjórnmálaflokksins Nýtt bandalag, er nýkominn úr þriggja daga ferð um Grænland og segist sannfærður um að þar yrði vel tekið á móti útlendingum. „Grænland minnir mig á æsku mína í Mið-Austurlöndum. Þetta er ótrúlega opin og viðmótsþýð þjóð," segir hann í viðtali við Politiken.

Khader er fæddur í Sýrlandi en faðir hans er palestínskur flóttamaður. Nýstofnaður stjórnmálaflokkur hans náði fimm mönnum inn á þing í kosningunum 13. nóvember.

Þótt hægristjórn Anders Fogh Rasmussens hafi náð naumum meirihluta í kosningunum hafði Khader sýnt mikinn áhuga á að ganga til liðs við stjórnina, meðal annars til að geta haft þar áhrif á innflytjendamál.



**FRÁ ÞINGSETNINGU** Juliane Henningsen frá Grænlandi, Høgni Hoydal frá Færeyjum og Birthe Rønn Hornbech, ráðherra innflytjendamála í ríkisstjórn Anders Fogh Rasmussen, spjalla saman við setningu þingsins á miðvikudag. NORDICPHOTOS/AFP

Í gær varð þó ljóst að Nýtt bandalag yrði í stjórnarandstöðu á þessu kjörtímabili. **- gb**

# MERKISDAGAR

## VEGLEGUR AFSLÁTTUR AF BETRI NOTUÐUM BÍLUM Í ÞRJÁ DAGA

Tilboð 430.000




KOMDU OG GERÐU MERKILEGUSTU BÍLAKAUP ÁRSINS
200 BÍLAR




Tilboð 590.000
















**BNB - sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

KOMDU OG GERÐU MERKILEGUSTU BÍLAKAUP ÁRSINS
MERKILEGRI BÍLAR










Tilboð 1.490.000







KOMDU OG GERÐU MERKILEGUSTU BÍLAKAUP ÁRSINS
2 DAGAR EFTIR

**Sumir notaðir bílar eru einfaldlega merkilegri en aðrir. Næstu tvo daga eru Merkisdagar hjá Toyota - Betri notuðum bílum á Nýbýlavegi. Þá geturðu fengið veglegan afslátt og einstök fjármögnunarkjör á yfir 200 betri notuðum bílum.**

## YFIR 200 BÍLAR Í BOÐI Á FRÁBÆRUM KJÖRUM. KOMDU OG GERÐU MERKILEGUSTU BÍLAKAUP ÁRSINS.

**Opið:**
**Föstudagur kl. 9:00 – 18:00**
**Laugardagur kl. 12:00 – 16:00**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 40104 11/07

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

## GENGIÐ 29.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,2 | 61,5 |
| Sterlingspund | 126,12 | 126,74 |
| Evra | 90,18 | 90,68 |
| Dönsk króna | 12,09 | 12,16 |
| Norsk króna | 11,149 | 11,215 |
| Sænsk króna | 9,622 | 9,678 |
| Japanskt jen | 0,5551 | 0,5583 |
| SDR | 97,22 | 97,8 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

119,2659

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Útvarpsstjóri hefur ekki lesið bréf umboðsmanns Alþingis til stjórnar RÚV:

# RÚV minnt á upplýsingalögin

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis hefur sent stjórn Ríkisútvarpsins bréf til að minna á að upplýsingalögin skuli virt. Kveikjan að bréfinu var ummæli formanns stjórnar RÚV, sem lét hafa eftir sér að hann myndi ekki hver laun útvarppsstjóra væru, en að þau yrðu gefin upp á næsta aðalfundi félagsins. Þá sagðist Páll Magnússon útvarpsstjóri ekki heldur muna upphæð eigin launa, eða hversu lengi hann hefði fengið bíl á rekstrarleigu.

Umboðsmaður greip því til þess að eigin frumkvæði að kanna hvernig RÚV fylgdi reglum upplýsingalaga við að veita aðgang að gögnum um laun starfsmanna. Eftir að upplýsingar um laun Páls höfðu fengist og verið birtar á fréttavefnum visir.is ákvað umboðsmaður að hætta skoðuninni, en sá samt ástæðu til að koma ábendingum á framfæri við stjórn RÚV. Afrit var sent til menntamálaráðherra, sem fer með eignarhlut ríkisins í RÚV.

Páll Magnússon útvarpsstjóri segist ekki hafa skoðun á bréfinu. „Mér hefur ekki gefist tóm til að lesa þetta bréf, enda var það ekki sent mér. Þetta bréf var sent til stjórnar Ríkisútvarpsins og afrit til menntamálaráðherra, þannig að ég hef í raun enga skoðun á því.“ - sh



**MÁLEFNI RÚV** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Páll Magnússon útvarpsstjóri á kynningarfundi um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins.

Netþjónabú í Skagafirði:

# Blönduvirkjun annar orkuþörf

**SVEITARSTJÓRNIR Bjarni Jónsson, fulltrúi Vinstri grænna í sveitarstjórn Skagafjarðar, segir hægt að fá næga orku frá Blönduvirkjun fyrir netþjónabú í Skagafirði.**

**„Því þyrfti ekki að fórna skagfirsku jöklánum vegna slíks verkefnis. Slíkt voðaverk, sem eyðilegging þeirra væri, yrði því aldrei réttlætt með uppsetningu netþjónabús, ef af yrði,“ segir Bjarni í bókun á síðasta fundi sveitarstjórnarinnar. Þar var rætt boð Fjárfestingarstofu um Skagafjörður sé með í athugun á aðstæðum fyrir netþjónabú í völdum sveitarfélögum.** - gar

Máttu nota orðið nauðgun:

# Fyrrum ritstjórar DV sýknaðir

**DÓMSMÁL** Tveir fyrrverandi ritstjórar DV hafa verið sýknaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur af kröfu manns um að ummæli í fréttum blaðsins um kynferðisbrotamál yrðu dæmd dauð og ómerk. Jafnframt var miskabóta krafist. Héraðsdómur Reykjavíkur taldi að notkun DV á orðinu nauðgun hefði verið réttlætanleg.

Málið á rætur að rekja til dóms héraðsdóms frá því á síðasta ári. Þar var karlmaður dæmdur í árs fangelsi fyrir kynferðisbrot önnur en samræði með því að notfæra sér ölvun og svefndrunga konu. Hann var ósáttur við að DV notaði nauðgun en ekki misneytingu í umfjöllun um dóminn. - jss

Kennarar í Svíþjóð:

# Morðhótanir hafa tvöfaldast

**SVÍÞJÓÐ Ráðist var á rektor grunnskóla í Stokkhólmi í Svíþjóð og hann stunginn átta sinnum. Rannsókn lögreglunnar hefur leitt í ljós að árásarmaðurinn er 22 ára, bróðir fyrrverandi nemanda í skólanum. Árásarmaðurinn hefur verið handtekinn, að sögn Expressen.**

**Hótanir og ofbeldi gagnvart kennurum hefur tvöfaldast á þremur árum í Svíþjóð. Í fyrra bárust 176 tilkynningar um slíkt. Nýlega voru nokkrir unglingar handteknir fyrir morðhótanir í garð kennara í Malmö.** - ghs

# Þorskeldi mikilvægt til að verja markaði

**Sjávarútvegsráðherra segir hættu á að forskot á mörkuðum tapist ef Íslendingar dragist aftur úr í þorskeldi. Aukinn áhugi á þorskeldi er hjá stjórnvöldum og fyrirtækjum. Markmiðið er að framleiða 30 þúsund tonn af eldisþorski árið 2013.**

**FISKELDI** „Íslendingum er mjög mikilvægt að glata ekki sinni góðu stöðu á alþjóðamörkuðum fyrir þorsk. Sú hætta kann að skapast ef við drögumst aftur úr öðrum þjóðum á sviði þorskeldis,“ sagði Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra við upphaf ráðstefnu um stöðu þorskeldis á Íslandi sem hófst í gær. Sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar segir langt þangað til veiðar á villtum þorski aukist á ný. Norðmenn hafa forskot í þorskeldi sem gæti skilað þeim yfirburðastöðu á mörkuðum.

Sjávarútvegsráðherra minnti á það í ræðu sinni að aðrar þjóðir settu mikla fjármuni í að byggja upp eldi og nauðsynlega þekkingu. „Ef við sitjum hjá kunnum við að lenda í þeirri stöðu að glata því forystuhlutverki sem við höfum náð á mörkuðum erlendis.“

Mjög er horft til Norðmanna þegar þorskeldi er annars vegar. Þeir eru lengst komnir allra þjóða og forskotið gæti skilað þeim yfirburðastöðu á mörkuðum með eldisþorsk á næstu árum.

Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, fjallaði um stöðu við þorskeldi í Noregi. Í máli hans kom fram að vandamálin og markmiðin væru skýr. „Takmörkuð geta til seiðaframleiðslu á Íslandi er flöskuháls sem brýnt er að bæta úr ef þorskeldi á að taka flugið hér á landi.“ Í nýrri skýrslu til sjávarútvegsráðherra er lagt til að markmiðið skuli verða að framleiða 30 þúsund tonn af eldisþorski árið 2015. Byggð verði seiðastöð sem geti framleitt allt að tíu milljónir seiða árið 2013. Aðeins ein seiðaeldisstöð er starfrækt á Íslandi sem framleiðir 500 þúsund seiði árlega. Sjávarútvegsráðherra sagði að samstaða þyrfti að nást um að reisa slíka seiðaeldisstöð.

Björn Ævarr Steinarsson, sviðsstjóri veiðiráðgjafarsviðs Hafrannsóknastofnunar, sagði að uppbygging þorskeldis væri brýnt verkefni. Ekki væri neinnar aukningar að vænta í þorskveiðum á næstu fimm árum. „Raunar verður engin aukning nema við fáum inn sterka nýliðun á næstu tíu til fimmtán árum. Þess misskilnings virðist gæta í þjóðfélaginu að þetta muni gerast á mun skemmri tíma.“

svavar@frettabladid.is



**ÞORSKUR FÓÐRAÐUR** Margir fiskeldismenn telja að stjórnvöld eigi að styðja við þorskeldi með opinberum styrkjum, til dæmis með niðurgreiðslu á fóðri.

MYND/KARL MÁR EINARSSON

## STAÐREYNDIR UM ÞORSK OG ÞORSKELDI

- Þorskveiði í Atlantshafi hefur minnkað úr fjórum milljónum tonna í 890 þúsund tonn á nokkrum áratugum.
- Aflamark í þorski á þessu fiskveiðiári er 130 þúsund tonn.
- Norðmenn framleiða 15 þúsund tonn af eldisþorski árið 2007.
- Íslendingar framleiða 1.500 til 2.000 tonn af eldisþorski árið 2007.
- Norðmenn ætla sér að framleiða 215 þúsund tonn árið 2013.
- Íslendingar stefna á að framleiða 30 þúsund tonn árið 2013.



**FRJÁLS** Kasparov spáir því að hann verði fljótlega dæmdur aftur í fangelsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kasparov laus úr fangelsi:

# Sakar Pútín um einræðisstjórn

**RÚSSLAND, AP** Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák, var í gær látinn laus úr fangelsi í Moskvu, þar sem hann var látinn dúsa í fimm daga fyrir að hafa farið fyrir mótmælagöngu gegn stjórn Vladimírs Pútín í borginni um síðustu helgi.

Tilgangur stjórnvalda með því að loka hann í fangelsi var að sögn Kasparovs að „senda skilaboð“. „Meðferð Pútínstjórnarinnar á eigin þjóð er að komast á nýtt stig,“ sagði hann er hann sté út úr lögreglubílnum sem ók honum heim úr fangelsinu. „Hún er að breytast í einræðisstjórn.“ - aa

## PAKISTAN

### Musharraf sver eið

Pervez Musharraf hóf í gær formlega nýtt fimm ára kjörtímabil sem forseti Pakistans, daginn eftir að hann sagði af sér sem yfirmaður heraflans, en sú staða var grundvöllur valda hans síðastliðin átta ár.

## DÓMSMÁL

### Stal þremur tonnum af vatni

Héraðsdómur Norðurlands eystra frestaði í gær ákvörðun um refsingu manns sem ákærður var fyrir að stela heitu vatni. Maðurinn mun hafa sett segul ofan á rennslismæli í hitaveitugrind í húsi fyrirtækis á Akureyri.

## DÓMSMÁL

### Pylsa kostaði tíu þúsund

Maður var í gær dæmdur í Héraðsdómi í tíu þúsund króna sekt fyrir að henda pylsu og pylsubréfi út um bílglugga á Selfossi. Með þessu braut hann lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélagið Árborg.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÍÐA HVASST ÁFRAM**

Nú með morgninum er víða mjög vindasamt á landinu, hvassviðri eða stormur með myndarlegum hviðum við föll. Hvassast verður norðvestan til í dag, þ.e. á Snæfellsnesi, Vestfjörðum og vestan til á Norðurlandi. Vindurinn verður einna hægastur, en þó hvass, til landsins á Suðurlandi. Ekki eru horfur á að vindur gangi almennilega niður fyrr en á morgun.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hvöss austan átt, 15-20 m/s. Rigning eða slydda í fyrstu en síðan úrkomulítið. Hiti 1-4 stig.

um hádegi »




» á morgun




Norðan og norðaustan 8-15 m/s, hvassast á annesjum á Vestfjörðum.

» sunnudagur




10-20 m/s, hvassast á Vestfjörðum.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skýjað | London | 14°C skúrir | Friedrichshafen | 6°C skúrir |
| Billund | 9°C hálfskýjað | París | 11°C skýjað | Lúxemborg | 5°C léttskýjað |
| Osló | 2°C él | Amsterdam | 10°C skúrir | Alicante | 18°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C léttskýjað | Frankfurt | 8°C skýjað | Róm | 15°C léttskýjað |
| Gautaborg | 6°C skýjað | Berlín | 6°C skúrir | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# HEILSTEIKT LAMBALÆRI

## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

1 stk. lambalæri
7 stk. hvítlauksgeirar
1 dl ólífuolía
½ búnt timjan
½ búnt rósmarín
salt

Afhýðið hvítlauk, merjið með hnífsoddi og blandið saman við ólífuolíu, timjan og rósmarín. Marinerið yfir nótt í ísskáp. Stráið salti yfir lærið 10 mín. áður en það fer inn í ofn þannig að allir hlutar kjötsins fá hóflegt saltmagn. Steikið lærið í ofni við 180°C í 10–15 mín. Bætið vatni í ofnskúffuna til að fá kraft í sósuna. Lækkið hitann niður í 110°C og eldið áfram í 45–60 mín. Stillið bakarofninn á grill og steikið lærið í 5 mín. Látið kjötið jafna sig í 10 mín. við stofuhita fyrir skurð. Kjötið er miðlungs-steikt þegar kjarnhitamælir sýnir 60°C, eftir að kjötið hefur staðið í 10 mín.




**Lambalæri**
– ferskt

**TILBOÐ 998 kr/kg**
Verð áður 1.595,-




Óðals
**Hamborgarhryggur**

**TILBOÐ 998 kr/kg**
Verð áður 1.698,-




**Lambageiri**
m/ villisveppum og jurtum

**TILBOÐ 2.498 kr/kg**
Verð áður 3.322,-

## *Íssósur í ótrúlegu úrvali*

Hagkaup bjóða einfaldlega upp á mesta úrvalið í íssósum







**Lindt Lindor**
– konfektkúlur




**Hershey's**
– kossar í jólaumbúðum




**Jói Fel**
Ljúffeng ísterta með Kahlúa bragði að hætti Jóa Fel

Gildir til 2. desmber eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að best sé að búa á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 52% |
| Nei | 48% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú fylgjandi trúarlegu starfi presta í leikskólum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Eyrir Invest og Landsbankinn gerðu tilboð um að taka yfir Stork N.V. í Hollandi:

# Taka þátt í hergagnaframleiðslu



**NH90 HERÞYRLA** Stork í Hollandi smíðar stél og fleiri hluta svona þyrla.

**VIÐSKIPTI** Íslendingar eiga í fyrsta sinn svo vitað sé með beinum hætti stóran hlut í félagi sem framleiðir hergögn. Iðnaðarsamstæðan Stork N.V. í Hollandi þjónustar hergagnaiðnað og smíðar hluti sem notaðir eru í margvíslegum lofthernaði auk þess að sinna viðhaldi. Eyrir Invest, Marel og Landsbankinn hafa átt í þessu félagi.

Stork Aerospace framleiðir meðal annars hluti í F-16 orrustuþotur Lockheed Martin, kemur að smíði stéls og fleiri hluta í NH90 herþyrlunni fyrir Eurocopter og smíðar vélarhluta í Tiger-bardagaþyrluna. Þá er hergagnaframleiðandinn Raytheon meðal viðskiptavina Stork, en fyrirtækið kemur meðal annars að gerð skotrörs MK56-eldflaugaskotpallsins. Sömuleiðis framleiðir Stork búnað fyrir hergagnaframleiðandann Thales.

Í fyrra nam velta Aerospace, hluta Stork N.V., 549 milljónum evra, eða um fimmtíu milljörðum króna. Í framleiðsluhluta Stork Aerospace falla 53 prósent undir loftvarnasvið, en 47 prósent undir borgaralegan flugiðnað. Í þjónustuhlutanum nemur hlutdeild loftvarna hins vegar ellefu prósentum.

Eignarhaldsfélagið LME hafði safnað að sér 43 prósenta hlut í iðnaðarsamstæðunni Stork N.V. í Hollandi. Með yfirtöku Marels á Stork Food Systems, sem er nú að ganga í gegn, selur LME allan hlut sinn. Eyrir Invest og Landsbankinn, sem áttu LME með Marel, taka þátt í yfirtökutilboði London Acquisition á Stork N.V. Eyrir Invest fer með fimmtán prósenta eignarhlut í London Aquisition og Landsbankinn tíundapart. **- bg**

Karlmaður í Grímsey:

# Dæmdur fyrir olíustuld

**DÓMSMÁL** Karlmaður í Grímsey hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela 12.900 lítrum af olíu. Dóminn kvað upp Héraðsdómur Norðurlands eystra.

Maðurinn nældi sér í olíuna á þriggja og hálfs árs tímabili, þegar hann starfaði sem umboðsmaður Olíudreifingar ehf. Olíuna hagnýtti hann sér til að hita upp heimili sitt og húsnæði sem hann rak í verslun sína Grímskjör í Grímsey.

Maðurinn játaði sök fyrir dómi og lagði fram gögn um að hann hefði greitt Olíudreifingu ehf. skuld vegna olíu. **- jss**





*Af lífshlaupi frumkvöðuls*

Um ævistarf þessa fjölhæfa frumkvöðuls má segja að hug hans og höndum hafi verið fátt ofviða sem hann fékk áhuga á. Ekki var þó mulið undir hann í bernsku og ungur maður fékk hann berklaveiki og glímdi lengi við hana. Í bók sinni, *Sótt á brattann,* segir Ævar frá lífshlaupi sínu og viðfangsefnum svo að unun er að lesa. Ævar er löngu þjóðkunnur maður en lúpínuseyði hans hefur hjálpað fjölda manns til heilsu.

Skjaldborg

www.skjaldborg.is




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FJÁRLÖG RÆDD** Þingmenn Vinstri grænna mótmæltu vinnubrögðum meirihlutans við aðra umræðu fjárlaga í gær. Þingmenn meirihlutans bentu á að þingsköp hefðu verið virt, þótt sá tími sem leið milli þess sem gögnum var dreift og umræður hófust hafi verið í stysta lagi.

# Útgjöld hækka um 1,3 milljarða króna

**Þingmenn VG mótmæla vinnubrögðum Alþingis við umræður um fjárlög. Framlög til nokkurra sjúkrahúsa aukast um 480 milljónir króna. Landspítalinn fær 200 milljónir. Framlög til hátæknisjúkrahúss skorin niður um 700 milljónir.**

**ALÞINGI** Útgjöld ríkisins á næsta ári hækka um 1.268 milljónir króna frá kynntum fjárlögum samkvæmt breytingartillögum meirihluta fyrir aðra umræðu um fjárlögin 2008 á Alþingi í gær. Reiknað er með 37,7 milljarða króna rekstrarafgangi.

Þingmenn Vinstri grænna mótmæltu því harðlega við upphaf þingfundar að þingmenn hefðu fengið gögn um málið hálfum sólarhring fyrir umræðuna og því ekki haft nægan tíma til að undirbúa sig fyrir umræðurnar.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði þingmenn hafa rökstutt það rækilega að ekki hefði verið rétt að málum staðið, og krafðist þess að umræðu um fjárlagafrumvarpið yrði frestað.

Á það féllst Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, ekki, og sagði að þingsköp hefðu verið virt í málinu. Að auki hefðu fulltrúar allra flokka í fjárlaganefnd haft aðgang að upplýsingum og getað uppfrætt samflokksmenn sína.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður VG, sagði að afgreiðsla málsins hefði verið afbrigðileg, og spurði hversu oft það hefði komið fyrir að nefndaráliti hefði verið dreift tólf tímum fyrir upphaf umræðu. Sturla sagðist ekki hafa upplýsingar um það.

Fjárlagafrumvarpið var rætt fram eftir kvöldi í gær, og var umræðum ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun. Talsverðar breytingar verða gerðar á frumvarpinu samkvæmt tillögum meirihluta fjárlaganefndar.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær verða fjárframlög til ýmissa sjúkrahúsa aukin verulega, alls um 480 milljónir króna, til þess að þau geti tekið við verkefnum frá Landspítalanum.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri mun fá 50 milljónir króna aukalega, Heilbrigðisstofnunin á Akranesi 59 milljónir, Heilbrigðisstofnun Suðurlands 132 milljónir, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 60 milljónir og St. Jósefsspítali í Hafnarfirði fær 179 milljónir.

Landspítalinn fær sams konar framlag, 200 milljónir króna, sem kemur til viðbótar 820 milljóna króna hækkun á rekstrargrunni spítalans. Er með þessu reiknað með að spítalinn geti verið rekinn innan heimilda.

Þá er lagt til í breytingartillögunum að 700 milljón króna lækkun verði á framlagi til nýs hátæknisjúkrahúss, enda ljóst að framkvæmdir muni ekki fara eins hratt af stað og upphaflega hafi verið áætlað.

**brjann@frettabladid.is**

## RÚMAR 150 MILLJÓNIR VEGNA OLÍULEITAR

■ Lagðar verða alls 152,6 milljónir til verkefna tengdra fyrirhugaðri olíuleit á Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygg. Annars vegar fær Hafrannsóknastofnun 51,2 milljónir til rannsókna á lífríki og umhverfi. Hins vegar fær Orkustofnun 101,4 milljónir til að hefja undirbúning að útgáfu leyfa til rannsóknar og vinnslu á olíu og gasi.

■ Samkeppniseftirlitið fær 25 milljóna króna aukaframlag á næsta ári. Markmiðið er að efla stofnunina, en hún hefur ráðist í fleiri og flóknari rannsóknir en gert hafði verið ráð fyrir, og þurft að beita húsleitum í meira mæli.

■ Framlag til alþjóðlegrar friðargæslu verður aukið um 58 milljónir á næsta ári. Stærstur hluti framlagsins, 52 milljónir, rennur til verkefna í Darfur-héraði í Súdan. Á sama tíma verða framlög til íslensku friðargæslunnar skorin niður um 50 milljónir króna.

■ Meirihlutinn leggur til 75 milljóna króna aukið framlag til Háskólans á Akureyri til að styrkja reksturinn.

## RÆTT UM ALDRAÐA OG ÖRYRKJA SÍÐAR



GUNNAR SVAVARSSON

Málefni aldraðra og öryrkja verða skoðuð sérstaklega milli annarrar og þriðju umræðu um fjárlögin, sagði Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, þegar hann mælti fyrir breytingartillögum meirihluta nefndarinnar á Alþingi í gær.

Hann sagði að vegna breytinga á stjórnarráðinu myndu málefni aldraðra og öryrkja færast til félagsmálaráðuneytis.

„Án þess að gefa hér nein loforð, þá er það mikilvægt að þau fyrirheit sem lagt var upp með til að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja gangi eftir og Alþingi geti þá stutt umræddar breytingartillögur sem verða teknar til umfjöllunar í fjárlaganefnd áður en þær koma til umfjöllunar á Alþingi,“ sagði Gunnar.

Þriðja umræðan um fjárlögin er á dagskrá 10. desember.




# FULLKOMIÐ HEIMABÍÓ ÚR EINUM HÁTALARA

## Yamaha YSP-3000

HDMI™





- Fullkomið 5.1 Dolby og DTS heimabíókerfi
- Innbyggður stafrænn magnari
- Innbyggt FM útvarp
- 1080p HDMI / 2 inn og 1 út

**Verð 99.995 kr.**



Með einum Yamaha YSP heimabíóhátalara færðu hljóðið úr öllum áttum, fyrir framan þig, aftan - frá öllum hliðum. Aðeins einn hátalari, engir bakhátalarar eða snúrur um allt gólf.

## Yamaha YSP-4000



Komdu og hlustaðu. Tökum við pöntunum.

## Er hljóðið jafnstórt og myndin?



### Yamaha RX-V661

- 7 x 90W, RMS (7.1)
- SCENE
- 3 x HDMI,1080p stuðningur
- iPod Ready

**Verð 69.995 kr.**



### Yamaha RX-V861

- 7 x 105W, RMS (7.1)
- SCENE
- 3 x HDMI, 1080p stuðningur
- Uppskölun í HDMI: 1080i
- iPod Ready

**Verð 94.995 kr.**



### Yamaha RX-V1800

- 7 x 130W, RMS (7.1)
- Dolby TrueHD og DTS-HD Master Audio
- 5 x HDMI 1.3a
- Uppskölun í HDMI: 1080p Full HD
- iPod Ready

**Verð 129.995 kr.**

Network Receiver



### Yamaha RX-V3800

- 7 x 140W, RMS (7.1)
- Dolby TrueHD og DTS-HD Master Audio
- 5 x HDMI 1.3a / LAN tengi / USB tengi
- Uppskölun í HDMI: 1080p Full HD
- iPod Ready

**Verð 179.995 kr.**

Með Yamaha heimabíómagnara færðu enn kröftugri hljómburð úr stóra flatskjánum þínum. Stór mynd og öflugt hljóð haldast í hendur. Tengdu DVD tækið, flakkarann og myndlykilinn við magnarann og síðan magnarann við sjónvarpið. Þá verður allt magnað!

YAMAHA

## KEF® hátalarar



**KEF iQ5**
**Verð 59.995 kr.**



**KEF iQ3**
**Verð 39.995 kr.**



**KEF iQ9**
**Verð 129.995 kr.**



**KEF iQ7**
**Verð 89.995 kr.**

**Opnunartími:** virka daga 9-18 | laugardaga 12-17

**Fæst hjá söluaðilum um land allt.**

Hátækni

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 72378

„...sem sagt fljót og góð þjónusta!“

**Ummæli fólks sem lent hefur í tjóni segja mest um þjónustu tryggingafélaga.**

„Ekkert röfl og ekkert vesen. Ef svo illa vildi til að ég yrði fyrir tjóni aftur þá þyrfti ég greinilega engu að kvíða með það. Takk fyrir mjög góða þjónustu.“

Bestu kveðjur,
Guðrún Jónsdóttir og Ludwig H. Gunnarsson




Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga, þriðja árið í röð.




TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is


Þrír menn handteknir fyrir að smygla geislavirku efni inn í Evrópusambandið:

# Voru með hálft kíló af úrani

**SLÓVAKÍA, AP** Lögregla í Slóvakíu greindi frá því í gær að þrír menn sem handteknir voru af landamæravörðum hefðu verið með hálft kíló af úrani í fórum sínum. Mennirnir væru grunaðir um að hafa ætlað að selja hið geislavirka efni fyrir eina milljón Bandaríkjadala, andvirði 62 milljóna króna.

Michal Kopcik lögreglustjóri sagði að hinir handteknu, sem voru gómaðir síðla miðvikudags austast í Slóvakíu og Ungverjalandi, hefðu verið með um hálft kíló af úrani í duftformi, sem grunur léki á að væri upprunnið einhvers staðar í Sovétríkjunum fyrrverandi.



**HÆTTULEGT SMYGL** Þessa mynd af hinu haldlagða efni birti slóvakíska lögreglan. NORDICPHOTOS/AFP

„Það hefði verið mögulegt að nota þetta með margvíslegum hætti til hryðjuverkaárása,“ tjáði Kopcik fréttamönnum.

Kopcik sagði að rannsakendur væru enn að reyna að komast að því hvernig hinir handteknu, tveir Ungverjar og einn Úkraínumaður, hefðu ætlað sér að selja efnið.

Handtökurnar juku á ótta um að það kynni að færast í aukana að geislavirku efni, sem hægt væri að nota í svonefnda „skítuga sprengju“, yrði smyglað frá Austur-Evrópu vestur á bóginn. Með „skítugri sprengju“ er átt við sprengju sem dreifir geislavirku efni um allt er hún springur. - aa

# Menntakerfið bregst íslenskum unglingum

**Lítil kunnátta íslenskra unglinga í náttúrufræðum veldur menntamálaráðherra vonbrigðum. Hún er undir meðallagi samkvæmt alþjóðlegri könnun OECD.**

**MENNTAMÁL** Kunnátta íslenskra unglinga í náttúruvísindum er undir meðallagi, ef miðað er við niðurstöðu svokallaðrar PISA-könnunar OECD, sem lögð var fyrir í fyrra. Ísland lendir þar í 27. sæti af 57 löndum, og næstneðst Norðurlandanna. Aðeins Norðmenn stóðu sig verr.

„Þetta eru mikil vonbrigði og í raun ekki viðunandi,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra um niðurstöðuna. „Við erum á svipuðum stað og við höfum verið í þessum prófum, en ég hefði viljað sjá okkur ofar, meðal annars í ljósi þess að grunnskólakerfið hér er það dýrasta sem rekið er innan OECD.“

Þorgerður segir að í ljósi þessa hafi fyrirhugaðar breytingar á skólakerfinu litið dagsins ljós á hárréttum tíma, og ekki síst sá hluti nýs frumvarps til laga um leik- og grunnskóla sem lýtur að kennaramenntun.

Könnuð var kunnátta fimmtán ára nemenda í eðlis-, efna-, líf- og jarðfræði. Löndin 57 mynda saman um 90 prósent af efnahagi í heiminum. Finnskir unglingar eru efstir og á eftir þeim koma unglingar frá Hong Kong og Kanada. Árið 2003 var stærðfræðikunnátta unglinga könnuð, og voru Íslendingar þá í 21. sæti.

OECD lét listann frá sér í kjölfar þess að hluti niðurstaðnanna lak til spænsks dagblaðs. Ítarniðurstöður verða opinberaðar 4. desember.

Þorgerður hefur séð þær niðurstöður og hyggst tjá sig frekar um málið þá. Hún gefur þó upp að jákvætt sé að minni munur sé á frammistöðu kynja í þessu prófi en í stærðfræðiprófinu 2003, auk þess að landshlutar skeri sig ekki ýkja mikið hver frá öðrum.

stigur@frettabladid.is

> Þetta eru mikil vonbrigði og í raun ekki viðunandi ... ég hefði viljað sjá okkur ofar, meðal annars í ljósi þess að grunnskólakerfið hér er það dýrasta sem rekið er innan OECD.
>
> **ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** MENNTAMÁLARÁÐHERRA







SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



Á morgun opnar
stærsti skemmtistaður
í heimi
á Íslandi!







Þingmenn VG gagnrýndu harðlega fyrirhugaðar takmarkanir á ræðutíma á þingi:

# Verslum ekki með málfrelsið

**ALÞINGI** Forseti Alþingis hefur rofið þá hefð að sátt ríki hjá þingmönnum allra flokka um breytingar á þingskaparlögum, sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, á þingi í gær. Hann segir markmiðið með því að takmarka ræðutíma það að skerða málfrelsi þingmanna.

Þingmenn VG standa einir í andstöðu sinni við breytingar á lögunum. Þar hefur verið lagt til að ótakmarkaður ræðutími verði afnuminn.

Einnig er stefnt að því að ráða aðstoðarmenn fyrir formenn stjórnarandstöðuflokka, fjölga riturum Alþingis og bæta starfsaðstöðu þingmanna. Kostnaðurinn við breytingarnar á að nema 99 milljónum króna.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ENDURMENNTUN** „Sá sem ekki getur sagt skoðun sína á fimmtán mínútum á að vera á endurmenntunarnámskeiði, ekki Alþingi Íslendinga," sagði Helgi Hjörvar í umræðum á Alþingi í gær.

„Með málfrelsi verslum við ekki," sagði Ögmundur Jónasson, þingmaður VG. Hann gagnrýndi að þetta tvennt væri tengt með þessum hætti, takmörkun á ræðutíma og bætt aðstaða þingmanna.

Stjórnarþingmenn jafnt sem þingmenn Frjálslyndra og Framsóknarflokks vörðu fyrirhugaðar breytingar.

„Langar og leiðinlegar ræður, eins og við höldum stundum hér á Alþingi, eru hvorki forsenda málfrelsis né lýðræðis í landinu," sagði Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar. „Sá sem ekki getur sagt skoðun sína á fimmtán mínútum á að vera á endurmenntunarnámskeiði, ekki Alþingi Íslendinga." - bj

Auglýsingasími
512 50 50


**TILBÚNIR TIL ÁRÁSAR** Hermenn skýldu sér bak við jeppa áður en þeir réðust inn í hótelið með skothríð og táragasi. NORDICPHOTOS/AFP

Umsátursástand í sjö klukkutíma á Filippseyjum:

# Valdaránstilraun hrundið í Maníla

**FILIPPSEYJAR, AP** Valdaránstilraun fyrrverandi yfirmanna úr hernum var hrundið í Maníla, höfuðborg Filippseyja, í gær eftir sjö klukkustunda umsátur. Kröfðust andófsmennirnir afsagnar forseta landsins, Gloriu Macapagal Arroyo, vegna spillingar í ríkisstjórn hennar.

Verið var að rétta yfir mönnunum 29 vegna fyrri valdaránstilraunar þegar þeim tókst að sleppa úr réttarsalnum, komast inn á hótel skammt frá og loka sig þar af. Öryggissveitir brutu sér síðar leið inn á hótelið með brynvögnum þar sem þær köstuðu táragasi og skutu aðvörunarskotum. Tveir særðust og féllst leiðtogi hópsins, Antonio Trillanes, þingmaður og fyrrverandi liðsforingi í sjóhernum, á að yfirgefa hótelið til að forðast blóðsúthellingar.

„Við gerðum bara það sem þurfti að gera. Það jafngildir landráðum ef ég hefði ekkert gert. Ef einhver beið ósigur hér þá var það þjóðin öll," sagði Trillanes.

Á sjö ára valdatíma Arroyo hafa þrjár tilraunir verið gerðar til valdaráns og þrisvar sinnum hefur verið reynt að ákæra hana fyrir embættisbrot í starfi.

Andófsmennirnir kölluðu eftir stuðningi almennings og hersins með símtölum og textaskilaboðum sem þeir sendu frá hótelinu. Nokkrir úr röðum hersins og stjórnarandstöðuhópum svöruðu kallinu. 101 var handtekinn. - sdg







www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 07–2110

# Við erum komin í jólaskap

Við erum í jólaskapi og bjóðum Volkswagen-aðdáendum glæsilega desemberuppbót – og við ætlum að byrja strax! Margs konar spennandi tilboð og sérkjör sem munar um og **allir sem reynsluaka Volkswagen eiga möguleika á glæsilegum ferðavinningi.**

ÚRVAL-ÚTSÝN

- **90% fjármögnun**
- **Afsláttur af lántökugjöldum**
- **Jólatilboð á álfelgum**
- **Vetrardekk fylgja öllum fólksbílum**
- **Sérvaldir Volkswagen-bílar á sannkölluðu jólaverði**
- **Aukahlutapakkar á sérkjörum**

**Komdu og reynsluaktu, við tökum vel á móti þér!**

**Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur**

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

# Vinsælustu húsbílarnir




Hobby T 500, T 600, T 650.

Bæklingarnir komnir fyrir húsbíla 2008.

*Pantanir óskast staðfestar.*

Hobbyhúsið ehf • Dugguvogi 12 • s: 517 7040

Opnunartími:

Mánudaga - föstudaga 10 - 18

Laugardaga og sunnudaga Lokað


Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra um viðbrögð lífeyrissjóðanna:

# Bréfið er mikil vonbrigði

**LÍFEYRISMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir að það séu vonbrigði að lífeyrissjóðirnir níu sem hyggja á skerðingar á lífeyrisgreiðslum til öryrkja nú um mánaðamótin hafi ekki viljað taka tilboði hennar um 100 milljónir króna upp í útgjöld lífeyrissjóðanna meðan verið væri að finna framtíðarlausn í málinu.

Lífeyrissjóðirnir sendu öryrkjum bréf í sumar þar sem þeir tilkynntu um skerðingar á greiðslum til þeirra 1. desember. Skerðingarnar byggjast nú á útreikningum launa á grundvelli launavísitölu, ekki neysluverðsvísitölu eins og áður hefur verið. Jóhanna segist hafa boðið lífeyrissjóðunum 100 milljónir á einu ári upp í 240 milljóna útgjöld þannig að skerðingarnar þyrftu ekki að skella á öryrkjum.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Ráðherrann segir að hugmyndin hafi verið sú að forða einstaklingum frá skerðingum meðan verið væri að finna framtíðarlausn. Nefnd eigi að skoða framtíðarlausn og einföldun á kerfinu og koma með tillögur því að staðan nú sé óviðunandi þegar öryrkjar lendi undir skerðingarhnífnum hjá bæði lífeyrissjóðum og almannatryggingum. Því sé sú niðurstaða sem kynnt var í bréfi lífeyrissjóðanna mikil vonbrigði fyrir sig.

Félagsmálaráðherra sendi í lok síðustu viku bréf til allra lífeyrissjóðanna þar sem hann bauð þeim 100 milljónir króna gegn því að þeir myndu falla frá skerðingunni. Lífeyrissjóðirnir tóku sér umhugsunarfrest og fjölluðu um bréfið á stjórnarfundi áður en erindinu var svarað. **- ghs**

# Bakgrunnur starfsfólks verði kannaður

**Ríkisendurskoðun leggur til bætt öryggi á tollsvæðum og að flutningur peninga úr landi verði takmarkaður til að koma í veg fyrir fíkniefnainnflutning. Fíkniefni fyrir fimm milljarða króna voru gerð upptæk á Íslandi í fyrra.**

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefni að götuvirði tæplega fimm milljarðar króna voru að sögn Ríkisendurskoðunar gerð upptæk á Íslandi í fyrra. Það samsvarar sextán þúsund krónum á hvern Íslending.

Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að þótt neysla fíkniefna hafi aukist á Íslandi gangi vel að koma í veg fyrir innflutning fíkniefna miðað við það sem gerist í nágrannalöndum okkar ef tekið sé tillit til fjölda íbúa. Kemur fram að árunum 2003 til 2006 hafi verið komið upp um 493 tilraunir til fíkniefnasmygls til Íslands. Þó megi nýta betur það fjármagn sem fer í baráttuna gegn fíkniefnum og auka eftirlit.

„Mikilvægt er að lögregla og tollyfirvöld sameini krafta sína enn frekar svo að tryggt sé að upplýsingar og þekking nýtist sem best," er ein ábending Ríkisendurskoðunar.

Þá bendir Ríkiendurskoðun á þann möguleika að fara að dæmi Norðmanna og stofna gagnabanka um gjaldeyriskaup og peningaflutninga milli landa. Herða þurfi reglur um það reiðufé sem fólki sé leyft að ferðast með landa á milli.

„Lagt er til að sú hámarksupphæð í erlendri mynt sem hver farþegi má taka með sér úr landi án þess að skýra flutninginn verði lækkuð," segir Ríkisendurskoðun sem kveður þessa upphæð í dag vera 15 þúsund evrur, sem svarar til um 1.360 þúsund króna. Í Evrópusambandslöndunum sé þessi upphæð mun minni eða 10 þúsund evrur, sem svarar til um 910 þúsund krónum.



**TOLLGÆSLAN** Ríkisendurskoðun vill að tollyfirvöld og lögregla sameini krafta sína betur í baráttunni gegn fíkniefnasmyglurum.

Ríkisendurskoðun segir dæmi um að starfsfólk flutningafyrirtækja hafi tekið þátt í fíknefnainnflutningi og nefna sem dæmi það sem kallað var Stóra fíkniefnamálið árið 1999. Þá tóku tveir starfsmenn Samskipa þátt í miklu smygli. Ríkisendurskoðun segir að minnka þurfi hættuna á því að starfsfólk á tollvöru- og hafnarsvæðum taki þátt í fíkniefnasmygli. „Einn liður í því gæti verið að löggæsluyfirvöld athuguðu ávallt bakgrunn þeirra sem starfa á slíkum svæðum, til dæmis fastra starfsmanna tollvörugeymslna og hafna, með tilliti til hugsanlegrar aðildar þeirra að fíkniefnabrotum," segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Að lokum má geta þess að Ríkisendurskoðun segir að herða þurfi eftirlit með tilteknum flutningsleiðum fíkniefna til landsins. Ábendingar um það séu hins vegar settar fram í sérstakri trúnaðarskýrslu til yfirvalda. **- gar**

Illa læsum börnum hefur fjölgað hér á landi:

# Fjórtánda hvert barn les sér ekki til gagns

**MENNTAMÁL** Íslenskir nemendur í fjórða bekk eru rétt ofan við alþjóðlegt meðaltal þegar litið er til lestrar og lesskilnings. Þetta kemur fram í niðurstöðum alþjóðlegu lestrarrannsóknarinnar PIRLS.

Á Íslandi ná aðeins þrjú prósent nemenda í fjórða bekk hæsta hæfnisþrepi, eða ná að lesa og skilja texta mjög vel, en þetta hlutfall var sex prósent árið 2001.

Íslendingar ná svipuðum árangri í að kenna slökustu námsmönnunum að lesa og næst að meðaltali á alþjóðavísu. Sjö prósent íslenskra fjórðubekkinga ná ekki lágmarksleikni í lestri. Þessi hópur er tvö prósent hjá Svíum, þrjú prósent hjá Dönum og átta prósent hjá Norðmönnum.

Sigurgrímur Skúlason, sviðsstjóri hjá Námsmatsstofnun, segir að þetta þýði að fleiri börn nái ekki lágmarkshæfni í lesleikni hér á landi en í Danmörku og Svíþjóð.



STEINGRÍMUR SKÚLASON

„Okkur gengur síður með slökustu nemendurna en Dönum og Svíum. Það skiptir rosalega miklu máli í okkar þjóðfélagi að ná einhverju valdi á lestri og þessi hópur les ekki sér til gagns," segir hann.

Stúlkur mælast að meðaltali hærri í lesleikni en drengir í þátttökulöndunum fjórutíu. Norðurlöndin eiga það sameiginlegt að nemendur þeirra eru sterkari í beinni textaúrvinnslu en túlkun eða rökvinnslu. **- ghs**

Sekt og ökuleyfissvipting:

# Ók fullur út í Hólsá og festist

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur til sektargreiðslu og sviptingar ökuleyfis eftir að hann ók drukkinn á bíl sínum út í Hólsá við Siglufjörð.

Félagi bíleigandans ók bifreiðinni í fyrstu í ökuferð þeirra tveggja um Siglufjarðarbæ. Báðir voru þeir undir áhrifum áfengis. Síðan tók bíleigandinn við akstrinum, sem endaði úti í á. Félaginn hefur verið dæmdur fyrir sinn þátt í málinu, en bíleigandanum var gert í Héraðsdómi Norðurlands vestra að greiða 70.000 króna sekt til ríkissjóðs. Hann var sviptur ökuréttindum í tvo mánuði. **- jss**

**EYRARBAKKI**

### Varnargarður réði úrslitum

Bæjaryfirvöld í Árborg segjast ekki vilja leyfa uppbyggingu nýs hverfis við Búðarstíg á Eyrarbakka þar sem Siglingastofnun neiti að taka þátt í gerð sjóvarnargarðs framan við byggðina.


K Æ R L E I K S K Ú L A N



AFHENDING KÆRLEIKSKÚLUNNAR 2007

HRINGUR

Eggert Pétursson

Í dag, 30. nóvember kl. 12:30,
býður Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
landsmönnum til athafnar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu,
í samstarfi við Listasafnið og Glitni.
Komið og njótið stundarinnar með okkur!

Söluaðilar

**Hafnarborg** - Hafnarfirði • **Kokka** - Laugavegi 47

**Listasafn Reykjavíkur** - Hafnarhúsinu

**Líf & List** - Smáralind • **Villeroy & Boch búðin** - Kringlunni

**Valrós** - Akureyri • **Norska húsið** - Stykkishólmi

**Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra**

**Sölutímabil 5. - 19. desember**

**Glitnir styrkir málefni fatlaðra barna og ungmenna**

LISTASAFN REYKJAVÍKUR REYKJAVIK ART MUSEUM

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

GLITNIR




# Velkomin á Strandgötuna!

Þér er boðið að koma og vera við opnun á endurbættu og glæsilegu útibúi Byrs, í hjarta Hafnarfjarðar við Strandgötuna í dag.

Að undaförnu hafa staðið yfir miklar framkvæmdir og viljum við þakka viðskiptavinum okkar fyrir tillitssemina á þeim tíma.

Fyrirtækjaþjónustan flytur á 1. hæð við endurbæturnar auk þess að miklar breytingar hafa verið gerðar á húsnæðinu til þess að bæta aðgengi, umhverfi og aðbúnað viðskiptavina og starfsfólks.

Það er von okkar að þú getir komið við hjá okkur, litið á breytingarnar og þegið kaffi og meðlæti.

**Við hlökkum til þess að sjá þig í dag, sem og alla aðra daga.**

Byr sparisjóður • Strandgötu í Hafnarfirði • Opið virka daga frá kl. 9 - 16 • Sími 575 4000 • www.byr.is




## LÍFSBJÖRG Í GÍNEU-BISSÁ

Malaría er gríðarlegt heilbrigðisvandamál í Gíneu-Bissá og ein helsta dánarorsök barna þar í landi. Flugnanet eru með áhrifamestu forvörnum gegn sjúkdómnum, sem berst á milli manna með moskítóflugum.



Árið 2005 stóðu Baugur Group, Fons og FL Group fyrir fjáröflunarkvöldverði til styrktar starfi UNICEF í Gíneu-Bissá. Ríflega 80 milljónir króna söfnuðust, sem varið var að mestu til kaupa og dreifingar á ríflega 200.000 flugnanetum til varnar malaríusmiti.

Árangur af þessu verkefni er ótvíræður. Fram kemur að notkun flugnaneta í Gíneu-Bissá hefur margfaldast. Árið 2000 er talið að 2–7% íbúa hafi sofið undir slíku neti en við lok árs 2006 var það hlutfall komið upp í 40%.

Er talið að netin geti lækkað dánartíðni barna í landinu um allt að 20% og þegar áætlað að netin hafi bjargað lífi um 4.000 barna.

Auk þessa runnu fjármunirnir sem söfnuðust til þess að auka læsi stúlkna og joðbæta salt. Þá fengu um 80% allra barna á aldrinum sex mánaða til fimm ára A-vítamín og lyf gegn ormum í meltingarvegi.

*Menntun og heilsa

BAUGUR GROUP FONS FL GROUP




©UNICEF/Pirozzi

## MENNT ER MÁTTUR

FL Group, Fons og Baugur Group standa einnig saman að öðru verkefni í Gíneu-Bissá. Fyrir stuðning þeirra er m.a. verið að reisa 135 skóla í landinu, sem rúma munu yfir 30 þúsund börn.

Markmið verkefnisins eru einkum að veita börnum tækifæri til að sækja skóla, innleiða nýjar kennsluaðferðir og auka gæði grunnmenntunar, bæta umhverfi og aðstæður í skólum, þjálfa og fræða starfsfólk og endurskoða námsefni og kennsluskrár.

Sérstök áhersla er lögð á að auka innritun og endurkomu stúlkubarna, bæta aðstæður þeirra innan skólans og stuðla að almennri viðhorfsbreytingu til menntunar kvenna.

Í apríl 2007 höfðu um 13 þúsund börn fengið tækifæri til að sækja skóla, börn sem annars ættu þess ekki kost. Auk þess að byggja nýja skóla hafa um hundrað skólastofur verið endurnýjaðar og vatnssalernum komið upp í um 50 skólum á landsbyggðinni, fræðsla um HIV/alnæmi hefur verið stóraukin og gerð þriggja ára áætlunar um víðtæka þjálfun kennara er nú lokið.

**Þessi verkefni skipta sköpum fyrir lífsbjörg og framtíð íbúa Gíneu-Bissá.**



**Gínea-Bissá er á vesturströnd Afríku og á landamæri að Gíneu og Senegal. Íbúar eru tæplega 1,5 milljón. Á lista Sameinuðu þjóðanna yfir lífsgæði er landið í einu af neðstu sætunum.**

**Lífslíkur íbúa við fæðingu eru að meðaltali 45 ár og er rétt rúmur helmingur íbúa yngri en 18 ára. Eitt af hverjum fimm börnum nær ekki 5 ára aldri.**

unicef

# Heimilislaus í kerfinu líka

**Alvarlegust eru heilbrigðismál heimilislausra að sögn starfsmanns Hjálparstarfs kirkjunnar. *Eva Bjarnadóttir* ræddi við fagfólk um heilbrigðisþjónustu fyrir heimilislausa. Í ljós kom að fólk er útskrifað af spítala án þess að önnur úrræði taki við. Heimilislausir teppa geðdeildir og eiga oft ekki heima í þeim áfengis- og vímuefnameðferðum sem boðið er upp á. Mikið ofbeldi einkennir lífið á götunni.**

Heilbrigði fólks sem býr á götunni er bágborið. Mikil neysla áfengis og vímuefna veldur skaða á heilastarfsemi og á líffærum. Margir eiga við geðræn vandamál að stríða, en fá ekki næga aðstoð. Flestir sem búa á götunni eiga við fíkn eða geðræna sjúkdóma að stríða.

Fordómar eru fyrir slíkum sjúkdómum og ósjaldan er ábyrgðinni velt yfir á sjúklinginn sjálfan. Fólk með þessa sjúkdóma fær ekki sömu meðferð frá heilbrigðis- og félagsmálayfirvöldum og ef það greindist með aðra sjúkdóma.

Úrræðaleysi er einkennandi fyrir svör fagfólks því skjólstæðingar þess eru heimilislausir innan kerfisins líka.

**Lögreglan er frábær**

„Það koma svona einstaklingar til okkar en þeir koma frekar þegar fer að kólna. Þeir eru oftast í óreglu, og eru blautir, kaldir og óhreinir,“ segir Ragna Gústafsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri á bráða- og slysadeild í Fossvogi. „Úrræðaleysið er mjög mikið og þeir þurfa oft að sofa hér á slysastofunni, sem tekur mannskap frá öðrum verkefnum og pláss á deildinni. Lögreglan er frábær í þessu. Hún hýsir fólk sem á ekkert erindi til hennar, en það er náttúrlega algjört ófremdarástand að þurfa að vísa fólki í fangelsi,“ segir Ragna.

Oft þarf að byrja á því að senda fólk í sturtu og gefa því ný föt. Oft amar ekkert að því en það leitar eftir húsaskjóli.

„Fæstir þeirra sem eru langt leiddir þiggja meðferð og oft er erfitt að fá inni á Gistiskýlinu eða í Konukoti þegar fólk er ofurölvi. Það verður því að sofa úr sér hér hjá okkur eða hjá lögreglunni. Þegar fólkið stoppar svona stutt við er erfitt að hjálpa því. Ég man bara eftir einu tilviki þar sem við vorum í sambandi við félagsmálayfirvöld um búsetuúrræði,“ segir Rakel.

**Eiga ekki fyrir lyfjum**

Margir heimilislausir hafa ekki efni á nauðsynlegum lyfjum. Rakel segir það slæmt því þeir séu oftast með einhvers konar sýkingar. „Við neyðumst þess vegna til þess að gefa þeim lyfjaskammta án þess að hafa sérstaka heimild til þess,“ segir Rakel.

Vilborg Oddsdóttir hefur umsjón með innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og aðstoðar heimilislausa þegar þá vantar lyf eða læknisþjónustu.

„Alvarlegust og verst eru heilbrigðismál heimilislausra. Þeir eru útskrifaðir af spítala, jafnvel af hjartadeild með lyfseðil sem þeir geta ekki leyst út,“ segir Vilborg. „Við leysum út lyf fyrir fólk í meiri mæli en áður og veitum því meiri aðstoð við að greiða lækniskostnað,“ segir Vilborg og kennir hún því um að vandi fólks sé meiri en áður og lækniskostnaður hafi vaxið. Þá séu sumir þeirra sem búa á götunni ekki öryrkjar og fái því ekki afslátt á lyfjum.

„Heimilislausir eru rukkaðir um þjónustu sjúkrabíla og fyrir sjúkrahússkostnað, þótt menn viti vel að þeir eru ekki borgunarmenn. Krafan er jafnvel send til lögfræðings,“ segir Vilborg.

**Hjúkrun færð til fólksins**

Að mati margra sem aðstoða heimilislausa þarf að færa heilbrigðisþjónustu nær þeim.

„Þeim þykir oft erfitt að sækja læknisþjónustu og láta því ýmis heilsufarsvandamál óáreitt. Það ætti að vera til opin heilsugæsla fyrir þennan hóp, líkt og tíðkast annars staðar á Norðurlöndum,“ segir Vilborg, en slík þjónusta þekkist víða um heim.

Eftir áralanga neyslu lætur líkami fólks á sjá. Meðal þeirra heilsufarsvandamála sem flestir neytendur glíma við eru lifrarsjúkdómar og geðræn vandamál.

Á heimasíðu SÁÁ segir að óhóflegt áfengisdrykkja stórauki hættu á vannæringu og skemmdum á taugakerfinu, sérstaklega í heilanum. Þar sem langflestir sem búa á götunni eru með langt leiddan fíknsjúkdóm er ljóst að flestir þeirra eru alvarlega veikir. Valgerður Rúnarsdóttir læknir á Vogi segir áhrifin mikil.

„Þessar bremsur sem við þróum venjulega með okkur, eins og að borða hollt, drekka lítið og vera kurteis, fara þegar heilinn skemmist, svo þetta er mikill og alvarlegur sjúkdómur.“

Ekki vitað hversu lengi heimilislausir Íslendingar lifa en sé miðað við Bretland er meðalaldur heimilislausra við andlát um 42 ár.

**Geðsjúkir á götunni**

Stór hluti þeirra sem búa á götunni á við geðræn vandamál að stríða sem ýmist eru meðfædd eða áunnin vegna langvarandi neyslu.

Kristófer Þorleifsson geðlæknir segir fátækustu skjólstæðinga sína oft ekki hafa efni á lyfjum, en það séu gjarnan þeir sem eigi við fíknivanda að stríða.

„Lyf við alvarlegustu sjúkdómunum eru ókeypis en vafalaust eru einhverjir sem eiga ekki fyrir nauðsynlegum lyfjum,“ segir Kristófer. Hann segir geðfötluðum hættara við því að lenda á götunni en öðrum. Fólk ráfi úti allan daginn áður en það geti farið í gistiskýli og sé hættulegt sjálfu sér og öðrum. Þá segir hann félagsmálayfirvöld ekki hafa sinnt þessum málum sem skyldi og tugir ef ekki hundruð manna bíði eftir réttum úrræðum.

Kristófer segir geðdeildir Landspítalans finna fyrir úrræðaleysinu. Deildirnar séu yfirfullar af fólki sem bíði þess að komast út í lífið en teppi þess í stað pláss sem hægt væri að nota til að endurhæfa veika einstaklinga.

„Það sem vantar fyrst og fremst er heimili, þjónusta og stuðningur svo fólk geti búið sjálfstætt og notið lífsins. Það vantar verndaða vinnustaði, líkt og þekkist fyrir þroskahefta. Það þarf að marka stefnu til framtíðar í þessum málaflokki,“ segir Kristófer.

**Skortir ekkert nema samstarf**

Félagið Geðhjálp hefur undir höndum lista yfir 107 einstaklinga sem eiga í engin hús að venda, flestir geðsjúkir.

„Það skortir hvorki þekkingu né fjármagn. Það sem vantar er samstarf milli þeirra sem hafa puttann á púlsinum,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.

Einstaklingar með geðraskanir og fíkn fá litla aðstoð frá kerfinu. Sveinn segir marga vera of geðveika til að fara í meðferð eða í of mikilli neyslu til að fara á geðdeild. Hann segir vanta fleiri heimili með vakt allan sólarhringinn líkt og Samhjálp og Reykjavíkurborg reka fyrir heimilislausa karla við Miklubraut 20. Náðst hefur góður árangur og segir Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar, að íbúarnir séu farnir að lifa góðu lífi og njóti aðstoðar geðlækna og hjúkrunarfræðinga þegar þörf þyki vera á því.

eva@frettabladid.is





> Heimilislausir eru rukkaðir um þjónustu sjúkrabíla og fyrir sjúkrahúskostnað, þótt menn viti að þeir eru ekki borgunarmenn.
>
> VILBORG ODDSDÓTTIR
> HJÁLPARSTARFI KIRKJUNNAR

**FÍKNSJÚKDÓMAR** Flestir heimilislausir glíma við fíknsjúkdóma og sögðu margir viðmælendur Fréttablaðsins að ekki væri hægt að lifa af á götunni nema vera í neyslu. Á Bretlandi er meðalaldur við andlát þeirra sem eru á götunni 42 ár, en ekki er vitað hver meðalaldurinn er á Íslandi.

## FORDÓMAR Í HEILBRIGÐISKERFINU

„Í Konukoti er bara hugsað fyrir líkamlegum þörfum en við höfðum séð fyrir okkur að þær fengju andlega hjálp líkt og karlarnir fá á Njálsgötu 74,“ segir Eva Lind. Hún bjó eitt sinn á götunni en hefur undanfarin fimm ár barist fyrir betri þjónustu við heimilislausar konur. „Við vildum að þar yrðu læknir, sálfræðingur, prestur, hjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi. Að konum yrði boðið upp á pilluna. Konukot átti að vera þjónustumiðstöð þeirra sem gætu ekki varið rétt sinn sjálfar.“

Eva Lind segir ekki ástæðu til þess að hafa opið neyðarskýli þar sem aðeins brýnustu þörfum sé mætt. Konur geti alltaf fundið sér stað til að gista á og frían mat en þær leiti eftir andlegri aðstoð þegar þær gisti í Konukoti.

„Sumar konur ná sér aldrei. Þarna úti er mjög mikið um barsmíðar, nauðganir og slagsmál og konur eru notaðar sem gjaldmiðill. Eftir tvö áföll á dag í kannski tuttugu ár þarf að gefa konum tíma til að leysa úr vandamálum sínum.“

Eva Lind segir mikla fordóma í samfélaginu gagnvart heimilislausum og þar sé heilbrigðiskerfið engin undantekning.

„Samfélagið lítur þannig á að fólk hafi valið sér þetta. En enginn ætlar sér það hlutskipti að vera vændiskona og deyja úr neyslu. Heilbrigðisgeirinn er með mestu fordómana. Þegar ég átti barnið mitt fékk ég yfir mig skítaskur ef ég brá mér frá að reykja. Starfsfólkið á fæðingardeildinni spurði mig hvort það væri svona sem ég ætlaði að hugsa um barnið. Heilbrigðisgeirinn á að vera með mestu upplýsingar en þar eru mestu fordómarnir. Fólkið fær mestan skilning hjá sálfræðingum og fagfólki sem hefur kynnt sér alkóhólisma, en það hafa fáir læknar gert.“

Eftir langa dvöl á götunni er félagsleg hæfni fólks mjög skert. Eva Lind segir mikla þörf á starfsendurhæfingu fyrir fólk sem vill koma undir sig fótunum á ný. Þá segir hún dagsetur Hjálpræðishersins fyrir heimilislausa, sem var opnað nýlega, vera mjög gott og óskar eftir að koma á framfæri þökkum fyrir það.



**KONUKOT** Um 80 konur hafa gist í Konukoti frá upphafi.

## HEIMILISLAUSIR EIGA ÓFRÁVÍKJANLEGAN RÉTT Á ÞJÓNUSTU

„Heimilislausir einstaklingar eiga ófrávíkjanlega sama rétt og aðrir á opinberri heilbrigðisþjónustu. Þetta er hópur sem býr við erfiðar aðstæður og því brýnt að hann hafi greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Spurður hvort hann vilji skoða það að færa heilbrigðisþjónustu nær heimilislausum segir ráðherra heimilislausa, eins og aðra einstaklinga, geta sótt læknisþjónustu heilsugæslustöðva í því hverfi þar sem komið er á föt heimilum fyrir heimilislausa á vegum sveitarfélaganna.

„Sérstök læknis- eða hjúkrunarþjónusta fyrir heimilislausa á vegum stofnana sem undir ráðuneytið heyra hefur ekki komið til umræðu að öðru leyti en að fulltrúi frá heilsugæslunni er í stýrihóp um rekstur heimilis fyrir þennan hóp, Njálsgötuheimilinu,“ segir Guðlaugur.

„Það kæmi hins vegar vel til greina, þegar niðurstöður liggja fyrir úr könnun teymis um málefni heimilislausra á vegum félagsmálaráðuneytisins og ef ástæða þykir til, að tryggja heimilislausum heilbrigðisþjónustu sérstaklega. Þetta mætti til dæmis hugsa sér í tengslum við aðgerðir í þágu heimilislausra á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, sem bera ábyrgð á heimilislausum. Í þessu sambandi verður hins vegar að hafa í huga að ekki er hægt að skikka heimilislausa einstaklinga til að leita eftir heilbrigðisþjónustu nema með því að grípa til flókinna lagalegra aðgerða sem menn forðast í lengstu lög.“

Þá telur ráðherrann að sérstakar aðgerðir af hálfu sveitarfélaga til að koma til móts við heimilislausa ættu af hálfu ráðuneytisins að tryggja að heimilislausir gætu leyst út lífsnauðsynleg lyf.

**Á morgun:**
Heimilisleysi er ástand en ekki lífsstíll



# NÚ GETUR ÞÚ EKKI VILLST

## Ótrúlegt verð á Garmin GPS staðsetningartækjum




**TILBOÐ**

GARMIN Nüvi 660 **42.900** ~~59.900~~

Garmin 660 er eitt fullkomnasta GPS tækið á markaðnum. 4,3" snertiskjár, SIRF móttakari, innbyggt Evrópukort, vegtölva, innbyggð rödd, Bluetooth, 260 mb minni, rauf fyrir SD kort, miklir uppflettimöguleikar, MP3 spilari, hljóðbók, myndskoðari o.fl.




**TILBOÐ**

GARMIN Nüvi 250 **22.490** ~~33.000~~

Garmin 250 GPS tækið er lítið, einfalt og ódýrt með innbyggðu Evrópukorti, 2,8" snertiskjár, 12 rása móttaka, 500 vegpunktar, innbyggð rödd, vegtölva, 85 mb minni, rauf fyrir SD kort.

Tilboðin gilda til áramóta eða meðan birgðir endast

**N1** VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200

REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNARFJÖRÐUR - KEFLAVÍK - SELFOSS - HORNAFJÖRÐUR - EGILSSTAÐIR

WWW.N1.IS

**OPIÐ VIRKA DAGA 8-18**
**LAUGARDAGA 10-14**



**HÁSKÓLATORG** Ögmunur Skarphéðinsson og Ingimundur Sveinsson hönnuðu húsið sem rýmir Háskólatorg, en reiknað er með að fimmtán hundruð gestir muni sækja torgið heim á degi hverjum.

# Út um keiluna fljúga fuglarnir

**Glæsileg tíu þúsund fermetra bygging mun stórbæta aðstöðu nemenda, kennara og starfsfólks við Háskóla Íslands. Háskólatorg verður vígt á morgun. Verkefnið hefur staðið yfir í níu ár. Fullbúið mun húsið kosta 2,3 milljarða.**

**FRAMKVÆMDIR** Í morgunmyrkrinu er ekki auðvelt að komast að Háskólatorginu, nú fáum klukkustundum áður en húsið verður vígt. Það er skylda að vera með hjálm og þegar athafnasvæðið var heimsótt á þriðjudegi var enn margt eftir. „Við gætum alveg notað hálfan mánuð til,“ segir Ingjaldur Hannibalsson byggingarstjóri með dularfullu brosi, „en húsið verður vígt hinn fyrsta. “

Á þriðjudag var allt á fullu, tugir karlmanna voru að störfum á jarðhæðinni, hvert sem litið var mátti sjá menn að starfi og ekki töluðu þeir allir íslensku. „Það er talsvert af Serbum hérna, og Pólverjum,“ segir Finnur Arnar Arnarson en hann vann til verðlauna fyrir tillögu sína að gríðarstóru myndlistarverki sem grípur strax athyglina þegar inn í húsið er komið. „Ég er kominn yfir það stig að þurfa hjálm,“ segir hann.

### Keilan gengur upp úr þakinu

Tímaplanið er þétt og hann fékk kvöldið fyrir sig. „Það er betra að taka ljósmynd á morgun, þá verður búið að rjúfa þakið yfir keilunni og birtan brýst inn í hana. Upp úr þakinu gengur stór keila og inni í henni fljúga fuglar,“ segir hann. Það er næsta skrefið hjá myndlistarmanninum að koma þeim fyrir. „Þótt fyrirvarinn væri nægur er alltaf gott að eiga einhvern tíma aflögu,“ segir Finnur.

Frá gólfinu má sjá hvernig keilan sem er eins og stungið upp í loftið yfir Háskólatorginu styrkir tilfinninguna í stóru opnu rými þeirra Ögmundar Skarphéðinssonar og Ingimundar Sveinssonar sem hönnuðu húsið. Þetta er tíu þúsund fermetra bygging á þremur hæðum sem mun leysa af hólmi eldri byggingar. Hér verður Bóksala stúdenta til húsa, hér verður loksins myndarleg veitingastofa á gömlu háskólalóðinni við Suðurgötu, hér verða fundarsalir, aðstaða fyrir stærri samkomur og ýmiss konar þjónusta fyrir námsmenn.




**FINNUR ARNAR ARNARSON** Á heiðurinn af keilu sem er eins og stungið upp í loftið yfir Háskólatorginu. Á henni stendur; Vits er þörf þeim er víða ratar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Gefur tilefni til aukinna samskipta

Níu ár eru síðan Páll Skúlason lýsti draumi sínum í ræðu: „Á háskólalóðinni þarf að rísa vegleg þjónustu- og félagsmiðstöð – menningarmiðstöð Háskóla Íslands – sem gefur tækifæri og tilefni til stóraukinna samskipta stúdenta, kennara og annars starfsfólks svo og allra sem til Háskólans koma. Ég kalla þennan þjónustukjarna „Háskólatorgið“, því þangað ætti daglegt erindi stór hluti þeirra sex til sjö þúsund manna sem á svæðinu starfa og hann þyrfti því að vera miðsvæðis á háskólalóðinni.“

Til að gera langa sögu stutta var gerð þarfagreining og fundin lóð á dauðu svæði milli aðalbyggingar og íþróttahúss Háskólans. Húsið er í raun upp komið tvær byggingar tengdar, mun hýsa á þriðja hundrað starfsmenn og þangað munu sækja um fimmtán hundruð gestir dag hvern. Það var á sínum tíma skilyrt að húsið skyldi aðeins kosta 1.600 miljónir og var boðið út á föstu verði. Íslenskir aðalverktakar og arkitektarnir Ingimundur Sveinsson og Ögmundur Skarphéðinsson hrepptu hnossið. „Þú mátt spyrja um peninga,“ segir Ingjaldur, „Við bættum hæð við og fullbúið mun húsið kosta 2,3 milljarða.“

### Listin vísar til vesturfaranna

Framlag Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands reið baggamuninn við framkvæmdina. Það var því vel til fundið að ákveða að húsið skyldi geyma listaverk sem minntist þeirra sem gáfu þann sjóð, en hann varð til þegar Vestur-Íslendingar gáfu hlutabréf sín Háskólanum. Var efnt til samkeppni og Finnur Arnar vann verðlaun fyrir tillögu sína. Markmið verksins var að vinna með keiluformið og átti hugmyndafræðilegt inntak þess að hafa skýra skírskotun til vesturfaranna. Þá átti það að tengjast Háskóla Íslands og mikilvægi menntunar og þess að þekkja fleira en heimahaga og vekja eins konar ævintýraþrá með njótandanum.

Og nú horfum við upp í Keiluna í lofti Háskólatorgsins og bíðum þess að fuglar taki að fljúga inni í henni og enn hærra við himin beri fugla í oddaflugi vestur á bóginn. Höfuðáttirnar fjórar eru greyptar á neðri brú keilunnar en á barmi hennar stendur: Vits er þörf þeim er víða ratar. Þetta er glæsilegt verk og handan amsturs iðnaðarmanna má sjá að Háskólatorgið verður glæsileg bygging og skapar loks vettvang á gömlu Háskólalóðinni sem þúsundir eldri nemenda muna að var þar ekki áður. Húsið verður vígt á morgun við hátíðlega athöfn.

pbb@frettabladid.is

„Kærkomið að fá bók eins og *Kossa og ólífur* í hendurnar því að ekki er nærri því nóg skrifað á íslensku um raunverulega unglinga ... leikræn efnistök og lifandi samtöl.“
Hrund Ólafsdóttir / Morgunblaðið




„Í *Kossum og ólífum* er skrifað um ýmis viðkvæm mál af fimi og nærgætni. Sagan fjallar um það sem getur fylgt því að stíga inn í heim hinna fullorðnu og því á hún erindi við unglinga á öllum aldri.“ samtokin78.is

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



JÓLIN ERU KOMIN Í SMÁRALIND
Komdu í Smáralind og verslaðu fyrir jólin í notalegu andrúmslofti þar sem jólastemningin ræður ríkjum. Allar verslanir Smáralindar eru troðfullar af nýjum vörum. Hittumst í jólaskapi í Smáralind!
SMÁRALIND
JÓL
JÓLASKRAUT
TÍSKUÞÆTTIR
STJÖRNUSP
SKARTGRIPI
JÓLAGJAFAHANDBÓK SMÁRALINDAR
Tímarit Smáralindar og Jólagjafahandbókin eru komin út. Nældu þér í eintak í Smáralind!
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN
Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21,** fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000


3G
JÓLATILBOÐ
SONY ERICSSON K810i
Léttkaupsútborgun:
5.900 kr.
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði
Verð aðeins: 29.900 kr.



Allir strákarnir saman á mynd
handa mömmu og pabba
Símabúðirnar eru fullar af frábærum jólatilboðum í desember.
Þar færðu jólagjöfina í harða pakkann, skemmtun og
afþreyingu til að lífga upp á jólaundirbúninginn.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
ENNEMM / SÍA / NM30761

„ORÐRÉTT“

*Napurt*

**„Það er reyndar svolítið kalt núna en við reynum að hita þetta upp með sprittkertum og svo erum við með þennan fína prímus.“**

SÆVAR ARNFJÖRÐ SEM ÁSAMT KONU SINNI HEFST VIÐ Í TJALDI Í LAUGARDAL.
Fréttablaðið 29. nóvember.

*Fljótur*

**„Þegar ég settist á þing kom ég beint inn í fyrirspurnartíma og sá þarna mál sem ég hafði áhuga á. Þá var ekkert annað að gera en að drífa sig.“**

JÓN BJÖRN HÁKONARSON, VARAÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS, HÉLT RÆÐU Á ALÞINGI EFTIR AÐEINS SAUTJÁN MÍNÚTNA ÞINGMENNSKU.
Morgunblaðið 29. nóvember.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HÖGNI EGILSSON TÓNLISTARMAÐUR

## *Gefur bara Hjaltalín-plötuna í jólagjöf*

„Það er allt gott að frétta. Ég er núna að reyna að klára önnina í skólanum.,“ segir Högni Egilsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Hjaltalín, sem leggur stund á tónsmíðanám við Listaháskóla Íslands. „Ég er að reyna að rumpa af einu verki sem verður flutt á jólatónleikum Listaháskólans fimmta desember. Síðan er ég að fara að syngja ásamt Hamrahlíðarkórnum í sálmasinfóníu Stravinskijs í kvöld með Sinfóníuhljómsveit Íslands.“

Hljómsveit Högna, Hjaltalín, hefur lokið við plötuna Sleepdrunk Seasons. „Platan er væntanleg í verslanir 4. desember,“ segir hann. „Það gekk prýðisvel að taka hana upp en tók langan tíma. Upptökunum lauk í byrjun nóvember og þá fór masterinn í framleiðslu til Þýskalands. Hún verður svo



fáanleg í öllum betri plötubúðum og tónlistarmörkuðum. Þetta verður jólaplatan í ár ef Luxor hefur ekki vinninginn.“

Eftir að platan kemur í verslanir tekur við dágóð tónleikasyrpa. „Við erum að spila með bandarísku sveitinni Akron/Family á Organ 7. desember, svo spilum við 20. desember og mögulega líka áttunda.“

Högni segist samt ætla að nýta jólin í afslöppun. „Já, ég ætla bara að slaka á, mögulega fá mér nokkra jólatúborg-bjóra. Þeir eru góðir í ár. Annars er ég ekkert byrjaður að skipuleggja jólin. Ég þarf líka lítið að pæla í jólagjöfum í ár. Ég hugsa að ég gefi flestum bara plötuna, þannig að það er lítið stress í kringum það.“

## WALLER RÆNT:
### HALDIÐ UPPI FJÖRI FYRIR AL CAPONE

Söngvaranum og píanistanum fræga Fats Waller var rænt árið 1926 og hann borinn inn í stóran sal þar sem honum var skipað að spila og syngja. Til að koma í veg fyrir að hann færi að tuða fékk hann að finna fyrir byssuhlaupi sem þrýst var að baki hans. Þegar hann fékk að yfirgefa staðinn þremur dögum síðar var hann vel drukkinn og með fulla vasa fjár enda sátu menn ekki á þjórfé sínu í afmælisveislum hjá sjálfum Al Capone sem stóð að þessu mannráni.



## SJÓNARHÓLL
**NÝYRÐI Í STAÐ ORÐSINS RÁÐHERRA**



**JÓHANNA HARPA ÁRNADÓTTIR**
Framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands.

### *Jákvæð umræða*

„Mér finnst ekki lykilatriði að finna nýtt orð í stað ráðherra,“ segir Jóhanna Harpa Árnadóttir, framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands. „Þetta er náttúrlega orð sem ákveðin venja er fyrir en auðvitað ber það með sér ákveðna karllæga ímynd af því að karlmenn hafa verið í yfirgnæfandi meirihluta í ráðherraembættum gegnum tíðina. Ef það finnst gott orð fyrir bæði kynin þá er sjálfsagt að skoða það og mikilvægt að taka þessa umræðu hvort ástæða sé til að breyta. Mér finnst skipta meira máli að um sé að ræða raunverulegt jafnræði milli kynjanna, að helmingur ráðherra sé konur, að konur séu hæstaréttardómarar til jafns við karla og að konur séu jafnmargar körlum í stjórn fyrirtækja og svo framvegis. Mér finnst skipta máli að skipan í stöður endurspegli samfélagið.“

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

# Kórstjórar á jólavertíð

**Aðventan gengur í garð á sunnudag. Fyrir utan kannski kaupmenn hafa ófáir jafn mikið að gera þegar nær dregur jólum og kórstjórar. Fréttablaðið heyrði hljóðið í nokkrum kórstjórum sem eru komnir í rásstellingar fyrir jólavertíðina.**

**Margrét Pálmadóttir:**
## Tek af vöxtunum, ekki höfuðstólnum

„Við æfum í jólastemningu,“ segir Margrét Pálmadóttir, sem rekur söngskólann Domus Vox og stýrir Stúlknakór Reykjavíkur, kvennakórnum Vox feminae og Gospelsystrum Reykjavíkur. Til að tryggja rétta stemningu í kórnum er búið er að skreyta æfingasalinn í Domus Vox og kaupa piparkökur. „Framundan eru tveir stórtónleikar; aðventutónleikar í Hallgrímskirkju 14. desember, þar sem rúmlega 200 stúlkur og konur syngja, og einsöngvaratónleikarar í Háteigskirkju strax daginn eftir. Svo verðum við auðvitað út um borg og bý, syngjum á spítölum og elliheimilum, í fyrirtækjum og verslunum. „Það er að færast í aukana að fyrirtæki fái kóra til að taka lagið dagana fyrir jól. Maður finnur líka hvað fólk er þakklátt og hvað þetta er gott fyrir starfsandann að fá svona gleðigjafa.“



**MARGRÉT PÁLMADÓTTIR**

Dagskráin er þéttskipuð hjá Margréti alveg fram á Þorláksmessu en Margrét segir það ekki trufla sig. „Ég er búin að standa í þessu síðan ég var átta ára; búin að syngja fyrir súkkulaði og konfekti alla ævi. Það kom fyrir í gamla daga að ég varð alveg uppgefin en ekki lengur, ég er búin að læra að taka bara af vöxtunum en ekki höfuðstólnum. Ég lít á þetta sem mína gjöf til samfélagsins og þakka fyrir að fólk vilji mann ennþá, ég er jú orðin hálfrar aldar gömul,“ segir hún hlæjandi og bætir við að hún fái aldrei leið á jólalögum. „En það sem bjargar jólahaldinu hjá mér er að ég á yndislegan eiginmann sem er listakokkur, og undir hans forystu tekur fjölskyldan sig saman og reddar jólaundirbúningnum.“



**AÐVENTUTÓNLEIKAR KARLAKÓRS REYKJAVÍKUR**

**Friðrik S. Kristinsson:**
## Hápunktur á aðfangadagskvöld

Friðrik S. Kristinsson var á kóræfingu hjá Drengjakór Reykjavíkur í Hallgrímskirkju þegar Fréttablaðið truflaði hann. Auk drengjakórsins stjórnar Friðrik líka Karlakór Reykjavíkur. „Drengjakórinn verður með tónleika hér 6. desember ásamt félögum úr karlakórnum,“ segir Friðrik, en Karlakór Reykjavíkur ætlar að hefja aðventuna á utanlandsferð. „Alls verður Karlakórinn með sjö tónleika, þar af þrenna í Færeyjum en við ætlum að koma fram í Klakksvík og Þórshöfn en syngjum svo á fernum tónleikum hér heima.“

Tónleikahald hefur lengi verið stór hluti af jólaundirbúningnum hjá Friðrik en hann segir að því fylgi lítið stress. „Ekki lengur að minnsta kosti, maður er orðinn svo vanur þessu. Síðustu tónleikarnir eru reyndar 18. desember í ár þannig ég hef nokkra daga upp á að hlaupa áður en jólin koma.“ Friðrik viðurkennir að vissulega sé hann orðinn vel þreyttur í lokin en fráleitt orðinn leiður á jólasöngvum. „Þvert á móti. Fyrir mér er hápunkturinn á aðfangadagskvöld þegar við syngjum Heims um ból.“

**Óskar Einarsson:**
## Jólalögin byrja í ágúst

Fyrir hendingu átti Óskar Einarsson, stjórnandi Gospelkórsins, örlitla stund aflögu þegar Fréttablaðið sló á þráðinn, en hann var þá að aka á milli kóræfinga. „Ég er með ellefu tónleika fyir tólf þúsund manns á sjö dögum,“ segir Óskar. „Og á sunnudaginn eftir viku ætla ég að sofa út!“ „Við byrjum á tónleikum með Garðari Thor Cortes, svo eru sjö jólatónleikar og við syngjum að lokum á þremur tónleikum með Björgvin Halldórssyni,“ segir Óskar og viðurkennir að það sé óvenjulega mikið að gera í ár. „Eftir áramót verða aðrir tónleikar með Garðari og svo sænsku söngkonunni Carolu, en í því miður hef ég þurft að hafna nokkrum tónleikum sökum anna.“



**ÓSKAR EINARSSON**

Óskar segir að undanfarin sex eða sjö ár hafi jólahaldið hjá honum gjörbreyst. „Allur jólaundirbúningurinn fer í þetta; við byrjum að hlusta á jólalög í ágúst, undirbúum okkur fram á haust og desember er allur lagður undir tónleikahald. En ég á frábæra og skilningsríka konu sem sér til þess að jólin koma líka heim.“ Til að halda sönsum í annríkinu finnst Óskari mikilvægt að vera duglegur í ræktinni og borða hollan mat. „Maður þarf að horfa fram á við, þetta reddast allt.“ Hann játar líka með semingi að í desember sé hann orðinn dálítið leiður á jólalögum. „Ég set að minnsta kosti eitthvað annað en jólatónlist á fóninn heima hjá mér á þessum árstíma,“ segir hann og hlær.




**Jóhanna V. Þórhallsdóttir:**
## Enginn bakstur og svoleiðis rugl

„Ég er á kafi í jólalögum þessa dagana,“ segir Jóhanna V. Þórhallsdóttir, stjórnandi Léttsveitar Reykjavíkur. „Framundan er risastórt aðventukvöld í Bústaðakirkju hljómsveit og með fimm barnakórum sem troða upp hver á fætur öðrum. Svo er Léttsveitin með stóra tónleika í næstu viku sem bera yfirskriftina Mamma er enn í eldhúsinu, svo það er nóg að gera.“



**JÓHANNA ÞÓRHALLSDÓTTIR**

Jóhann segir að kórstarfið setji svip á jólahaldið en alls ekki strik í reikinginn. „Maður er orðinn svo sjóaður og bara græjar þetta. Ég læt hins vera að baka jólakökur og svoleiðis rugl,“ segir hún og hlær. Fyrir Jóhönnu eru tónleikarnir fyrir löngu orðnir órjúfanlegur hluti af jólaundirbúningnum. „Það hefur vissulega komið fyrir að ég hef verið alveg uppgefin en mér finnst þetta bara gaman, að minnsta kosti engin þreyta í mér í ár. Maður verður svo ungur í anda með aldrinum og ég gæti ekki hugsað mér jólin án söngs.“

**Sigrún Þorgeirsdóttir:**
## Hápunkti náð snemma

„Þetta er bara fjör,“ segir Sigrún Þorgeirsdóttir, stjórnandi Kvennakórs Reykjavíkur. „Við erum svolítið heppnar með það að hápunkturinn er snemma á ferðinni. Svo eru minni atburður framundan, til dæmis jólasamsöngurinn, sem er reyndar ekkert lítill heldur á öðrum nótum.“

Sigrún segir að vissulega hafi fylgt þessu stress þegar hún stýrði kórnum í fyrsta sinn en það er fyrir löngu á bak og burt. „Það þýðir ekkert. Ef ég er stressuð þá verður kórinn stressaður og þá er allt ónýtt. Það er í mesta lagi smá spenningur.“



**KVENNAKÓR REYKJAVÍKUR**

Sigrún kveðst ekki vera ein af þeim sem skipuleggur jólin langt fram í tímann en passar sig hins vegar á að vera ekki of seint á ferðinni. „Ég reyni að koma því þannig fyrir að ég eigi eina gjöf ókeypta á Þorláksmessu, til að eiga erindi í bærinn - helst bók sem ég get gengið að vísri.“ Þau hjónin eru ekki enn byrjuð á jólaundirbúningnum en Sigrún kvíðir engu. „Nei, nei, það er ástæðulaust. Jólin koma!“

'07 **70ÁR Á FLUGI**

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 40143 11/07



# VINNUR ÞÚ FERÐ ÚT Í HEIM?

## 70 FLUGVINNINGAR DREGNIR ÚT Í ÍSLANDI Í DAG

Jóladagatal Icelandair og Íslands í dag verður sent út á Stöð 2 dagana 3.-23. desember. Á meðan á útsendingu stendur verða dregin út af handahófi fimm nöfn úr þjóðskrá. Fyrstu tveir eða þrír einstaklinganna, sem hringja inn, vinna jólapakka Icelandair, flugferð fyrir tvo.

\+ Góða skemmtun.

2 skemmtilegri

## Svona erum við




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** STÆKKUN SCHENGEN-SVÆÐISINS

# *Ytri mörkin færð lengra í austur*



Hinn 21. desember næstkomandi stækkar Schengen-svæðið svonefnda, þegar níu af ríkjunum tíu sem bættust í raðir Evrópusambandsins vorið 2004 fá aðild að Schengen-sáttmálanum svonefnda, sem gerir þegnum aðildarríkjanna kleift að ferðast vegabréfslaust yfir innri landamæri svæðisins.

**Um hvað snýst Schengen-samstarfið?**
Schengen-samstarfið er kennt við bæinn Schengen í Lúxemborg þar sem þáverandi innanríkisráðherrar stofnríkjanna undirrituðu árið 1985 sáttmála um að afnema hefðbundið landamæraeftirlit til að auðvelda frjálsa för fólks yfir innri landamæri aðildarríkjanna. Það tók fimm ár til viðbótar að útfæra framkvæmd samningsins og hann komst fyrst endanlega til framkvæmda árið 1995. Þá höfðu Portúgal og Spánn bæst við. Grikkland og Austurríki gengu síðan einnig til liðs við samstarfið.

Árið 1997 var Schengen-sáttmálinn „innlimaður" í stofnsáttmála ESB með Amsterdam-sáttmálanum. Aðild Norðurlandanna gekk í gildi árið 2001, og það ekki einungis ESB-aðildarríkjanna Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur heldur einnig Noregs og Íslands. Fyrir stækkun Schengen-svæðisins til austurs voru þannig alls fimmtán ríki aðilar að samstarfinu. Bretland og Írland standa að mestu fyrir utan það.

**Hvað breytist núna í desember?**
Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Tékkland, Slóvakía, Slóvenía, Ungverjaland, Malta og Kýpur bætast við Schengen-svæðið, með þeirri undantekningu að stjórnvöld á Kýpur hafa áskilið sér rétt til að viðhalda landamæraeftirliti óbreyttu. Þetta þýðir að ytri landamæri Schengen-svæðisins á meginlandinu færist frá landamærum Þýskalands, Austurríkis og Ítalíu við Pólland, Tékkland, Slóvakíu, Ungverjaland og Slóveníu austur að landamærum Hvíta-Rússlands og Úkraínu. Austurlandamæri Eystrasaltslandanna verða þá einnig ytri mörk Schengen-svæðisins. Rússneska hólmlendan Kalíníngrad við Eystrasaltið verður líka lokuð inni í Schengen-svæðinu.

**SPURT & SVARAÐ**
LYFJAVERSLUN Á NETINU

## *Ekki kaupa lyf á netinu*


SIGURÐUR GUÐMUNDSSON
Landlæknir

Lyfjakaup á netinu eru afar varhugaverð að mati Sigurðar Guðmundssonar landlæknis. Hann líkti þeim við rússneska rúllettu í blaðinu í gær.

**Er mikið um að fölsuð lyf séu til sölu á netinu?**
Já, ég tel svo vera. Lyf sem eru eingöngu til sölu á netinu er sjaldnast hægt að tengja einhverjum sem hefur tilskilin leyfi til að framleiða og selja lyf.

**Hversu umfangsmikill er þessi iðnaður?**
Við höfum upplýsingar um að hann sé mjög umfangsmikill, ekki síst í Suðaustur-Asíu, Afríku og Suður-Ameríku og hann fer ört vaxandi, enda eftir miklu að slægjast.

**Hvað ber að varast?**
Ekki kaupa lyf á netinu, punktur.

**Þekkir þú einhver tilfelli hér á landi þar sem fólk hefur keypt fölsuð lyf á netinu?**
Nei, ekki einhver sértæk tilfelli svo ég muni eftir. Ég held sem betur fer að það sé fremur lítið um þetta hér, en viss um að margir samt láta kannski freistast og því er þessi umræða mikilvæg.

# Borgin semur um nýjan miðbæ

**Borgin fær í sínar hendur 1.300 milljónir króna, eignir á Lindargötureit og pláss fyrir Listaháskólann við Laugaveg. Samson fær á móti eignir borgarinnar á Barónsstígsreit, samkvæmt samningum sem samþykktir voru í borgarráði í gær. Uppbyggingin nemur tugþúsundum fermetra í 101.**




Borgarráð samþykkti í gær að láta af hendi nokkrar lóðir borgarinnar á Frakkastígsreit í stað lóða fasteignaþróunarfélagsins Samson Properties, sem er í eigu Björgólfsfeðga, á reitnum hinum megin Hverfisgötu.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er reiknað með að Listaháskóli Íslands rísi á Frakkastígsreitnum, að loknum samningaviðræðum skólans og Samson.

Á Hverfisgötureitnum eru fyrir 96 námsmannaíbúðir, en þeim fjölgar nú um allt að sjötíu, að sögn Dags B. Eggertssonar borgarstjóra. „Fjöldi íbúða fer eftir nánari útfærslu," segir hann. „En við höfum líka áhuga á því að láta stúdentaíbúðirnar falla betur að umhverfinu. Þær hafa þótt stinga svolítið í stúf þarna. Það verður gert í samvinnu við stúdentana."

Dagur segir mikilvægt að Listaháskólinn verði borgarprýði á reitnum sem nú geymir Vegas „sem ekki er mikill sómi að".

Samningaviðræður Samson og Listaháskóla eru á lokasprettinum, en þær fela í sér að Samson fái í sinn hlut 11.000 fermetra lóð skólans í Vatnsmýri. Þau makaskipti voru ekki afgreidd sérstaklega í gær, en Dagur staðfestir að viljayfirlýsing fyrrverandi borgarstjóra um lóðina standi.

Hjálmar Helgi Ragnarsson, rektor Listaháskólans, segir makaskiptin gærdagsins auðvelda sér að halda samningaviðræðum áfram, enda séu með þeim tryggðir möguleikar skólans til að auka við sig og stækka út frá Frakkastígsreitnum.

**Verslun og íbúðir**
Borgarráð samþykkti einnig í gær að selja Samson eignir á Barónsstígsreit og Landsbankareit, við Laugaveg. Á þeim stendur til að reisa eins og hálfa Kringlu, ásamt íbúðarhúsnæði.

„Við erum búin að ná samstöðu um að þarna verði lykilhús vernduð og tekið verði mið af götumynd Laugavegar og helst verndun götumyndar á Vatnsstíg líka. Nú tekur við skipulag þar og uppbygging í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila," segir Dagur.

Spurður um þensluaukandi áhrif þessarar miklu uppbyggingar segir borgarstjóri að á næsta ári verði aðallega unnið að skipulagi, hönnun og undirbúningi. Það ætti því ekki að hafa afgerandi áhrif.

**Af hverju Samson?**
Deiliskipulag þarf að endurskoða á reitunum, en Dagur kveður breytinguna ekki eins mikla og ætla mætti; gert hafi verið ráð fyrir uppbyggingu á þeim áður.

Spurður hvort ekki hafi fleiri komið til greina í samstarf en Samson, segir Dagur: „Við höfum á síðustu árum keypt þónokkrar eignir. Markmiðið hefur verið að selja þær til uppbyggingaraðila með álitlegar hugmyndir. Í þessu tilfelli var það Samson." Fleiri hafi komið með hugmyndir að uppbyggingu á Barónsstígsreit, en þær strandað af ýmsum ástæðum. Samson átti að auki nær allar eignir reitsins, að sögn borgarstjóra.

Hins vegar hafi verið leitað til tveggja óháðra fasteignasala, sem mátu verðmæti eignanna.

Samningurinn og sala á eignum á reitunum tveimur við Barónsstíg færa borginni um 1.300 milljónir í aðra hönd, utan stúdentaíbúðanna.


FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

### 1 Frakkastígsreitur - Listaháskóli

Hér á Listaháskólinn nýi að rísa og voru makaskipti Reykjavíkurborgar og Samson Properties áfangi að því. Hjálmar H. Ragnarsson, rektor skólans, hefur átt í viðræðum við forsvarsmenn Samson, sem falast eftir lóð, eyrnamerktri skólanum, í Vatnsmýri.

Nýi skólinn á að vera milli 13.000 og 14.000 fermetrar, en einnig er gert ráð fyrir stækkun hinumegin við götuna. Mörg hús víkja, til dæmis það sem hýsir skemmtistaðinn Vegas við Frakkastíg.

### 2 Lindargötureitur – Skuggagarðar

Í Skuggagörðum eru nú þegar 96 íbúðir námsmanna reknar af Félagsstofnun stúdenta.

Samkomulag borgar og Samson gerir ráð fyrir að milli fimmtíu og sjötíu íbúðir bætist við.

Með þessari viðbót verður einnig reynt að bæta útlit garðanna í heild sinni.

Samson fékk í staðinn íbúðir á Frakkastígsreitnum undir Listaháskólann.

### 3 Tveir reitir – Barónsbúð

Á Laugavegs- og Barónsstígsreitunum er ætlað að rísa um 25 þúsund fermetra verslunarkjarna, sem teygi sig yfir Hverfisgötuna.

Nýbyggingin verður að mestu á Barónsstígsreitnum, en Laugavegsreiturinn verður meira „felldur inn í".

Á neðanverðum Barónsstígsreit verður íbúðarhúsnæði, allt að sautján hæðir og 18.000 til 20.000 fermetrar að stærð.

Einnig verður allt að fjögurra hæða bílakjallari undir kjarna.

„. . . skemmtileg, hröð . . . spennandi . . . það er gaman að lesa bækur með börnum þar sem ekki er slegið af kröfum um vandað málfar og þar sem fyrir koma orð sem eru sjaldséð í barnabókum og tilvalið að útskýra og útvíkka þar með málvitund barnanna."
Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið




„. . . spennandi frá fyrstu síðu . . . skemmtilegt ævintýri."
Hildur Heimisdóttir / Fréttablaðið

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



# TERRY PRATCHETT

## SAGA ÚR DISKHEIMI

# LITBRIGÐI GALDRANNA

*„Ég hef sjaldan hlegið eins mikið né skemmt mér eins konunglega yfir neinni bók"*

*„Ótrúleg saga og ótrúlegt ímyndunarafl hjá Terry Pratchett. Hvernig fer hann að þessu?"*

*Litbrigði galdranna hefur verið gefin út á 33 tungumálum og selst í yfir 2 milljónum eintaka.*

*Ef þig langar til að hlæja, lestu þá eina skemmtilegustu bók síðari ára.*

„EINN FYNDNASTI OG BESTI RITHÖFUNDUR BRETLANDS"
THE INDEPENDENT

EINKAR ILLKEYTT FERÐAKISTA, ÍMYNDAÐIR DREKAR, TRÖLL, PÚKAR, ÁLFAR, GALDRAMENN, DAUÐINN SJÁLFUR OG HAMINGJUSAMUR TÚRISTI SEM ALLIR VILJA DREPA

# Höfum opnað
# VERSLUN



Töskur
TILBOÐ
999 kr.
Verð áður 2.999 kr.



Brjóstahaldari m/gel fyllingu
TILBOÐ
599 kr.
Verð áður 1.999 kr.

70% afsláttur



Íþróttabrjóstahaldari
TILBOÐ
499 kr.
Verð áður 999 kr.

50% afsláttur




CONCORD
Jakkaföt
TILBOÐ
6.999 kr.
Fullt verð 14.999 kr.



Tilboðin gilda til 2. desember eða á meðan birgðir endast.

# glæsilegustu
# Á ÍSLANDI
## í Holtagörðum




frábær
opnunar-
tilboð!

# Frábær
## skemmtidagskrá

**Á SVIÐI Í DAG:**

kl. 14.00: Sigga Beinteins
kl. 15.00: Latibær - Íþróttaálfur og
Halla hrekkjusvín
kl. 15.30: Raggi Bjarna
kl. 16.00: Sniglabandið
kl. 17.00: Páll Óskar
kl. 17.30: Luxor
kl. 18.15: Birgitta Haukdal
kl. 19.00: Mugison

BYLGJAN VERÐUR MEÐ BEINA ÚTSENDINGU.
Ýmsar skemmtilegar uppákomur verða frá klukkan 14.




TILBOÐ
199 kr.

4
Í PAKKA

**Coke light** - 4 í pakka




TILBOÐ
99 kr.

**Cocoa puffs** - 390 g

**Sængurverasett**
TILBOÐ
1.299 kr.
Verð áður 2.999 kr.



**Barnaskór**
TILBOÐ
999 kr.
Verð áður 1.999 kr.





TILBOÐ
2 fyrir 1

**Holta ferskur kjúklingur**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla







**Vefurinn:** Game Over

Íslenskur vefur með tölvuleikjafréttum og leikjagagnrýni. Uppfærður reglulega.

www.gameover.is

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

Sveiflur á netumferð eftir lokun Istorrent:

## Umferðin komin í lag



LINDA BJÖRK WAAGE

Netumferð til og frá landinu er meira og minna komin í samt lag eftir sveiflur í kjölfar lokunar torrent.is og annarra íslenskra torrent-síðna í síðustu viku.

Linda Björk Waage, upplýsingafulltrúi Símans, segir umferð innanlands hafa minnkað töluvert eftir að síðunni var lokað. Umferð til og frá landinu hafi aukist að sama skapi, en ekki jafn mikið. Nú sé ástandið nokkurn veginn komið aftur í lag.

Torrent.is var lokað 19. nóvember í kjölfar lögbannskröfu sem SMÁÍS, auk fleiri höfundarréttarsamtaka, lögðu fram og sýslumaðurinn í Hafnarfirði samþykkti. Málið verður tekið fyrir hinn 12. desember. - sþs



**ÞRIÐJA KYNSLÓÐIN KYNNT** Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá Vodafone, kynnti þriðju kynslóðar þjónustu fyrirtækisins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Milljón lög í farsímann

**Farsímanotendur geta nú náð í íslenska og erlenda tónlist í gegnum tónlistarverslun Vodafone. Milljón lög eru í boði, og kosta þau erlendu 99 krónur hvert.**

Vodafone kynnti í gær þriðju kynslóðar farsímaþjónustu sína ásamt tónlistarverslun sem henni fylgir. Íslensk og erlend tónlist verður í boði til niðurhals í farsíma, en alls eru um milljón lög í boði, flest erlend. Gegn mánaðargjaldi verður hægt að ná í alla íslenska tónlist án sérstaks aukagjalds, en erlend lög kosta 99 krónur stykkið.

Þriðju kynslóðar tækni, eða 3G eins og hún er oftast kölluð, byggir á farsímatækni sem gefur meiri nethraða í farsímum en áður hefur verið til staðar. Hægt er að skoða vefsíður og hala niður tónlist í þar til gerða síma, og einnig komast á netið í fartölvu hvar sem er innan þjónustusvæðisins með sérstöku 3G-netkorti.

Helsta nýjungin í 3G-þjónustu Vodafone er tónlistarverslunin, en hingað til hafa Íslendingar ekki átt auðvelt með að kaupa erlenda tónlist löglega í gegnum netið. Með því að skrá sig í tónlistarklúbb Vodafone, og borga fyrir það 990 krónur á mánuði, er hægt að hala niður allri þeirri íslensku tónlist sem finnst í versluninni að vild, og erlendri tónlist fyrir 99 krónur lagið.

Lögin eru læst við símann sem þeim er halað í, og því ekki hægt að flytja þau yfir á tölvu eða iPod. Ef notandinn skiptir um síma getur hann flutt lögin sín yfir á nýja símann, en aðeins í samvinnu við starfsfólk Vodafone.

Auk tónlistarverslunarinnar verður í boði þráðlaus nettenging í gegnum sérstakt 3G-netkort sem tengt er við fartölvu. Verðskráin er svipuð þeirri sem er í sömu þjónustu hjá Símanum, en þó aðeins ódýrari.

salvar@frettabladid.is

## TÆKNIHEIMURINN

### Aðrar YouTube-kappræður

Frambjóðendur Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum, sem sækjast eftir forsetatilnefningu, héldu kappræður sínar í sjónvarpi og á netinu í gær. Almenningur fékk að spyrja spurninga í gegnum myndbandavefinn YouTube, og sátu frambjóðendurnir fyrir svörum. Spurningarnar og svörin má sjá á youtube.com.

### Kanar hættir að fitna

Í fyrsta skipti í tuttugu og fimm ár eru Bandaríkjamenn ekki að fitna. Samkvæmt miðstöð sjúkdómavarna þarlendis voru 34,3 prósent fullorðinna, um 72 milljónir, of feit árin 2005 og 2006. Árin tvö á undan var hlutfallið nánast hið sama, sem hefur ekki gerst síðan 1980. Læknar vara þó við bjartsýni, vandinn sé langt í frá leystur þó að hámarki fitunnar hafi verið náð.

### Tvíburabróðir jarðar

Niðurstöður rannsókna sem gerðar voru á yfirborði Venusar hafa leitt í ljós að glóandi heitu plánetunni svipar til jarðarinnar á margan hátt. Til dæmis slær eldingum reglulega niður í yfirborðið og uppbygging gufuhvolfsins er mjög svipuð og hér. Þessar niðurstöður renna stoðum undir þá kenningu að pláneturnar tvær hafi upphaflega verið eins konar tvíburar, en þær eru nokkurn veginn jafn stórar og þungar.

### Marsferðin útlistuð nánar



Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, hefur gefið út nánari upplýsingar um fyrirhugaða ferð til Mars. Hugmyndin er að senda fámenna áhöfn í ferðalagið til rauðu plánetunnar og aftur heim, og er áætlað að ferðin taki um þrjátíu mánuði. Geimskipið verður sett saman á braut um jörðu og leggur af stað í febrúar 2031. Allt er þetta þó breytingum háð, enda getur margt gerst í tækniheiminum á tuttugu og fjórum árum.

Tvö fyrirtæki hyggjast smíða gervihnetti sem þarf til að reka staðsetningarkerfi:

# Ætla að vekja Galíleó úr dvala

Tvö fyrirtæki, annað breskt og hitt þýskt, hafa tekið höndum saman um að endurreisa Galíleó-staðsetningarkerfið. Þau ætla að byggja nýja gervihnetti til að nota í kerfinu, sem hefur verið í dvala vegna vandræða við fjármögnun undanfarin ár.

Galíleó-kerfið var fyrst kynnt árið 2003 sem keppinautur bandaríska GPS-kerfisins. Ólíkt bandaríska kerfinu verður Galíleó fyrst og fremst ætlað almenningi, en GPS-kerfið vestra er aðallega ætlað bandaríska hernum.

Almenningur um allan heim getur vissulega notfært sér GPS-kerfið, en bandarísk stjórnvöld áskilja sér rétt til að slökkva á því fyrir almenning hvenær sem þeim sýnist, til dæmis ef stríð myndi brjótast út. Hugmyndin með Galíleó-kerfinu var því að koma upp staðsetningarkerfi sem væri óháð varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna.



**GALÍLEÓ** Kerfið byggir á svipaðri tækni og GPS, og notar gervihnetti á braut um jörðu til að staðsetja hluti. MYND/ESA

Samkvæmt áætlunum fyrirtækjanna tveggja: Surrey Satellite Technology frá Bretlandi og OHB frá Þýskalandi, verður þrjátíu gervihnöttum skotið á loft fyrir lok ársins 2012. Hingað til hefur aðeins einum Galíleó-gervihnetti verið skotið á loft til reynslu. - sþs


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKUR KJÚKLINGUR
KJÚKLINGAVÆNGIR 239 kr/kg. Merkt verð 399 kr
KJÚLINGALEGGIR 395 kr/kg. Merkt verð 659 kr/kg.
KJÚKLINGALÆRI 395 kr/kg. Merkt verð 659 kr/kg.
879
KS LAMBALÆRI frosið 879 kr/kg.
20% afsláttur. Merkt verð 1098 kr/kg.
40% AFSLÁTTUR
Holta KJÚKL. HVERSDAGSSTEIK m/sólþurrkuðum tómötum
455 kr/kg. 40% afsláttur. Merkt verð 759 kr/kg.
499
FERSKT HAKK/ blandað 499 kr/kg.
79
Fanta 2 ltr. 79 kr.
79
Pepsi MAX 2 ltr. 79 kr.
49
Egils appelsín 500 ml 49 kr.
49
Egils Gull 500 ml 49 kr.
79
Bomba orkudrykkur 250 ml 79 kr.
BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20% AFSLÁTTUR
BIRKIREYKT HANGIKJÖT
30% AFSLÁTTUR
SS Birkireyktur úrb. hangiframpartur 1399 kr/kg
30% afsláttur. Merkt verð 1999 kr/kg.
SS Birkireykt úrb. hangilæri 1889 kr/kg.
30% afsláttur. Merkt verð 2698 kr/kg.
BÓNUS KJÚKLINGUR
BEINT Í OFNINN
30% AFSLÁTTUR
Bónus kryddaðir KJÚKLINGABITAR 349 kr/kg.
30% afsláttur. Merkt verð 499 kr/kg.
1949
Franskar ANDABRINGUR 1949 kr/kg.
25% afsláttur. Merkt verð 2598 kr/kg.
98
Bónus brauð 1 kg 98 kr.
Úrvals Konfekt
1 kg
998
Bónus konfekt 1 kg 998 kr.
998
LS BACON 998 kr/kg.
98
Bananar
98 kr/kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.896 **+1,24%**

**Fjöldi viðskipta:** 586
**Velta:** 4.667 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FL GROUP** | 3,76% | **FÖROYA BANKI** | 2,91% |
| **SPRON** | 3,62% | **365** | 2,82% |
| **ICELANDAIR** | 2,77% | **EIK BANKI** | 2,49% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,26 +0,39% ... Bakkavör 58,70 +1,21% ... Eimskipafélagið 36,80 +0,00% ... Exista 25,00 1,01% ... FL Group 20,70 +3,76% ... Glitnir 24,70 +1,02% ... Icelandair 27,80 +2,77% ... Kaupþing 925,00 +1,31% ... Landsbankinn 37,20 +0,54% ... Straumur-Burðarás 16,20 +1,25% ... Össur 99,50 +0,61% ... Teymi 6,37 +1,92%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Útboð eftir áramót

## Áhersla Marels verður á samþættingu og innri vöxt.

Fljótlega eftir áramót er stefnt að hlutafjárútboði Marel Food Systems þar sem hlutafé félagsins verður aukið um 29,8 milljónir hluta, að sögn Árna Odds Þórðarsonar, stjórnarformanns Marels. Útboðið er hluti af fjármögnun kaupa félagsins á Stork Food Systems (SFS), en þau voru kynnt fyrir fjárfestum í gærmorgun.


ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON

Auk hlutafjárútgáfunnar eftir áramót, þar sem safna á 147 milljónum evra hjá völdum fjárfestum, eru kaupin á SFS fjármögnuð með 53 milljóna evra afrakstri fyrra útboðs og með langtímalánum upp á 235 milljónir evra.

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, segir starfsmenn. SFS er með höfuðstöðvar og verksmiðjur í Hollandi, auk starfsemi í Frakklandi, Spáni, Bandaríkjunum og Brasilíu.

áherslu félagsins nú á samþættingu og innri vöxt. Á kynningarfundinum kom fram að ekki væru enn um sinn uppi ráðagerðir um að skrá félagið víðar í kauphöll en hér á landi. Árni Oddur segir félagið taka upp evruskráningu bréfa þegar það verði hægt.

Theo Hoen, forstjóri SFS, kynnti starfsemi félagsins og fór yfir sögu þess, en það var stofnað árið 1963. Þá störfuðu hjá SFS fimm manns, en félagið hefur nú 1.875 - óká

# Fundi frestað

Fyrirhuguðum hluthafafundi í finnska farsímafyrirtækinu Elisa hefur verið frestað fram yfir áramót.


BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Novator, sem er langstærsti einstaki hluthafinn, krafðist fundarins til að breyta skipulagi félagsins og fá mann í stjórn.

Halda átti fundinn 18. desember en hann verður 21. janúar.

Novator býðst til að kynna hluthöfum tillögur sínar fyrir fundinn. - ikh



**STARFSMAÐUR AMERICAN EAGLE** AMR er sagt hafa látið undan þrýstingi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fóru að ráðum FL

Bandaríska flugrekstrarsamstæðan AMR, móðurfélag American Airlines, ákvað á miðvikudag að selja eitt af dótturfélögum sínum, American Eagle, og allan rekstur þess á næsta ári.

AMR segir að allir aðilar muni hagnast á sölunni og geti bæði félögin einbeitt sér frekar að kjarnastarfsemi sinni. Þetta er í samræmi við óskir FL Group, sem á um níu prósenta hlut í flugrekstrarsamstæðunni.

Greining Glitnis hefur eftir markaðsaðilum að ákvörðunin sé afleiðing af þrýstingi FL Group sem hafi farið fram á við AMR bæði bréfleiðis og opinberlega í september að það losi sig við undirliggjandi eignir, svo sem vildarklúbb félagsins. Reiknað er með að slíkt geri rekstur félagsins gegnsærri og hugsanlega auki markaðsvirði þess.

Gengi hlutabréfa í AMR hækkaði nokkuð vestanhafs í talsverðri uppsveiflubylgju á miðvikudag en lækkaði um fimm prósent þegar verst lét í gær. Reikna má með að þar spili inn í hækkun á hráolíuverði í gær en það eykur rekstrarkostnað samstæðunnar. - jab

# Vinna bensín úr útblæstri HS

**Hitaveita Suðurnesja hefur veitt félaginu Carbon Recycling International vilyrði fyrir lóð til uppbyggingar á tilraunaverksmiðju sem draga mun úr útblæstri hitaveitunnar á Svartsengi.**

„Við teljum þetta geta orðið mjög merkilegt framlag inn í umræðuna um nýtingu koltvísýrings," segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar og stjórnarformaður Hitaveitu Suðurnesja. Sprotafyrirtækið Carbon Recycling International, sem er í eigu bandarískra og íslenskra aðila, hefur náð samkomulagi við Hitaveituna um uppbyggingu fimm megavatta tilraunaverksmiðju í Svartsengi. Verksmiðjan verður smíðuð á Indlandi en stefnt er að því að framleiðsla verði komin á


**ÁRNI SIGFÚSSON** „Við teljum þetta geta orðið mjög merkilegt framlag inn í umræðuna um nýtingu koltvísýrings." FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

fullt skrið að ári og verksmiðjan geti framleitt þrettán þúsund lítra af metanóli á dag.

Verksmiðjan framleiðir metanól úr mengandi útblæstri. Það má svo vinna frekar í bensín sem nota má á bíla og önnur ökutæki. Meðal þeirra sem að verkefninu standa eru George Olah, bandarískur Nóbelsverðlaunahafi í efnafræði og Jonathan E. Whitlow, sem unnið hefur að Mars-verkefni NASA.

Forsvarsmenn fyrirtækisins segja stefnt að því að nýta tæknina til að minnka mengandi útblástur álvera og kolaverksmiðja.

„Það er margt jákvætt í forathugun," segir Árni og bætir við að full ástæða sé að fylgja verkefninu eftir. Hann útilokar ekki að hitaveitan styðji frekar við uppbyggingu Carbon Recycling International. Það verði þó að gerast í samstarfi við aðra fjárfesta.

Að sögn Andra Ottesen, framkvæmdastjóra Carbon Recycling International, er búið að tryggja fjármögnun fyrir rekstur tilraunaverksmiðjunnar en reiknað er með að bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs og fleiri aðilar bætist í hópinn á seinni stigum. Bankinn kom inn í hluthafahóp Geysi Green Energy ásamt Ólafi Jóhanni Ólafssyni í sumar.

jonab@frettabladid.is





Blöndunartæki
DÚNDUR VERÐ!
Eitt flottasta úrval landsins
Mikið úrval fyrir eldhús og baðherbergi
eldhús
útdraganleg fyrir eldhús
útdraganleg fyrir eldhús
útdraganleg fyrir eldhús
útdraganleg fyrir eldhús
MV1099 stgr. kr. 19.900,-
MM1068 stgr. kr. 24.900,-
ChristinaBM stgr. kr. 19.900,-
MM6204 stgr. kr. 14.900,-
MM1049 stgr. kr. 19.900,-
bað
Christina QN há stgr. kr. 19.900,-
Christina HA há stgr. kr. 19.900,-
LINE há 2297a stgr. kr. 25.900,-
MM8889 stgr. kr. 34.900,-
CP-F283 stgr. kr. 38.900,-
útdraganleg fyrir handlaug
Line stgr. kr. 8.900,-
Christina HA lá kr. 17.900,-
Christina GM stgr. kr. 17.900,-
Christina QM lá stgr. kr. 17.900,-
MM888 stgr. kr. 34.900,-
CP-F282 stgr. kr. 34.900,-
hitastýrð
hitastýrð blöndunartæki m. öryggi
hitastýrð blöndunartæki m. öryggi
hitastýrð blöndunartæki m. öryggi
hitastýrð blöndunartæki m. öryggi
hitastýrð blöndunartæki m. öryggi
hitastýrð blöndunartæki m. öryggi
SB-67011J6 stgr. kr. 19.900,-
SB-67010J6 stgr. kr. 16.900,-
SB-67015J8 stgr. kr. 22.900,-
SB-67011J6 stgr. kr. 24.900,-
SB-67012J5 stgr. kr. 15.900,-
SB-67013J5 stgr. kr. 10.900,-
open
Verð sem kemur á óvart!
Open eldhús stgr. kr. 3.500,-
Open handlaugar m. lyftitappa stgr. kr. 4.200,-
Sunny m. lyftitappa stgr. kr. 3.900,-
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lestur og lesskilningur barna og unglinga:

# Langur vegur frá því að vera best

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

„Allir eru læsir á Íslandi.“ Einhvern veginn svona hljómar mýtan sem við höfum svo gaman af að fara með fyrir útlendinga. En á miðvikudag var PIRLS, alþjóðlega lestrar- og lesskilningsprófið, kynnt. Þar kemur fram að lestrar- og lesskilningsgeta níu til tíu ára íslenskra barna rétt nær meðaltali í samanburði við getu jafnaldra sinna í 39 öðrum löndum.

Eins og nánast alls staðar annars staðar í þessum fjörutíu löndum er geta stúlkna í þessum efnum marktækt meiri en drengja. Þá niðurstöðu verður að setja í samhengi við þá þróun að stúlkur sækja sér frekar framhaldsmenntun eftir grunnskóla en drengir. Við því verður að bregðast.

Fyrir þjóð sem er stolt af því á hátíðarstundum að vera bókaþjóð hlýtur þetta að vera áhyggjuefni. Skilja börnin okkar kannski ekki það sem þau eru að lesa?

*Nú er að skríða á fullorðinsárin kynslóð unglinga sem hefur haft úr litlu að moða þegar kemur að lestri góðra unglingabóka.*

Það er ekki bara lestur tíu ára barna sem ætti að hafa einhverjar áhyggjur af. Ef Íslendingar ætla að halda uppi ímyndinni um lestrar- og bókmenntaþjóð þarf lestur til skemmtunar og unaðs að vera tekinn sem sjálfsagður hlutur. Áhugaleysi unglinga á lestri undanfarin ár hefur verið með þeim hætti að unglingabókaklúbbur Eddu stóð ekki undir sér og var lagður niður, ólíkt barnabókaklúbbi og bókaklúbbi fyrir fullorðna. Þetta áhugaleysi er ekki unglingunum að kenna, heldur verður einnig að líta á vöruna sem er verið að reyna að bjóða þeim. Unglingar nenna ekki frekar en aðrir að lesa óáhugaverðar bækur.

Nú er að skríða á fullorðinsárin kynslóð unglinga sem hefur haft úr litlu að moða þegar kemur að lestri góðra unglingabóka. Sérstaklega hefur útgáfa íslenskra unglingabóka sem gefa einhverja mynd af íslenskum veruleika verið lítil. Þó lítur það aðeins til betri vegar og eru þær nú fleiri í Bókatíðindum en áður. Það er því von til þess að unglingar finni að minnsta kosti eina bók fyrir þessi jól sem þeir hefðu áhuga á að lesa en undanfarin ár hefur það ekki alltaf verið svo gott. Sérstaklega hefur verið skortur á áhugaverðum bókum fyrir unglingsdrengi.

Nýja hugsun hefur vantað í lesefni fyrir ungmenni. Ekki þarf einungis að huga að nýjum efnistökum, heldur einnig nýjum miðlum. Lítið er til á netinu af íslensku lesefni fyrir börn og unglinga. Að megninu til er þar að finna fréttir og fréttatengt efni annars vegar og blogg, sem unglingarnir skrifa sjálfir á misgóðri íslensku, hins vegar. Úr þessu þarf að bæta ef við ætlum að lyfta okkur upp úr meðalmennskunni og á þann stall sem við segjumst á tyllidögum tilheyra; sem lestrar- og bókmenntaþjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

HARALDUR BESSASON

DAGSTUND Á FORT GARRY



„Hér heldur á penna maður, sem leikur sér að tungunni. Hann er frábær sögumaður, fundvís á hið sérstaka og sérlega í röð atvika og í fari persóna …

*Dagstund á Fort Garry* er skemmtileg bók. Þar er víða komið við og á óvæntum stöðum, en alltaf forvitnilegum. Þessi bók skilur mikið eftir sig.“

Halldór Blöndal – *Mbl.*, 24. nóv. 2007

ORMSTUNGA

Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur

sími 561 0055 • www.ormstunga.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Aðför að ömmunni**

Ögmundur Jónasson hefur gagnrýnt harkalega nýtt frumvarp um breytt þingsköp Alþingis. Það sem einna mest fer fyrir brjóstið á honum er að í frumvarpinu er gert ráð fyrir takmörkun á ræðutíma þingmanna. Ögmundur sló á sínum tíma Hjörleifi Guttormssyni við hvað ræðulengd varðar. Hjörleifur var svo þrásetinn í púltinu að gamansamir menn töluðu um „hjörl“ þegar ræðutími þingmanna var mældur. Síðan hafa menn af sömu gamanseminni talað um „ömmur“ í sama tilgangi. Skyldi einhvern undra að Ögmundur sitji ekki hljóðalaus meðan þessi aðför að ömmunni fer fram?



**Ekki bögga okkur með alþjóðastarfi**

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir meiri þátttöku stjórnarandstöðu í alþjóðastarfi. Má skilja andstöðu stjórnarandstöðunnar sem svo að hún hafi ekki áhuga á að taka frekari þátt í því starfi?

**Óminnisstæð afstaða Guðna**

Halldór Ásgrímsson var spurður út í bók Guðna Ágústssonar Af lífi og sál hér í Fréttablaðinu. Halldór var spurður hvort rétt hefði verið að Guðna hefði verið lítið gefið um fjölmiðlafrumvarpið. „Ekki minnist ég nú þess,“ svaraði Halldór. Eftir stendur spurningin hvort Guðni segi ósatt í bókinni eða hvort Halldór muni hreinlega ekki hvað Guðna þótti um málið.



jse@frettabladid.is

# Gagnslaus aðstoð

Ánægjulegt var að heyra á dögunum, að Ísland sé í efsta sæti á lista Sameinuðu þjóðanna um vísitölu þroskaskilyrða (human development index). Í þeim mælikvarða er ekki aðeins reiknað með landsframleiðslu á mann, sem er algengasti mælikvarði á lífskjör, heldur líka menntun og heilsu íbúa. Sérstaklega hljóta þessar fréttir að ylja þeim um hjartarætur, sem tóku hér völd fyrir 16 árum réttum, 30. apríl 1991, en þá var horfið frá ríkisafskiptastefnu fyrri tíðar. Eftir þau tímamót hjaðnaði verðbólga vegna aðhalds í peningamálum, halli á ríkissjóði breyttist í afgang vegna aðhalds í ríkisfjármálum, hagkerfið var opnað með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, biðstofa forsætisráðherra tæmdist, af því að hætt var að ausa fé í illa rekin fyrirtæki, hið hagkvæma kvótakerfi í sjávarútvegi var treyst með margvíslegri löggjöf, stór og lítil fyrirtæki ríkisins voru seld, en féð notað til að létta skuldum af ríkissjóði, og skattar voru lækkaðir stórlega á fyrirtæki og einstaklinga.



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Þróunaraðstoð

*Ef marka má sömu skýrslu Evrópusambandsins, þá er tekjuskipting hér fremur jöfn, svipuð og annars staðar á Norðurlöndum.*

**Fátækir nutu góðs af**

Allir nutu góðs af, jafnt fátækir og ríkir. Í Evrópu er samkvæmt nýlegri skýrslu Evrópusambandsins fátækt næstminnst á Íslandi. Það er aðeins í Svíþjóð, sem hlutfall fólks undir fátæktarmörkum er lægra, en þar eð lífskjör eru lakari þar, eru kjör fátækra hér betri í krónum og kaupmætti (þótt auðvitað séu þau samkvæmt skilgreiningu aldrei öfundsverð). Ef marka má sömu skýrslu Evrópusambandsins, þá er tekjuskipting hér fremur jöfn, svipuð og annars staðar á Norðurlöndum. Enn segir í þessari skýrslu, að í Evrópu sé fátækt í elsta aldurshópnum minnst á Íslandi. Á Norðurlöndum eru samkvæmt nýlegri skýrslu norrænu tölfræðinefndarinnar lífeyristekjur hæstar að meðaltali á Íslandi. Smám saman er tekið að muna um hina öflugu lífeyrissjóði okkar. Barnabætur eru að vísu að meðaltali lægri á Íslandi en í Svíþjóð, en miklu hærri til láglaunafólks, því að við greiðum háar barnabætur til þess og lágar til hátekjufólks, en Svíar greiða hið sama með öllum börnum óháð efnahag og aðstöðu foreldra. Vegna tekjutengingar bóta er velferðaraðstoð hér einmitt markvissari.

**Þróunaraðstoð er aðstoð án þróunar**

Sumir segja við þessar góðu fréttir, að við eigum að láta fátækar þjóðir í suðri njóta auðlegðar okkar. Eigi náungi þinn engan kyrtil, en þú tvo, þá skaltu gefa honum annan þinna. Ég efast ekki um góðan hug þeirra, er svo mæla. En reynslan sýnir, að svokölluð þróunaraðstoð er gagnslaus. Hún er aðstoð án þróunar. Við veittum til dæmis Grænhöfðaeyjum verulega þróunaraðstoð árum saman. Hún breytti engu. Vegna stórfelldrar þróunaraðstoðar hefur Tansanía breyst í bónbjargaríki. Á sama tíma má sjá mörg dæmi um þróun án aðstoðar, og eru Austurálfutígrarnir fjórir frægastir, Suður-Kórea, Taívan, Hong Kong og Singapore. Sigurður Guðmundsson landlæknir og kona hans, Sigríður Snæbjörnsdóttir, störfuðu í eitt ár í Malaví. Þau lýstu því í fróðlegu viðtali hér í Fréttablaðinu 4. nóvember, hvernig fé er sóað þar syðra í gagnslausa þróunaraðstoð.

**Besta ráðið er frjáls viðskipti**

Rétta ráðið er ekki að hækka framlög íslenska ríkisins til þróunaraðstoðar, heldur að berjast á alþjóðavettvangi fyrir frjálsum viðskiptum. Fátækar þjóðir í suðri munu njóta góðs af auðlegð Vesturlanda, ef þau fá að selja vöru sína óheftar á alþjóðamarkaði í stað þess, að Evrópusambandið og aðrir aðilar reisi í kringum sig háa tollmúra. Þessar þjóðir þurfa líka að fá öflug fyrirtæki til að fjárfesta í arðbærum verkefnum (á vegum einkaaðila, ekki Alþjóðabankans, sem er ekkert annað en risavaxin byggðastofnun). Mestu varðar, að hinar fátæku þjóðir suðursins læri af reynslunni. Þær komast ekki í álnir, nema þær opni hagkerfið, afnemi höft, auðveldi rekstur einkafyrirtækja, haldi afskiptum af atvinnulífi í lágmarki, verndi eignarréttinn og fari að öðru leyti að dæmi Austurálfutígranna eða vestrænna þjóða, meðal annars Íslendinga. Verkefnið er ekki að gefa náunga okkur kyrtil, heldur að auðvelda honum að sauma sér kyrtla, ekki aðeins fyrir sjálfan sig, heldur líka til að selja á vestrænan markað.

# Viljum við nógu mikið?

**UMRÆÐAN**

Jafnréttismál



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR

Það liggur frumvarp fyrir Alþingi núna sem snýst um jafnan rétt og stöðu karla og kvenna. Gagnvart þessu frumvarpi finnst mér að þau sem á Alþingi sitja, sem og við hin, þurfum að gera upp við okkur hvort við höfum raunverulegan áhuga á jafnrétti kynjanna.

Við eigum nefnilega enn eftir að laga margt hjá okkur þótt jafnréttisbaráttan hafi á mörgum sviðum skilað góðum árangri. Kynbundinn launamunur viðgengst enn þá og það er skandall. Margar konur eru enn fórnarlömb kynbundins ofbeldis, sem lamar þær. Staða jafnréttismála á vinnumarkaði er langt í frá nógu góð og á því tapar þjóðfélagið.

Hlutunum verður ekki reddað á einu bretti með því einfaldlega að búa til lög um þá. Hvað varðar jafnréttismál kynjanna er það fyrst og fremst eitthvað í hausnum á okkur sem við þurfum að breyta. Hins vegar getur lagasetning hjálpað okkur í þeirri vegferð að breyta ómeðvituðum hugsunarhætti. Beitt jafnréttislöggjöf sýnir að okkur er alvara í jafnréttismálum.

Í frumvarpinu, sem varð til eftir starf þverpólitískrar nefndar undir forystu fyrrum hæstaréttardómara, felast ný tæki til að fylgja eftir því sem lögin kveða á um. Jafnréttisstofa fær til dæmis rýmri heimildir til upplýsingaöflunar og að setja á dagsektir sé lögunum ekki fylgt. Úrskurðir kærunefndar jafnréttismála verða bindandi. Umsækjandi um starf getur krafist rökstuðnings atvinnurekanda fyrir ráðningu umsækjanda af gagnstæðu kyni. Síðast en ekki síst er launafólki tryggður réttur til að skýra frá launum sínum ef það sjálft kýs, en þetta atriði er í stjórnarsáttmálanum.

Þetta merkilega frumvarp varð til eftir mikla vinnu margs fólks. Það byggir á þeirri staðreynd að í löggjöfina í dag vantar tæki til að fylgja henni eftir. Það byggir á meðvitund um að jákvæðar breytingar í fortíðinni hafa orðið einmitt svona: Með samstilltu átaki og meðvitund um að hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér.

Ég vil ítreka að ef við höfum raunverulegan áhuga á jafnrétti kynjanna, þá verður þetta frumvarp að lögum án þess að tennurnar verði dregnar úr því.

*Höfundur er formaður Ungra jafnaðarmanna.*

# HÁTÍÐ ER Í BÆ

**Samsung heimabíó**
HTQ-100W
- 300W Magnari
- Dolby Digital-, Prologic II-, DTS
- FM-útvarp með RDS og 15 stöðva minni
- DVD-R, DVD-RW, MP3, JPEG DIVx
- HDMI-útgangur með línutvöföldun (720p/1080i)
- USB-inngangur MP3, JPEG

**Verð: 59.900,-**

SAMSUNG



**Samsung heimabíó**
HTXQ-100
- 500W Magnari
- Dolby Digital-, Prologic II-, DTS
- FM-útvarp með RDS og 15 stöðva minni
- DVD-R, DVD-RW, MP3, JPEG DIVx
- HDMI-útgangur með línutvöföldun (720 p/1080i)
- USB-inngangur MP3, JPEG

**Verð: 69.900,-**

SAMSUNG



# MAGNAÐAR HLJÓMFLUTNINGS...GRÆJUR!

SHARP



**Geislaspilari, útvarp og kassettutæki**
XL-MP2H
- Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
- Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða
- Magnari: 2x5W RMS
- AM/FM útvarp með RDS
- Vekjaraklukka · Tónjafnari
- Einföld og þægileg fjarstýring

**Verð kr. 12.900,-**

SHARP



**Geislaspilari, útvarp og kassettutæki**
XL-UR5H
- Fyrirferðalítil og skemmtilega hönnuð stæða.
- Spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
- Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
- USB tengi og SD kortarauf

**Verð kr. 17.900,-**

SHARP



**Hljómflutningstæða**
XL-UH220H
- 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2x50W RMS
- USB tengi · Spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
- AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka
- 6 tónjafnarastillingar · X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring

**Verð kr. 29.900,-**

Jamo



**Hágæða hljómtækjastæða**
S260 HCS 21
- 2x 65W hátalar · 200W bassabox
- Spilar DVD, CD, MP3, DivX, Xvid o.fl./ FM/AM útvarp með RDS
- Aux-inngangur · USB inngangur · Magnari: 5x65W rated - 200W magnara
- Útgangar: SCART, Component, S-Video og composite

**Verð kr. 69.900,-**



Jamo

**Stereo hljómtæki fyrir iPod**
I-200
- Fáanleg hvít eða svört
- Hægt að festa á vegg eða láta standa á borði
- Möguleiki á að bæta við bassaboxi

**Verð kr. 19.900,-**

Pioneer

**HEIMABÍÓ**
DCS-363
- 5.1 rása heimabíókerfi með DVD-spilara og FM útvarpis
- 360W magnari (6 x 60W RMS)
- HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
- Spilar alla DVD og CD diska, Mp3, WMA, JPeg og DivX

**Verð: kr. 49.900,-**



Pioneer

**HEIMABÍÓ**
DCS-360
- 5.1 rása heimabíókerfi
- DVD spilari og FM útvarpi
- 360W magnari (6 x 60W RMS)
- HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
- Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX
- USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir af hörðum diskum, minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
- Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surround-kerfi

**Verð: kr. 69.900,-**







GERÐU KRÖFUR
– VIÐ HLUSTUM Á ÞIG

ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | HÚSAVÍK |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 464 1515 |




# *Misheppnuð hernaðarstefna Bandaríkjanna*

**UMRÆÐAN**
Alþjóðamál

Mörg af átakasvæðum heims í dag – þar á meðal Afganistan, Eþíópía, Íran, Írak, Pakistan, Sómalía og Súdan – eiga það sameiginlegt að átökin má rekja til sömu vandamálanna. Öll eru þau fátæk og hrjáð af völdum náttúruhamfara – sérstaklega flóða, þurrka og jarðskjálfta – og glíma við fólksfjölgun sem ekki er víst að landsins gæði dugi til að brauðfæða. Hlutfall ungs fólks er afar hátt, sérstaklega ungra karlmanna á herskyldualdri (15 til 24 ára).

### Bandaríkin þráast við

Þessi vandamál verða aðeins leyst með stöðugri efnahagsþróun til langs tíma. Engu að síður þráast Bandaríkin við og vilja slá á öll sjúkdómseinkenni vandans með hervaldi í stað þess að ráðast að rótum meinsins. Bandaríkin styðja her Eþíópíumanna í Súdan; þau hafa hertekið Írak og Afganistan; þau hóta að varpa sprengjum á Íran; og þau styðja herræðið í Pakistan.

Engar þessara hernaðarlegu aðgerða taka á vandanum sem leiddi upphaflega til átaka. Þvert á móti bætir utanríkisstefna Bandaríkjanna yfirleitt olíu á eldinn í stað þess að stilla til friðar.

Bandaríkjunum hefnist líka iðulega fyrir hernaðarstefnuna. Bandaríkin sendu Íranskeisara ókjör af vopnum, sem féllu í hendur klerkastjórnarinnar eftir 1979. Bandaríkin studdu innrás Saddams Hussein í Íran en réðust að lokum sjálf á Saddam. Bandaríkin studdu Osama bin Laden í baráttunni gegn Sovétmönnum í Afganistan en berjast nú sjálf við bin Laden. Frá árinu 2001 hafa Bandaríkin varið yfir 60 milljörðum króna í fjárframlög til Pervez Musharraf í Pakistan, en ríkisstjórn hans er nú í fallvaltri stöðu og rétt svo tórir.

### Stríðsrekstur fram yfir efnahagsþróun

Utanríkisstefna Bandaríkjanna er óskilvirk því herinn hefur tekið hana í sínar hendur. Uppbyggingarstarf í Írak að loknu stríði – sem hernámsstjórnin undir forystu Bandaríkjanna stýrði – var í höndum bandaríska varnarmálaráðuneytisins í stað borgarlegra stofnana. Útgjöld Bandaríkjahers ráða öllu um utanríkisstefnuna. Leggi maður saman útgjöld varnarmála- og heimavarnaráðuneytisins, stríðanna í Írak og Afganistan, kjarnorkuvopnaáætlana og utanríkisráðuneytisins vegna ýmiss konar hernaðaraðstoðar, kemur í ljós að Bandaríkin eyða rúmum fimmtíu billjónum króna (fimmtíu þúsund milljörðum!) í varnarmál á þessu ári, samanborið við 1,2 billjónir króna sem þeir verja í efnahagsþróun.


JEFFREY SACHS

Craig Cohen og Derek Chollet sýndu fram á eyðileggjandi áhrif hernaðarstefnunnar í sláandi grein um efnahagsaðstoð Bush-stjórnarinnar til Pakistan – og það var fyrir nýjustu brestina í í brothættri ríkisstjórn Musharraf. Þar kemur fram að af milljörðunum 60 sem Bandaríkin hafa látið renna til Pakistan fóru 75 prósent til hersins, undir því yfirskyni að það væri endurgreiðsla fyrir framlag Pakistan í „stríðinu gegn hryðjuverkum“ og til að hjálpa þeim að kaupa herþotur og styrkja vopnabúr sitt.

*Bandaríkjunum hefnist líka iðulega fyrir hernaðarstefnuna. Bandaríkin sendu Íranskeisara ókjör af vopnum, sem féllu í hendur klerkastjórnarinnar eftir 1979. Bandaríkin studdu innrás Saddams Hussein í Íran en réðust að lokum sjálf á Saddam. Bandaríkin studdu Osama bin Laden í baráttunni gegn Sovétmönnum í Afganistan en berjast nú sjálf við bin Laden.*

Sextán prósent runnu beint í ríkissjóð Pakistan án nokkurra kvaða. Eftir stóðu innan við tíu prósent fyrir þróunar- og mannúðaraðstoð. Árleg aðstoð Bandaríkjanna til menntamála í Pakistan hljóðar upp á aðeins fjóra milljarða króna, eða rúmar sjötíu krónur á hvert barn á skólaaldri.

Höfundar greinarinnar taka fram að „fámennur hópur í innsta valdakjarna Bush-stjórnarinnar ákvað stefnuna í Pakistan og einblínir á stríðsrekstur en ekki ástandið innanlands“. Greinarhöfundar leggja líka áherslu á að „samband Bandaríkjanna við Pakistan er hernaðarlegt og miðstýrt, og snertir almenning í Pakistan lítt“. Þeir vitna í George Bush sem sagði: „Þegar [Musharraf] horfir í augu mín og segir… það verða hvorki talíbanar né Al-kaída, trúi ég honum, skilurðu?“

### Vandinn snýst um fólk

Hernaðarstefnan er að draga heiminn inn í hringiðu ofbeldis og átaka. Hvert nýtt vopnakerfi sem Bandaríkin „selja“ eða gefa til umræddra svæða, eykur líkurnar á að skærurnar breiðist út, fleiri valdaránum og að vopnunum verði beint gegn Bandaríkjunum. Hún spornar ekki við undirliggjandi vandamálum eins og fátækt, ungbarnadauða, vatnsskorti og bágum lífskjörum á stöðum á borð við norðvesturhéruð Pakistans, Darfur-hérað í Súdan og Sómalíu. Íbúar þessara staða eru í heljargreipum lítillar úrkomu og sölnaðs ræktarlands. Eðlilega snúast margir á sveif með öfgamönnum.

Bush-stjórnin áttar sig ekki á að höfuðvandinn snýr að fólki og umhverfi. Fyrir fimmtíu billjónir króna sem renna til varnarmála verða ekki reistar áveitur í Afganistan, Pakistan, Súdan og Sómalíu og þar af leiðandi kemst friður ekki á. Í stað þess að sjá fólk í neyð sér Bush-stjórnin skrípamyndir, hryðjuverkamenn á hverju horni.

Friðar er ekki að vænta fyrr en Bandaríkjamenn og aðrir byrja að líta heiminn með augum meintra óvina sinna og gera sér grein fyrir að átök dagsins í dag – sem eru afleiðing eymdar og örvæntingar – má leysa með efnahagsþróun frekar en stríðsbrölti. Friður er ekki í sjónmáli fyrr en við höfum í huga orð Johns F. Kennedy Bandaríkjaforseta, sem hann lét falla nokkrum mánuðum fyrir andlát sitt: „Þegar öllu er á botninn hvolft er staðreyndin sú að við búum saman á þessari litlu plánetu. Við öndum að okkur sama loftinu. Við hlúum að framtíð barna okkar. Og öll erum við dauðleg.“

*Höfundur er hagfræðiprófessor og stjórnandi Earth Institute við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate.*

# Kennarastarfið verður alltaf vanmetið

**UMRÆÐAN**
Kjör kennara


MATTHÍAS KRISTINSSON

Kennarastarfið er og verður alltaf vanmetið. Þetta segir reynslan okkur. Að mennta sig til kennara hefur hingað til ekki borgað sig peningalega, a.m.k. ekki ef farið er út í kennslu á grunnskólastigi. Og það gerir það heldur ekki heilsufarslega. Áreitið og álagið er slíkt, að margir reyndir kennarar eru að sligast undan starfinu.

Það er ekki nóg að þeim nemendum fari fjölgandi sem eru með alls konar geðraskanir og ofbeldishneigð, heldur þurfa kennararnir jafnframt að sinna fötluðum börnum sem þurfa mikla umönnun. Þá eru oft á tíðum útlendingar í bekk, sinn frá hverju landi og í mörgum tilfellum eiga þeir enga möguleika á að tjá sig á öðru en sínu eigin máli. Þar að auki er ekki nægilegt námsefni til fyrir hina erlendu nemendur og þurfa því kennarar að útbúa ýmiss konar námsefni handa þeim og tekur það óhemju tíma.

Foreldrasamskipti eru oft á tíðum erfið og hefur það komið fyrir að ekki aðeins foreldrar barns (barna) eiga í vanda vegna vímugjafa, heldur eru stundum afar og ömmur sama marki brennd. Í slíkri stöðu er bæði slæmt að vera barn (börn) og kennari. Eru dæmi um að fulltrúi frá opinberum aðila hafi þurft að koma á foreldrafund í stað aðstandenda barnsins (barnanna). Ofan á allt þetta bætist oft aukin vinna á kennarana, vinna sem silkihúfur fræðsluyfirvalda eru mjög duglegar að búa til, og sem margar hverjar þjóna engum kennslufræðilegum tilgangi. Þeim tíma sem í slíka vinnu fer væri betur varið í undirbúning kennarans. Þá má geta símenntunar sem kennurum er skylt að rækja, námskeið sem því miður eru oft þannig valin, að þau gagnast lítið sem ekkert í starfi margra kennara.

Þar væri betra að hver kennari hefði val um námskeið, sem gæfi þá þekkingu sem best reyndist hverjum og einum. Um launamálin og lengingu kennaranámsins mætti mikið segja. En reyndin er sú, að margir kennarar, sem starfað hafa í kennslu í tíu ár eða lengur eru komnir með annað eins viðbótarnám, ef ekki meira, og hefur það litlu sem engu skilað í launaumslög kennara til þessa. Ég legg því lítið upp úr þeim fögru orðum, sem heyrast núna í sambandi við lengingu kennaranámsins, að aukin menntun skili sér í betri launum. Lái mér hver sem vill!

*Höfundur er fyrrverandi kennari og skólastjóri.*

**HVERSDAGSMATUR**
Ný uppskriftabók Stefaníu Valdísar Stefánsdóttur er ætluð ungu fólki og öðrum sem skilja mikilvægi þess að borða hollan mat.
MATUR 2




**SKREYTT Í JÓLALITUM**
Hefðbundnar, tímalausar skreytingar í klassískum jólalitum eru alltaf vinsælastar.
JÓL 3







IPL VARANLEG, SÁRSAUKALÍTIL HÁREYÐING

Greifynjan snyrtistofa s. 587 9310

NEMATILBOÐ -20% FÖSTUD. VAX, FÖRÐUN

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar



Jakkasprengja

Verð áður ~~12.990,-~~

Nú 9.990,-

Aðeins þessa helgi

FLASH
Laugaveg 54,
sím 552 5201



Garðar að störfum á veitingastaðnum Silfri. Hér heldur hann á kengúrukjöti með kryddjurtasalati og súkkulaði- og kampavínskrapi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Velgengni ýtir undir áhuga

***Garðar Óli Gylfason er ungur og upprennandi kokkur. Hann bar nýlega sigur úr býtum í forkeppni norrænu nemakeppninnar í matreiðslu.***

Garðar Óli Gylfason, matreiðslunemi við Menntaskólann í Kópavogi, varð á dögunum annar sigurvegarinn í forkeppni norrænu nemakeppninnar í framreiðslu og matreiðslu sem haldin var í Hótel- og matvælaskólanum. Aðalkeppnin fer fram í Danmörku í apríl á næsta ári og þangað fer Garðar Óli ásamt hinum sigurvegaranum og tveimur nemendum í framleiðsludeild.

Í forkeppninni fengu keppendur, sem voru fimmtán talsins, sama hráefnið í hendurnar og úr því galdraði Garðar Óli fram ljúffenga þríréttaða máltíð. Hann eldaði steiktan lax með sellerírótarmauki og basilfroðu. Lamb með fondant-kartöflu, gulrótum og sósu úr villisveppum og stjörnuanís og að lokum hvítsúkkulaðibúðing með jarðarberja-parfait, ananassósu og súkkulaðibakstri.

Garðar hefur verið nemi á veitingastaðnum Silfri og segist hann mjög ánægður þar. „Kokkarnir á staðnum aðstoðuðu mig við undirbúning keppninnar og ég æfði mig á því hráefni sem þeir sögðu að ég gæti átt von á.“

Aðspurður segir Garðar að hann hafi fyrir keppnina ekki endilega ætlað sér að verða kokkur en eftir velgengnina hefur hann ákveðið að gefa náminu tækifæri og segist hlakka til að vinna með hinum í hópnum að undirbúningi aðalkeppninnar.

*vera@frettabladid.is*

Veldu möguleika



Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

Opið virka daga
9-18 og laugardaga 11-15

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

**Ostur** er veislukostur, fullur af kalki og afskaplega góður fyrir beinin. Það getur verið glæsileg gjöf að gefa sælkerakörfu fulla af ostum og öðru góðgæti sem bragðast vel með þeim.











Stefanía með bókina góðu, Eldað í dagsins önn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Einföld lausn í eldhúsinu

***Hvað get ég haft á borðum sem er allt í senn; hollt, gott og fljótlegt? Þeirri spurningu er svarað í nýrri bók Stefaníu Valdísar Stefánsdóttur, lektors í heimilisfræðum, Eldað í dagsins önn, sem JPV gefur út.***

„Bókin er ætluð til hversdagsnota. Mig langar með henni að koma til móts við unga fólkið og auðvitað alla þá sem skilja mikilvægi þess að borða holla fæðu,“ segir Stefanía Valdís þegar hún er spurð út í tilurð bókarinnar Eldað í dagsins önn. Bókin hefur að geyma uppskriftir að fljótlegum, ódýrum og hollum heimilisréttum, ásamt lystaukandi myndum eftir myndlistarmanninn Jón Reykdal. Aftan við hverja uppskrift er tilgreint næringarinnihald eins skammts og hvergi er hvikað frá markmiðum Manneldisráðs og Lýðheilsustöðvar.

Uppskriftunum í Eldað í dagsins önn er skipt í tíu hluta, kjötrétti, kjúklingarétti, fiskrétti, grænmetisrétti, meðlæti, salöt, súpur og grauta, eftirrétti, kökur og kaffibrauð og brauð. Þar er líka yfirlit yfir gullnar vinnureglur í eldhúsi og einföld leiðsögn við matargerð og bakstur enda er höfundurinn lektor í heimilisfræðum við Kennaraháskóla Íslands. Stefanía vill halda í matarhefðir þjóðarinnar en leggur áherslu á að draga úr sykur- og fitunotkun. „Ég hef gríðarlegan áhuga á mataræði samfélagslega séð og hef áhyggjur af því að þjóðin er alltaf að þyngjast. Ég verð líka áþreifanlega vör við að unga fólkið kann minna og minna til verka í eldhúsinu því það lærir ekki af foreldrum eins og áður,“ segir hún og bætir við: „Þessi bók á að vera mótvægi við skyndibitann, einföld lausn í hversdeginum og hjálp þeirra sem vilja borða hollt en hafa lítinn tíma. Hún ætti líka að gagnast skólasamfélaginu við heimilisfræðikennslu.“ Stefanía tekur fram að nemendur hennar á síðasta skólaári hafi borið hitann og þungann af matargerðinni fyrir myndatökur í bókinni og hrósar þeim í hástert.

Sú nýjung fylgir bókinni að á vefslóðinni www.stefaniavaldis.com verður innan skamms hægt að sækja forritið Matseðill vikunnar sem gerir lesendum kleift að skoða réttina í bókinni og prenta út innkaupalista með hráefninu sem í þá þarf. „Forritið einfaldar innkaupin hjá þeim sem fara inn í matvöruverslun að loknum vinnudegi og vita ekki hvað þeir eiga að kaupa,“ segir Stefanía brosandi.

*gun@frettabladid.is*

## Úr bókinni Eldað í dagsins önn

**4 væn stykki vel útvatnaður saltfiskur**
**1 msk. matarolía**
**1 dl kaffirjómi**
**½-1 msk. sítrónusafi**
**2 hvítlauksrif**
**1 ½ msk. kapers (eða eftir smekk)**
**6 svartar ólífur**
**2 msk. rifinn parmesanostur**
**1 vorlaukur til skrauts**

Hitið ofninn í 200 gráður. Sjóðið saltfiskstykkin í mesta lagi í 3 mínútur. Hreinsið roðið af fiskinum og raðið stykkjunum í smurt eldfast mót.

Blandið saman olíunni, rjómanum og sítrónusafanum og hellið yfir fiskinn. Saxið hvítlaukinn og kapersið, sneiðið svörtu ólífurnar og stráið þessu yfir fiskinn.



Rífið parmesanostinn og dreifið yfir réttinn. Bakið í 17 mínútur. Skreytið með vorlauk sem hefur verið skorinn langsum í fíngerðar ræmur. Berið fram með kartöflum eða hrísgrjónum, nýbökuðu brauði og grænmetissalati.

Einn skammtur 336 kkal.; 44 g prótein; 5 g mettuð fita; 11 g ómettuð fita; 1 g kolvetni, þar af 0 g sykur; 0 g trefjar.






**Jólakortin** er gott að gera tímanlega svo þau skili sér örugglega fyrir jólin. Ef ætlunin er að föndra þau eða senda mynd þá er skynsamlegt að huga að þeim með góðum fyrirvara. Svo er líka mjög gott að vera búinn að koma þeim frá þar sem af nógu er að taka fyrir jólin.



# Gyllt og grænt

***Vissulega sjást tískustraumarnir í jólaskreytingum sem annars staðar en þó eru hinar hefðbundnu, tímalausu skreytingar alltaf við lýði og hvað vinsælastar.***

Ekki er allt gull sem glóir en oftast tekst þó gylltu yfirborði að draga að sér athygli. Gullið minnir á hátíðleika og munað og því er ekki að furða að gyllt jólaskraut hafi löngum notið vinsælda. Rauði liturinn tónar síðan fallega við bjarta gyllta áferð og minnir óneitanlega á jólasveininn og dumbrauða hátíðardregla. Græni liturinn er klassískur og er oft í greni í jólaskreytingum. Einnig er gaman að nota náttúrulegar skreytingar eins og þurrkaða ávexti, köngla, trjágreinar og þess háttar. Í Blómastofunni á Eiðistorgi eru jólaskreytingarnar smám saman að tínast inn en þar er boðið upp á námskeið í jólaskreytingum klukkan fimm á föstudögum fram til jóla.

*-hs*



Gaman getur verið að nota þurrkaða ávexti, kanilstangir og köngla í skreytingar.



Gylltur og rauður eiga vel saman og eru hér skemmtileg andstæða við fábrotinn og náttúrulegan hringinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Það er um að gera að nota hugmyndaflugið við kertaskreytingar. Hér hefur kertinu verið stungið í skreyttan blómapott.

## Gleðileg jól

ÞAÐ ER ALLTAF NOTALEGT AÐ FÁ GÓÐA JÓLAKVEÐJU



Íslendingar upplifa flestir unaðshroll og ljúfa geðshræringu þegar þeim er óskað gleðilegra jóla af náunganum í námunda við jólahátíðina.
Munum að ylja útlendingum á vegi okkar með sömu kærleiksríku kveðjunni um gleðileg jól. Hér fylgja jólakveðjur á nokkrum tungumálum og ekkert til fyrirstöðu að æfa sig nú og láta vaða.

S.-Afríka ~ Een Plesierige Kerfees
Argentína ~ Felices Navidad
Brasilía ~ Boas Festas
Kína ~ Saint Dan Fai Lok
Danmörk ~ Glædelig Jul
Holland ~ Vrolijk Kerstfeest
England ~ Merry Christmas
Finnland ~ Hyvaa Joulua
Frakkland ~ Joyeux Noël
Þýskaland ~ Froehliche Weihnachten
Grikkland ~ Kala Christouyenna
Havaí ~ Mele Kalikimaka
Indónesía ~ Selamat Hari Natal
Írland ~ Nollaig Shona Dhuit
Ítalía ~ Buone Feste Natalizie
Japan ~ Kurisumasu Omedeto
Kórea ~ Sung Tan Chuk Ha
Litháen ~ Linksmu Kaledu
Malasía ~ Selamat Hari Natal
Noregur ~ God Jul
Rúmenía ~ Craciun Fericit
Perú ~ Felices Fiestas
Portúgal ~ Boas Festas
Slóvakía ~ Vesele Vianoce
Spánn ~ Feliz Navidad
Svíþjóð ~ God Jul















# SiRKUS



Björn Sveinbjörnsson og Svava Johansen

## ALLTAF Í VEÐMÁLUM

30. NÓVEMBER 2007 ■ Jón Ásgeir á lúxusráðstefnu í Moskvu ■ Bjarni töframaður og kokkanámið ■ Ellý Ármanns og fötin hennar

# fréttir

## Heyrst hefur

### Búinn að trúlofa sig

Sjarmatröllið og útvarpsmaðurinn góðkunni Heiðar Austmann hefur fest ráð sitt. Heiðar fór á skeljarnar ekki alls fyrir löngu og bað kærustu sinnar. Hann vildi hvorki tjá sig um tildrög bónorðsins eða segja frá tilvonandi brúður. Heiðar hefur haldið unnustu sinni fyrir utan alla fjölmiðla og ætlar sér ekki að svipta hulunni af huldukonu sinni að svo stöddu.



### Ragnhildur Steinunn í hljómsveit

Heyrst hefur að sjónvarpskonan yndisfríða Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Sigrún Ósk Kristjánsdóttir blaðamaður hafi nýlega stofnað hljómsveit. Sögur herma þó að hljómsveitin ætli sér ekki stóra hluti í tónlistarheiminum og sé meira hugsuð sem heimilisband, þar sem þær stöllur ætli einungis að fá útrás fyrir sköpunargleðina í tónlistinni.



SIRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Indíana Ása Hreinsdóttir
indiana@frettabladid.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**SIRKUS** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000



TÍSKUSNILLINGURINN TOM FORD Hann var með fyrirlestur á ráðstefnunni og framtíðarlúxus var honum ofarlega í huga. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES





LÚXUSDROTTNINGIN Hönnuðurinn Donatella Versace skartaði sínu fegursta þegar hún opnaði Versace-verslun í Moskvu um leið og hún hélt fyrirlestur á ráðstefnunni „Supreme luxury". Hún klæddist að sjálfsögðu Versace-dressi og eins og sjá má er satínefnið alls ekki að detta úr tísku. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



LÚXUSTÍSKUELÍTA HEIMSINS SAMAN Á RÁÐSTEFNU Í MOSKVU

# TOM FORD, DONATELLA VERSACE OG JÓN ÁSGEIR

Supreme Luxury er ráðstefna sem haldin er árlega fyrir áhrifamestu kanónurnar í tískuheiminum sem telur um 600 manns. Sú sem stóð fyrir ráðstefnunni er Suzy Menkes en hún er ritstjóri International Herald. Hún er talin vera einn áhrifamesti penninn í tískuheiminum. Þema ráðstefnunnar í ár var Rússland og því var Supreme Luxury haldin í Moskvu. Á ráðstefnuna í Moskvu komu fulltrúar allra stærstu merkjanna í hátískuheiminum eins og Tom Ford, Donatella Versace, stjórnendur Gucci, Prada, Louis Vuitton, Burberry og hönnunarteymið Viktor og Rolf. Óhætt er að segja að á ráðstefnunni hafi allt best klædda fólk veraldar verið samankomið og ekki varð þverfótað fyrir flottum töskum, skóm og lúxusklæddu fólki.

Tískuhönnuðurinn, Tom Ford, sem var einn af aðalhönnuðum Gucci áður en hann stofnaði sitt eigið merki kom fram á ráðstefnunni. Hann var flottur í tauinu, í ljósgráum jakkafötum með breitt bindi og í vesti innan undir jakkanum. Hans stærsti skartgripur voru risastór gleraugu með minnta helst á kvensólgleraugu. Samfélagsleg ábyrgð var honum ofarlega í huga og hann velti þeim spurningum upp hvort framtíðarlúxus væri ekki að kaupa föt sem sköðuðu engan, framleiðslan færi fram án mengunar, barnaþrælkun yrði ekki inni í myndinni og ekki yrðu neinar prófanir á dýrum. Lúxusinn fælist í því að með þessu vinnulagi yrðu vörurnar mjög dýrar og ekki á færi hvers manns að eignast þær.

Tom Ford vakti mikla athygli og voru fjörugar umræður að fyrirlestri loknum. Það sem vakti einnig athygli var að hin nýgiftu Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir voru á meðal gesta en Baugur Group bauð til galaveislu á ráðstefnunni. Eins og þjóðin veit er Jón mikill Gucci-aðdáandi og ef einhver ætti að hafa efni á framtíðarlúxus þá eru það þau. Það verður því spennandi að sjá hvort þau muni fara að selja hönnun Toms Ford á Íslandi?

martamaria@365.is

# borgin mín

Jóhanna Kristín Ólafsdóttir innanhússarkitekt
MÍLANÓ

## Aðalborgin fyrir merkjasnobbara

**MORGUNMATURINN:**
**Torrefazione di Corso Buenos Aires, kaffihús við Corso Buenos Aires. Þar er hægt að fá besta cappuccino í heimi og bestu croissant á Ítalíu. Skyndibitinn: Panzerotti hjá Luini, þetta er í hliðargötu við Corso Vittorio Emanuele.**

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:**
**Giulio Pane é ojo, rétt hjá Porta Romana. Þetta er lítill heimilislegur staður, þar sem réttirnir breytast dag frá degi og þeir þylja upp matseðilinn utanbókar. Manni leið alltaf eins og Norm í Cheers þegar maður labbaði þar inn. Enginn að spá í klæðnað eða skreytingar, en öll helstu „celebin" í Milanó fara að borða þarna. Svo er gaman að rölta um Brera-hverfið á góðu kvöldi og kanna stemninguna þar. Minni líka á jólamarkaðinn sem er í byrjun desember, ristaðar kastaníuhnetur og heitt jólavín, æðisleg stemning.**

**UPPÁHALDSVERSLUN:**
**Via della spiga og Corso Montenapoleone eru auðvitað aðalgöturnar fyrir merkjasnobbarana, gaman að skoða og koma við góssið, þótt maður kaupi ekki endilega neitt. Maður lætur sig bara dreyma um hvað maður kaupir þegar maður verður stór!**







# Glitrandi glamúr í Ríkissjónvarpinu

Glitrandi pallíettur og glamúr settu svip sinn á dagskrá Ríkissjónvarpsins síðustu helgi. Söngkona hljómsveitarinnar „Sometime", Diva de la Rosa, klæddist íðilfögrum pallíettukjól í Kastljósinu á föstudagskvöldinu og sló glamúrtaktinn fyrir helgina þétt og örugglega með bandi sínu. Kjóll Rósu er úr versluninni Spúútnik og klæddi hann dívuna afar vel. Rauð hárspöng Rósu úr versluninni KVK setti síðan punktinn yfir i-ið. Það stirndi bókstaflega á skemmtiþáttinn Laugardagslögin. Þáttastjórnandinn Ragnhildur Steinunn skartaði sínu fegursta í svörtum hnésíðum pallíettukjól frá Karen Millen. Kjóllinn var í anda þriðja áratugarins og var skemmtileg tilbreyting frá „Júniform-stíl" Ragnhildar. Söngkonan Regína Ósk kom sá og sigraði í svörtum pallíettukjól með laginu „Full-komið líf". Kjóll Regínu var úr versluninni Rokk og rósum og sló svo sannarlega á hina einu sönnu Eurovision-strengi. Við kjólinn bar Regína silfurlitaða pallíettuhúfu frá Skarthúsinu og glitraði því frá toppi til táar. Ljóst er að pallíettur koma sterkar inn fyrir jólin enda lýsa þær upp skammdegið og klæða hversdagsleikann í sparifötin.








Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

H E I L S U R Ú M

BJARNI TÖFRAMAÐUR HÆTTI Í KOKKANÁMINU VEGNA ÓMANNESKJULEGS STARFSUMHVERFIS

# Kokkurinn í kabyssunni





„Ég gat ekki látið bjóða mér þær hrikalegu aðstæður sem kokkanemar þurfa að búa við og sá því miður ekkert annað í stöðunni en að hætta í kokkanáminu," segir Bjarni töframaður sem er margt til lista lagt. Hann er hvað þekktastur fyrir galdra sína og uppistand auk þess sem hann þeytir skífum á börum bæjarins og ræktar páfagauka. Bjarni hefur gengið með kokkinn í maganum í mörg ár og ákvað að láta gamlan draum verða að veruleika og byrjaði í kokkanáminu í haust. „Ég er mikill matgæðingur og hef gaman af öllu sem tengist matargerð. Draumurinn var að geta fléttað saman töfrabrögð og galdra eldhússins á óvenjulegan hátt og bjóða upp á veisluþjónustu töfrakokksins að námi loknu," segir Bjarni um framtíðarplön sín sem hafa verið söltuð að svo stöddu. „Hluti kokkanámsins felst í starfsnámi á veitingahúsum borgarinnar þar sem starfsumhverfið er oft og tíðum ómanneskjulegt og vart mönnum bjóðandi. Vaktaplanið er óskipulagt og nemarnir eru kallaðir út með litlum fyrirvara og þeir eru bókstaflega látnir þræla sér út. Ég veit til þess að kveikt hefur verið í kokkanemum og þeir lagðir í alvarlegt einelti ef þeir standast ekki kröfurnar," upplýsir Bjarni um veröld kokkanemans sem er langt frá því að vera sykursæt og lokkandi. „Það var erfitt fyrir mig að vinna eftir þessu skipulagi, ég er oft bókaður fram í tímann og get ekki afboðað mig með stuttum fyrirvara," bætir hann við. „Ég hef ekki gefið kokkadrauminn alveg upp á bátinn og ég vonast eftir að geta numið matargerðarlistina við einhverjar aðrar aðstæður en þær sem kokkanámið býður upp á," segir töframaðurinn Bjarni að lokum sem vonandi fær tækifæri til að sveifla töfrasprotanum yfir pottum og pönnum í framtíðinni.

bergthora@frettabladid.is


SKÍFU LISTINN

Nældu þér í eintak

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Hjálmar | – | Ferðasót |
| 2 | Mugison | – | Mugiboogie |
| 3 | Páll Óskar | ↑ | Allt fyrir ástina |
| 4 | Sprengjuhöllin | ↑ | Tímarnir okkar |
| 5 | Guðrún G. og Friðrik Ó. | ↓ | Ég skemmti mér um jólin |
| 6 | Ýmsir | – | 100 íslensk barnalög |
| 7 | Eagles | – | Long Road Out Of Eden |
| 8 | Dísella | ↑ | Solo Noi |
| 9 | Luxor | ↑ | Luxor |
| 10 | Ýmsir | N | 100 Íslensk Jólalög á 5 CD |
| 11 | Katie Melua | ↓ | Pictures |
| 12 | Villi Vill | N | Myndin af þér (3CD) |
| 13 | Sigga Beinteins | N | Til eru fræ |
| 14 | Ellen Kristjánsdóttir | N | Einhversstaðar Einhvertíma |
| 15 | Josh Groban | N | Noel |
| 16 | Ný Dönsk | ↓ | 1987-2007 |
| 17 | Sigur Rós | ↓ | Hvarf / Heima 2cd |
| 18 | Birgitta Haukdal | – | Ein |
| 19 | Megas | ↓ | Hold er mold |
| 20 | Hara | A | Bara Hara |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

## VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Shrek the Third |
| 2 | Pirates of the Caribbean 3 |
| 3 | Mýrin |
| 4 | Latibær Jólasveinninn |
| 5 | Harry Potter the Order of Pho |
| 6 | DIE HARD 4 |
| 7 | Grey's anatomy Sería 3 |
| 8 | Skoppa og Skrítla í Þjóðleikhúsinu |
| 9 | Simpsons Season 10 |
| 10 | Evan Almighty |
| 11 | Desperate Housewifes sería 3 |
| 12 | Latibær 5 |
| 13 | Harry Potter & Order of th Pho |
| 14 | Ocean´s 13 |
| 15 | Köld Slóð |
| 16 | Jungle Book - Ísl.tal |
| 17 | Santa Claus 3 |
| 18 | PLANET TERROR |
| 19 | Charlottes Web |
| 20 | Latibær |

Listinn gildir 30.nóv til 7. des 2007

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N




Framúrskarandi hönnun og fjölbreytt úrval hjá okkur í Skeifunni og í Leifsstöð

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



**DÝRMÆTASTA Í FATASKÁPNUM:** Gráa Kate-Moss kápan mín úr Topshop.
**UPPÁHALDSBÚÐIN:** Topshop.
**BESTA GEYMDA FEGRUNARRÁÐIÐ:** Brosa og hlægja nógu mikið.








# Fer ekki út úr húsi án Northface-úlpunnar





„Ég hef ekki náð fyrra formi eftir barnsburðinn og reyni því að ganga í fötum sem sýna ekki hverja einustu fellingu," segir Ellý Ármanns. Hún vill þó meina að hún gangi alltaf í sömu fötunum eftir að hún átti dóttur sína, Ellýju yngri, fyrr á árinu. „Ég er mjög hjátrúarfull að eðlisfari og ef mér gengur vel í einhverjum ákveðnum fötum á ég til að nota þau óspart," upplýsir Ellý um hjátrú sína sem teygir anga sína víða. Ellý hefur verið áberandi í íslensku fjölmiðlalífi um árabil og er hvað þekktust fyrir þulustörf sín á Ríkissjónvarpinu þar sem hún heillaði landsmenn með hlýlegri framkomu og sendi heita strauma inn á íslensk heimili. Eftir að Ellý yfirgaf hinn eftirsótta þulustól hefur hún haft í mörgu að snúast en Ellý skrifar daglega fyrir 24 stundir og sér um Sviðsljósið á mbl.is og svo sinnir hún móðurhlutverkinu.

„Fatastíll minn er einfaldur, þægilegur og svartur. Ég er eiginlega undantekningarlaust í gallabuxum og reyni að brjóta upp klæðnaðinn með mismunandi yfirhöfnum," segir Ellý um fatastíl sinn. „Kápur, jakkar og úlpur verða að teljast minn helsti veikleiki þegar kemur að fatakaupum og ég virðist alltaf geta bætt yfirhöfnum í safnið." Henni finnst að allar konur ættu að eiga eina hlýja yfirhöfn fyrir hinn íslenska vetur.

„Svarta Northface-úlpan mín er í miklu uppáhaldi hjá mér þessa dagana og ég fer varla úr henni. Úlpan gengur næstum því við allt og ekki spillir fyrir hversu hlý hún er, það liggur við að ég gæti verið allsber undir henni," segir Ellý sem gæti eflaust staðið af sér kulda og gadd Norðurpólsins í úlpunni góðu. „Vinkonur mínar eru mjög ánægðar með mig í úlpunni. Ég hef það þó á tilfinningunni að það hafi meira með Northface-merkið að gera en ásýnd úlpunnar, en vinkonum mínum finnst ég oft geta verið smekklegri í klæðaburði. Það benti meira að segja einhver á það á mbl.is að mér veitti ekki af stílista," segir Ellý hlæjandi að lokum en eins og alþjóð veit þá er sama í hverju Ellý klæðist hún er alltaf jafn flott.








Flottust um jólin!
G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007
opið föstudag 11-18.30
laugardag 10-18
sunnudag 13-18
G-STAR
RAW DENIM
RAW DEFENDER
LANDROVER TUNED BY G-STAR
RAW DENIM 3301
BY G-STAR
RAW
G-Star Raw
marc newson
g-star.com

OFURPARIÐ SVAVA JOHANSEN OG BJÖRN SVEINBJÖRNSSON GEISLA AF ÁST, GLEÐI OG HÚMOR. HANN YFIRGAF FYRIRSÆTUFERILINN TIL AÐ KOMA AÐ VINNA MEÐ HENNI OG SAMAN HAFA ÞAU STYRKT TÍSKUVELDIÐ NTC. Í VIÐTALI VIÐ MÖRTU MARÍU JÓNASDÓTTUR SEGJAST ÞAU BÆÐI HAFA MILDAST Í SKAPINU MEÐ ÁRUNUM.

# ÁSTFANGIN OG VINNUSÖM

viðtal

Þjóðin hefur fylgst með spútnikparinu Svövu Johansen og Birni Sveinbjörnssyni frá því þau hnutu um hvort annað á Akureyri vorið 2005. Svava og Björn voru ekki búin að vera par mjög lengi þegar hann kvaddi stóru Ford-fyrirsætuskrifstofuna í New York og fór að vinna í fyrirtækinu NTC. Þegar þau eru spurð að því hvort það hafi ekki verið stór ákvörðun segja þau svo ekki vera. „Fyrir mér var þetta ekki stór ákvörðun, ef Bjössi var tilbúinn í slaginn þá var ég miklu meira tilbúin," segir hún og hann bætir því við að hann hefði ekki getað sinnt starfinu með annarri hendi. Það var því annaðhvort að hrökkva eða stökkva. „Í upphafi ætlaði ég að prófa þetta í viku en eftir vikuna var ekki aftur snúið, þvílík verkefni sem eru í þessu fyrirtæki," segir hann. Ástin spilaði stórt hlutverk í þessari ákvörðun því eftir að hann kynntist Svövu langaði hann að flytjast alfarið til Íslands. „Þegar maður er ástfanginn verða allir hlutir miklu auðveldari. Ég verð þó að viðurkenna að vinnuveitendur mínir úti voru ekki mjög sáttir og skildu ekki af hverju ég væri að yfirgefa þá. En ég sé ekki eftir neinu." Svava segir að hann hafi komið með nýjan og ferskan blæ inn í fyrirtækið. „NTC er rótgróið og sterkt fyrirtæki sem ávallt hefur verið séð vel um og við höfum bara verið að halda áfram og efla það enn frekar."





Nú vinna þau saman og stýra fyrirtækinu NTC, sem rekur 18 tískuvöruverslanir, en sú 19., sem er Miss Sixty, verður opnuð um miðjan desember í Kringlunni. Sirkus heimsótti þau á svartinnréttaða skrifstofuna þar sem grunnurinn er lagður að fatastíl landans. Þegar þau eru spurð út í verkaskiptinguna er Björn fljótur að svara. „Ég geri allt og Svava er „bara" í leikfimi," segir hann og hlær. Þegar málið er rætt nánar kemur í ljós að þau eru vakin og sofin yfir rekstrinum. Þau hafa breytt strúktúrnum á fyrirtækinu mjög mikið á undanförnum tveimur árum. Svava segir að þau hafi verið ákaflega heppin með gott fólk gegnum árin og ekki síst núna. „NTC byggist upp á fólki með brennandi áhuga á tísku annars vegar og svo með góða rekstrarþekkingu á fatamarkaðinum hins vegar. Í dag er fyrirtækinu skipt upp í 6 deildir þar sem hver rekstrarstjóri sér um sína deild, fjórar deildir utan um tískuverslanir, en þar heldur rekstrarstjóri utan um allt að fimm verslanir ásamt heildsölu og fataframleiðslu sem er aðallega erlendis. Hér á skrifstofunni erum við með frábært starfsfólk, átta manna hóp auk rekstrarstjóranna og okkar. Í verslununum erum við með ábyrga verslunarstjóra sem sinna innkaupum með rekstrarstjórum og síðan hörkuduglegt afgreiðslu- og sölufólk undir þeim. Í dag starfa um 170 manns hjá okkur og yfir 200 manns í desember. Gegnumgangandi er góður andi í fyrirtækinu og fólk að vinna í takt," segir Svava sem hefur góða yfirsýn yfir fyrirtækið. Áður sá hún aðallega um innkaupin og söluna en hefur staðið upp fyrir rekstrar- og innkaupafólki.

„Í okkar hópi eru tíu innkaupastjórar en alls eru um 16 manns sem sjá um innkaupin. Það er mikilvægast í svona viðskiptum að hver innkaupastjóri beri ábyrgð á sínum innkaupum. Ég fer þó enn þá á vissar sýningar sem ég get bara ekki sleppt," segir hún og hlær. „Og ég ekki heldur," skýtur Bjössi inn í. „Mér finnst æðislega gaman að sjá nýjustu herralínurnar frá Paul Smith, Bruuns Bazaar og Tiger. Ég fer með innkaupastjórum í herradeildunum á sýningarnar til að skoða en í fyrra fundum við flott nýtt merki fyrir Kultur menn sem heitir Holland Esquire, ótrúlega skemmtilegt tvist í því merki," segir hann og Svava tekur undir það og það færist ljómi í andlit hennar. „Það er svo gaman að sjá nýju línurnar. Ég elska að fara til Mílanó, London eða Parísar og skoða DKNY, Malene Birger, Marithe Francois Girbaut og fleiri flottar línur. Hvað þá að skoða Billi Bi-skóna. Hann hannar þægilegustu og bestu stígvél og skó sem til eru og ég er viss um að nánast önnur hver kona á Íslandi eigi skó frá því merki," segir hún.

Björn er framkvæmdamaðurinn í fyrirtækinu. „Þegar ég byrjaði heyrði ég oft að ég væri aldrei í vinnunni því ég var svo sjaldan við á skrifstofunni," segir hann hlæjandi en hann þrífst ekki við skrifborð frá níu til fimm. Hann vill vera á ferðinni, fylgjast með öllum verslunum og lagerum. Enda mjög mikilvægir staðir í fyrirtækinu þar sem hlutirnir eru að gerast. „Undanfarið höfum við verið að opna og breyta fjórum verslunum og höfum verið svo heppin að njóta starfskrafta hressa og skemmtilega verktakans Gulla Helga og öllu hans liði. Það er nauðsynlegt að hafa duglegan og samviskusaman hóp iðnaðarmanna með sér í öll svona verkefni. Það er bara ekkert sjálfgefið í dag," segir hún.

Í sameiningu leggja þau línurnar fyrir fyrirtækið til að tryggja að allir horfi í sömu átt. „Við ræðum hlutina fram og til baka, tökum ákvörðun og framkvæmum." Þau deila skrifstofu í Galleri-húsinu á Laugavegi en þau eru jafnframt með góða vinnuaðstöðu heima. Það gerir skilin milli vinnu og einkalífs óljós en þau eru alveg sátt við það. „Við vinnum oft í tölvunum eftir kvöldmat og oft getur teygst úr þessu fram yfir miðnætti. Stundum skýst Bjössi fram í eldhús og nær í eitt Jager-skot handa okkur, þá veit ég að það þýðir að þetta sé orðið gott og við tökum eina góða bíómynd eða göngutúr," segir hún.

Þegar þau eru spurð að því hvort ræður horfa þau á hvort annað en svo tekur Björn af skarið. „Það er skap í henni. Þegar við vorum að kynnast lúffaði ég en núna er ég farinn að standa meira á mínu," segir hann og glottir og hún brosir til hans á móti og segir að þau séu hvorugt mikið fyrir rifrildi þannig að málin eru yfirleitt leyst á rólegan hátt. „Ætli við séum ekki bara bæði ákveðin og virðum það hjá hvort öðru. Lykillinn að góðu sambandi er einmitt að bera virðingu fyrir hinum aðilanum, taka honum eins og hann er. Þegar maður er ástfanginn af manneskju á maður ekki að bögglast allt lífið við að reyna að breyta henni. Góður textinn hjá Billy Joel, „I love you just the way you are""," segir hún.

NTC er fyrirtæki sem nær utan um stóran hluta tískumarkaðarins á Íslandi. Þótt innandyra séu um 170 starfsmenn ríkir heimilisleg stemning. „Kvenfólk á öllum aldri er stærsti viðskiptahópurinn okkar. Rótin í fyrirtækinu, Sautján, breyttist í Galleri Sautján fyrir sjö árum með tilkomu breyttrar áherslu á fatnað fyrir „ungt fólk á öllum aldri". Stór hluti verslana NTC eru unglingaverslanir en fyrirtækið hefur vaxið með eigandanum og því hafa fleiri kvenfataverslanir verið að bætast við. Í dag er Kultur, Eva, Companys og svo Miss Sixty allar fataverslanir sem eru hugsaðar fyrir 25 og eldri. Stærsti hópurinn er jafnvel flottar konur frá 35 ára og upp úr. Fyrirtækið er samt í þeirri stærð að við náum að bregðast hratt við. Flestar okkar verslana eru „margmerkjaverslanir" þannig að við getum raðað merkjunum upp að okkar smekk."



## Alltaf í veðmálum

Talið berst að áhugamálunum. Sökum annasamrar vinnu er ekki mikið um frítíma en þau eru lunkin við að nýta tímann vel. Björn hefur áhuga á golfi og hefur náð að draga Svövu með sér í það, hann er í 16 manna félagi sem heitir Golfmeistarinn, en það er gamall góður æskuvinahópur. „Ég hef alltaf haft gott samband við gömlu góðu vinina, jafnvel þegar ég var erlendis hóaði ég öllum saman þegar ég var í stoppi hér," segir hann. Fyrir stuttu stofnaði „betri helmingurinn" annað félag, „Golfgellurnar", enda vaxandi áhugi hjá mökunum. „Þetta er frábær félagsskapur, góður húmor í hópnum og yndisleg íþrótt sem sameinar útivist, keppni og þjálfun," segir Svava. Björn er aðdáandi enska boltans og eru þeir æskuvinirnir „Púlarar". Ferðalög eru líka hluti af lífsstíl þeirra. „Við höfum gaman af því að kíkja í spilavíti þegar við erum erlendis en við eigum það til að veðja um alla hluti," segir Björn og glottir enda mikið keppnisskap í báðum. Svava stundar laxveiði á sumrin og er í góðum félagsskap 24 kvenna sem heitir „Happy Hookers". „Þetta er yndislega skemmtilegur hópur kvenna sem hittist reglulega fyrir tilstilli formannsins Rakelar Olsen, en þetta eru allt kraftmiklar og metnaðargjarnar veiðikonur. Ég er líka að byrja fjórða árið mitt í söng með Jóhönnu Waagfjörð vinkonu minni en við erum að læra hjá Jónsa. Oft er skemmtilegast hjá okkur þremur að hittast og tala og svo er ég líka ómöguleg ef ég kemst ekki í líkamsræktina mína til Lólóar vinkonu minnar í World Class þrisvar sinnum í viku."

## Með húmorinn í lagi

Það fer ekki milli mála að þau eru miklir vinir og gera mikið af því að hlæja saman. „Við erum svo klikkuð og getum gert grín að öllu, í flestum tilfellum gerum við grín að okkur sjálfum," segir hann og Svava tekur undir þetta. Um helgar finnst þeim gaman að fá vini sína í mat eða fara í matarboð og eru meðal annars í fleiri en einum matarklúbbi. Svava hefur líka mikinn áhuga á stjörnumerkjum. Þegar hún er spurð að því hvernig hún steingeitin eigi við nautið Björn segir




# dýrin okkar

FÖSTUDAGUR 30. NÓVEMBER 2007



## Níu á tólf tímum

**Lady Madonna er stolt níu hvolpa móðir en þurfti að gangast undir keisaraskurð** BLS. 4




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Síkátur Bassi

**Bassi gleymist ekki í jólaundirbúningnum og nýtur góðs af listakokki heimilisins.**

Bassi er gulur labrador-hundur úr Kolkuóss-ræktun, margverðlaunaðri veiðihundaræktun á Akranesi. Bassi hefur þó lítið komið nálægt veiði í gegnum tíðina heldur veitt Gunnari Má Gunnarssyni og fjölskyldu hans ómælda ánægju sem heimilishundur. Bassi er sjö ára en það er ekki að sjá á honum að hann sé að fara að taka lífinu með neinni ró enda verið síkátur alla tíð líkt og labradora er siður. Gunnar Már og fjölskylda fluttust búferlum til Danmerkur og bjuggu í tvö ár á litlum búgarði nálægt borginni Kolding sem er mörgum Íslendingum að góðu kunn. Þar hafði Bassi yfirumsjón með því að heilsa gestum og gangandi og sjá til þess að allt væri nú í stakasta lagi með fjölskylduna og íslenska hesta húsráðenda eins og sveitahundum er tamt.

Margir hundaeigendur kannast við að hundar þeirra taki á móti heimilisfólki þegar það kemur heim með því að færa þeim skó eða annað lauslegt og segir Gunnar Bassa ekkert gefa eftir í þeim efnum, alltaf skuli hann færa húsbóndanum skó til að bjóða hann velkominn heim úr vinnunni.

Bassi fær jólamat líkt og aðrir fjölskyldumeðlimir og nýtur góðs af því að Aldís kona Gunnars er annálaður sælkerakokkur. Bassi fær þá tilbrigði við jólamatinn en þó er þess gætt að hann fái eitthvað sem fer vel í hundsmaga. Alltaf leynast gjafir til Bassa undir jólatrénu og hefur honum þar áskotnast allt frá leikföngum upp í góðgæti. Davíð sonur Gunnars og Aldísar hefur í gegnum tíðina svo séð til þess að Bassi fari ekki í jólaköttinn með því að setja á hann jólaslaufu til að fullkomna jólastemningu heimilisins.

*- gkj*



Bassi er ávallt kátur og sómir sér vel við hliðina á styttum úr smiðju annars eiganda síns, Aldísar Einarsdóttur leirlistakonu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Gummi með eiganda sínum Unni. Gummi hefur ekki alltaf verið í eigu hennar en hann ólst upp hjá umsjónarmönnum Keikós heitins í Vestmannaeyjum og var þá kallaður Gúdmúndúr.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gummi er ekki feigur

**Kötturinn Guðmundur var nær dauða en lífi eftir fall af þriðju hæð.**

Unni Sigurþórsdóttur áskotnaðist högninn Guðmundur fyrir fjórum árum. Hann var áður í eigu Bandaríkjamanna sem fylgdu hinum víðfræga háhyrningi Keikó til Íslands. Ekki er ljóst hvers vegna Guðmundur fékk þessa virðulegu íslensku nafngift hjá bandarískum eigendum en þar hét hann auðvitað Gúdmúndúr með enskum hreim. Í daglegu tali er hann hins vegar kallaður Gummi.

Í fyrrahaust datt hann fram af svölunum hjá Unni og hvarf sporlaust. Var hans mikið leitað og tal-inn af eftir þrjár vikur. En viti menn, sex vikum eftir að Gummi hvarf fékk Unnur símtal frá Dýraspítalanum í Víðidal um að hjá þeim væri óskilakisi sem gæti tilheyrt henni. Starfsfólk Dýraspítalans hafði þá hringt í Sigríði í Kattholti, sem kom um hæl upp í Víðidal og þekkti kisa af mynd sem henni hafði verið send stuttu eftir að Gummi týndist.

Gummi hafði lést úr fimm kílóum í tæp þrjú kíló á aðeins sex vikum og stóð ekki í fæturna sökum næringarskorts. Eins ólíklega og það hljómar hafði hann þó ekki slasast við fallið af þriðju hæð en líklega lokast einhvers staðar inni allan þennan tíma. Gummi braggaðist fljótt þegar heim var komið eftir nokkurra daga legu á Dýraspítalanum með næringu í æð og ekki sést á honum í dag að hann hafi verið nær dauða en lífi fyrir ári síðan.

Unnur segir Gumma alltaf fá jólagjöf og í fyrra pakkaði hún inn gómsætum harðfiski sem Gummi fékk svo að rífa upp sjálfur við mikinn fögnuð. Gummi er hins vegar afar nægjusamur og oft finnur hann að eigin áliti mikla fjársjóði á gólfinu í formi hárteygju, flöskutappa, spennu eða annarra smáhluta sem hann leikur sér svo með í nokkra daga.

Gummi hefur einnig ratað á jólakort húsfreyjunnar þar sem hann skartaði forláta jólasveinahúfu og óskaði vinum og ættingjum Unnar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs

*- gkj*

# Fiðruð Dísa og Kobbi

**Dísa færir taflmenn á borði, dregur spil og veit fátt betra en að kúra undir sæng hjá húsmóðurinni.**

Dísa og Kobbi eru tíu og ellefu ára dísarpáfagaukar í eigu Jóhönnu Garðarsdóttur. Reyndar er ekki loku fyrir það skotið að Kobbi sé kvenkyns en hann er óvenjulegur á litinn og því ekki hægt að kyngreina hann á litnum einum saman eins og oft er hægt hjá þessari tegund.

Jóhanna hefur átt fuglana frá unga aldri og þau hafa aldrei parað sig en hún segir oft erfitt að para dísarpáfa. Þau fá að vera mikið laus til að þenja vængina utan búrsins en Jóhanna segir það ekki kunna góðri lukku að stýra að hafa þau án eftirlits því að þeim finnist bækur og hin ýmsu húsgögn afar girnilegur aukabiti.

Kobbi er óframfærnari og segir Jóhanna mikinn mun vera á þeim þar sem Dísa fæddist inni á heimili á Íslandi en Kobbi var fluttur inn ásamt hópi af öðrum dísarpáfum og fór í einangrun í Hrísey áður en Jóhanna keypti hann í gæludýrabúð. Dísa hefur því alltaf verið gæfari og móttækilegari fyrir tamningu. Dísa er framfærnari utan búrsins en inni í búrinu er Kobbi kóngur í ríki sínu.

Ekki segist Jóhanna gefa fuglunum jólagjafir en þeir fá aukabita á jólunum í formi epla, banana, hrísgrjóna og pasta sem þeir eru afar sólgnir í. Þó gæti svo farið að Dísa og Kobbi fengju jólagjöf þetta árið því að kaðall sem þau höfðu inni í búrinu hjá sér var farinn að láta verulega á sjá svo Jóhanna henti honum. Þetta var mikill uppáhaldshlutur hjá fuglunum svo að húsfreyjan verður að fara á stúfana og finna nýjan kaðal svo þeir taki gleði sína á ný.

*- gkj*

**Páfagaukarnir Dísa og Kobbi ásamt eigandanum Jóhönnu Garðarsdóttur. Þau skötuhjúin fá aukabita á jólunum.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Við erum kátir
og hamingjusamir hvolpar
Pedigree
complete
junior
Pedigree
JUNIOR
Það er Pedigree hvolpafóðrinu að þakka!
Pedigree®
Fyrir hundinn þinn

# Níu litlir hvolpar á tólf tímum

**Það varð heldur betur handagangur í öskjunni í Mosfellsbænum þegar tíkin Lady Madonna var orðin svolítið sver fór að haga sér einkennilega.**

„Ég átti ekki von á hvolpunum fyrr en 24. nóvember en grunaði að þeir kæmu eitthvað fyrr því Lady Madonna er að gjóta í þriðja skipti,“ segir Margrét Rannveig Jónsdóttir og útskýrir að þær tíkur sem eiga hvolpa í annað eða þriðja skipti gangi örlítið skemur með. „Svo á föstudaginn sextánda tek ég eftir því að hún er farin að haga sér svolítið einkennilega,“ segir Margrét sem ákvað að mæla tíkina og sá þá að fyrsti kollurinn var farinn að gægjast út en þremur tímum síðar voru komnir sex hvolpar.

„Þá gerist ekkert meira en hún



Hvolparnir braggast vel og eru hinir hressustu eftir ævintýralega fæðingu.

var svo þykk ennþá að við höfðum grun um að það væru fleiri. Ég hafði samband við dýralækninn hérna í Mosfellsbænum sem heitir Tóta og hún gaf henni kalksprautu til að herða sóttina.“ Rannveig sat yfir móðurinni í nokkurn tíma en þegar ekkert gekk heyrði hún í Tótu á ný og úr varð að Lady Madonna var flutt á dýraspítalann. Eftir röntgenmyndatöku komu í ljós fjórir hvolpar til viðbótar. Einn hvolpanna lá þvert á fæðingarveginn svo það þurfti keisaraskurð. „Þetta var svo seint um kvöldið að ég bauð bara fram aðstoð mína við keisaraskurðinn. Hún var nú svolítið vantrúuð á það en ég sagði henni að ég væri öllu vön, búin að vera viðloðandi fæðingardeildina í tuttugu ár og hefði líka unnið á skurðstofu þannig að ég treysti mér alveg í þetta ef hún treysti mér,“ segir Margrét sem starfaði lengi sem sjúkraliði og vílaði ekki fyrir sér að stökkva í skurðstofugallann.

„Aðgerðin gekk mjög vel en hvolparnir voru dasaðir svo ég þurfti að lyfta þeim upp á afturfótunum og sprauta mótefni gegn svæfingarlyfinu beint í kviðarholið á þeim og gerði það bara fumlaust, stakk þá bara hvern á fætur öðrum og svo var vinkona mín með mér og nuddaði í þá lífi. Ég hafði líka sent systur minni smáskilaboðin „keisari fyrirhugaður hefurðu áhuga?“ en hún er ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur þannig að það var valinn maður í hverju rúmi,“ segir Margrét og er að vonum ánægð með nýju fjölskyldumeðlimina.

„Þeir eru allir virkilega fallegir en það á eftir að gefa þeim nöfn flestum en ein tík sem kom í keisaraskurðinum heitir Tóta. Það eru nú komin 30 ár síðan ég var síðast með hvolpa og þetta er alltaf jafn yndislegt.“ *-rt*



Margrét Rannveig með litlu fjölskylduna. Lady Madonna er af chihuahua-kyni líkt og hvolparnir sem eru skemmtilega litríkir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








512 Auglýsingasími 50 50 Mest lesið




Gerðu góð kaup fyrir jólin!
Við erum hér!
HAFNARFJÖRÐUR
IKEA
JUST 4 KIDS
DÝRARÍKIÐ
REYKJAVÍK
20-30%
afsláttur af öllum fiskabúrum um helgina!
Hvergi meira úrval af fiskabúrum
í öllum stærðum og gerðum.
Velkomin í stærstu og glæsilegustu gæludýraverslun landsins.
Við erum í Miðhrauni við brúna á móti Ikea.
DÝRARÍKIÐ
Dýraríkið Miðhrauni
Dýraríkið Grensásvegi
Dýraríkið Blómavalshúsinu Skútuvogi
Dýraríkið Blómavalshúsinu Akureyri



● **HINRIK I** Í tilefni af opnun verslunar Dýraríkisins í Miðhrauni fór fram óvenjuleg kosning. Í stað ljónsins átti að velja annan konung og voru fimm frambjóðendur í boði: Kötturinn Bóas, páfagaukurinn Petrína, naggrísinn Nói, gullfiskurinn Guðlaug og hundurinn Hinrik.

Frambjóðendur kepptust um athygli gesta í nokkra daga en kosningaþátttaka þótti með eindæmum góð en ríflega fimm þúsund atkvæði bárust.

Á endanum fór svo að hundurinn Hinrik hlaut flest atkvæði, eða 1.260, og er því réttkjörinn konungur íslenskra gæludýra (í Dýraríkinu að minnsta kosti) og hefur tekið sér nafnið Hinrik hinn fyrsti.

Hinrik er í eigu deildarstjóra Dýraríkisins en konungurinn sjálfur er flesta daga með eiganda sínum í versluninni.

Næst á eftir Hinriki voru naggrísinn Nói og kötturinn Bóas, fæstir treystu hins vegar Guðlaugi gullfiski til að gegna embættinu mikilvæga.

# Gjafir fyrir dýrin stór og smá

**Margt skemmtilegt er í boði fyrir gæludýrin þessi jólin.**

Nú styttist óðum í jólin og sjálfsagt margir farnir að hlakka til að geta slappað af, átt góðar samverustundir með vinum og vandamönnum og opnað alla pakkana.

Göfin er ein leið til að tjá væntumþykju, ást og virðingu, en allir eiga skilið að minnsta kosti einn pakka um jólin, meira að segja mestu ólátabelgir og stríðnispúkar.

Dýrin okkar stór og smá ættu ekki að vera undaskilin frá því að fá jólapakka enda margt skemmtilegt í boði, sem mun örugglega fá kisu til að mala, seppa til að dilla skottinu og jafnvel versta illfygli til að skrækja af ánægju. Meðfylgjandi myndir ættu að gefa hugmyndir um pakka sem gætu hitt í mark.

*-rve*



**Cottage-Style hundabæli með loppuförum. Fæst í Trítlu.**



**Hundaleikföng, vinyl-lóð í þremur stærðum og ýmsum litum. Fást í Líflandi.**





**BÄSTIS hundaleikfang, marglita fugl. Auðvelt að halda hreinu. Má þvo í þvottavél. Mjúkdýr sem gaman er fyrir hundinn að veiða og naga. Hönnuður er Hans Blomquist en fuglinn fæst í Ikea.**



**Hundaboltar seldir í stykkjatali í Líflandi.**



**Donut-bæli sem henta hundum og köttum. Fáanleg í Dýrabæ.**



**BÄSTIS púði frá Ikea. Skrautpúði sem er 45 sinnum 45 cm stór og má nota sem rúm fyrir hunda og ketti. Auðvelt að halda hreinu. Má þvo í þvottavél. Hönnuður: er Michael Ekeblad.**



**BÄSTIS hundaleikfang, skór frá Ikea sem hundurinn getur nagað. Auðvelt að halda hreinu. Má þvo í þvottavél.**



**Felustaður fyrir köttinn þinn. Kattabæli í Líflandi.**



**Arundel-bæli sem fæst í versluninni Dýrabæ.**


Hér versla gæðingarnir!

Opnum hestadeildina á morgun, laugardaginn 1. des.

Reiðtygi, hnakkar, skór, fatnaður, fóðurbætir, járningaráhöld, skeifur ofl. ofl.

Kynning á hnakkinum Barra sem Jón Sigurðsson söðlasmiður framleiðir.

Við höfum allt sem þarf til gæludýrahalds, hvort sem er fyrir hunda, ketti, fiska, nagdýr, fugla eða hesta.
Við leggjum áherslu á gæðafóður frá Eukanuba og Iams ásamt ýmsar sérvörur fyrir hunda og ketti eins og Puppyangel hundaföt.

Í tilefni af opnun hestadeildarinnar bjóðum við 50% afslátt af sérfóðri frá EUKANUBA og 20% afslátt af öðru fóðri. Tilboðið gildir laugardaginn 1. desember.



Eukanuba IAMS COMPANY puppy angel Techni-Cal INTERNATIONAL

Gæludýr & hestar

Fiskislóð 18 · 101 Reykjavík · Sími 552 7400
Afgreiðslutími er virka daga frá 10.00 - 18.00 og á laugardögum frá 10.00 - 16.00

Hennar hátign - www.hatign.is

Allt þetta, miklu meira ...og enn meira á leiðinni!




## Við eigum Jungle Speed!

Möndlugjöf sem fjölskyldan sameinast um að spila!

## Verið velkomin!

Hjá Spilavinum er hægt að kíkja í kassann og jafnvel prófa spilið, áður en það er keypt!

**Skoðaðu úrvalið á netinu.**

# Spilavinir

*Spil og púsluspil fyrir alla fjölskylduna*

Langholtsvegur 126 · 104 Reykjavík · Sími 553 3450 · spilavinir@spilavinir.is · www.spilavinir.is

# DRAUMATÆKIÐ




PIXEL PLUS 2 HD

**TRYGGIR YFIRBURÐA MYNDGÆÐI**

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN
EYKUR LÍNUFJÖLDA
OG SKERPU

**TÆKIÐ FÆST Í TVEIMUR ÚTFÆRSLUM**

**32" LCD**
**PHILIPS 32PFL7762D**

**TILBOÐ**
**139.995**
FULLT VERÐ **169.995**

**42" LCD**
**PHILIPS 42PFL7762D**

**TILBOÐ**
**239.995**
FULLT VERÐ **269.995**

Incredible Surround

## PHILIPS 7762D

PIXEL PLUS 2 HD

**HÁGÆÐA MYNDGÆÐI**
**Pixel Plus 2 HD** myndleiðréttingarbúnaður sem bætir myndina og gerir hana framúrskarandi skýra hvort sem um er að ræða hefðbundndar útsendingar eða myndir í háskerpugæðum.

DIGITAL NATURAL MOTION

**Digital Natural Motion** sem tryggir að hröðustu hreyfingar verða mjúkar og fínar.

BBE DIGITAL

**SPENNANDI HLJÓMGÆÐI**
**BBE Digital** hljóðkerfi með 7 banda tónjafnara, innbyggðum bassahátalara og incredible surround.

HDMI
HIGH-DEFINITION MULTIMEDIA INTERFACE

**NOTALEG ÞÆGINDI**
Snúningsstandur, innbyggður stafrænn móttakari og miklir tengimöguleikar, m.a. 3x HDMI tengi tryggja fullkomin þægindi.

VIÐ SUÐURLANDSBRAUT 26




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
| --- | --- | --- | --- |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki**

ht.is



**MIKIL JÓLABÖRN** Svava og Bjössi eru þegar búin að skreyta heima hjá sér og farin að hlusta á jólalög. MYNDIR/VALLI

hún þau passa vel saman. „Naut og steingeit eiga mjög vel saman. Þau eru bæði jarðarmerki og ég held að það henti þessum merkjum að hittast seinni partinn á lífsleiðinni. Þá er steingeitin farin að mildast og nautið er ekki eins þrjóskt.“ Þegar hann er spurður að því hvort hann spái í stjörnumerki neitar hann því. „Hann sá bara eina stjörnu þegar hann hitti mig,“ segir hún og þau hlæja hátt en Björn skýtur því inn í að hún hafi rétt fyrir sér því hann hafi róast mikið með aldrinum. „Ég var miklu uppstökkari,“ segir hann og hún viðurkennir að sjálf hafi hún líka mildast með árunum. „Þegar maður er að sjá um stærri og meiri hluti verður maður sigldari og finnur að ef maður æsir sig upp þá festist maður í lás. Þegar skapið fer að ná tökum á manni missir maður yfirsýnina,“ segir hún og bætir því við að henni finnist það virðingarvert þegar fólk kunni að stilla skap sitt.

### Á leið í Fossvoginn

Í haust fjárfestu Björn og Svava í einbýlishúsi í Fossvogi sem verður breytt á næstunni og nýtt og glæsilegt hús mun rísa á lóðinni í staðinn. Þau fengu Pálmar Kristmundsson til að teikna húsið að innan og utan og áætla að flytja inn á næsta ári. Þegar þau eru spurð út í húsið vilja þau helst ekkert segja því þau eru sammála um að heimilið sé heilagt. Eftir smá suð nær blaðamaður því upp úr þeim að húsið verði stílhreint og svarti liturinn verði áberandi að innan en húsið verði sjálft hvítt að utan. Þegar þau eru spurð út í eigin smekk segjast þau hafa ótrúlega líkan smekk og séu bæði svolítið „svört“. „Við viljum hafa fallegt í kringum okkur. Það er þó ekki þar með sagt að það þurfi að kosta peninga. Þetta snýst ekki um það,“ segir hann og hún bætir því við að þau séu ekki mikið fyrir að hafa drasl á heimilinu. „Bjössi er alltaf að laga til,“ segir hún og bætir við að henni finnist það mikill kostur. Annars er verkaskiptingin frekar einföld í eldhúsinu. „Hún eldar og ég vaska upp,“ segir hann og Svava bætir því við að heimilishaldið myndi aldrei ganga upp ef þau væru ekki með húshjálp.

Talið berst að tískustraumum. Upp á síðkastið hefur það verið mikið í móð að konur sem eru komnar yfir fertugt fjölgi sér. Þegar Svava er spurð að því hvort hún ætli ekki að koma með eitt lítið brosir hún breitt og segir að það verði bara að koma í ljós. Hún beitir smjörklípuaðferðinni og fer að tala um fatatískuna en þar gæti hún ekki verið meira á heimavelli. „Pallíettur eru málið núna ásamt silkisatíni og leðri. Palíettu-buxur koma í Galleri 17 fyrir jólin, blúndur verða áberandi fyrir jólin ásamt gulli og silfri og beinhvíti liturinn er að detta inn. Hjá yngri stelpunum eru flottir Madonna-kjólar í blúndu og svo kvenlegir kjólar ýmist með steinum, satíni eða pallíettum, leggings í öllum litum, Alladin-buxur og bara flott Rockabilly-tíska ásamt „bling, bling“ skartgripum og túrbaninn gamli góði er búinn að slá í gegn,“ segir hún og er alveg komin á flug og bætir við að gömlu góðu dragtirnar sem hafa legið í dvala séu að koma inn aftur og þá sé jakkinn stuttur og buxurnar útvíðar með háum streng. Þegar Svava er spurð út í eigin klæðaburð grípur Bjössi fram í og segir að hún sé flott í öllu. „Margir halda að hún sé í marga klukkutíma að klæða sig á morgnana en það er alls ekki þannig,“ segir hann og hún segist vera meðvituð um eigið vaxtarlag og klæði sig samkvæmt því. Það er alltaf spurning um að búa til jafnvægi í fatavali samfara vaxtarlaginu svo heildarútlitið verði gott,“ segir hún. Desember er annasamur mánuður hjá kaupmannsparinu. Þau segjast bæði vera mikil jólabörn og eru nú þegar búin að skreyta heima hjá sér og farin að spila jólatónlist. Svava hefur þá reglu að vera búin að kaupa flesta pakkana fyrir 15. desember en eftir þann tíma reynir hún að vera sem mest í búðunum að vinna. Þegar þau eru spurð að því hvort aðfangadagur hjá þeim sé eitthvað í átt við VR-auglýsingarnar þar sem fólkið sofnar ofan í súpuna þvertaka þau fyrir það. Björn, Svava og Ásgeir Frank, sonur hennar, verða hress í rjúpunum heima hjá Kristínu móður Svövu og systkinum hennar á aðfangadag. „Annars hefur gamlársdagur verið einn af mínum uppáhaldsdögum á árinu, þá höfum við öll sex systkinin komið í mörg ár ásamt mökum og börnum heim til mömmu og pabba og átt yndislegan kvöldverð, farið á brennu horft á skaupið og sprengt flugelda. Pabbi minn lést í haust svo þetta verða fyrstu jólin án hans – það á eftir að verða skrítið. Ég á eftir að sakna hans mikið og við öll en svona er víst lífið.“

*martamaria@365.is*




ÞÆR ERU MARGAR BLÓMARÓSIRNAR SEM GANGA MEÐ BARN UNDIR BELTI SÍNU UM ÞESSAR MUNDIR. FRJÓSEMISGYÐJAN ÁKVAÐ HELDUR BETUR AÐ FJÖLGA Í HIRÐ SINNI OG SÁÐI FRÆJUM HINNAR RÓSFINGRUÐU MORGUNGYÐJU Á ÍSLENSKAN AKUR.

# BLÓMLEGAR MEÐ BARNI



### Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikkona

Frjóvgunarmáttur Borgarleikhússins er umtalaður og hefur leiksvið leikhússins breyst í mikinn frjósemisakur. Sagan hermir að leikkonur á barneignaraldri megi vart stíga á fjalirnar án þess að eiga það á hættu að verða bomm. Söng- og leikkonan ástsæla Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Hansa, hefur ekki farið varhluta af frjóvgunarmætti Borgarleikhússins. Hún og eiginmaður hennar Þorsteinn Helgi Guðbjörnsson eiga von á sínu öðru barni. Það verður nóg að gera hjá þeim skötuhjúum því fyrir eiga þau Ólaf Örn sem er eins og hálfs árs.



### Þórunn Erna Clausen leikkona

Hún er komin fjóra mánuði á leið en þess má geta að hún er frænka Jóhönnu Vigdísar og systir Ragnheiðar Elínar Clausen sem þjóðin saknar sárt af skjánum. Það verður líf og fjör hjá Þórunni þegar kúlubúinn lítur dagsins ljós en hún og eiginmaður hennar, Sigurjón Brink, eiga fyrir soninn Hauk Örn sem er 3 ára.



### Leikaraparið Álfrún Örnólfsdóttir og Friðrik Friðriksson

Bíða mjög spennt eftir erfingjanum en hún er komin framyfir 40 vikur og því getur barnið komið á hverri stundu. Þau eru þó ekki eina fólkið í leikarastéttinni sem bíður því Nanna Kristín Magnúsdóttir, Edduverðlaunahafi og stjörnuleikkona, átti að eiga í síðustu viku, Þegar Sirkus fór í prentun hafði ekki dregið til tíðinda.



### Inga Lind Karlsdóttir

Barnalánið leikur við sjónvarpskonuna og fegurðardísina Ingu Lind Karlsdóttur en hún gengur með sitt fimmta barn. Hún og eiginmaður hennar, Árni Hauksson kaupsýslumaður, eiga von á erfingjanum í byrjun næsta sumars og verður enn líflegra í Arnarnesinu þar sem þau búa.



### Friðrika Hjördís Geirsdóttir sjónvarpskona

Óléttan er orðin eins og haustflensan hjá Friðiku Hjördísi. Eins og Sirkus greindi frá á dögunum á hún von á öðru barni með manni sínum Stefáni Hilmarssyni, aðstoðarforstjóra Baugs. Fyrir eiga þau Gunnar Helga sem er ársgamall og svo á Stefán tvö börn frá fyrra hjónabandi.





### Katrín Jakobsdóttir

Vinstri græna nútímakonan Katrín gefur formæðrum sínum ekkert eftir og hleður niður börnum með stuttu millibili. Katrín og sambýlismaður hennar Gunnar eiga von á sínu öðru barni í desember en fyrir eiga þau soninn Jakob sem er tæplega tveggja ára.

### Margrét Íris Baldursdóttir



Barnalánið leikur við Margréti Írisi og mann hennar, Magnús Ármann fjárfesti og fyrrverandi umboðsmann Sólstrandagæjanna. Þau eiga von á sínu þriðja barni í vor en fyrir eiga þau Ágúst Ármann sem er fimm ára og Magnús Ármann sem er 13 mánaða. Margrét Íris er annáluð smekkkona og fagurkeri en hún og maður hennar búa tímabundið í húsi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar að Laufásvegi 69 á meðan þau bíða eftir að þeirra hús verði tilbúið.



### Dagmar Una Ólafsdóttir

Gyðjan virðist hafa skipt fræjum sínum bróðurlega á milli hægri og vinstri vængsins. Sjálfstæðismaðurinn Eyþór Arnalds og eiginkona hans Dagmar Una Ólafsdóttir verslunareigandi bíða í eftirvæntingu eftir erfingja sínum. Dagmar er sett í desember og er þetta þeirra fyrsta barn saman. Fyrir á Eyþór tvö börn.

### Katrín Bessadóttir sjónvarpskona



Hún hefur verið blómleg á skjánum en hún og kærasti hennar, Helgi Seljan, eiga von á barni í desember. Katrín starfar í þættinum Ísland í dag. Ekki er vitað hvort loftið í Skaftahlíðinni sé svona örvandi eða hvort frjósemislyfjum sé blandað út í kaffið. Kvenpeningurinn má varla hefja störf við þáttinn án þess að úr verði barn.



### Gerður Kristný rithöfundur og skáld

Hún og eiginmaður hennar, Kristján B. Jónasson, formaður félags íslenskra bókaútgefenda, stefna á hina rómuðu vísitölufjölskyldu en í janúar eiga þau von á sínu öðru barni. Fyrir eiga þau soninn Skírni sem er að verða þriggja ára. Þetta hefur verið einstaklega frjótt ár hjá Gerði en hún gefur út tvær bækur fyrir jól, Ballið á Bessastöðum og ljóðabókina Höggstað sem báðar hafa fengið þrusufína dóma.

# BIG papas pizza

## Tilboð 3

**16" pizza með 3 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum, sósa og 2l pepsi**

## Aðeins 1.890 kr. sótt

**Heimsent 2.390 kr.**

**í Kópavog og Breiðolt**

**Opið frá 11.30 til 22.00**

**Engihjalli 8 – Kópavogur**

**Fleiri tilboð inni á bigpapas.is**

# 578-1717

# sirkus STJÓRINN

## Hverjir voru hvar?



Sirkusstjórinn tók á móti helginni í fyrra fallinu og virtust barflugur bæjarins hafa ákveðið að gera hið sama. Það var margt um manninn á Ölstofu Kormáks og Skjaldar á fimmtudagskvöldinu. Þar voru þau Silja Hauksdóttir leikstýra og Eggert Ketilsson leikmyndahönnuður hress að vanda ásamt góðu gengi kvikmyndagerðarfólks. Samfylkingarkonan Bryndís Ísfold og eiginmaður hennar, Torfi Frans Ólafsson, létu sig ekki vanta og ræddu mál líðandi stundar við gesti og gangandi. Arkitektinn og sjarmatröllið Halldór Geirharðsson, bróðir sjálfs Kormáks, átti Ölið þetta kvöld og var umkringdur fögrum fljóðum, Á meðan þeir Helgi Seljan, verðandi faðir og Kastljósstjarna, og Karl Th. Birgisson, ritstjóri tímaritsins Herðubreiðar, réðu ráðum sínum ábúðarfullir í reykskýli Ölsins. En reykskýlið góða virðist vera að festa sig í sessi sem eitt helsta gáfumannaþing höfuðborgarinnar. Föstudagskvöldinu var eytt í huggulegheitum á B5. Þar var Sverrir Þór Sverrisson, leikari og skemmtikraftur, sem naut sín í góðum félagsskap æskuvina sinna. Á laugardagskvöldinu lét Sirkusstjórinn hafa sig út í einn drykk fyrir svefninn og í þetta skiptið var ferðinni heitið á Vínbarinn. Hagfræðingurinn Sigurður Snævarr og Ólafur Harðarson prófessor höfðu gefið sér tíma til að líta upp úr bókunum og léku á als oddi með samstarfsfélögum sínum úr háskólanum. Hinrik Ólafsson leikari gerði sér sömuleiðis glaðan dag og var hinn hressasti á Vínbarnum en það var Sirkusstjórinn ekki og hélt því heim á leið óvenju snemma þetta laugardagskvöld. Hann datt þó í lukkupottinn því Séð og Heyrt ritstjórinn, Loftur Atli Eiríksson, var á bíl og keyrði Sirkusstjórann heim að dyrum. Annars hefði hann líklega dáið úr kulda enda teljast pallíettuskreytt jakkaföt ekki til vetrarklæðnaðar.







# Glamúrleg glimmerdress og klæðileg skvísuföt

Það var mikið um dýrðir þegar nýja Company's-verslunin var opnuð í Kringlunni í vikunni og var blásið til dýrindis tískusýningar. Þar sýndu fyrirsæturnar það nýjasta í vetrartískunni 2007-8 en þar var svarti liturinn áberandi ásamt fjólubláum og gráum og metal-litum. Í versluninni má finna fatnað frá In Wear, Malene Birger, Part Two, Designers Remix og Soak í sátt og samlyndi.

*- MMJ*



**100% SKVÍSA** Leður er eitt af því sem enginn má missa af í vetur en töluvert er um leðurkjóla í vetrartískunni.






**DALLASFÍLINGUR** Pamela Ewing hefði getað átt þennan kjól í fataskápnum sínum en hann er frá Designers Remix sem er eitt vinsælasta merkið í Skandinavíu um þessar mundir.






**HNÉBUXUR ERU EKKI DOTTNAR ÚR TÍSKU**



**FJÓLUBLÁTT, SATÍN OG LEGGINGS** Er hægt að biðja um eitthvað smartara?




# Með allt á hreinu

Einar Bárðarson og Arnar Eggert Thoroddsen héldu magnað útgáfuteiti á Apótekinu í tilefni af útgáfu bókar þeirra, Öll trixin í bókinni. Bókin hefur fallið í góðan jarðveg enda stútfull af skemmtilegum sögum af ferli og störfum Einars Bárðarsonar. Margt var um manninn í teitinu og það var rokkað feitt að sið Bárðarsonar.



**KYNNTI SÉR HELSTU TRIXIN** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ætti að geta fengið mörg góð ráð í bók þeirra Einars og Arnars Eggerts. Þess má geta að sá síðarnefndi er frá sama bæjarhluta og borgarstjóri, stórborginni í úthverfinu, sjálfu Árbæjarhverfinu.



**SAMHENT HJÓN** Ragnhildur Eiríksdóttir og Þorgrímur Þráinsson létu sjá sig í boðinu. Ragnhildur hefur sterka brynju enda standa mörg spjót á henni þessa dagana. Hún tekur því með stóískri ró enda heldur hún með sínum manni og er stolt af honum.



**TÓNLISTARMAÐURINN SEM SKEMMTIR BANKAFÓLKINU** Jónsi og Rósa eiginkona hans ásamt sonum sínum, Trausta og Ara. Gott að Jónsi er kominn í bankann, samstarfsmönnum hans veitir ekki af smá skemmtun þegar hlutabréfamarkaðurinn er á stöðugri niðurleið og umhverfið skelfur vegna úrvalsvísitölunnar.



Börn
Dömur
Jólin 2007
Herrar
Strákaúlpur, verð frá 5.990 kr.
Silkibindi, verð frá 2.490 kr.
Jólakjólar, verð frá 5.490 kr.
SPA-vörur, verð frá 999 kr.
1.990 kr.
1.590 kr.
Jamie Oliver, kryddhristar 2.990 kr.
Jólin í einni ferð
Debenhams býður upp á úrval sem aldrei fyrr af fallegri gjafa- og merkjavöru. Fyrir dömur, herra, börnin og heimilið á verði sem kemur öllum í ekta jólaskap. Nú getur þú klárað jólainnkaupin á einum stað og eytt tímanum í það sem skiptir mestu máli.
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!

# uppáhalds...

## Hver er uppáhalds flíkin þín?



„Allir kjólarnir mínir og skópörin sem skipta hundruðum koma fyrst upp í huga minn, Það er erfitt að gera upp á milli „barnanna sinna“ en ætli hvíta skósíða Calvin Klein ullarkápan mín hafi ekki vinninginn, en hann Sæmi, kærasti minn gaf mér hana í jólagjöf síðustu jól og því stendur hún hjarta mínu afar nærri og hlýjar mér frá innstu hjartarótum.“

**Helga Braga Jónsdóttir leikkona.**



„Svörtu sérsniðnu jakkafötin mín skipa sérstakan sess í fataskápnum og eru í miklu uppáhaldi, Þau er fyrstu sérsniðnu jakkafötin sem ég hef átt og það er ekki hægt að bera að bera þau saman við fjöldaframleidd föt enda eru þau sniðin að mér og mínum þörfum. Það er gott að vera í jakkafötum, „they make you look good“.

**Róbert Douglas leikstjóri:**



„Þessa dagana þegar líður á veturinn er hnausþykkur mokkaskinnsjakki í hvað mestu uppáhaldi hjá mér. Jakkann fann ég í „second hand“ búð í Amsterdam og var hann nánast ónotaður þegar ég festi kaup á honum. Hann hefur reynst mér afar vel í kulda og gaddi og er lífsnauðsynlegur þegar veturinn ber að garði. Punkturinn yfir i-ið er síðan rússahúfan sem ég keypti af rússneskum uppgjafahermanni við Brandenborgartorg í steikjandi hita. Annars á ég líka fjári fínar náttbuxur en geng síður í þeim við mokkaskinnsjakkann og enn síður við húfuna góðu.“

**Einar Þorsteinsson, fréttamaður á Rúv.**

„Brúnu leðurstígvélin mín úr 38 þrepum eru eftirlætis „flíkin“ mín. Ég er mikið fyrir skó og á heljarinnar skósafn en enda alltaf í stígvélunum sem ganga við allt. Þau eru fullkomin fyrir mig og mína fætur og mér finnst þau flottustu skór í heimi.“

**Íris Eggertsdóttir, fatahönnuður og verslunareigandi í KVK.**



# 5 leiðir... til að sleppa við jólastress



Ekki hafa kveikt á útvarpinu í bílnum. Þannig sleppur þú við auglýsingaáreiti og öll leiðinlegu jólalögin sem gefin hafa verið út. Tengdu iPod-inn við græjurnar eða hlustaðu á uppáhaldsgeisladiskana þína og njóttu stundarinnar.



Haltu partí heima hjá þér. Það er ekkert jafn afslappandi eins og að skvetta aðeins í sig og svo er dásamlegt að geta reykt inni án þess að brjóta lög.




Slökktu á gsm-símanum og tölvunni og lestu bók.



Ekki kaupa jólagjafir. Færðu fólki umslag sem inniheldur seðla. Viðkomandi getur sleppt því að bíða í röð milli jóla og nýárs til að skipta gjöfinni.



Farðu í fótabað heima hjá þér. Það er ekkert jafn róandi!

LEIÐINLEGASTA STARFIÐ:

# LÍFIÐ OF STUTT FYRIR LEIÐINLEGA VINNU

„Leiðinlegasta starfið sem ég hef sinnt hlýtur að vera þegar ég var að raða í poka í Hagkaupum,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður og bætir við að starfið hafi verið hluti af fjáröflunarátaki knattspyrnufélagsins Gróttu. „Þetta var atvinnubótavinna á unglingsárunum en að mínu mati er fátt leiðinlegra en að raða matvörum í poka fyrir annað fólk. Auk þess var þetta rétt fyrir jólin svo fólk var ekki upp á sitt besta. Ég varð að þola svívirðingar fyrir rangar uppraðanir og lekar jógúrtdósir og skilningur minn á verslunarfólki óx mikið við þessa reynslu mína,“ segir Ágúst Ólafur og bætir við að honum þyki líka leiðinlegt þegar það er lítið að gera í vinnunni. „Eitt sumarið vann ég hjá Ríkisskattstjóra. Það var fróðleg vinna en það var lítið sem ekkert að gera. Ég hef líka unnið í frystihúsi og endurtekningin þar var of mikil fyrir minn smekk. Ofsaleg rútínuvinna en samt sem áður mikil reynsla. Starf mitt í dag er afar skemmtilegt og það er lúxus að fá að starfa við áhugamálið. Það skiptir máli að hafa gaman af vinnunni því við eyðum svo miklum tíma í henni og ég hvet alla sem eru í leiðinlegri vinnu að hætta. Lífið er of stutt til að vinna leiðinlega vinnu.“

*indiana@frettabladid.is*



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON „Það skiptir máli að hafa gaman af vinnunni því við eyðum svo miklum tíma í henni og ég hvet alla sem eru í leiðinlegri vinnu að hætta.“**

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. „BUFF“-PILTURINN HANNES HEIMIR HELDUR SIGURGÖNGU SINNI ÁFRAM OG HEFUR ALLS UNNIÐ ÁTTA MÓTHERJA. HÉR REYNIR HANNES VIÐ GUÐMUND KRISTIN JÓNSSON TÓNLISTARMANN Í REGGÍBANDINU HJÁLMUM.

**1. Hvað heitir spennusaga Þráins Bertelssonar sem kom nýverið út?**

**2. Hver gegnir stöðu bæjarstjóra Reykjanesbæjar?**

**3. Hvaða grunnskóli bar sigur úr býtum á Skrekk, hæfileikakeppni ÍTR í síðustu viku?**

**4. Hvað heitir nýr geisladiskur söngkonunnar Birgittu Haukdal?**

**5. Hvaða íslenska verslun hlaut Njarðarverðlaunin, hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar og Íslenskrar verslunar?**

**6. Hver er stofnaði Pólýfónkórinn árið 1957.**

**7. Hvaða íslenski landliðsmaður í fótbolta var kosinn besti leikmaðurinn í landsleik Íslendinga og Dana, í Parken 21. nóvember.**

**8. Hvaða leikstjóri mun leikstýra Slóð fiðrildanna sem gerð er eftir samnefndri bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar?**

**9. Hvað heitir fyrsti þingmaður Íslendinga sem er af erlendu bergi brotinn?**

**10. Hvaða „stjörnumóðir“ gaf allar fæðingargjafir barnsins síns til fátækra nýverið?**



## Hannes Heimir 6 RÉTT SVÖR

1. Englar dauðans
2. Árni Sigfússon
3. Hlíðaskóli
4. Ein
5. Ekki hugmynd
6. Ingólfur Guðbrandsson
7. Veigar Páll
8. Liv Ullmann
9. Paul Nikolov
10. Madonna



## Guðmundur 2 RÉTT SVÖR

1. Pass
2. Árni Sigfússon
3. Hlýtur að vera Hagaskóli
4. Ein
5. Hef ekki hugmynd
6. Veit ekki
7. Verð stoltur að segja pass við þessari
8. Baltasar Kormákur
9. Veit að eftirnafnið er Grapewine
10. Giska á Angelinu Jolie

Eðal-„buffið“ Hannes Heimir burstaði Guðmund í Hjálmum með sinni alkunnu snilld. Hannes hlaut sex stig af tíu mögulegum á móti tveimur stigum Guðmundar. Guðmundur skorar á Flís-töffarann Davíð Þór Jónsson tónlistarmann til að taka á „buffinu“ í næstu viku.

**Rétt svör: 1.** Englar dauðans. **2.** Árni Sigfússon **3.** Hlíðaskóli **4.** Ein **5.** Iðuhúsið. **6.** Ingólfur Guðbrandsson. **7.** Theodór Elmar Bjarnason. **8.** Billy August. **9.** Paul Nikolov. **10.** Nicole Riche.


DESEMBER
TILBOÐ
OPIÐ ALLA HELGINA • GLÆSILEG TILBOÐ
500GB
HARÐDISKUR
Frá Western Digital, SATA2 með 16MB buffer
8.990
25DVD
DISKAR
25 STK Verbatim gæða 16x DVD+R diskar í spindil
1.890
CREATIVE
30GB
CREATIVE
30GB spilari sem spilar bæði tónlist og kvikmyndir
16.900
ACER FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ 46.900 KR
16BLS
16 BLS GLÆSILEGUR BÆKLINGUR KEMUR MEÐ PÓSTINUM Í DAG
OPNUNARTÍMAR
Í DAG FÖSTUDAG
10:00 - 19:00
LAUGARDAG
10:00 - 17:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur




**Reykjavík og nágr.**
Hagkaup Kringlan
Hagkaup Skeifan
Hagkaup Smáralind
Hagkaup Spöng
MAX raftæki Kauptúni
Nettó Mjódd
Heimilistæki
Suðurlandsbraut 26
Sjónvarpsmiðstöðin
Síðumúla 2

**Landsbyggðin**
Hljómsýn Akranesi
Hagkaup Borgarnesi
Samkaup Úrval Borgarnesi
Skipavík Stykkishólmi
Blómsturvellir Hellissandi
Samkaup Úrval Ísafirði
Smáalind Patreksfirði
Kaupf. Steingrfj. Hólmavík
Krákur Blönduósi
Kaupf. V-Húnv. Hvammst.
Skagfirðingabúð Sauðárkr.
Samkaup Úrval Ólafsfirði
Valberg Ólafsfirði
Heimilistæki Akureyri
Hagkaup Akureyri
Nettó Akureyri
Heimilistæki Húsavík
Fláabrún Vopnafirði
Samkaup Úrval Egilsst.
Martölvan Höfn
Nettó Höfn
Klakkur Vík
Geisli Vestm.eyjum
Mosfel Hellu
Heimilistæki Selfossi
Verslunin Rás Þorlákshöfn
Tölvuspítalinn Grindavík
Kaskó Reykjanesbæ
Hagkaup Reykjanesbæ
Samkaup Úrval Reykjanb.

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki

ht.is

aktu taktu

## Aktu Taktu

Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

## Snyrtifræðingur óskast

**Vegna mikilla anna getum við bætt við okkur snyrtifræðing í hlutastarf 50% eða 100% starf, mjög góð laun í boði. Uppl. í s. 663 3053.**

ÍTALÍA

## Veitingahúsið Ítalía

**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í sal um helgar. Einnig leitum við að starfsmanni í fullt starf í sal, (11.00-23.00) sem fyrst.** ~~Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.~~ **Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11**

## Aukavinna og hlutastarf

**Vegna mikilla anna getum við bætt við okkur starfsfólik sveigjanlegur vinnutími góð laun í boði. Uppl. í s. 663 3053. Englakroppar heilsustúdíó/snyrtistofa sími 587 3750 www. englakroppar.is**

mest

## Lagerstarf - Hafnarfjörður

**Óskum eftir röskum starfsmönnum á miðlager okkar við Fornubúðum 5 í Hafnarfirði. Starfið felst í allri almennri lagervinnu. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlega sendið umsóknir á eirikurs@mest.is, kristoferk@mest.is eða hringja í Kristófer Karlsson, s.825-0473**

mest

## Lagerstarf - Hafnarfjörður

**Óskum eftir röskum starfsmönnum á miðlager okkar við Fornubúðum 5 í Hafnarfirði. Starfið felst í allri almennri lagervinnu. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlega sendið umsóknir á eirikurs@mest.is, kristoferk@mest.is eða hringja í Kristófer Karlsson, s.825 0473 .**

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. fatlaðra. Góð sölulaun. S. 824 4768.

Traust byggingarfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir verkamönnum í byggingarvinnu. Stór verkefni framundan. Umsóknir sendist á sogs@leigulidar.is

Vantar þig vinnu ? Okkur hjá Volare vantar söluráðgjafa. Nánari uppl. hjá eydis@tpostur.is og lydia@internet.is

Starfsmann með bílpróf vantar. Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

## Gríptu tækifærið!!!

Óskum eftir duglegum söluaðilum fyrir jólin. Um er að ræða sölu á kvenfatnaði og fylgihlutum. Mjög góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar í síma 565 3900 (Jóna).

Starfskraftur óskast í Efnalaug/þvottahús við frágang á fatnaði. Reynsla æskileg. Efnalaug Garðabæjar s. 565 6680.

## Rafvirkjar Langar þig að vinna skemmtilega tæknivinnu?

Góðir Menn rafverktakar leita að rafvirkjum í vinnu við uppsetningar og forritun á ýmsum öryggisbúnaði og í almenna raflagnavinnu. Bíll + sími + snyrtileg innivinna á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 820 5900.

Starfsmaður óskast í hlutastarf í erótíska verslun. Uppl. í s. 562 2433 milli kl. 16-20.

## HENDUR.IS

Vantar rafvirkja í nokkur smáverk, setja upp ljósakrónu, laga loftljós í eld- húsi, skipta um halogenperu í lampa... Uppl. á www.hendur.is

# Atvinna óskast

## HENDUR.IS

Vantar þig aðstoð við að setja upp jólaskreytingar, í þrif eða verkefni sem krefjast sérþekkingar. Fáðu tilboð. www.hendur.is

Sextugur þýskumælandi karlmaður (með ísl kt) leitar að vinnu, pípari að mennt og reynslu en hvað sem er kemur til greina, er með lyftarapróf, vill byrja strax. S. 696 7027.

32 ára kk, búsettur í Hfj að portúgölskum uppruna óskar eftir vinnu frá og með áramótum. Er harðduglegur, handlaginn og samviskusamur. Uppl. í s. 844 5222.

# TILKYNNINGAR

# Tilkynningar

## Zabawa Andrzejkowa w Polonii

**Jedyny polski pub na Islandii - Polonia - Zaprasza na zabawe andrzejkowa w piatek 30.11.07 od godz 21.00-03.00 w programie - zabawa przy polskiej muzyce na zywo gra zespol „Magic" oraz tradycyjne wrózby andrzejkowe koszt wstepu 500kr. Zbieramy zapisy na zabawe sylwestrowa wszelkie informacje pod nr. tel 555 2329 / 849 2409. Lub w polonii ul. Flatahrauni 21, Hafnarfjörður.**

# Einkamál

EKKILL AF GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM
FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Vegna flutninga er til sölu búslóð. Áhugasamir vinsamlegast verið í sambandi í síma 822 9613.

# ATVINNA

## Tískufataverslun

óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 13.00-18:00 og annan hvorn laugard.

Upplýsingar í s: 820-1299

# FASTEIGNIR

Þjónusta ofar öllu RE/MAX Fasteignir

## VIÐ ERUM ALDREI OF UPPTEKIN FYRIR ÞIG!

BÓAS & TEYMI

- Verðmetum
- Sendum ljósmyndara
- Vinnum á kvöldin
- Vinnum á sunnudögum
- Sýnum
- Höldum opin hús

**Við erum 100% til staðar fyrir þig!**

HRINGDU NÚNA 699 6165




# TIL LEIGU

## Íbúðir á Spáni - Til leigu og sölu



Tvær 3ja herbergja íbúðir í nýju íbúðarhóteli við fjölbreyttan verslunarkjarna, örstutt á ströndina. 10-20 mín akstur á 10-15 golfvelli. **La Rotonda** íbúðarhótelið er staðsett í hverfi sem heitir **Aqua Marina** sem er rétt fyrir utan borgina **Torrevieja**. Íbúðirnar er með tveimur svefnherbergjum og svefnsófa í stofu, gistiaðstaða fyrir allt að 6 manns. Einkasvalir fylgja hvorri íbúð. Íbúðirnar eru vel búnar í alla staði. Loftkælingar í öllum rýmum sem bæði hita og kæla, þvottavél, handklæðum, sjónvarp og margt fleira. Móttaka er á inngangshæð sem opin er allan sólarhringinn. Eins er veitingastaður og bar við sundlaugina. Bílastæði í kjallar fylgir. Lyfta er í húsinu.
**Aqua Marina** *er fallegt hverfi sem jafnan er talið eitt best staðsetta hverfi* **Costa Blanca** *strandarinnar. Í hverfinu er stutt í alla þjónustu, svo sem fjölda veitingastaða, vínveitingahúsa, bankastofnana, matvörumarkaða sem eru opnir allan sólarhringinn, heilsugæslu, apótek og margt fleira. Tilvalið fyrir stærri fyrirtæki og félagasamtök.*

**Allar nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson í síma: 699 3444**

allt tíska
Alla fimmtudaga

# TILKYNNINGAR

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstum tillögum að breyttu aðal- svæðis- og deiliskipulagi.

Í samræmi við 2. mgr. 14 gr., 3. mgr. 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi skipulagstillögum:

**Kársnes - Hafnarsvæði. Breytt aðal- svæðis- og deiliskipulag.**

Í samræmi við skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hafnar bæjarstjórn Kópavogsbæjar á fundi sínum þann 13. nóvember, ofangreindum skipulagsbreytingum á grundvelli innsendra athugasemda.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Í samræmi við 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi aðalskipulagi:

**Ástún 6. Breytt aðalskipulag.**

Í samræmi við skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 13. nóvember 2007 tillögu að breyttu aðalskipulagi við Ástún 6. málsmeðferð var skv. 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Gögnin um breytingu á Aðalskipulagi hafa verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Auglýsingin um gildistöku aðalskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferðar Skipulagsstofnunar.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Smári Smárason.
Skipulagsstjóri Kópavogs.**

512 Auglýsingasími 50 50 – Mest lesið

# Eigum við að lifa á loftinu?

**UMRÆÐAN**
Kjör kennara


HELGA ÁGÚSTSDÓTTIR

Nú styttist óðum í að samningar hjá grunnskólakennurum verði lausir og nú þegar er byrjaður fólksflótti úr stéttinni vegna þeirra lágu launa sem eru í boði. Kjör kennara eru ekki samkeppnishæf á hinum frjálsa atvinnumarkaði. Fleiri og fleiri kennarar flýja kjörin og taka tilboðum um betur launuð störf. Yfirmenn grunnskólanna reyna að manna kennarastöðurnar með öllum ráðum og hlutfall leiðbeinenda eykst í skólum landsins án þess að nokkur hafi við því að segja.

Af og til heyrum við af vandamálum sem skapast í sumum leikskólum landsins vegna manneklu, deildum er lokað og börn eru send heim en ekkert heyrist frá grunnskólunum hvernig staðan er þar. Meðan einhver er til staðar til að sinna nemendunum í skólunum heyrist engin kvörtun frá foreldrum eða öðrum. Enda eru leiðbeinendurnir oft og tíðum mjög gott fólk og fær jafnvel mikinn áhuga á kennarastarfinu. En núna hugsar það sig tvisvar um þegar það heyrir um byrjunarlaunin sem í boði eru fyrir nýútskrifaða kennara. Það að fylla upp í kennarastöðurnar með leiðbeinendum eða ýta meiri vinnu yfir á aðra starfsmenn hjálpar ekki kennarastéttinni í sinni kjarabaráttu. Við verðum að láta þjóðfélagið vita hvernig staðan er í skólunum.

Kennarastarfið er mjög krefjandi starf en einnig lifandi og skemmtilegt þar sem engir tveir dagar eru eins. Mér hefur fundist mjög gaman að fylgjast með nýlegum kennurum og leiðbeinendum í þessu starfi núna í haust. Þeir eru áhugasamir, kraftmiklir og hugmyndaríkir en þegar þeir fá launaseðilinn verða vonbrigðin mikil. Hvernig er hægt að lifa á þessu? Margir ungir kennarar í dag láta ekki bjóða sér þetta og fara í betur launuð störf. Þjóðfélagið mun missa margt hæfileikaríkt fólk úr skólunum ef launin verða ekki leiðrétt. Einstæðir foreldrar geta ekki haldið uppi heimili á þessum kjörum og detta því fyrstir úr stéttinni. Hinir finna að starfið er að missa virðingu sína í samfélaginu vegna þessara smánarlauna. Sumir eldri kennarar sem eru á 95 ára reglunni, haldast í starfinu til að missa ekki sín réttindi og bíða óþreyjufullir eftir þeim degi þegar þeir mega hætta að vinna. En ekki eru allir þannig. Aðrir eru alltaf lifandi, áhugasamir og tilbúnir að þroskast í sínu starfi þrátt fyrir að meiri kröfur séu gerðar núna til kennara en fyrir 20-30 árum. Samt sem áður eru flestir kennarar langþreyttir á að störf þeirra séu ekki virt að verðleikum.

En spurningin er, hvað ætla sveitarfélögin að gera? Hvernig ætla þau að stöðva flóttann úr skólunum? Núna eru Starfsgreinasambandið og Samtök atvinnulífsins að hefja kjaraviðræður og heyrst hefur að það fyrrnefnda muni ekki sætta sig við minna en 30 prósenta hækkun á lægstu laun. Þessar launakröfur ættum við kennarar að krefjast líka án þess að þurfa auka við vinnu á móti eins og virðist alltaf vera raunin þegar við fáum launahækkun. Við þurfum einhverjar aðgerðir fljótlega áður en ófremdarástand skapast í skólum landsins.

*Höfundur er kennari og móðir þriggja barna á leik- og grunnskólaaldri.*

# Barn er þess sem elur það

**UMRÆÐAN**
Faðernismál

Þau undur og stórmerki gerðust í okkar litla samfélagi að frægur maður vildi ekki lengur vera sonur föður síns. Hann gat ekki á heilum sér tekið og linnti ekki látum fyrr en faðir hans var orðinn annar en sá sem ól hann upp í ást og umhyggju. Mér þótti mikið til þessa koma, ég verð nú bara að segja það.


ALBERT JENSEN

En það var ekki allt. Hann vildi láta kné fylgja kviði, eða þannig. Arfssókn kom í kjölfarið og þá fannst fleirum en mér mælirinn fullur. Að ala upp barn er besti kafli í lífi hvers manns og börnum eðlilegt að þykja vænt um góða foreldra. Að valda leiðindum og sársauka vegna eigingjarnra hvata eða duttlunga, er sumum léttara en öðrum. Það er eðlilegt að leita uppruna síns og börn eiga skilyrðislausan rétt á því. En þegar menn eru komnir að fótum fram, skiptir það litlu. Hvað fá menn út úr ættgreiningu fyrir opnum tjöldum í svo viðkvæmum málum? Hverjir verða sorgmæddir og hverjir verða glaðir?

Foreldrar barns eru fyrst og fremst þeir sem ala það upp af alúð og í flestum tilfellum sama hvernig þeir eru til komnir. Þeir skipta öllu máli.

Hinir skipta engu eða litlu nema þeim sé bolað frá börnum á röngum forsendum. Svo virðist ekki í þessu tilfelli og því best að láta kjurt liggja. En kannski er ég svona barnalegur í hugsun.

*Höfundur er trésmíðameistari.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





**Reykskynjarar á þúsund kall (rafhlaða innifalin)!**

Hvers virði er fjölskyldan?

Reykskynjarar eru ódýrir. Auðvelt er að setja þá upp og halda þeim við. Þeir eru mikilvægasta öryggistæki heimilisins. Skerandi vælið í þeim hefur bjargað fjölmörgum mannslífum. Samt eru talsverð brögð að því að reykskynjara vanti á íslensk heimili.

**Eftir hverju ert þú að bíða?**

Þú færð reykskynjara, slökkvitæki, eldvarnateppi og annan eldvarnabúnað í byggingavöruverslunum, sérverslunum, hjá tryggingafélögunum og víðar.

**Er þér þá nokkuð að vanbúnaði?**

Ítarlegar upplýsingar um eldvarnir heimilanna birtust í Eldvarnablaðinu sem kom út með Morgunblaðinu 23. nóvember. Blaðið er að finna á www.lsos.is. TM er samstarfsaðili LSS í Eldvarnaátakinu 2007.

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna www.lsos.is

TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN www.tm.is

*dæmi um verð í byggingavöruverslun 31.10.07 – á ekki við reykskynjarann á myndinni.

# Byggingar fyrir aldraða færast í hendur einkaaðila

**UMRÆÐAN**
Kjör aldraða

Reykjavíkurborg hefur ásamt Eiri undirritað viljayfirlýsingu um byggingu 112 þjónustuíbúða fyrir aldraða í Spöng í Grafarvogi. Var yfirlýsingin undirrituð fyrir rúmu ári. Eir byggir íbúðirnar en borgin byggir þjónustu- og menningarmiðstöð. Þá hefur Reykjavíkurborg einnig undirritað samkomulag við Hrafnistu um byggingu 100 þjónustuíbúða. Hrafnista byggir íbúðirnar og reisir einnig þjónustukjarna. Byggingarfélagið, Samtök aldraðra, hefur einnig fengið lóð fyrir 50 íbúðir aldraðra við Sléttuveg. Þá er einnig í undirbúningi, að einkaaðilar byggi íbúðir fyrir aldraða við Gerðuberg og við Árskóga í Mjódd.

### Byggingar fyrir aldraða á vegum einkaaðila

Þróunin hefur orðið sú í byggingamálum aldraðra í Reykjavík að undanförnu, að bygging þjónustuíbúða hefur færst í hendur einkaaðila og sjálfseignarstofnana. Áður reisti borgin mikið af þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Kjör aldraða hafa yfirleitt verið betri á íbúðum frá borginni en frá einkaaðilum. Hvers vegna hefur hér orðið breyting á? Hvers vegna byggir borgin ekki eins og áður þjónustuíbúðir? Skýringin mun vera sú, að ríkið tekur engan þátt í byggingu þjónustuíbúða á sama hátt og það gerir þegar um byggingu hjúkrunarheimila er að ræða. Þess vegna hefur Reykjavíkurborg farið æ meira út á þá braut að láta einkaaðila um byggingu þjónustuíbúða en borgin byggir sjálf þjónustumiðstöðvar. Þetta er í góðu lagi, ef kostnaður fyrir aldraða, leiga eða söluverð, er ekki hærra en þegar borgin byggir. Borgarfulltrúum hættir við því að eigna Reykjavíkurborg framkvæmdir einkaaðila í þágu aldraðra. Það er óviðeigandi.


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

### Vantar mikið af hjúkrunarrýmum

Miklar umræður hafa átt sér stað um búsetuúrræði aldraðra að undanförnu. Margir hafa barist fyrir því, að aldraðir væru sem lengst í heimahúsum og að þeim væri gert það léttara en áður með aukinni heimilishjálp og jafnvel með breytingum á íbúðum eldri borgara. Einnig hefur umræða aukist um nauðsyn þess að fjölga svonefndum þjónustuíbúðum, sem aldraðir gætu flutt í þegar þeir þurfa á aukinni þjónustu að halda. Þetta er gott svo langt sem það nær. En ekki má samt loka augunum fyrir því, að enn um margra ára skeið mun verða mikil þörf fyrir hjúkrunarheimili aldraðra. Það tekur mörg ár að breyta ástandinu þannig, að aldraðir geti verið meira heima en áður og í þjónustuíbúðum. Enn er mikil þörf fyrir hjúkrunarrými og biðlistar eru langir.

### Hvað líður 400 hjúkrunarrýmum hins opinbera?

Ríkisstjórnin lofaði að flýta byggingu 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða. Lítið bólar á efndum á því loforði. Þar var að sjálfsögðu átt við byggingu hjúkrunarrýma eða hjúkrunarheimila á vegum hins opinbera. Það er bót í máli, að nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að nýta framkvæmdasjóð aldraðra fyrir byggingar í þágu aldraðra eins og sjóðurinn var stofnaður til. En um margra ára skeið hefur fjármunum sjóðsins verið sóað í alls konar gæluverkefni. Sú sóun hefur nú verið stöðvuð.

*Höfundur situr í stjórn 60+.*

# Leikskólatrúboð er ekkert val

**UMRÆÐAN**
Leikskólamál


MATTHÍAS ÁSGEIRSSON

Í fréttum Ríkissjónvarpsins 28. nóv. sl. var sagt frá því að prestar fengju ekki lengur að vitja barna í þremur af fimm leikskólum í Seljahverfi. Fram kom að leikskólastjórar teldu ekki rétt að mismuna börnum eftir trúarskoðunum, taka yrði tillit til þess að við byggjum í fjölmenningarsamfélagi og að trúarlegt uppeldi ætti að vera í verkahring foreldra en ekki leikskóla.

Í fréttinni var rætt við fjóra foreldra fyrir utan leikskóla og það virtist samdóma álit þeirra að það væri miður að þessum heimsóknum væri hætt. Sumir sögðu að þeir sem ekki væru sáttir við þessar heimsóknir prests gætu valið að taka börn sín úr starfi skólans meðan á heimsókn stæði.

Þar til síðasta vor átti ég börn í leikskóla í Seljahverfi og þekki því vel til þessara mála. Eins og fjölmargir aðrir Íslendingar erum við hjónin trúlaus og því kusum við að dætur okkar færu ekki til prests þegar hann heimsótti Hálsaborg. En það runnu á okkur tvær grímur þegar dætur okkar komu heim af leikskólanum og sögðu að þær tvær og einn drengur af erlendum uppruna hefðu verið tekin til hliðar þann daginn meðan hin börnin áttu stund með presti. Ég fékk ónotatilfinningu í magann þegar þær lýstu þessum leikskóladegi. Það var átakanlegt að hugsa til barnanna þriggja sem tekin voru úr hópnum þennan dag vegna lífsskoðana foreldranna. Ef ekki hefði verið fyrir þennan eina dreng, sem þá hefði verið einn útundan, hefðum við hiklaust látið stelpurnar fara í kristniboðið hjá séra Bolla. Það var ekki fyrr en drengurinn hætti á leikskólanum og dætur okkar voru einar teknar til hliðar að við höfðum samband við leikskólann og báðum um að okkar börn yrðu ekki lengur skilin frá öðrum. Þrátt fyrir lífsskoðanir okkar, sem skipta okkur töluverðu máli, gátum við ekki hugsað okkur að láta skera dætur okkar svo frá öðrum börnum í leikskólanum. Raunin er að leikskólatrúboð er ekkert val.

Það er nefnilega ekkert val fyrir börn að þau séu tekin úr hópnum. Ekkert foreldri á að vera sett í þá stöðu að neyðast til að velja á milli trúboðs og þess að barnið sé tekið til hliðar. Leikskólar eiga ekki að vera trúboðsstofnanir.

Viðhorf þeirra foreldra sem rætt var við í frétt Ríkissjónvarps byggist hugsanlega á þeim misskilningi að ekki fari fram kristniboð í heimsóknum prestsins.

Varla er samt hægt að túlka það á annan hátt þegar prestur kennir börnum meðal annars að tala við Guð. Sakni foreldrar heimsókna prestsins geta þeir farið með börnin sín í sunnudagaskóla. Það er þeirra réttur og þar fá börnin líklega nóg af kristniboði. Það er engin ástæða til að fara með slíkt starf í leikskóla og mismuna þannig börnum eftir lífsskoðunum foreldra þeirra. Stjórnendum þessara þriggja leikskóla vil ég hrósa fyrir að hafa tekið heillavænlega, manneskjulega og vel ígrundaða ákvörðun. Ákvörðun sem ber sönnu umburðarlyndi, tillitssemi og víðsýni fagurt vitni.

*Höfundur er foreldri í Seljahverfi.*

# Orkumál í samofnum heimi

**UMRÆÐAN**
Alþjóðaþing um orkumál

Orkumál eru mjög á döfinni um þessar mundir, ekki aðeins hér á Íslandi heldur um víða veröld. Á þriggja ára fresti eru haldin heimsþing Alþjóðaorkuráðsins þar sem margir helstu forvígismenn á sviði orkumála, vísindamenn og stjórnendur, bera saman bækur sínar. Tuttugasta heimsþinginu er nýlokið en það var haldið í Rómaborg. Kjörorð þingsins nú var „Framtíð orkumála í samofnum heimi“.

Þátttaka Íslendinga var veglegri en oft áður. Íslenskur kynningarbás var í sýningarskálum ráðstefnunnar þar sem útrás Íslendinga í orkumálum var gerð sérstök skil. Fjölmennur hópur íslenskra framámanna í orkumálum sótti þingið eins og einatt áður. Íslenskir ræðumenn voru óvenjumargir með Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra í broddi fylkingar. Íslendingar voru með erindi um djúpborun, um orkumál samgangna og loftslagsmál auk veggspjalds um förgun geislavirks úrgangs. Í tengslum við þingið tók Geir Haarde forsætisráðherra við viðurkenningu fyrir forgöngu á sviði vetnismála. Á þinginu var þegið boð Íslendinga um að halda sérstakan fund Alþjóðaorkuráðsins hér á landi árið 2009.

### Viðamikil viðfangsefni

Skýrt kom fram á þessu þingi að viðfangsefnin á sviði orkumála heimsins eru viðamikil. Orkuþörfin eykst um 50% þótt ekki sé horft lengra en fram til ársins 2030. Fjárfesta þarf fyrir stjarnfræðilegar upphæðir í þessu skyni; í Kínaríki einu þarf að bæta við ígildi tveggja til þriggja Kárahnjúkavirkjana í viku hverri! Samt er langt í frá að orkunotkun þróunarlandanna komist nálægt því sem tíðkast á Vesturlöndum. Fyrr eða síðar verður að horfast í augu við það að það eru takmörk. Gæði jarðar duga ekki til að veita öllum jarðarbúum – sem brátt telja á annan tug milljarða – þann lífsstíll sem við í svokölluðum þróuðum ríkjum höfum tamið okkur. Fátt bendir til annars en að hlutur jarðefnaeldsneytis muni fremur vaxa en hitt með þeim afleiðingum sem það mun væntanlega hafa á veðurfar. Í glænýrri fjórðu matsskýrslu Loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna er kveðið enn fastar að orði um þessar afleiðingar en fyrr. Bölsýni var þó ekki ríkjandi á þessu þingi. Þvert á móti virtist samhugur um að taka verði á viðfangsefnunum af festu. Helstu ræðumenn, og þá jafnt þeir sem töluðu í nafni alþjóðasamtaka sem og forstjórar stórfyrirtækja, virtust einhuga um að vandamálunum mætti ekki sópa undir teppið, að losunin vegna eldsneytisbrennslu væri raunveruleg ógn sem taka yrði á. Einkafjármagn og ríkisvald verði að taka höndum saman.


ÞORKELL HELGASON

Það er af nægum leiðum að taka og engin ástæða til að bíða einhverra kraftaverkalausna. Fyrst af öllu þarf að fara vel með orkuna, sóa henni ekki. Bæta má orkunýtni umtalsvert jafnt við framleiðslu rafmagns með jarðefnaeldsneyti sem og við sjálfa notkun rafmagnsins. Allir tala um mikilvægi endurnýjanlegrar orku, en stundum er þetta óraunhæfur fagurgali. Enn eru mikil tækifæri til að beisla vatnsorku, jarðhita og vindorka vinnur á. Aðrir endurnýjanlegir orkugjafar eins og sólarorka, sjávarföll og hafstraumar mælast vart í orkubúskap heimsins en fá einatt mesta athygli. Nýta verður kjarnorkuna í auknum mæli taki menn loftslagsógnina alvarlega. Sérfræðingar segja úrgangsvandann fremur pólitískan en tæknilegan. Vilji sé allt sem þarf. Samgöngur eru sá geirinn sem notar mest af olíuvinnslu heims. Nú ríkir meiri bjartsýni um beina notkun rafmagns í samgöngum en áður vegna orðinna og fyrirsjáanlegra framfara í rafhlöðugerð.

### Þátttaka Íslendinga

Hvernig snertir þetta okkur uppi á Íslandi? Í samræmi við þá atorku sem nú er í þjóðlífinu hlýtur það að vera fyrsta hugsun okkar að snúa málum okkur í hag. Loksins erum við að hefja alvöru orkuútrás með jarðhitaþekkingu að meginvopni. Verkefnin blasa við hvarvetna, ekki síst þar sem þarfirnar eru mestar eins og meðal þjóða í Austur-Afríku. Við hljótum líka að keppa að því að nýta okkar vistvænu orku eftir föngum sjálfum okkur til hagsbóta en ekki síður ef það má verða til að auka notkun kolefnislausra orkugjafa í heiminum, þó ekki sé nema um agnarögn, um leið og við keppum að því að draga úr losun á gróðurhúsaloftegundum. Þau rök að okkar skerfur skipti engu máli eru í mótsögn við þá viðleitni okkar að gera okkur gildandi á alþjóðavettvangi. Við þurfum einnig að horfast í augu við að innfluttar olíuvörur verða æ dýrari eftir því sem ósamræmi eftirspurnar og framboðs eykst á heimsmarkaðinum. Því er það keppikefli að innlendir orkugjafar ryðji þeim innfluttu úr vegi. Þó verður að gæta skynsemi í þeim efnum. Gáfulegast er að láta markaðsöflin velja leiðir en stjórnvöld veðji ekki á eina leið umfram aðrar.

Þátttaka Íslendinga í heimsþinginu um orkumál var öflug og framlag okkar umtalsvert. Það er í góðu samræmi við sívaxandi mikilvægi orkumála í heimsmálunum og ekki síður í þjóðarbúskap okkar.

*Höfundur er orkumálastjóri.*






erum og verðum
ALLTAF
ÓDÝRARI
INTEL TÖLVUPAKKI 3
Intel Core2Duo E6750 - 4MB
2GB 667MHz Dual DDR2
500GB SATAII WD - 16MB
512MB Geforce 8600GT
22" Acer widescreen 5ms
119.950
TURNUPPFÆRSLA 1
AMD X2 DualCore 4000+
1GB DDR2 667MHz
160GB SATAII WD - 8MB
512MB Ati Radeon X1250
29.950
TURNUPPFÆRSLA 4
Intel Core 2 Duo E6750
2GB DDR2 667MHz
500GB SATAII WD - 16MB
512MB GeForce 8600GT
67.950
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.
UPPFÆRSLA B
Amd X2 4200+, MSI móðurborð, 1GB DDR2 minni, Geforce 6100 256MB skjástýring, hljóðk, netk. ofl.
15.950
20" ACER GAMERS
Frábær 20" Acer skjár með Crystalbrite tækni, 1680x1050 upplausn, 1000:1 í skerpu og 2 ms
27.950
AMD SLI MÓÐURBORÐ
Öflugt móðurborð frá MSI fyrir AMD örgörva, nForce 570SLI, 4x DDR2 800, 6x SATAII raid, 10x USB2, HD hljóðkort
9.450
CORSAIR 1GB MINNI
Hágæða vinnsluminni frá Corsair með 1GB DDR2 667MHz, PC2-5300 lífstíðarábyrgð
2.750
500GB MARGMIÐLUNARSPILARI
ICY BOX
500GB IcyBox margmiðlunarspilari með LCD skjá, tengist við sjónvarp án tölvu, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.
22.950
XILENCE AFLGJAFI
Öflugur 550watta Xilence aflgjafi með hljóðlátri 120MM vifta, ATX ver. 2.2
5.950
8600GT SKJÁKORT
Geforce 8600GT frá Pixelview með 600MHz core, 256MB DDR3 1400MHz minni, DVI, TV out ofl.
9.950
ACER ASPIRE 7520G - 40
1.9GHz AMD Turion 64 X2
2GB Dual DDR2 667MHz
320GB SATA 5400rpm
256MB DDR Geforce 8400
17" CrystalBrite skjár
109.950
CANON IP4500
Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni
11.750
CANON LIDE 90
48 bita, USB2 skanni 2400x4800dpi upplausn Lítill og nettur skanni sem hentar vel á öll heimili
9.950
PAPPÍR Í MIKLU ÚRVALI
Prentaðu út jólakortin eða ljósmyndirnar sjálf/ur Pappír í miklu úrvali fyrir öll tilefni
BLEK Í MIKLU ÚRVALI
Hjá okkur er mikið úrval af bleki á frábæru verði í flesta HP og Canon prentara
2GB MINNISLYKILL
Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð
1.950
SENNHEISER HD 202
Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól frábær hljómur frábært verð
2.750
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
www.att.is
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

**WINSTON CHURCHILL FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1874**

*„Viðmót er lítið atriði sem skiptir sköpum.“*

***Winston Churchill var forsætisráðherra Bretlands á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og er einn af þekktustu stjórnmálaleiðtogum Bretlands. Hann gegndi einnig hermennsku, var rithöfundur, blaðamaður og listmálari. Hann hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1953.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 30. NÓVEMBER 1936**

## Crystal Palace verður eldi að bráð

Þennan dag árið 1936 brann Crystal Palace-byggingin til kaldra kola. Crystal Palace var járn- og glerbygging sem byggð var fyrir iðnaðarsýninguna miklu (The Great Exhibition of Works and Industry of all Nations) sem stóð yfir í London frá 1. maí til 15. október árið 1851. Höllin var reist í Hyde Park í London.

Á sýningunni voru meira en fjórtán þúsund aðilar með sýnishorn af nýjustu vísindaframförum iðnbyltingarinnar. Byggingin var 564 metra löng og 32 metra há og vakti mikla lukku meðal almennings. Eftir sýninguna var hún flutt í yfirstéttarhverfið Sydenham Hill í Lundúnum.



**CRYSTAL PALACE** Var byggð úr járni og gleri fyrir iðnaðarsýninguna miklu.

Vinsældir Crystal Palace dvínuðu með tímanum. Safnið var lokað á sunnudögum en það var eini dagurinn sem almenningur átti frí frá vinnu. Annan áratug tuttugustu aldar var byggingin í niðurníðslu en eftir fyrri heimsstyrjöldina var þar opnað stríðsminjasafn.

Allt leit út fyrir blómlegri tíma þegar höllin varð eldi að bráð árið 1936. Meðal þess sem brann var búnaður sem John Logie Baird notaði til tilrauna við sjónvarpsútsendingar.

Seinna fékk svæðið þar sem höllin stóð nafnið Crystal Palace og þar stendur í dag samnefnd íþróttamiðstöð.

**MERKISATBURÐIR**

- **1886** Tvö skip frá Reykjavík farast í ofsaveðri og þrettán sjómenn drukkna.
- **1916** Goðafoss strandar við Straumnes fyrir norðan Aðalvík á Hornströndum. Skipið næst ekki aftur á flot en mannbjörg verður.
- **1982** Margaret Thatcher, forsætisráðherra Bretlands, fær senda bréfasprengju í pósti.
- **1965** Íslenskir bankar kaupa Skarðsbók á uppboði í London, en hún var þá eina fornîslenska handritið í heiminum í einkaeigu.
- **2005** John Sentamu er skipaður erkibiskup ensku kirkjunnar. Hann er fyrsti þeldökki maðurinn til að gegna því embætti.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Níels Rafn Níelsson**

bifvélavirkjameistari,
Funalind 15, Kópavogi,

lést 27. nóvember á líknardeild LSH í Kópavogi.

**Guðbjörg E. Sigurjónsdóttir**
**Ómar Níelsson**
**Anna Björg Níelsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Níels Birgir Níelsson** **Svanborg Gísladóttir**
**Arnar Bjarki, Glódís Rún og Védís Huld.**

†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pétur Magnússon**

Háaleitisbraut 16, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 20. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Ragnheiður Hallgrímsdóttir**
**Hallgrímur R. Pétursson**
**Björg Pétursdóttir**
**Magnús Pétursson** **Júlíanna Friðjónsdóttir**
**Guðfinna Pétursdóttir** **Guðmann Bjarnason**
**afabörn og langafabarn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helena Ottósdóttir**

ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur,
Flúðabakka 1, Blönduósi,

verður jarðsungin frá Blönduóskirkju mánudaginn 3. desember kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð MND félagsins.

**Sólveig Georgsdóttir** **Hans Kristján Guðmundsson**
**Ásta Georgsdóttir** **Ingólfur Birgisson**
**Georg Ottó Georgsson** **Linda Velander**
**Sigurður Georgsson** **Sólveig Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**PÁLL GUÐMUNDSSON** Framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands segir ferðir um hálendið og náttúru Íslands í tísku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS: 80 ÁRA AFMÆLI

# Félagið opnað ungu fólki

Ferðafélag Íslands fagnaði áttatíu ára afmæli sínu í vikunni. Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir að markmið þess hafi í upphafi verið að hvetja landsmenn til að ferðast og kynna sér landið og að það sé enn í fullu gildi.

„Strax á fyrstu árum félagsins var farið að byggja skála á hálendinu, gefa út árbækur og standa fyrir ferðum um landið. Árbækurnar hafa síðan komið út óslitið í áttatíu ár og eru ein nákvæmasta Íslandslýsing sem til er,“ segir Páll. „Hver bók fjallar um ákveðna sýslu eða afmarkað svæði og eru efninu gerð mjög góð skil. Bækurnar eru unnar í samstarfi við færustu menn á hverjum stað og má nefna heimamenn, sagnfræðinga og jarðfræðinga.“

Í dag rekur félagið fjörutíu skála víðs vegar um landið, meðal annars í Þórsmörk og við Landmannalaugar. Á síðustu áttatíu árum hefur það staðið fyrir um 2.000 ferðum með yfir 200.000 þátttakendum og segir Páll áhugann aukast með hverju ári. „Sem betur fer eru ferðir um hálendið og náttúru Íslands í tísku og til marks um það má nefna að um 2.000 manns hafa gengið í félagið á síðustu tveimur árum,“ segir Páll. „Það finnst okkur mjög ánægjulegt því útivist og ferðalög stuðla að heilbrigði á líkama og sál,“ bætir hann við.

Ferðaáætlun félagsins kemur út í janúar á hverju ári og eru fjölmargar ferðir í boði. Rík áhersla er lögð á skipulagðar gönguferðir en einnig jeppa- og skíðaferðir. Ferðirnar eru öllum opnar og ekki þarf að gerast félagi til að vera með. Þá gefst hverjum sem er kostur á að leigja skála.

Páll segir unga sem aldna sækja ferðirnar og að gaman sé þegar þessir hópar nálgist og fari að skiptast á sjónarmiðum. Í félaginu eru um 7.000 félagsmenn og auk ferðanna er blómlegt félagslíf innan félagsins. Yfir vetrarmánuðina er til dæmis efnt til myndakvölda, kvöldvaka, spilakvölda og þorrablóta.

Í tilefni af afmælinu var haldinn hátíðarfundur í Norræna húsinu og fengu 25 manns gullmerki félagsins. „Þetta er fólk sem hefur starfað lengi fyrir félagið og unnið með framúrskarandi hætti á sviði náttúrunnar, jarðfræði, að útgáfumálum og á öðrum kjörsviðum félagsins,“ segir Páll.

Þá var fjörutíu nemendum úr tíunda bekk í Smáraskóla formlega boðið í félagið en það er liður í hátíðarsamþykkt félagsins um að opna það fyrir ungu fólki. Í kjölfarið verður öllum grunnskólum landsins boðin þátttaka gegn vægu gjaldi og fá áhugasamir námskeið í fjallamennsku og aðstoð við skipulagningu ferða. vera@frettabladid.is



## 50 ára afmæli

**Í dag, 30. nóvember, er ég hálfaldraður! Ætla að halda upp á afmælið í Hlégarði Mosfellssveit!**

**Endilega komið með góða skapið og njótum þess að vera saman. Húsið opnar kl. 20.00, skemmtiatriði frá kl. 21.00, framtíð íslenskrar tónlistar. Matur kl. 23.00! Dans fram eftir nóttu með DJ Sheeba frá Bristol, Englandi! Sjáumst!**

**Kristján Ingi Jónsson**

P.S. Engar gjafir takk! Söfnunarbaukur á staðnum fyrir Umhyggju!

# Frá vöðvaafli til vélarafls

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsnæði Víkurinnar, Sjóminjasafns Reykjavíkur, að Grandagarði 8. Almenningi gefst færi á að sjá umskiptin á safninu 2. desember næstkomandi en þá verður opnuð sýning um níutíu ára sögu Reykjavíkurhafnar í nýjum sal er kallast Bryggjusalur.

Stærsti gripurinn sem prýða mun nýtt og stórbætt móttökurými sjóminjasafnsins er gufuvél frá árinu 1917. Vélin er norsk að uppruna og sú eina sinnar tegundar sem varðveist hefur hér á landi. Gufuvélin er tæplega átta tonn að þyngd og til að hún kæmist í húsið þurfti að brjóta allstórt gat á vegg þess. Því er ljóst að hún mun ekki fara úr húsinu í bráð heldur setja mikinn svip á anddyri þess um ókomna tíð. Vélin var færð í hús í gær og mun arftaki Sparisjóðs vélstjóra, BYR, styrkja uppsetningu hennar.



**SJÓMINJASAFNIÐ Í REYKJAVÍK STENDUR Á TÍMAMÓTUM** Nú þegar liðin eru þrjú hundruð ár frá stofnun þess hefur það eignast nýtt húsnæði. Hér sést frá uppskipun í Reykjavíkurhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ÁLNAVÖRUBÚÐIN HVERAGERÐI

Höfum loks opnað á ný eina ódýrustu verslun landsins.
Ótrúlegt úrval af metravöru-fatnaði og skóm.
Á sama lága verði og s.l tuttugu ár.
Í tilefni opnunarinnar gefum við 20% afslátt af allri metravöru fram til jóla.

OPIÐ ALLA DAGA NEMA ÞRIÐJUDAGA FRÁ KL 13-18
ÁLNAVÖRUBÚÐIN BREIÐAMÖRK 2 HVERAGERÐI
SÍMI 4834517



**Málaðu sparigrísinn**
Auðvitað getur Grísli verið bleikur en ef þig hefur alltaf langað í grænan sparigrís með gulum og bláum doppum, þá er tækifærið hér. 400 krónur.



**Límglimmer**
Auðvitað er til glimmerlím í Tiger fyrir jólin.
Þó það nú væri. Fimm mismunandi litir á 200 krónur.



**Sikksakkskæri**
Klipptu alls konar sikksakkmynstur með skærunum.
Þau kosta 200 krónur.



**Klippa, líma ...**
Sett með ýmiss konar jólamynstrum, pappír og fleiru fyrir þá sem eru fingrafimir og vilja búa til eigið jólaskraut. 400 krónur.



**Svampajól**
Vertu öðruvísi og búðu jólakortin þín til úr svampi í ár. 200 krónur.

**TIGER**
**Villidýr í verði**

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA: Er kynlaust samfélag lausnin?

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** KLÆÐIST BLEIKU Í DAG



Kolbrún Halldórsdóttir, þingkona Vinstri grænna, beindi í vikunni athyglisverðri fyrirspurn til heilbrigðisráðherra. Þar spurði þingkonan út í þann sið að nýfæddir drengir séu klæddir bláum fötum og nýfæddar stúlkur bleikum. Í fyrstu fannst mér þessi fyrirspurn frekar vitlaus. Sjálfur var ég klæddur í blátt, en ég vil hins vegar ekki að kyn mitt geri það að verkum að ég geti ekki valið að klæðast bleiku. Þegar ég fór að leita að frekari mótrökum í höfði mér létu þau hins vegar standa á sér.

Ég get í raun ekki séð af hverju það þarf að aðgreina kynin með þessum hætti við fæðingu. Þarna er um einstaklinga að ræða og væri því nær að hægt væri að velja úr öllum regnbogans litum. Þar greinir okkur Kolbrúnu reyndar á, því hún spyr ráðherra hvort ekki sé nær að klæða börn kynlausum lit.

Ég vil að róið sé að því öllum árum að útrýma launamun og jafna stöðu kynjanna í samfélaginu. Ég er hins vegar ekki á því að það verði gert með því að afmá öll einkenni kynjanna. Þessi hugmynd um hið kynlausa samfélag höfðar ekki til mín.

Ég er hrifinn af fjölbreytni og á þeim forsendum finnst mér í lagi að endurskoða litaval á vöggustofum. Ég tel að það gæti lífgað verulega upp á fæðingardeildir ef foreldrar fengju að velja barnaföt eftir eigin höfði. Þannig kemur líka ný aðgreining því auðvelt er að benda afa og ömmu á vögguna með grænklædda barninu eða því rauðklædda. Til að útrýma launamun kynjanna er hins vegar þörf á breyttu hugarfari, á öllum stigum þjóðfélagsins. Það verður ekki gert með því að móta alla í sama form. Það verður gert með því að útrýma launaleynd og að þingmenn eins og Kolbrún verði duglegir að halda merkjum jafnréttis á lofti, þannig að gagn verði af. Ég ætla því að bregða mér í bleika flík í dag í nafni frelsis einstaklingsins og jafnréttis kynjanna.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 30-90% afsláttur af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.130 kr
Bókatíðindaverð 4.480,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140 kr
Bókatíðindaverð 4.490,-




Aron Pálmi og Jón Trausti árita í Kringlunni á laugardaginn milli kl. 15:00 og 16:00 og í Smáralind á sunnudaginn milli kl. 14:00 og 15:00

30%* afsláttur
TILBOÐ 3.270 kr
Bókatíðindaverð 4.680,-




Freyja og Alma árita í Smáralind á laugardaginn milli kl.13:00 og 14:00

30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140 kr
Bókatíðindaverð 4.490,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.580 kr
Bókatíðindaverð 3.980,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560 kr
Bókatíðindaverð 5.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.900 kr
Bókatíðindaverð 4.480,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.990 kr
Bókatíðindaverð 4.280,-



30%* afsláttur
TILBOÐ 3.130 kr
Bókatíðindaverð 4.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.040 kr
Bókatíðindaverð 4.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 1.590 kr
Bókatíðindaverð 2.280,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140 kr
Bókatíðindaverð 4.490,-



90%* afsláttur
TILBOÐ 199 kr
Bókatíðindaverð 1.999,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140 kr
Bókatíðindaverð 4.490,-

Allir titlar til í Smáralind, Kringlu og Skeifu, minna í öðrum búðum

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.

Gildir til og með 2. desember.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



50% afsláttur

Þú sparar 980 kr/kg

**980** kr/kg. áður 1.959 kr/kg.
Borgarnes villikryddað lambalæri



40% afsláttur

Þú sparar 640 kr/kg

**959** kr/kg. áður 1.599 kr/kg.
Goða bayonneskinka



40% afsláttur

**394** kr/kg. áður 656 kr/kg.
Reykt folaldakjöt og saltað folaldakjöt



45% afsláttur

**198** kr/kg. áður 360 kr/kg.
Ísfugl tex mex vængir

H-N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 29. nóvember til 2. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

# Kaupauki fylgir 4 flöskum




**Kaupir 4 flöskur og færð kaupauka**

Coke Zero, Coke og Coke Light




**1.135** kr/kg. áður 1.892 kr/kg.

Borgarnes hangiframpartur




**30% afsláttur**

af öllum Casa Fiesta vörum




**199** kr/ks

Klementínur í kassa - 2,3 kg




**2 fyrir 1**

Frissi fríski - 1 ltr.

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

!

**Sýning**

*Listamennirnir Stephan Stephensen, Rakel Gunnarsdóttir, Lóa Hjálmtýsdóttir, Guðmundur Thoroddsen, Helgi Þórsson og Sara Riel opnuðu nýverið samsýningu í 101 Gallery, Hverfisgötu 18a. Listamennirnir eiga það sameiginlegt að hafa allir haldið einkasýningar í galleríinu á árinu. Sýningunni lýkur 3. janúar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Jólatónleikar Svansins

Lúðrasveitin Svanurinn heldur jólatónleika sína á morgun kl. 17 í Neskirkju við Hagatorg. Efnisskráin að þessu sinni er fjölbreytt og þar kennir margra grasa. Þar verður meðal annars leikið verkið Cold Shower eftir Tryggva M. Baldvinsson, Tjarnarmars eftir Pál Pampichler Pálsson og verkið Concerto eftir sama höfund, en Svanurinn vill með leik sínum heiðra Pál þar sem hann heldur bráðlega upp á stórafmæli. Einnig fá að fljóta með nokkur létt og leikandi jólalög sem vonandi munu glæða jólaskapið í áheyrendum í upphafi aðventu.

Lúðrasveitin Svanurinn fagnar 77 ára afmæli sínu nú um þessar mundir, en sveitin er skipuð ungu fólki frá fimmtán ára aldri. Markmið Svansins er að gera ávallt vel við hlustir áheyrenda og leika ljúf og kunn lög í bland við ný verk og framúrstefnuleg eftir íslenska og erlenda höfunda. Til stendur að gefa út geisladisk á komandi ári með nýrri íslenskri lúðrasveitatónlist, og hefur sumt af efni disksins aldrei verið leikið opinberlega áður.



**LÚÐRASVEITIN SVANURINN** Leikur frumlega tónlistarblöndu á tónleikum sínum á morgun.

Verður því spennandi að fylgjast með á næstu mánuðum á hverju sveitin lumar.

Aðdáendur lúðrasveitatónlistar ættu ekki að láta þetta tækifæri til þess að hlusta á áhugaverða og frumlega blöndu af sígildum verkum, jólatónlist og íslenskri nútímatónlist framhjá sér fara. Aðgangseyrir á tónleikana er 1.500 kr., en 1.000 kr. fyrir skólafólk og tónlistarnema. - vþ

**> Ekki missa af…**

Tónleikum til styrktar Abc barnahjálp kl. 19.30 í Grafarvogskirkju í kvöld. Á tónleikunum kemur fram fjöldi tónlistarmanna, til að mynda Ragnar Bjarnason, Söngskóli Sigurðar Dementz, Kirkjukór Lindakirkju og Samkór Reykjavíkur. Miðaverð er 1.950 kr.

## Syngjum kvæði Jónasar

Hinn 16. nóvember sl. voru liðin 200 ár frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar og fór ekki framhjá neinum. Af því tilefni var Fífilbrekkuhópurinn víða á ferðinni en hann skipa þau Sigurður Snorrason klarinettuleikari, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari, Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari, Hávarður Tryggvason kontrabassaleikari, Hulda Björk Garðarsdóttir sópran og Eyjólfur Eyjólfsson tenór, og fluttu þau lög Atla Heimis Sveinssonar við kvæði Jónasar. Nú hefur Íslenska tónverkamiðstöðin gefið út geisladisk með þessum 26 lögum sem Atli Heimir hefur smíðað við kveðskap Jónasar Hallgrímssonar.



**TÓNLIST** Atli Heimir Sveinsson tónskáld hefur lengi fengist við að lagsetja kvæði Jónasar Hallgrímssonar og eru 26 þeirra nú komin á disk.

Atli Heimir Sveinsson hefur um árabil samið lög við ljóð Jónasar sem margir Íslendingar þekkja og kunna. Lög Atla eru í gömlum stíl sem hann hefur lýst að hann teldi hæfa og mjög sönghæf sem sýnir fjölhæfni tónskáldsins en Atli Heimir hefur frekar verið þekktur sem nútímatónskáld. Má þar nefna lögin Buxur, vesti, brók og skór og Fífilbrekka, gróin grund. Jónas sendi Dalvísu til Fjölnisfélagsins í Kaupmannahöfn í janúar 1844. Á uppkastið skrifaði Jónas meðal annars: „Ég ætl´að biðj ukkur um að láta búa til fallegt lag, ekki of dýrt við vísuna mína“ og í hreinritinu stendur: „Það er annars ógjörningur að eiga ekki lög til að kveða þess konar vísur undir; svona komast þær aldrei inn hjá alþýðu.“ Nú er úr því bætt. Meðal annarra ljóða sem eru á disknum eru Vorið góða, Sáuð þið hana systur mína, Ég bið að heilsa, Hvað er svo gott og Heiðlóarvísa. Önnur kvæði hafa ekki notið lags fyrr en nú: hér eru hin óviðjafnanlegu kvæði: Stökur ortar 21. desember 1844, Alsnjóa, Grátittlingurinn og Ferðalok sem er lengsta tónsmíðin, en í allt eru tæpar 73 mínútur af tónlist á disknum. - pbb

## Þrumur, eldingar og veitingar

**Barokkhópurinn Rinascente leikur á tónleikum undir yfirskriftinni „Vín og ljúfir tónar“ í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg í kvöld kl. 20. Þar verður flutt tónlist eftir Bach, Muffat og tvær einsöngskantötur eftir G. F. Händel.**



**RINASCENTE** Hópurinn leikur á tónleikum í safnaðarheimili Neskirkju í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Händel samdi kantöturnar á Ítalíuárum sínum og af því tilefni verður fyrirtækið Vín og matur með kynningu á ítölskum vínum í hléi tónleikanna. Þetta er í annað skipti sem Rinascente hefur þann háttinn á að tvinna léttum veitingum saman við tónleika sína, en fyrir ári hélt hópurinn tónleika með sama sniði á sama stað. Tónleikagestir voru að vonum ánægðir með veitingarnar og þá sérstöku stemningu sem myndaðist fyrir vikið.

„Það er merkilegt hvað það skapar mikla nánd á milli áhorfenda og flytjenda að hafa tónleika með eilítið frjálslegra sniði en tíðkast,“ segir Hrólfur Sæmundsson baritón sem er í Rinascentehópnum. „Við fengum upphaflega hugmyndina að þessu tónleikaformi þegar við vorum að velta fyrir okkur tónleikaaðstæðum á barokktímanum. Í þá daga voru tónleikar minni í sniðum en tíðkast í dag, tónleikagestir neyttu veitinga og spjölluðu sín á milli og upplifunin var eflaust fremur heimilisleg. Við erum sem tónlistarmenn vön því að koma fram í tónleikasölum undir frekar formlegum kringumstæðum og því var það skemmtileg tilbreyting fyrir okkur að koma fram á svona afslöppuðum tónleikum.“

Auk Hrólfs eru í Rinascente Hallveig Rúnarsdóttir sópran og hljóðfæraleikararnir Dean Ferrell, Hildigunnur Halldórsdóttir, Sigurður Halldórsson, Martin Frewer, Svava Bernharðsdóttir og Steingrímur Þórhallsson, en þau leika öll á upprunaleg hljóðfæri. Hópurinn hefur skipað sér sess meðal fremstu túlkenda barokktónlistar hérlendis.

„Hópurinn var stofnaður fyrir um fjórum árum og í honum er fólk sem hefur einlægan áhuga á barokktónlist og fær útrás fyrir flutning hennar með starfsemi hópsins. Barokktónlist er falleg en það getur verið áskorun að flytja hana. Til að mynda eru kantöturnar sem við Hallveig syngjum skemmtilegar þar sem þær eru í raun viðburðaríkar örsögur. Önnur þeirra fjallar um storm og inniheldur viðeigandi þrumur og eldingar en hin fjallar um óendurgoldna ást. En þær eru jafnframt tæknilega erfiðar og reyna mikið á flytjandann enda sannkölluð virtúósaverk,“ segir Hrólfur.

Þess er vert að geta að Steingrímur Þórhallsson heldur svo sína árlegu orgeltónleika, sunnudaginn 2. desember. Á efniskránni eru verk eftir Bach, Langlais og Jón Þórarinsson. vigdis@frettabladid.is




## Gullperlur í Fríkirkjunni

Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona sendi frá sér á dögunum sína þriðju sólóplötu, Gullperlur. Hún stendur fyrir útgáfutónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík á morgun kl. 17, sem eru hinir síðari af tveimur, en síðastliðinn laugardag var hún með útgáfutónleika í Akureyrarkirkju.

Á tónleikunum hefur Björg sér til fulltingis Braga Bergþórsson tenór ásamt hljómsveit skipaðri þeim Örnu Kristínu Einarsdóttur flautuleikara, Ármanni Helgasyni klarínettuleikara, Elísabetu Waage hörpuleikara, Jóni Guðmundssyni gítarleikara, Hjörleifi Valssyni fiðluleikara, Martin Frewer fiðluleikara, Jónínu Auði Hilmarsdóttur víóluleikara, Örnólfi Kristjánssyni sellóleikara og Borgari Þór Magnasyni kontrabassaleikara.

Platan Gullperlur hefur að geyma fjölbreytt úrval þekktra gersema úr heimi tónlistarinnar. Á henni er að finna allt frá þekktum íslenskum og erlendum dægurlagaperlum til vinsælla laga úr heimi klassískrar tónlistar, söngleikja- og kvikmyndatónlistar. Á meðal laga sem finna má á plötunni eru Adagio eftir Albinoni,



**BJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR** Syngur í Fríkirkjunni á morgun.

You'll Never Walk Alone og Liljan, en þessi tónlist fær jafnframt að óma á tónleikunum á morgun.

Þeir Jón Guðmundsson og Einar Jónsson sáu um útsetningar tónlistarinnar á plötunni, en á henni má jafnframt finna nýja íslenska texta eftir Iðunni Steinsdóttur og Svavar A. Jónsson. Sveinn Kjartansson og Baldvin A. Baldvinsson Aalen önnuðust upptökur en listrænn stjórnandi og tónmeistari var Sverrir Guðjónsson. - vþ

# NÝ TÓNLIST




CD

**Ellen**
- Einhversstaðar einhverntíman..aftur




3CD

**Vilhjálmur Vilhjálmsson**
- Myndin af þér




CD

**Björgvin Halldórsson**
- Jólagestir 4




3CD

**Björgvin Halldórsson**
- Jólagestir 1-3




DVD

**Mika**
- Live In Cartoon Motion




DVD

**Nirvana**
- Unplugged In New York




2DVD

**Justin Timberlake**
- Live From Madison Square Garden




3DVD

**Paul McCartney**
- McCartney Years




CD

**Alicia Keys**
- As I Am




CD

**Josh Groban**
- Noel




CD

**Scooter**
- Ultimate Aural Orgasm




2CD

**Ýmsir**
- Clubbers Yearbook

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# Höfnin í myndum

Hulda Stefánsdóttir, myndlistarmaður og sýningarstjóri sýningarinnar Kvikar myndir, verður með leiðsögn í Listasafni ASÍ, Freyjugötu 41, á sunnudag kl. 14.

Hulda mun ganga með gestum um sýninguna og spjalla um verkin og sýningarhugmyndina.

Sýningin er haldin í tilefni af níutíu ára afmæli Reykjavíkurhafnar og er samvinnuverkefni Faxaflóahafna og Listasafns ASÍ. Á sýningunni má sjá verk frá tímabilinu 1900-2007 eftir rúmlega tuttugu listamenn en verkin eiga það sammerkt að tengjast höfninni á beinan eða óbeinan hátt í fortíð, nútíð og framtíð.

Meðal listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Ásgrímur Jónsson, Birgir Andrésson, Einar Garibaldi Eiríksson, Hanna Styrmisdóttir, Hulda Hákon og Jóhannes S. Kjarval.

Listasafn ASÍ er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13-17 og er aðgangur að safninu ókeypis. - vþ



**KVIKAR MYNDIR** Listasafn ASÍ er um þessar mundir undirlagt list sem tengist Reykjavíkurhöfn.



**EINAR MÁR GUÐMUNDSSON** Les upp úr nýrri bók sinni í Saltfélaginu á sunnudag.

# Höfundar í salti

Þriðji hluti upplestrarraðar Saltfélagsins á sér stað á sunnudag kl. 15. Að þessu sinni verða það tveir vinsælir höfundar sem stíga á stokk; þeir Einar Már Guðmundsson, sem les úr bók sinni Rimlar hugans, og Árni Þórarinsson sem les úr bók sinni Dauði trúðsins.

Árni hefur fyrir löngu stimplað sig inn sem einn af bestu glæpasagnahöfundum Íslands og hefur Dauði trúðsins fengið lofsamlega dóma gagnrýnenda. Í Dauða trúðsins glímir Einar blaðamaður við ráðgátu sem leiðir hann í senn á refilstigu íslensks samtíma og að reimleikum í eigin ranni. Hér togast á leiftrandi húmor og djúp alvara í hörkuspennandi sögu um lífsháskann í mannlegum samskiptum.

Einar Már byggir sögu sína á bréfi frá fanga á Litla-Hrauni sem honum barst árið 2002. Bókinni hefur verið lýst sem ástarsögu ógæfusamra einstaklinga, en einnig sem frumlegri skáldsögu þar sem höfundurinn tekst á við sjálfan sig af fágætri einlægni og hispursleysi.

Upplesturinn fer fram í verslun Saltfélagsins á Grandagarði 2. - vþ

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is
















KRINGLU KRÁIN
Hljómsveitin
Signia í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
VesturPort
Í samstarfi við Vesturport
22. nóvember - uppselt
23. nóvember - uppselt
30. nóvember - uppselt
1. desember - uppselt
7. desember - uppselt
8. desember - uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



Hedda Gabler
eftir Henrik Ibsen
SÝNT Í TJARNARBÍÓI



Ath. Aðeins tvær sýningar eftir!
Laugard. 1.des kl. 20:00
Laugard. 8.des kl. 20:00
Miðasalan er opin alla daga frá klukkan 17:00-20:00
Sími miðasölu er 551 2477.
Einnig eru miðar seldir á www.midi.is

TÓNLEIKAR
Í FRÍKIRKJUNNI Í REYKJAVÍK
LAUGARDAGINN 1. DESEMBER KL. 17



BJÖRG
ÞÓRHALLSDÓTTIR
sópran
ásamt 12 manna hljómsveit
Flutt verða lög af nýrri sólóplötu Bjargar
GULLPERLUM



Gestasöngvari
Bragi Bergþórsson
tenór



www.bjorgthorhallsdottir.com
Forsala aðgöngumiða á midi.is og miðapantanir í síma 544 5959 sena

Salurinn
LAUGARDAGUR 1. DES KL. 17
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
AUÐUR, BEGGI OG JÓNAS
LÖG JÓNS ÁSGEIRSSONAR
Miðaverð 2000/1600 kr.

MIÐVIKUDAGUR 5. DES KL. 20
PÍANÓTÓNLEIKAR
JÓNAS INGIMUNDARSON
Aðgangur ókeypis.

LAUGARDAGUR 8. DES KL. 13
TKTK: GÍTARTÓNLEIKAR
JÓN GUÐMUNDSSON
Miðaverð 1500/500 kr.

SUNNUDAGUR 9. DES KL. 20
Ó Ó INGIBJÖRG – útg.tónl.
ÓSKAR, ÓMAR OG INGIBJÖRG GUÐJÓNSBÖRN
Miðaverð 2000/1600 kr.

SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# Leiðsögn um safn Markúsar

Sigurður Örlygsson listmálari leiðir gesti um sýningu Listasafns Íslands á verkum úr safni Markúsar Ívarssonar á sunnudag kl. 14.

Sigurður mun í spjalli sínu skoða einstök verk á sýningunni með augum listmálarans en jafnframt fjalla um listamennina og þróun verka þeirra. Hann mun beina sjónum sérstaklega að þeim mörgu hafnarmyndum sem á sýningunni er að finna. Alls eru sýnd nú ein 28 verk af þeim sextíu sem afkomendur Markúsar hafa fært safninu að gjöf frá upphafi. Sérstaklega ber að geta höfðinglegrar gjafar málverks eftir Jón Stefánsson af sjálfum Markúsi Ívarssyni sem afkomendur Markúsar færðu safninu nýlega og sem hér býðst nú tækifæri til að sjá.

Vakin skal athygli á því að utan skipulagðra leiðsöguferða um sýningar býður Listasafn Íslands einnig upp á þann möguleika að panta leiðsögn. Áhugasömum er bent á að hafa samband við safnið til að koma slíku í kring. - vþ



**SIGURÐUR ÖRLYGSSON** Hann fræðir gesti um myndlist í Listasafni Íslands á sunnudag.


Tónleikar

Mugison

8. Nóv. - Neskaupstaður - Egilsbúð kl 21:00 forsala í Tónaspil

29. Nóv. - Egilstaðir - Hátíðarsalur Menntaskólans kl 21:00 for sala í sjoppuni í metaskólanum

30. Nóv. - Þjórsárver - kl 21:00 - forsala í Hljóðhúsinu

2. Des. - Akranes -Bíóhöllin - kl:2100 - forsala í Bíóhöllinni

Mugiboogie fæst áritaður á www.mugison.com


# Aðventustjakar

**Þrjátíu leirlistamenn úr Leirlistafélagi Íslands opna á sunnudag sýningu á kertastjökum í Grensáskirkju. Í tilefni af sýningunni mun Leirlistafélagið bjóða upp á kaffi og konfekt eftir messu á sunnudag, en messan hefst kl. 11.**

Tilgangur sýningarinnar er að vekja eftirtekt á fjölbreytileika og sköpunargleði og veita birtu og yl í umhverfið á þessum dimma árstíma.



Óþarft er að tíunda að það veitir margfalt meiri ánægju að horfa á kertið sitt ljóma í fallegum kertastjaka með persónulegu yfirbragði.

Leirlistarfélag Íslands er fagfélag um leirlist og er aðili að Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Félagsmenn Leirlistarfélagsins merkja verk sín með sérstökum stimpli, LEIR, sem tryggir kaupendum leirlistar að þar hafi myndlistarmenntaður fagmaður farið höndum um gripina.

Sýningin er í samvinnu við safnaðarnefnd Grensáskirkju. - vþ



**NÁTTÚRUFEGURÐ** Ein af ljósmyndum Ragnars Th. Sigurðssonar.

# Villijurtir að hausti

**Ragnar Th. Sigurðsson opnar sýninguna Litir jarðar í ljósmyndagalleríinu Fótógrafí, Skólavörðustíg 4, á morgun kl. 12. Ljósmyndirnar á sýningunni eru allar teknar síðastliðið haust og sýna blæbrigði íslenskra villijurta í nærmynd.**

Ragnar, sem er með reyndari ljósmyndurum á Íslandi, sýnir á sér nokkuð nýja hlið því hann er þekktastur fyrir hefðbundnari landslagsmyndir. Ragnar hóf störf sem ljósmyndari á gamla Dagblaðinu árið 1975 og hefur starfað óslitið við fagið síðan. Hann hefur gefið út fjölda fagurlega myndskreyttra bóka, meðal annars í samstarfi við Ara Trausta Guðmundsson jarðeðlisfræðing.

Opið er í Fótógrafí alla daga í desember frá klukkan 12 til 18. Sýning Ragnars stendur til 4. janúar. - vþ


# Nýja snilldarplatan með Sverri Stormsker

## Fólk er yfir sig hrifið af nýju plötu Sverris Stormskers, "There Is Only One" eins og sjá má af eftirfarandi umsögnum:

★★★★★




**Rúnar Júlíusson, tónlistarmaður:**
"Alveg einstaklega frábær diskur hjá Stormsker.

**Páll Óskar Hjálmtýsson, söngvari:**
"Þessi plata kom mér verulega á óvart. Ég vissi ekki að Stormsker ætti þetta til og ég var eiginlega búinn að gleyma hvað hann er góður lagasmiður."

**Einar Bárðarson, umboðsmaður:**
"Tímamóta!"

**KK, tónlistarmaður:**
"Sverrir Stormsker, melody maker af Guðs náð."

**Magni Ásgeirsson, söngvari:**
"There Is Only One er falleg og angurvær plata frá einum skemmtilegasta tónlistarmanni þjóðarinnar. Söngvararnir ná nýjum hæðum í eiginlegri merkingu, lögin eru allt í senn hnyttin, smekklega útsett, vel samin og grípandi, - skyldueign í safnið."

**Gunnar Þórðarson, tónskáld:**
"Stormsker er einn sá albesti."

**Trausti Júlíusson gagnr. Fréttablaðsins:**
"Það hefur lengi verið vitað að Sverrir Stormsker er snillingur. Sverrir er konungur power-ballöðunnar. Það er greinilegt að Sverrir hefur verið í miklum ham þegar hann samdi lögin á þessari plötu. Hvert snilldarlagið rekur annað. Sverrir er lagasmiður á heimsmælikvarða og það væri virkilega spennandi að heyra lögin hans unnin af einhverjum af stóru pródúserunum í poppheiminum. Ég er sannfærður um að ef hann væri með góðan umba þá gæti hann lifað góðu lífi af því að selja frægum tónlistarmönnum lög. Robbie Williams hefði t.d. vel getað notað nokkur af þessum lögum á sinni síðustu plötu. Hún hefði batnað mikið við það. Setja Einar Bárðar í málið."

**Arnar Eggert Thoroddsen gagnr. Mbl:**
"Ferill Sverris Stormskers í íslenskri dægurlagatónlist er algerlega einstakur. Hann nýtur hylli almennings um leið og hann stendur kirfilega utan við alla strauma og stefnur, utangarðsmaður með hreina náðargáfu hvað laga- og textagerð varðar. Þessi hæfileiki sannast svo um munar á There Is Only One, angurværri og sorgbitinni plötu þar sem á takast fegurð og fallvaltleiki, vonleysi og von. Hið ótrúlega næmi sem Sverrir hefur fyrir melódíu hefur aldreið verið jafn augljóst og hér."

**Þorsteinn Eggertsson, textahöfundur:**
"Ég er á því að á þessari nýju plötu Stormskers eru mörg þau bestu lög sem hafa verið samin á Íslandi í heila öld, enda samin af persónulegasta, fjölhæfasta og besta tónskáldi landsins. Auk þess er söngur Sverris ótrúlega einlægur og söngur hinnar asísku Myru er líklegast sá magnaðasti sem heyrst hefur á íslenskri plötu frá upphafi. Þessi plata er einfaldlega hrein og tær snilld.

*Dreifing: Zonet. Heyra má 4 lög af diskinum á http://stormsker.blog.is, svo og www.stormsker.net þar sem jafnframt er hægt að panta diskinn á afar sanngjörnu verði.*

# Nýárstónleikar Bubba

## Laugardalshöllinni 4. og 5. janúar 2008



**Sérstakir gestir**

Garðar Thór Cortes
og
Raggi Bjarna





TUBORG
LÉTTÖL

**MasterCard forsala á aukatónleikana hefst í dag kl. 10:00**
**Almenn miðasala á aukatónleikana hefst í dag kl. 15:00**

MasterCard

*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

Einnig í verslunum BT á landsbyggðinni

og Stórsveitar Reykjavíkur

AUKA TÓNLEIKAR föstudaginn 4. janúar kl. 20



Kóngurinn í smóking og lögin hans í nýjum „big band“ búningi.

Útsetningar: Þórir Baldursson.

Tryggðu þér miða strax í dag

CONCERT

WWW.CONCERT.IS



BONNIE "PRINCE" BILLY



HJALTALÍN

## > Í SPILARANUM

Bonnie „Prince" Billy - Ask Forgiveness
Ungdomskulen - Cry Baby
Hundur í óskilum - Snýr aftur
Les Savy Fav - Let's Stay Friends
Hjaltalín - Sleepdrunk Seasons

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Spila á Hróarskeldu

Radiohead, sem gaf fyrir skömmu út plötuna In Rainbows, hefur boðað komu sína á Hróarskelduhátíðina í Danmörku næsta sumar. Var sveitin einmitt efst á blaði í skoðanakönnun sem gerð var á heimasíðu hátíðarinnar um þá flytjendur sem helst ætti að fá fyrir næstu hátíð.

Þetta eru þriðju tónleikarnir sem Radiohead hefur boðað árið 2008 því hún mun einnig spila á tveimur þýskum tónlistarhátíðum. Sveitin spilaði síðast á Hróarskeldu árið 1997 um svipað leyti og meistarastykkið OK Computer kom út.

Þess má geta að útgáfa Radiohead á Bjarkarlaginu Unravel er komin á netið í endurhljóðblönduðu formi. Sveitin flutti lagið fyrir skömmu í beinni útsendingu á netinu. Hafði söngvarinn Thom Yorke áður lýst því yfir í viðtali að Unravel af plötunni Homogenic væri eitt af uppáhaldslögunum sínum. Það var Richard Jankovich, forsprakki hljómsveitarinnar Burnside Project, sem endurhljóðblandaði lagið undir nafninu Pocket. Rödd Yorke fær að njóta sín vel í laginu sem hefur yfir sér sveimkenndan og fagran blæ.



**THOM YORKE** Thom Yorke og félagar verða á Hróarskeldu á næsta ári.



## >Plata vikunnar

Sigur Rós - Hvarf/Heim

★★★★

„Hvarf/Heim er tvöföld plata með nýjum útgáfum af nokkrum gömlum lögum og órafmögnuðum tónleikaupptökum. Sérstaklega vel unninn pakki sem er skyldueign fyrir aðdáendur sveitarinnar." TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *2007 – Annus Mirabilis*

Nú eru aðeins rúmar fjórar vikur eftir af árinu og margir tónlistaráhugamenn farnir að líta til baka og huga að áramótauppgjörunum. Þegar íslenska tónlistarárið 2007 er skoðað stendur upp úr hversu mikið hefur komið út af góðum íslenskum plötum á árinu, hvað þær koma úr ólíkum áttum og hvað útgáfa þeirra dreifðist jafnt yfir árið. 2007 jarðar 2006 auðveldlega.

2006 var kallað ár nýliðanna, en 2007 hefur þetta allt, bæði mjög sterkar frumsmíðar og frábærar plötur með listamönnum sem hafa verið lengi að. Árið hófst með mjög sérstakri plötu Ólafar Arnalds, Við og við. Ein af frumsmíðum ársins, en þæru voru fleiri framúrskarandi. Plata Seabear, The Ghost That Carried Us Away, kom um vorið og seinna á árinu fengum við fyrstu plötur Valgeirs Sigurðssonar, Bloodgroup, Benny Crespo's Gang og Jakobínarínu. Allt plötur sem eru langt yfir meðallagi.



MEGAS

Stóru nöfnin voru heldur ekkert að klikka. Gus Gus færði okkur hina fínu Forever og Björk skilaði Voltu á vordögum. Ekki hennar besta plata, en góð samt. Megas sendi frá sér tvær eðalplötur, Frágang og Hold er mold. Mikið breytt múm gaf út hina margslungnu Go Go Smear The Poison Ivy og Páll Óskar sveik ekki með sinni fyrstu alvöruplötu í langan tíma, Allt fyrir ástina. Mugison toppaði svo allt með sprengjunni Mugiboogie.

Eins og sjá má á ofantöldu var fjölbreytnin umtalsverð. Á árinu komu líka nokkrar traustar rokkplötur sem rétt er að geta; önnur plata Jan Mayen, So Much Better Than Your Normal Life, er hörkuplata og það sama er hægt að segja um plötur Skáta og I Adapt. Það hefur verið mikið talað um nýja tíma og kynslóðaskipti í íslensku poppi á árinu og vissulega eru hræringar og ný nöfn að koma upp með nýja sýn og nýjar hugmyndir. Það var augljóst á Airwaveshátíðinni. Flestar þessara ungu sveita hafa enn ekki sent frá sér plötu, en forvígismenn þessarar hreyfingar og helstu hugmyndasmiðir, Sprengjuhöllin, eiga heiðurinn af einni af skemmtilegustu plötum ársins, Tímunum okkar. Við bíðum spennt eftir 2008...

Það er augljóst á þessari upptalningu hér að ofan, sem nota bene er ekki tæmandi, að það verður erfiðara en oft áður að velja plötur ársins í ár. En það eru að sjálfsögðu erfiðleikar sem við gleðjumst yfir...




# Blóðug goðsögn snýr aftur

**Kóngar „shoegazing"-rokksins, My Bloody Valentine, hyggja á endurkomu og ein langþráðasta plata rokksögunnar lítur væntanlega dagsins ljós á næsta ári. *Steinþór Helgi Arnsteinsson* leit yfir feril sveitarinnar goðsagnakenndu.**



**MY BLOODY VALENTINE** Kóngar shoegaze-rokksins hyggja á endurkomu á næsta ári.

Fáar sveitir, ef einhverjar, hafa haft eins mikil áhrif á tónlist undanfarna tvo áratugi eins og My Bloody Valentine (MBV). Um það staðreynd deila fáir. Hljóðheimur sveitarinnar var byltingarkenndur og öll nálgun að tónlistarsköpuninni var undraverð, sem setti sveitina á stall með ekki ómerkari brautryðjendum en til dæmis The Velvet Underground og Sonic Youth. Fyrst og fremst var það hin ótrúlega gítarlagskipting MBV sem vakti athygli. Gítar ofan á gítar ofan á gítar sem höfðu verið brenglaðir ýmist eða breytt og mynduðu ógurlega ómmikil tilbrigði, markaði MBV sérstöðu og margir hafa síðan apað eftir.

### Hálf milljón punda til einskis

Sveitin snerist aðallega í kringum einn mann, Kevin Shields, séní með yfirgengilega fullkomnunaráráttu. Fyrsta platan, Isn't Anything, leit dagsins ljós árið 1988 en það var meistaraverkið Loveless, sem tók tvö ár í framleiðslu og kom út árið 1991, sem gerði MBV að þeirri goðsögn sem sveitin er í dag.



**LOVELESS** Meistaraverkið Loveless kom út árið 1991.

Síðan þá hefur hins vegar að mestu ríkt þögn kringum MBV en sveitin fór frá hinu mikilsvirta plötufyrirtæki Creation árið 1992 og flutti sig yfir til plöturisans Island. Fljótlega komu upp sögusagnir um að nýtt meistaraverk væri í burðarliðnum og víst var að Shields hafði langdvölum unnið að nýju efni. En ekkert heyrðist og fljótlega gáfu margir upp vonina. Svo virtist sem fullkomnunarárátta Shields hefði einfaldlega orðið sveitinni að bana. Seinna útskýrði Shields að Island hefði látið sveitina fara eftir að hún hafði eytt um hálfri milljón punda í upptökur.

### Loksins, loksins

Upp úr 2000 virtist umræðan um að ný MBV-plata væri loks á leiðinni ágerast á ný. Shields hafði unnið með ýmsum sveitum undangengin ár, meðal annars Dinosaur Jr. og Primal Scream, auk þess að endurhljóðblanda lög fyrir helling af sveitum og sjá um tónlist í kvikmyndinni Lost in Translation.

Þögnin var hins vegar loks rofin í viðtali við Magnet í byrjun þessa árs. Shields fullyrti að 100 prósenta líkur væru á að sveitin myndi koma saman aftur og gera nýja plötu, nú, „nema ef meðlimir sveitarinnar myndu deyja eða eitthvað". Menn tóku þessum fréttum með nokkrum fyrirvara en eftir að sveitin staðfesti í byrjun mánaðarins nokkra tónleika sem hún myndi halda á næsta ári þóttust menn vissir um að endurkoma MBV yrði staðreynd innan tíðar.

### Nýtt efni í bland við gamalt

Nýlega hafði Shields þetta að segja um nýju plötuna. „[Nýja platan] mun verða þessi 96/97-hálfkláraða-plata kláruð og síðan safn af dóti sem við gerðum á undan því milli 1993 og 94, og síðan smávegis af nýju efni." Fyrst leit út fyrir að platan kæmi út á þessu ári en nýtt efni mun þó ekki líta dagsins ljós fyrr en snemma á næsta ári.

Billboard birti síðan í vikunni viðtal við umboðsmann sveitarinnar, Vinita Joshi, þar sem fullyrt var að platan kæmi eingöngu út á netinu, ekki ósvipað og In Rainbows með Radiohead. Joshi dró hins vegar fréttirnar fljótt til baka og fullyrti að MBV myndi aldrei eingöngu gefa út plötu á netinu. Joshi bætti hins vegar við að nýja platan yrði mjög líkleg gefin út af sveitinni sjálfri. Svo er bara að bíða og sjá en á meðan stendur gjörvöll tónlistarpressan á öndinni, svo ekki sé talað um unnendur sveitarinnar.

# Tvítugur plötuútgefandi

Hinn tvítugi Haraldur Leví Gunnarsson, trommari Lödu Sport, hefur stofnað útgáfufyrirtækið Record Records. „Ég hef verið að vinna í plötubúð í nokkur ár og mig langar að gefa út tónlist líka. Ég veit hvað útgáfufyrirtæki geta verið mikil svín og ég ætla að gera betur. Ég ætla ekki að ræna ungum flytjendum og gera samning við þá í fleiri, fleiri ár," segir Haraldur Leví, sem er engu að síður sáttur við samning Lödu Sport við Geimstein. „Geimsteinn er eitt af heiðarlegu fyrirtækjunum."



**HARALDUR LEVÍ GUNNARSSON** Haraldur Leví rekur nú eigið útgáfufyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki leggja margir tónlistarmenn í að stofna útgáfufyrirtæki, hvað þá jafn ungir að árum og Haraldur. „Það er dýrt að komast af stað á meðan maður á engan pening. Það er erfitt að vera svona ungur og stofna fyrirtæki en ég ætla að láta það ganga einhvern veginn."

Þrátt fyrir að margir séu farnir að gefa sjálfir út plöturnar sínar segir Haraldur að dreifingin sé flóknara mál. „Það gera sér ekki allir grein fyrir því að búðirnar eltast ekki við þessa minnstu aðila. Það er allt í lagi að gefa út sjálfur en annað mál að dreifa sjálfur." - fb

# Góðir dómar fyrir Bjarkarlag

Bandaríski tónlistarmaðurinn Bonnie „Prince“ Billy fær góða dóma á tónlistarsíðunni Pitchfork fyrir útgáfu sína af lagi Bjarkar Guðmundsdóttur, I´ve Seen It All, sem hún söng með Thom Yorke á plötunni Selmasongs.

Útgáfu Bonnie „Prince“, sem heitir réttu nafni Will Oldham, er að finna á nýjustu plötu hans, Ask Forgiveness. „Hinn dáleiðandi og melódíski blær upphaflega lagsins víkur fyrir beinskeyttara og hrárra andrúmslofti. Oldham dregur úr hinni mikilli áferð lagsins og sviptingum og leggur mun meiri áherslu á fallegan textann,“ segir í dómnum.

Auk Bjarkarlagsins eru sjö útgáfur Bonnie af lögum eftir aðra tónlistarmenn, þar á meðal lagi R. Kelly, The World´s Greatest. Oldham er ekki ókunnugur Björk því fyrir tveimur árum söng hann dúett með henni í laginu Gratitude á plötunni Drawing Restraint 9. Einnig vann kappinn plötuna The Letting Go með upptökustjóranum Valgeiri Sigurðssyni, sem hefur einmitt starfað mikið með Björk í gegnum tíðina.


**BJÖRK** Björk söng með Bonnie „Prince“ í laginu Gratitude á plötunni Drawing Restraint 9.


**BONNIE „PRINCE“ BILLY** Bonnie „Prince“ fær góða dóma fyrir útgáfu sína á lagi Bjarkar, I´ve Seen It All.


**MÚM** Hljómsveitin múm er á þriggja vikna tónleikaferð um Evrópu.

# Ferðast um Evrópu

Hljómsveitin múm er þessa dagana á þriggja vikna tónleikaferð um Evrópu til að kynna nýjustu plötu sína Go Go Smear the Posion Ivy. Fyrstu tónleikarnir voru á hátíðinni Reykjavík to Rotterdam í Hollandi þar sem ellefu íslenskar hljómsveitir til viðbótar komu fram. Ferðinni lýkur með fimm tónleikum í Bretlandi í næsta mánuði þar sem íslenska hljómsveitin Seabear verður með í för ásamt dúettinum Mr. Silla & Mongoose, sem gaf fyrir skömmu út plötuna Foxbite. Á næsta ári fer múm síðan í tónleikaferð um Japan.

Go Go Smear the Posion Ivy hefur fengið mjög góða dóma. Hún fékk átta af tíu mögulegum hjá breska tímaritinu NME og í Uncut var tónlistinni líkt við Belle & Sebastian og Portishead. Í dagblaðinu Guardian var hljómnum á plötunni síðan líkt við plötuna Kid A með Radiohead.


**KYLIE MINOGUE** Ástralska söngkonan ætlar í tónleikaferð um Evrópu.

# Tónleikaferð á næsta ári

Söngkonan Kylie Minogue hefur tilkynnt um tónleikaferð sína um Evrópu á næsta ári. Tónleikarnir verða 24 talsins og hefst ferðin í París hinn 6. maí. Á meðal fleiri viðkomustaða verða Þýskaland, Finnland og Svíþjóð.

Kylie, sem er 39 ára, aflýsti síðustu tónleikaferð sinni eftir að hún greindist með brjóstakrabbamein árið 2005. Sneri hún aftur á sjónarsviðið fyrir tæpu ári og hefur síðan þá verið dugleg við tónleikahald. Læknar hafa þó ráðlagt henni að fara að öllu með gát í þessum túr.





Auglýsingasími
512 50 50



> VISSIR ÞÚ?

...að leikarinn Jamie Foxx, sem vann óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt í Ray, var skírður Eric Marlon Bishop en breytti nafninu þegar hann hóf uppistand sitt.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## Keppir á heimsmeistaramóti í hreysti

Marianne Sigurðardóttir tók þátt í sínu fyrsta móti í hreysti eða fitness í vor. Þar gerði hún sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í unglingaflokki. Marianne, sem er átján ára gömul, keppir næstu tvo daga á heimsmeistaramóti unglinga sem hefst í Búdapest í Ungverjalandi í dag. „Mótið hefst í dag, föstudag, og stendur fram á sunnudag," segir Marianne. „Undirbúningurinn hefur gengið ágætlega og þetta lítur bara vel út. Ég æfði tvisvar á dag í september og október þar sem ég brenndi á morgnana og fór að lyfta eftir skóla. Í nóvember minnkaði ég aðeins æfingarnar og síðustu vikuna fyrir mót æfi ég bara einu sinni á dag sex daga vikunnar." Hún segir erfiðast að hafa stjórn á mataræðinu. „Fólk hefur líka sérstaklega gaman af því að segja mér hvað þetta og hitt sé gott þegar ég mæti í veislur," segir hún og hlær. „Ég borða mest af fiski, kjúklingi, kartöflum, hrísgrjónum og grænmeti. Fjölskyldan borðar yfirleitt það sama og ég í kvöldmat og það eru allir að grennast á heimilinu. Fólk kvartar sáran yfir því að það sé aldrei neitt til þegar það kemur í heimsókn!"

Marianne segist enga hugmynd hafa um hvar hún standi í samanburði við aðra keppendur á mótinu. „Ég veit ekki neitt og renni algjörlega blint í sjóinn. Þetta verður bara spennandi." Eftir mótið ætlar hún að sleppa fram af sér beislinu. „Ég er búin að skrifa niður langan lista yfir allt sem mig langar að borða," segir hún og hlær. - sók



**Á LEIÐ TIL BÚDAPEST** Marianne Sigurðardóttir er Íslandsmeistari unglinga í hreysti. Hún keppir á heimsmeistaramóti í Ungverjalandi sem hefst í dag.

## Vafasöm þungun Britney Spears

Sögur um að þriðja barn föllnu poppprinsessunnar Britney Spears sé væntanlegt ganga nú fjöllum hærra, en heimildum ber ekki saman um trúverðugleika orðrómsins.

The Post segir Britney hafa sent tölvupóst á vini sína fyrir tveimur vikum sem í stóð að hún væri komin mánuð á leið og faðir barnsins væri upptökustjórinn J.R. Rotem. Nokkru seinna hafi hún sent annan tölvupóst með sónarmyndum af fóstrinu. Tímaritið In Touch Weekly segir síðan J.R. Rotem hafa staðfest fréttirnar.

The Sun vitnar þó í Britney sjálfa um að ekkert sé til í orðrómnum og hún hafi í hyggju að kæra In Touch Weekly fyrir rangar staðhæfingar. Britney á einnig að hafa sent Ryan Seacrest, fyrrverandi kynni úr American Idol, smáskilaboð um að sögurnar væru hreinn uppspuni. En Seacrest stjórnar í dag vinsælum útvarpsþætti í Bandaríkjunum.

Ef marka má tímaritið Star er þungun Britney ekki ólíkleg þar sem hún sé með kynlíf á heilanum. Heimildarmaður blaðsins segir að á heimili söngkonunnar sé harðlæst herbergi, stútfullt af kynlífsleikföngum á borð við titrara, svipur og handjárn. Þar geymi Britney einnig erótískt búningasafn þar sem finna má meðal annars einkenniskjóla þjónustustúlku og kaþólskrar skólastúlku.



**BRITNEY SPEARS** Ólétt eður ei? Þegar stórt er spurt?

## Sniglar vel studdir

Hljómsveitin Sniglabandið spilar á Græna hattinum á Akureyri 6. desember ásamt sjö manna „stoð"-hljómsveit. Sveitina skipa fjórir blásarar og Ásgeir Óskarsson á ásláttarhljóðfæri, auk þess sem félagarnir Gunnar Ólason og Sigurjón Brink verða í bakröddum. Verður tónleikunum útvarpað beint á Rás 2.

„Við ætlum að spila plötuna og taka svolítið af næstu plötu," segir Diddi bassaleikari, en Sniglabandið gaf nýverið út plötuna Vestur. Næsta plata er að stórum hluta tilbúin og var hún samin í sumar í þáttum Sniglabandsins á Rás 2." - fb



**SNIGLABANDIÐ** Hljómsveitin Sniglabandið spilar á Akureyri 6. desember.

# Kynþokki stjarnanna

**Stjörnurnar í Hollywood vekja ekki síður eftirtekt fyrir útlit sitt og kynþokka en hæfileika. Vinsælt þykir að titla eina þokkafyllri en aðra, en álitsgjöfum ber þó ekki alltaf saman.**

Karlatímaritið FHM birtir árlega lista yfir hundrað kynþokkafyllstu konur heims og í ár trónir leikkonan Jessica Alba á toppnum. Óskarsverðlaunahafinn Charlize Theron kemst hins vegar aðeins í 32. sæti listans en getur huggað sig við að tímaritið Esquire titlar hana kynþokkafyllstu konu veraldar. Á lista FHM situr leikkonan Angelina Jolie í áttunda sæti en The Sun telur hana þó allra kynþokkafyllstu mömmuna.

Söngkonan Britney Spears situr í fimmta sæti listans yfir heitustu mömmurnar en hún er einmitt líka í fimmta sæti á lista tímaritsins Maxim yfir síst kynþokkafyllstu konurnar. Vafasamur sigurvegari þess hóps er stjarna Sex and the City-þáttanna, Sarah Jessica Parker. Á listann kemst einnig Grey´s Anatomy-leikkonan Sandra Oh en þrátt fyrir lítinn kynþokka hennar þykir tímaritinu In Style Grey´s Anatomy-þættirnir skarta kynþokkafyllsta leikhópnum. Patrick Dempsey þykir auk þess kynþokkafyllsti karlleikarinn í sjónvarpi en skákar ekki Matt Damon þegar út fyrir imbakassann er komið þó að annað sætið verði að teljast ágætis árangur.

Ekki kemur á óvart að leikaraparið Angelina Jolie og Brad Pitt þyki kynþokkafyllsta tvíeykið á lista In Style, og David Beckham kynþokkafyllsti íþróttamaðurinn. Tímaritið útnefnir Justin Timberlake kynþokkafyllsta tónlistarmanninn, en á lista People nær söngvarinn hins vegar ekki upp fyrir fjórtánda sætið. Af fyndnu strákunum þykja Ashton Kutcher og Vince Vaughn bera af í kynþokka en þeir komast hins vegar hvergi að þegar dæmt er eftir útliti. - eá



**PATRICK DEMPSEY** Í kynþokkafyllsta leikhópnum og öðru sæti yfir kynþokkafyllstu karlana.

**SARAH JESSICA PARKER** Maxim segir hana skorta kynþokka.

**CHARLIZE THERON** Kynþokkafyllsta kona veraldar að mati Esquire en í 34. sæti hjá FHM.

**ANGELINA JOLIE** Flottasta mamman og tilheyrir einnig kynþokkafyllsta stjörnuparinu.

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA\9071368

-4 kr.
afsláttur af eldsneyti á Selfossi í dag!

Jólastöð ÓB SELFOSSI

Jólasveinar munu koma færandi hendi á ÓB-stöðina á Selfossi í dag, föstudag, milli kl. 16 og 18 og útdeila gjöfum, s.s. Nokia-símum, Shrek 3 á DVD, afsláttarbréfum Ellingsen og mörgu fleira.

2 kr. aukaafsláttur með ÓB-lyklinum.

ÓB ódýrt bensín
www.ob.is

# THE BODY SHOP™

## Hvað á að gefa í jólagöf?



### Sigga systir mín

Snotur, rauð taska með blómamynstri sem inniheldur jarðarberja-húðnæringu, jarðarberja-sturtugel og jarðarberja-hörundsúða auk baðlilju

***2790 kr.***





### Elsku mamma mín!

Glæsileg, rauð askja sem inniheldur nokkrar vörutegundir með ilmgóðri og rakagefandi kókosolíu: Sturtusápu, "body butter" -húðnæringu, skrúbbrem og sápustykki auk baðhanska

***6790 kr.***



### Handa bestu ömmu í heimi

Rauð askja með nokkrum vörutegundum sem allar innihalda andoxunarefnið E-vítamín: Grófri andlitssápu, hreinsimjólk, andlitsvatni og dagkremi auk bleiks, silkimjúks þvottastykkis

***5990 kr.***









### Þetta mun vinkonunni líka!

Hvít askja með vanilla-vörutegundum: Sturtusápu, húðnæringu og hörundsúða

***3490 kr.***

### Gleðileg jól, Gunna mín!

Gjafakarfa með nokkrum vörutegundum sem innihalda ilmgóða og rakagefandi kókosolíu *: "Body butter"-húðnæringu, skrúbbkrem, sturtusápu og baðsaltsbombu auk baðlilju

***2790 kr.***

* Ath. fæst einnig með sams konar vörutegundum með annað hvort mangóolíu eða papæjaolíu

### Handa uppáhaldsfrænkunni

Gjafakarfa sem inniheldur nokkrar vörutegundir með smjörtrésmauki (þ.e. "shea butter"): Sturtusápu, "body butter"-húðnæringu og sápustykki auk baðhanska

***3690 kr.***





### Vertu góð(ur) við sjálfa(n) þig

Snotur kassi með nudd- & baðolíu og "handy massager"-nuddtæki

***1990 kr.***



### Handa stóra bróður

Vínrauð askja með "Of a Man"-hár- & sturtusápu og svitalyktareyði

***2990 kr.***

### Ýmislegt sem gleður pabba

Herra-snyrtitaska ***1090 kr.***
"For Men"- gróf andlitssápa ***1190 kr.***
"For Men"-rakakrem ***1190 kr.***
"For Men"-raksápa ***1440 kr.***
Rakbursti ***540 kr.***





### Ilmur jólanna

**Nokkuð sem öllum kann að líka!**

Rauð askja með brennslukeri, tveimur sprittkertum og tvenns konar brennsluolíu ***3290 kr.*** (a)

*Rich Plum-vörutegundir:*

"Body butter"-húðnæring ***1990 kr.*** (b)
Sturtugel ***1190 kr.*** (c)
"Glimmer"-húðnæring ***1590 kr.*** (d)
Brennsluolía ***590 kr.*** (e)
Ilmkerti ***490 kr.*** (f)

*Cranberry-vörutegundir:*

"Body butter"-húðnæring ***1990 kr.*** (g)
Sturtugel ***1190 kr.*** (h)
Hörundsskrúbbgel ***1390 kr.*** (i)
Ilmkerti ***490 kr.*** (j)

## KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

THE BODY SHOP®

AUKAKRÓNUR 7%

# Metsölulisti Eymundsson

**1. Harðskafi**
Arnaldur Indriðason



Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar um lögreglumanninn Erlend rauk beint í efstu sæti metsölulistans.

**2. Hnífur Abrahams**
Óttar M. Norðfjörð



Fræðandi spennusaga sem leiðir lesandann á slóðir Nostradamusar, Dauðahafshandritanna og aldalangra átaka íslam og kristni.

**3. Harry Potter og dauðadjásnið**
J.K. Rowling



Sjöunda og síðasta bókin í vinsælasta, skemmtilegasta og magnaðasta bókaflokki í heimi. Hvernig endar sagan?

**4. Aska**
Yrsa Sigurðardóttir



Mögnuð bók eftir drottningu glæpasögunnar en bækur Yrsu koma nú út um víða veröld við frábærar undirtektir.

**5. Guðni - af lífi og sál**
Guðni Ágústsson
Sigmundur Ernir



Dramatískt lífshlaup, skemmtilegar sögur, hatrömm átök. Hér fer einn vinsælasti stjórnmálamaður þjóðarinnar á kostum!

**6. Tíu litlir kenjakrakkar**
Þórarinn Eldjárn
Sigrún Eldjárn



Tíu litlum kenjakrökkum fækkar jafnt og þétt þar til bara einn stendur eftir. Allt fer þó vel að lokum. Bráðsmellin bók eftir Sigrúnu og Þórarin Eldjárn.

**7. Gælur, fælur og þvælur**
Þórarinn Eldjárn
Sigrún Eldjárn



Sextán stórskemmtileg barnakvæði eftir Þórarin Eldjárn á bók og geisladiski.

**8. Óreiða á striga**
Kristín Marja Baldursdóttir



Stórbrotin og kröftug þroskasaga konu sem fer sínar eigin leiðir. Bókin er sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Karitas án titils.

**9. Matreiðslubók barnanna**
Katharine Ibbs



Ætluð börnum og fjölskyldum þeirra til að eiga góða stund saman í eldhúsinu. Áhersla er lögð á einfaldan og hollan mat en líka það sem börnum finnst girnilegt og gott.

**10. Bíbí, sagan um Bíbí Ólafsdóttur**
Vigdís Grímsdóttir



Einstök endurminningarbók um Bíbí Ólafsdóttur sem Vigdís Grímsdóttir færir í letur af sinni alkunnu stílsnilld.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Crowe í stað Brad Pitt

Leikarinn Russell Crowe mun að öllum líkindum hlaupa í skarðið fyrir Brad Pitt, sem hætti nýverið við að leika í pólitíska tryllinum State of Play. Pitt stökk frá borði vegna þess að hann hafði áhyggjur af handriti myndarinnar og í framhaldinu var leitað til Crowe.

Leikstjóri myndarinnar verður Kevin McDonald, sem síðast sendi frá sér The Last King of Scotland þar sem Forest Whitaker var í Óskarsverðlaunastuði. State of Play verður byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum frá Bretlandi sem hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Með önnur hlutverk í myndinni fara Edward Norton, Helen Mirren, Rachel McAdams, Jason Bateman og Robin Wright Penn. Crowe mun leika blaðamann sem rannsakar morðmál.

Næsta mynd Crowes verður Nottingham, sem er byggð á sögunni um Hróa hött. Leikstjóri verður Ridley Scott, sem stýrði Crowe einnig í American Gangster.



**RUSSELL CROWE** Crowe fer að öllum líkindum með aðalhlutverkið í State of Play.

# Tískuverðlaun Bretlands afhent

**Hin árlegu og virtu tískuverðlaun Bretlands, British Fashion Awards, voru afhent með pompi og prakt í Lundúnum á dögunum.**

Óhætt er að segja að Stella McCartney, fatahönnuður og dóttir Bítilsins Paul McCartneys, hafi verið sigurvegari hátíðarinnar en hún var útnefnd hönnuður ársins. Þar með þurftu bæði Anya Hindmarch og Luella Bartley að lúta í lægra haldi fyrir henni en verðlaunin eru veitt þeim hönnuði sem þykir hafa skarað fram úr á árinu.

Aðrir sigurvegarar voru skartgripahönnuðurinn Tom Binns, Christopher Bailey sem hannar fyrir Burberry og hin óviðjafnanlega Lafði Vivienne Westwood sem var heiðruð fyrir framlag sitt til tískunnar um árin. Agyness Deyn var valin fyrirsæta ársins. Verðlaunin eru skipulögð af tískuráði Bretlands og er ætlað að hampa bæði nýgræðingum og reynsluboltum í tískubransa landsins. Verðlaunahafarnir eru valdir af sérstöku ráði sem skipað er ritstjórum hátískublaða, söluaðilum og fleirum en Alexandra Shulman, ritstjóri hins breska Vogue, veitti nefndinni forsæti að þessu sinni.



**FRÆGIR FJÖLMENNTU** Þekktir einstaklingar úr skemmtanaiðnaðinum fjölmenntu á tískuverðlaunin að venju. Leikkonan Dita Von Teese var ein þeirra.



**HEIÐRUÐ FYRIR FRAMLAG SITT** Tískudrottningin og skrautfuglinn Vivienne Westwood var heiðruð fyrir framlag sitt til tískuheimsins í gegnum árin.



**MÆTTU SAMAN** Hönnuðurinn Giles Deacon og söngkonan Lily Allen mættu saman til bresku tískuverðlaunanna.

**HÖNNUÐUR ÁRSINS** Stella McCartney kom, sá og sigraði á British Fashion Awards þar sem hún var útnefnd hönnuður ársins.

**GLÆSILEG** Rokkdóttirin Kelly Osbourne hefur verið þekkt fyrir misgóða takta í fatavali. Hún mætti þó óvenjulega vel til fara á tískuverðlaunin í Lundúnum.

**UNG OG EFNILEG** Agyness Deyn er aðeins 24 ára gömul en var valin fyrirsæta ársins. Hún sat fyrir hjá bæði Burberry og Giorgio Armani á árinu.

# Nýbylgja með trommuheila

„Þetta er trommuheilanýbylgja,“ segir Elvar Geir úr hljómsveitinni Hellvar sem hefur gefið út sína fyrstu plötu, Bat Out of Hellvar, á vegum Kimirecords.

Hellvar var stofnuð fyrir þremur árum í Berlín af Elvari Geir og Heiðu Eiríksdóttur og þar var platan einmitt samin og framleidd. „Við tókum með okkur út trommuheila, gítar og forritunargræjur. Vinur okkar heyrði lögin okkar í partíi og skoraði á okkar að flytja þau „live“,“ segir hann um tilurð sveitarinnar.

Að sögn Elvars gengu upptökur hægt fyrir sig. „Ég er fullkomnunarsinni með frestunaráráttu þannig að Heiða þurfti að sparka í mig til að eitthvað gerðist. Ég á fimmtán til tuttugu útgáfur af plötunni í tölvunni minni og heyri engan mun á þeim núna,“ segir hann og kímir.



**HELLVAR** Hljómsveitin Hellvar í New York-ríki þar sem hún fór í vel heppnaða tónleikaferð.

Hellvar bættist liðsauki fyrir tveimur og hálfum mánuði, áður en hún fór í vel heppnaða tónleikaferð um New York-ríki. Gengu þá til liðs við sveitina þau Sverrir og Alexandra. Spilaði sveitin þá með vinum sínum í Zhanartz og gekk tónleikaferðin framar vonum.

Næstu tónleikar Hellvar verða á Paddy´s í Keflavík 1. desember. Á milli jóla og nýárs spilar sveitin síðan í Berlín, þar sem þéttur aðdáendakjarni hefur myndast að undanförnu. - fb




Vorum að opna glæsilega **DAY** verslun
á móti Karen Millen

DAY BIRGER et MIKKELSEN | Kringlunni | www.day.dk



BT
STÆRSTA MYND ÁRSINS
ASTRÓPÍA
ÞAR SEM REGLURNAR BREYTAST
HETJURNAR ÚR ASTRÓPÍU ÁRITA KL 12-13
Í BT KRINGLUNNI Á MORGUN LAUGARDAG
ASTRÓPÍA
BÍÓMYNDIN
ASTRÓPÍA
FJÖLSKYLDUSPIL
BARA Í BT
Astrópía fjallar um samkvæmisstúlkuna Hildi, sem fer af illri nauðsyn að vinna í búð sem sérhæfir sig í hlutverkaleikjum og hasarblöðum. Fyrr en varir heillast hún af ævintýraheimi hlutverkaleikja, skilin milli hans og raunveruleikans verða óskýrari og ofurhetjan vaknar.
DVD
2.299
Setjið ykkur í stellingar!!
5.999
BT
Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður



TR-39
Denver Útvarp
RETRO ÚTVARP
MEÐ HITAMÆLI
3.499



STAFRÆNN MYNDARAMMI
DENVER
DPF-507
Denver stafrænn myndarammi
7" Myndarammi
tekur SD/MMC/XD/MS minniskort
Fjarstýring fylgir
12.999
14.999



ENGAR SPÓLUR Ekkert vesen
FYLGIR
1. GREIÐSLA 1. apríl 2008
49.999
Panasonic
PANASONIC CAMCORDER 30GB
SDR-H20EB-S
30GB Harður diskur 2.7 " breiðtjaldskjár 16:9
Mega O.I.S. (Optical Image Stabilizer)
Anti Shock Shield
Colour Night View
BT LÁN
Verð frá: 2.906
24 mánaða

ÓMISSANDI FYRIR IPODINN!



IPF8100
Bandridge FM sendir
4.999



DENVER
MT-758
7" FERÐADVD OG DIVX SPILARI
Snúanlegur skjár
taska og fjarstýring fylgir
14.999
19.999



JÓLAGJÖF ÁRSINS!!
- Létt og meðfærilegt
- Snertiskjár 320 x 240 pixlar
- Raddleiðsögn
- Kortalesari
- Evrópukort fylgir
- 5 Klst. rafhlöðuending

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008
154448
GPS Garmin Nuvi 250 Eu
29.999
39.999
BT LÁN
Verð frá: 3.177
12 mánaða



4.999 1GB
7.999 2GB
MP051FM / MP052FM
Sweex Breeze MP3
Frábær nýr MP3 spilari með útvarpi
hægt að nota sem stafrænan diktafón

FRÁBÆR PAKKI FYRIR BYRJENDUR
89.999



FYLGIR
5.999
TAKMARKAÐ MAGN
BT LÁN
Verð frá: 2.632
59 mánaða
1. GREIÐSLA 1. apríl 2008
VINSÆLASTA VÉLIN

FRÁBÆR PAKKI FYRIR LENGRA KOMNA
119.999
FYLGIR
BT LÁN
Verð frá: 3.691
59 mánaða



Sony Ericsson
30508
GSM SONYERICSSON Z320I
TriBand
Ending rafhlöðu 7klst í tal
300klst í bið
1.3 Megapixla myndvél
MP3 hringitónar
íslensk valmynd
GPRS og tölvupóstur
14.999



SAMSUNG
SGHX680
SAMSUNG SGH-X680
Tri-Band
VGA myndavél
MP3 spilari
GPRS/EDGE gagnaflutningur
1000 nöfn í símaskrá
12.999
14.999



DORO
DORO 131
DORO 131 DECT ÞRÁÐLAUS SÍMI
2.999
4.999

3x Optical zoom
Þrefaldur aðdráttur.
2,5" LCD skjár 85 þúsund punkta
Bjartur skjár með mikilli upplausn.



Carl Zeiss Vario-Tessar
Heimsþekktur linusframleiðandi tryggir frábær myndgæði.
SONY
DSCW55B
1. GREIÐSLA 1. apríl 2008
19.999
24.999

Smile Shutter
Myndavélin velur það andartak þegar viðfangsefnin brosa. Engar fýldar myndir. Ótrúleg tækni
3,0" Snertiskjár
Allar aðgerðir eru framkvæmdar með valmynd á skjá.



Face Detection
Allar aðgerðir eru framkvæmdar með valmynd á skjá.
Carl Zeiss Vario-Tessar
Heimsþekktur linusframleiðandi tryggir frábær myndgæði.
SONY
DSCT70S
1. GREIÐSLA 1. apríl 2008
29.999
34.999

• Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

# Istorrent biðst afsökunar

**Svavar Lúthersson, framkvæmdastjóri Istorrent, sem á og rekur torrent.is, segist hafa íhugað meiðyrðamál á hendur Snæbirni Steingrímssyni, framkvæmdastjóra SMÁÍS. Hann segist reiðubúinn að ganga eins langt og hann getur í málinu.**



**SÉR EKKI EFTIR NEINU** Snæbjörn Steingrímsson segist alls ekki hafa tekið of djúpt í árinni og stendur fast á sinni skoðun.

„Við hvetjum notendur til að beita siðprúðum aðferðum til að koma skoðunum sínum á framfæri. Snæbjörn Sigurður Steingrímsson, saklaust fórnarlamb almennings, er hér með beðinn afsökunar á framferði þeirra sem beindu ásökunum sínum að honum í misgáningi,“ segir í fréttatilkynningu sem Istorrent hefur sent frá sér en fyrirtækið á og rekur hina umdeildu vefsíðu torrent.is. Henni hefur nú verið lokað tímabundið vegna lögbanns. Eins og Fréttablaðið greindi frá varð Snæbjörn Sigurður fyrir ómaklegum árásum brjálaðra netverja sem töldu að hann væri framkvæmdastjóri SMÁÍS. Fréttablaðið sagði frá því að Snæbjörn Sigurður hefði fengið hundruð SMS-skeyta og símtala þar sem honum var hótað öllu illu. Eftir að fréttin birtist linnti þó þessum árásum og Snæbjörn getur nú loksins haft símann sinn í friði.

Svavar Lúthersson, sem verið hefur andlit vefsíðunnar, segir að forsvarsmönnum hennar hafi ekki fundist annað hægt. „Okkur finnst þetta á köflum hafa gengið kannski full langt,“ segir Svavar og jafnframt kemur fram að þeir „harmi sumar þær aðferðir sem almenningur hefur ákveðið að beita til að tjá sig um ranglæti lögbannsins“.

Svavar krefst þó einnig að Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS, biðjist afsökunar á ummælum sínum í fjölmiðlum. Svavar segir þetta einkum snúa að því að Snæbjörn hafi þjófkennt sig og aðra notendur án þess að dómur sé fallinn. Hann sé ekki með stöðu grunaðs í málinu og að allir menn séu saklausir uns sekt þeirra sé sönnuð. Spurður hvort til greina kæmi að höfða meiðyrðamál á hendur Snæbirni sagði hann það vissulega hafa verið íhugað en ekki hefði verið tekin nein afstaða til þess á þessu stigi. Svavar sagðist ekkert ætla að gefa eftir í málinu og tjáði Fréttablaðinu að hann væri reiðubúinn að fara með málið eins og langt og það kæmist.

Snæbjörn Steingrímsson sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki ætla að taka orð sín til baka, hann hefði ekki tekið of djúpt í árinni og hann stæði fast á sinni skoðun um eðli málsins. En hvað haturspósta og hótanir varðar vissi Snæbjörn að Svavar stæði ekki á bak við slíkt. „Við höfum hist nokkrum sinnum og þau samskipti hafa öll verið á eðlilegum nótum með handabandi og öðru,“ segir Snæbjörn en mál SMÁÍS fyrir hönd fjögurra rétthafasamtaka verður þingfest 12. desember. **- fgg**



**VILL AFSÖKUNARBEIÐNI** Svavar Lúthersson vill fá afsökunarbeiðni frá framkvæmdastjóra SMÁÍS en biður jafnframt nafna hans afsökunar á óþægindunum.



**SAKLAUST FÓRNARLAMB** Snæbjörn Sigurður hefur fengið formlega afsökunarbeiðni frá Istorrent.

# Lofar nýju dagatali að ári

„Þetta er dýr framleiðsla, svona jóladagatal,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, en jóladagatalið í ár hjá Ríkissjónvarpinu verður Jól á leið til jarðar eftir Sigurð Brynjólfsson sem frumsýnt var fyrst árið 1994 og síðan aftur notað 1999.

Að undanförnu hefur nokkuð örlað á gagnrýni í garð Sjónvarpsins um að endursýna alltaf gömul jóladagatöl og í fyrra var Stjörnustrákurinn þannig notaður í þriðja sinn en hann var fyrst sýndur árið 1991. Þórhallur bendir á að svipað kerfi sé líka hjá leikhúsunum enda sé komin ný kynslóð barna ef fimm til sex ár líði á milli sýninga.

Hann segir hins vegar nýtt jóladagatal verða frumsýnt um næstu jól. „Þetta tekur tíma og við viljum gera þetta almennilega fyrir börnin. Handritsvinnan er vel á veg komin en því má ekki gleyma að þetta eru 24 þættir og yfir 200 mínútur af leiknu efni þannig að starfið er ærið,“ segir Þórhallur en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Davíð Þór Jónsson verið að skrifa nýtt jóladagatal fyrir Sjónvarpið. **- fgg**



**DÝRT DÆMI** Þórhallur Gunnarsson segir framleiðslu jóladagatals vera dýra.





LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 6, 8 og 10-POWER | 16 |
| RENDITION | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 10 | 16 |
| MR. WOODCOCK | kl. 4, 6 og 8 | L |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA | kl. 4 - 600 kr. | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| HITMAN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | |
| WEDDING DAZE | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| BALLS OF FURY | kl. 4 - 6 | 7 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 | |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 8 - 10 | 16 |
| THIS IS ENGLAND | kl. 6 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ACROSS THE UNIVERSE | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| RENDITION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| EASTERN PROMISES | kl. 10 | 16 |
| SYNDIR FEÐRANNA SÍÐUSTU SÝN. | kl. 6 - 8 | 16 |
| VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN. | kl. 5.40 - 8 - 10:20 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 6 - 8 - 10* | 16 |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 6 - 8 | |
| RENDITION | kl. 10 | 16 |
| *KRAFTSÝNING | | |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 DIGITAL | [illegible] |
| SYDNEY WHITE | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | [illegible] |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 8:30 | [illegible] |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| JESSE JAMES | kl. 10:30 | [illegible] |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 8 - 10:30 | [illegible] |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 | [illegible] |
| ÞRÓTTAHETJAN | kl. 4 - 6 | [illegible] |
| STARDUST | kl. 5:30 | [illegible] |
| FORELDRAR | kl. 6 | [illegible] |
| RATATOUILLE | kl. 3:50 | [illegible] |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 DIGITAL | [illegible] |
| SYDNEY WHITE | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | [illegible] |
| AMERICAN GANGSTER | kl. [illegible] | [illegible] |
| ÞRÓTTAHETJAN | kl. 4 | [illegible] |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 | [illegible] |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10:20 | [illegible] |
| WEDDING DAZE | kl. 8 | [illegible] |
| EASTERN PROMISES | kl. 10 | [illegible] |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 6 - 8 - 10:10 | [illegible] |
| ÞRÓTTAHETJAN | kl. 6 | [illegible] |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 8 | [illegible] |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10 | [illegible] |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 - 10:20 | [illegible] |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 8 | [illegible] |

GEFÐU GJAFABRÉF Í BÍÓ Í JÓLAGJÖF





**ALVEG EINS** Camilla Shadbolt er alveg eins og frú Beckham.



**HEIMA HJÁ SÉR** Victoria var í Los Angeles þegar Camilla þóttist vera hún í Ástralíu.

# Tvífari Victoriu mætti til Ástralíu

Ástralir ráku upp stór augu þegar Kryddpían Victoria Beckham sást valsa um stræti Sydney því enginn hafði heyrt af því að hún væri væntanleg þangað, auk þess sem hún var ekki umkringd þeim herskara ljósmyndara og lífvarða sem fylgir henni alla jafna hvert fótmál. Eiginmaður hennar David Beckham og synir hennar þrír voru fjarri góðu gamni. Þetta reyndist þó allt eiga sér eðlilegar skýringar því þarna var á ferðinni tvífari stjörnunnar sem heitir Camilla Shadbolt. Sú var fengin til þess að koma í heimsókn þvert yfir heiminn í tilefni af opnun nýrrar slúðursíðu sem fengið hefur heitið The Fix. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er Camilla nákvæmlega eins og Victoria Beckham enda hefur hún verið í fullu starfi við að þykjast vera Victoria í sex ár og þénar á því fúlgur fjár.

# Útgáfu Hnífs Abrahams fagnað

Óttar M. Norðfjörð, höfundur spennusögunnar Hnífur Abrahams, er sem kunnugt er búsettur í Barcelona en kom heim til Íslands til þess að fagna útgáfu bókar sinnar með veislu í Máli og menningu á Laugavegi. Óttar hefur nægt tilefni til þess að fagna enda var bókin mest selda skáldsagan í Máli og menningu fyrir skemmstu og situr ofarlega á öðrum metsölulistum. Auk þess hefur útgáfufyrirtæki Óttars, Sögur, gert samning við framleiðslufyrirtækið Zik Zak um kvikmyndaréttinn að bókinni.

Margt var um manninn í veislunni en sígaunadjassbandið Hrafnaspark skemmti þar gestum og gangandi. Auk þess áritaði Óttar bókina af miklum móð en þeir sem keyptu eintak fengu í kaupbæti teiknimyndasöguna Jón Ásgeir og afmælisveislan sem Óttar gaf út síðastliðið vor og annað bindið í ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, Hólmsteinn – Holaðu mig dropi, holaðu mig. - sók



**ÓTTAR KOMINN HEIM** Óttar M. Norðfjörð kom heim frá Barcelona til að fagna útgáfu spennusögu sinnar, Hnífur Abrahams. Hér er skáldið ásamt Guðmundi Thoroddsen.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**GLÆSILEGIR GESTIR** Þær Hrafnhildur Halldórsdóttir, Anna Margrét Marinósdóttir og Hulda Pétursdóttir mættu í veisluna til að samgleðjast Óttari.



**MÆTTU Á SVÆÐIÐ** Vinirnir Brynjar Freyr og Kristinn Snær létu sjá sig.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hótelerfinginn **Paris Hilton** hefur látið hafa það eftir sér að sig langi í barn til þess að það geti leikið sér við væntanlegt barn vinkonu sinnar, **Nicole Richie**, en Nicole á von á sér í janúar. „Ég og Nicole höfum leikið okkur saman síðan við vorum tveggja ára. Ég á ekki kærasta núna en mig langar mikið til þess að stofna fjölskyldu. Ég samgleðst Nicole og **Joel Madden** innilega.“



Móðir rapparans **Usher**, **Jonnetta Patton**, hefur sagt að nýr sonarsonur hennar sé gjöf Guðs til Ushers og konu hans fyrir hátíðarnar. „Ég er ótrúlega ánægð og hamingjusöm yfir fæðingu sonarsonar míns, **Usher Raymond V**,“ segir Jonnetta en drengurinn fæddist á mánudag. „Hann er fallegur, ómetanlegur, heilbrigður og mikil blessun. Þetta verða ótrúleg jól hjá okkur öllum.“



Úrslitaþáttur hins vinsæla sjónvarpsþáttar Dancing with the Stars var sýndur í Bandaríkjunum á þriðjudag. Kryddpían **Mel B.** var komin í úrslitin en tapaði fyrir ökuþórnum **Helio Castroneves** og félaga hans. Margir eru ósáttir við úrslitin, meðal annars **Geri Halliwell** sem lýsti því yfir á heimasíðu Kryddpíanna. „Ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum. Hún hefði átt að vinna. En við erum allar svo stoltar – Mel, þú ert sigurvegari í okkar augum!“



Sá orðrómur er kominn á kreik í Hollywood að **Lindsay Lohan** undirbúi nú útgáfu þriðju plötu sinnar. Sagan segir að platan eigi að heita „Nobody's Angel“ og að hún sé eingöngu að fara að gefa plötuna út vegna þess að henni beri skylda til þess samkvæmt samningi sínum við Universal. Það fyrirtæki gaf einnig út aðra plötu söng- og leikkonunnar sem hét „Another Insider Insisted“.




## > Strákarnir spila á heimavelli

Íslenska 17 ára landslið karla mun spila á heimavelli í undankeppni EM 2009 en dregið var í riðla í Cannes í Frakklandi í gær. Ísland dróst í riðil með Sviss, Noregi og Úkraínu en á sama tíma lenti 19 ára landsliðið í riðli með Svíþjóð, Austurríki og Makedóníu. Leikirnir hjá 17 ára landsliðunum fara fram 24. 26. og 29. september 2008 en leikstaðirnir hér á landi hafa ekki verið ákveðnir enn þá. Úrslitakeppni U17 karla fer fram í Þýskalandi árið 2009 en úrslitakeppni U19 karla fer fram í Úkraínu.



**sport**

sport@frettabladid.is

**JÓN GUÐMUNDSSON OG KRISTJANA EIR JÓNSDÓTTIR:** FEÐGIN DÆMDU SAMAN KÖRFUBOLTALEIK Í VIKUNNI

# *Kom pabba sínum skemmtilega á óvart*

Jón Guðmundsson er í hópi bestu körfuboltadómara landsins og dæmir reglulega í Iceland Express deild karla. Hann er samt ekki eini dómarinn í fjölskyldunni því þrettán ára dóttir hans Kristjana Eir Jónsdóttir er komin með dómarapróf líkt og pabbi sinn og þau dæmdu saman æsispennandi leik í vikunni. „Þetta var frábært og ekki skemmdi fyrir hvað hún stóð sig frábærlega vel. Það voru allir himinlifandi með frammistöðu hennar. Þetta kom öllum á óvart, bæði að sjá hana labba inn í salinn og svo þegar hún byrjaði að flauta en hún dæmdi tvær fyrstu villurnar," sagði Jón um leikinn sem þau dæmdu saman. Jón segir Kristjönu hafa verið mjög ákveðna. „Hún flautaði ekki færri villur en ég þar til fimm mínútur voru eftir. Ég var hissa að sjá hvað þjálfararnir voru glaðir eftir leikinn en þetta kom mér allt skemmtilega á óvart," segir Jón og leikurinn var ekki af auðveldari gerðinni, æsispennandi bikarleikur milli Grindavíkur og UMFH í 10. flokki kvenna sem Grindavík vann með tveimur stigum.

„Ég hef ekki verið að ýta henni út í það að verða dómari en hún vildi fara á dómaranámskeið í haust. Hún byrjaði síðan á fullu að dæma í fjölliðamótum," segir Jón, sem segir að áhuginn leyni sér ekki hjá stelpunnni. „Þegar það eru fjölliðamót í Keflavík þá er hún nánast alla helgina út í Keflavík að flauta," segir Jón, sem byrjaði að dæma í úrvalsdeild karla 1988. „Það vantar ákveðna hluti hjá henni, sem er bara eðlilegt. Miðað við þessa byrjun sé ég hana alveg ná langt í dómgæslunni," segir Jón, sem ætti að geta sagt henni til.

Kristjana er þegar orðin mikilvægur félagsmaður fyrir Keflavík; auk þess að spila og æfa sjálf dæmir hún mikið fyrir félagið og grípur líka í öll störf sem tengjast ritaraborðinu. „Hún kann þetta allt og það er frábært fyrir félagið að hafa svona manneskju sem getur hlaupið í öll störf," segir Jón, sem er ánægður með stelpuna sína.





**ÚTLENDINGAVANDRÆÐI** Jón Arnar Ingvarsson hefur verið óheppinn með erlenda leikmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Iceland Express-deild karla:

# ÍR-ingar reka annan Kana

**KÖRFUBOLTI** ÍR-ingar eru aftur búnir að skipta um bandarískan leikmann því Ray Cunningham hefur verið sendur heim.

Í stað Cunninghams hafa ÍR-ingar leitað til Nates Brown sem varð bikarmeistari með liðinu í fyrra. Brown var með 16,9 stig og 6,4 stoðsendingar að meðaltali með ÍR-liðinu í fyrra en hóf tímabilið í Frakklandi.

ÍR-ingar hófu tímabilið með Sonny Troutman (11,3 stig og 10,3 í framlagi í leik) sem var látinn fara eftir 3 leiki en Cunningham var aðeins með 9,8 stig og 9,3 í framlagi í fjórum leikjum sínum í Iceland Express-deildinni.

ÍR-ingar eru líka að leita sér að stórum manni en þeir hafa einnig látið tvo Bosman-leikmenn fara frá liðinu. - óój

# Kristján Örn enn óleikfær

**Kristján Örn Sigurðsson, leikmaður Brann, er enn ekki búinn að jafna sig á höfuðhöggi sem hann hlaut í landsleik á dögunum, en augnlæknir í Noregi segir að hann muni ná fullum bata og sjón hans eigi að lagast af sjálfu sér.**

**FÓTBOLTI** Kristján Örn Sigurðsson, leikmaður Brann og íslenska landsliðsins, hefur enn ekki jafnað sig á höfuðmeiðslum sem hann hlaut í landsleik Íslands og Danmerkur í síðustu viku eftir samstuð við samherja sinn, Grétar Rafn Steinsson. Kristján var því ekki í leikmannahópi Brann þegar liðið tók á móti Dinamo Zagreb á heimavelli sínum í Evrópukeppni félagsliða í gærkvöldi.

Fram kom á heimasíðu norska liðsins að Kristján yrði ekki í leikmannahópi Brann fyrir leikinn gegn Dinamo Zagreb vegna áverka sem hann hlaut í landsleik á dögunum. Ola Jøsendal, læknir Brann, sagði þar enn fremur að Kristján sæi enn tvöfalt. Kristján Örn vildi hins vegar ekki gera of mikið úr meiðslum sínum í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

„Þetta hljómar örugglega talsvert verr en þetta er í raun og veru. Ég sé allt í lagi ef ég horfi beint áfram, en þegar ég horfi upp og til vinstri þá sé ég tvöfalt. Þegar ég stóð upp eftir höggið frá Grétari þá sá ég bara tvöfalt og þurfti því að biðja um skiptingu. Þegar ég kom svo aftur til Noregs þá sendu læknar Brann mig strax til augnlæknis þegar þeir áttuðu sig á því að þetta væri alvarlegra en leit út fyrir í fyrstu," sagði Kristján en kvað batahorfurnar eiga að vera góðar.

„Augnlæknirinn telur að við höggið hafi brotnað bein í augntóftinni og kjölfarið hafi fituvökvi lekið inn á vöðva í auganu, sem kunni svo aftur á móti að trufla sjónina tímabundið. Þetta er víst ekkert svo rosalega algengt, en þetta á sem sagt bara að lagast af sjálfu sér og það gerist vonandi fljótt því ég vil ekki missa af fleiri leikjum."

Kristján var mikilvægur hlekkur í deildarsigri Brann á nýafstaðinni leiktíð og var meðal annars valinn í lið ársins hjá norska Íþróttasambandinu.

omar@frettabladid.is



**MEIDDUR** Kristján Örn Sigurðsson er enn ekki búinn að jafna sig eftir höfuðhögg sem hann hlaut í landsleiknum gegn Danmörku í síðustu viku. Kristján meiddist strax á þriðju mínútu í leiknum. FRÉTTABLAIÐIÐ/PJETUR

Lýsingarbikar karla og kvenna:

# KR og Grindavík mætast

**KÖRFUBOLTI** Lið úr Iceland Express-deild karla mætast í fimm af átta leikjum 16 liða úrslita Lýsingarbikarsins en dregið var í gær.

Stórleikur umferðarinnar er örugglega milli KR og Grindavíkur en liðin eru í 3. og 2. sæti deildarinnar. Þá mætast Hamar og bikarmeistarar ÍR í Hveragerði en þessi lið mættust einmitt í bikarúrslitunum í fyrra. Aðrir leikir milli úrvalsdeildarliða eru Tindastóll-Keflavík, Þór Akureyri-Snæfell og Stjarnan-Njarðvík.

Engir leikir eru milli liða í Iceland Express-deild kvenna en það var einnig dregið í 16 liða úrslit kvenna í gær. Valskonur sitja þar hjá. - óój

### 16 LIÐA ÚRSLIT KVENNA

| |
|---|
| KR - Ármann/Þróttur |
| Haukar - Keflavík b |
| Skallagrímur - Snæfell |
| Tindastóll - Fjölnir |
| Breiðablik - Hamar |
| Haukar b - Grindavík |
| Keflavík - Njarðvík |
| Valur situr hjá |

### 16 LIÐA ÚRSLIT KARLA

| |
|---|
| KR - Grindavík |
| Þór Þorlákshöfn - Höttur |
| Tindastóll - Keflavík |
| Þór Ak. - Snæfell |
| Hamar - ÍR |
| Stjarnan - Njarðvík |
| Skallagrímur - FSu |
| Fjölnir - Þróttur Vogum |




Jörundur Áki er hættur sem þjálfari kvennaliðs Breiðabliks og farinn til FH:

# Gat ekki sleppt þessu tækifæri

**FÓTBOLTI** Jörundur Áki Sveinsson hefur látið af störfum sem þjálfari kvennaliðs Breiðabliks og ákveðið að færa sig um set og gerast aðstoðarþjálfari karlaliðs FH, en þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Eftir að ég settist niður með Heimi Guðjónssyni og ræddi málin með honum fannst mér ég ekki geta sleppt þessu tækifæri. Það eru spennandi tímar fram undan hjá FH og ég hlakka til þess að geta hjálpað Heimi og strákunum í FH með komandi verkefni. FH missti náttúrulega af Íslandsmeistaratitlinum á síðasta sumri og það hlýtur að vera fyrsta keppikefli hjá liðinu að endurheimta hann," sagði Jörundur Áki en kvað þó ákvörðunina að yfirgefa Breiðablik hafa verið mjög erfiða.

„Þetta kom náttúrulega fljótt upp og ég stend og fell með þessari ákvörðun minni. Það var vissulega ekki létt að sleppa hendinni af Breiðabliksliðinu, sem er klárlega efnilegasta kvennalið landsins og hópurinn er mjög skemmtilegur að vinna með.

Ég er þess líka fullviss að ef rétt verður haldið á hlutunum, sem ég er sannfærður um að verði gert, að þá verður þetta Breiðabliksslið meistari innan fárra ára," sagði Jörundur Áki og þakkaði stjórn Breiðabliks fyrir fagmannleg vinnubrögð þegar hann tilkynnti þeim fyrirætlanir sínar.

Einar Kristján Jónsson, formaður Breiðabliks, sagði í samtali við Fréttablaðið að liðið hefði viljað halda í Jörund Áka.

„Þetta er auðvitað ekki besti tíminn til að standa í þjálfaraskiptum þegar undirbúningstímabilið er hafið og mikil vonbrigði fyrir okkur að ná ekki að halda Jörundi Áka hjá liðinu.

Á móti kemur náttúrlega að þetta starf hlýtur að vera eftirsótt vegna þess hve mikill og góður efniviður er í Blikaliðinu og því ættum við ekki að lenda í miklum erfiðleikum með að fá góðan eftirmann í starfið.

Við erum komin á fullt með að finna eftirmann og það eru nokkur nöfn komin á blað hjá okkur en það skýrist vonandi allt fljótlega eftir helgi," sagði Einar Kristján. - óþ



**NÝTT VERKEFNI** Jörundur Áki hefur verið ráðinn aðstoðarþjálfari karlaliðs FH og lætur því af störfum sem þjálfari kvennaliðs Breiðabliks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



DAMAGES
GREY'S ANATOMY
HARRY POTTER AND THE GOBLET OF FIRE
THE DA VINCI CODE
Til þín
Frá Stöð 2
ALGJÖR JÓLASVEPPI - Hringir inn jólin
SHREK THE HALLS
THE CHRONICLES OF NARNIA
WAR OF THE WORLDS
THE HOLIDAY
CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY
PRESSA - Mögnuð íslensk spennuþáttaröð
NÆTURVAKTIN - Lokaþáttur og allir þættirnir sýndir aftur virka daga frá 10.des.
SKEMMTILEGRI JÓL
MEÐ STÖÐ 2
FRÁBÆRT
BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR
AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS
6.790 KR. Á MÁNUÐI
Í DESEMBER OG JANÚAR.
sýn sýn2 fjölvarp
MasterCard
AUK FJÖLDA ANNARRA FRÁBÆRRA ÞÁTTA OG BÍÓMYNDA:
Stelpurnar • Logi í beinni • Tekinn 2 • Jói Fel töfrar fram hátíðarmatinn • Sálin og Stuðmenn á áramótatónleikum
Anna og skapsveiflurnar • Kompás • Kryddsíld • innlendur og erlendur fréttaannáll • Jólaþáttur Jamie Oliver • Batman Begins
Derailed • Bad Santa • Christmas Vacation • The Family Stone • Surviving Christmas • Miracle on 34th Street
The Sound of Music • Guess Who • V for Vendetta • Elf • Nanny McPhee
skemmtilegri
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: BÍÓ BÍÓ SIRKUS SIRKUS+



**FRIÐUR** Rafa Benitez, stjóri Liverpool, vill hitta eigendur liðsins og leysa úr þeim ágreiningi sem hefur verið milli þeirra í fjölmiðlum. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Rafa Benitez vill vopnahlé

**FÓTBOLTI** Rafa Benitez, stjóri Liverpool, vonast til þess að geta slíðrað sverðin milli sín og eigenda Liverpool við fyrsta tækifæri. Undanfarið hafa í fjölmiðlum flogið yfirlýsingar á milli þeirra sem benda til þess að um samstarfsörðugleika sé að ræða. Eigendur Liverpool létu hafa eftir sér að Benitez ætti að einbeita sér að því að þjálfa liðið og vera ekkert að hugsa um nýja leikmenn, en Benitez kvað of seint að ræða leikmannamál í lok desember.

„Ég vonast til þess að geta spjallað við eigendurna um framtíðaráformin fyrir leik okkar við Manchester United hinn 16. desember næstkomandi. Ég veit ekki hvort það gengur eftir en ég mun reyna. Samband mitt við þá var gott og nú þurfum við að ræða um hvert vandamálið sé og vinna úr því og halda áfram,“ sagði Benitez í viðtali við blaðamenn eftir sigur Liverpool í Meistaradeildinni í fyrradag. - óþ

# Redknapp kveðst saklaus

**Fimm menn voru handteknir og færðir til yfirheyrslu í fyrradag vegna spillingarmáls í enska boltanum. Harry Redknapp, stjóri Portsmouth, var einn þeirra. Hann hefur lýst yfir sakleysi sínu og vandar lögreglu ekki kveðjurnar.**

**FÓTBOLTI** Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni, hefur lýst yfir sakleysi sínu í sambandi við spillingarmál sem komið er upp í enska boltanum.

Harry Redknapp var afar ósáttur á blaðamannafundi sem var haldinn vegna málsins í gær.

„Það var ráðist inn á heimili mitt kl. 6.00 um morguninn, bæði lögregla og blaðamenn, á meðan ég var staddur erlendis út af leik sem ég var á. Konan mín er enn skelkuð út af þessu öllu saman og málið tengist mér ekki einu sinni, heldur er verið að gera athugasemd við samskipti umboðsmanns og leikmanns. Þetta eru fáránleg vinnubrögð og ég er greinilega bara dreginn inn í málið til þess að auka gildi þess vegna þess að ég er þekkt nafn,“ sagði Redknapp pirraður á blaðamannafundinum.

Milan Mandaric, fyrrverandi stjórnarformaður Portsmouth og núverandi stjórnarformaður Leicester, og Peter Storrie, stjórnarmaður Portsmouth, voru einnig færðir til yfirheyrslu í fyrradag og hafa talsmenn þeirra einnig lýst yfir sakleysi þeirra í málinu.

Síðustu tveir af þeim fimm mönnum sem voru yfirheyrðir út af spillingarmálinu eru Amdy Faye, núverandi leikmaður Charlton sem er á láni hjá Rangers, og Willie McKay, umboðsmaður hans. Samkvæmt því sem Redknapp sagði á blaðamannafundinum í gær virðast öll spjót beinast að félagaskiptum Faye til Portsmouth frá Auxerre á árið 2003 og svo frá Portsmouth til Newcastle árið 2005, en McKay sá um bæði félagaskipti hans.



**EKKI BENDA Á MIG** Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth, lýsti í gær yfir sakleysi sínu í spillingarmálinu í enska boltanum og var að sama skapi ósáttur með vinnubrögð lögreglu við rannsókn málsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Seinni félagaskipti Faye til Newcastle voru einmitt ein af þeim 17 félagaskiptum fimm liða í ensku úrvalsdeildinni sem Stevens lávarður gerði athugasemd við í frægri lokaúttekt sinni á spillingu í enska boltanum. Lokaúttektin kom út í júní síðastliðnum og títtnefndur Willie McKay var enn fremur einn af fimmtán umboðsmönnum sem Stevens lávarður sagði í úttekt sinni að hefðu ekki sýnt samstarfsvilja. Þrír knattspyrnustjórar voru í úttektinni sérstaklega nefndir til sögunnar, en það voru þeir Sam Allardyce, Graeme Souness og Harry Redknapp. - óþ

**VAFASÖM FÉLAGASKIPTI AÐ MATI STEVENS (17):**

**Bolton:**
Ali Al-Habsi, Tal Ben Haim, Blessing Kaku og Julio Correia.
**Chelsea:**
Didier Drogba, Petr Cech og Michael Essien.
**Middlesbrough:**
Fabio Rochemback og Yakubu.
**Newcastle:**
Jean Alain Boumsong, Emre Belozoglu, Amdy Faye og Albert Luque.
**Portsmouth:**
Collins Mbesuma, Benjani Mwaruwari og Aliou Cisse.
*Ein félagaskipti voru ekki nafngreind



**TÝNDIR ÁN HANS** LeBron James sat á bekknum í seinni hálfleik. NORDICPHOTOS/GETTY

Cleveland í NBA-deildinni:

## Liðið gat ekkert án Lebron

**KÖRFUBOLTI** Cleveland Cavaliers fékk að kynnast því hvernig er að spila án LeBron James þegar liðið mætti Detroit Pistons á útivelli.

James meiddist á fingri í öðrum leikhluta eftir að hafa skorað 15 stig og gefið 3 stoðsendingar á þeim 19 mínútum sem hann spilaði.

James kom ekki aftur inn á og Cleveland tapaði seinni hálfleik með 29 stigum, 32-61, og leiknum þar með 109-74.

„Sigur er sigur. Lebron er stór hluti af þeirra liði en þeir hafa engu að síður fimm leikmenn í NBA-treyju inni á,“ sagði Richard Hamilton, sem var stigahæstur hjá Detroit með 18 stig.

James var með 31,7 stig, 8,5 stoðsendingar og 8,0 fráköst að meðaltali fyrir leikinn. -óój

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal:

## Wenger settur í bann

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Evrópu. UEFA, hefur sett Arsene Wenger, knattspyrnustjóra Arsenal, í eins leiks bann í Meistaradeildinni vegna hegðunar hans í leiknum gegn Sevilla á þriðjudag en þá var Wenger sendur upp í stúku eftir rifrildi við fjórða dómara leiksins.

Hann getur því ekki stýrt liðinu gegn Steaua Búkarest hinn 12. desember næstkomandi.

Þetta er í fyrsta skipti á ferlinum sem Wenger er dæmdur í bann en hann hefur þrjá daga til þess að áfrýja dómnum.

Arsenal verður að leggja Steaua í lokaleik sínum í Meistaradeildinni og vonast til þess að Sevilla vinni ekki Slavia Prag til að fá toppsætið í riðlinum. - hbg

Helena Sverrisdóttir spilar stórt hlutverk hjá TCU:

## Efst í fráköstum og stoðsendingum

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir byrjar vel með TCU í 1. deild bandaríska háskólaboltans en lið hennar hefur unnið þrjá af fyrstu sex leikjum sínum á tímabilinu.

Helena var með 10 fráköst, 8 stig og 4 stoðsendingar í öruggum 75-63 sigri á Fresno State í fyrrinótt en auk þess varði hún tvö skot og stal tveimur boltum af mótherjum sínum. Foreldrar Helenu og yngri bróðir hennar eru í heimsókn í Forth Worth og fengu að sjá Helenu spila vel í sigurleik.

Helena hefur fengið að spila 28,2 mínútur að meðaltali í fyrstu sex leikjum tímabilsins og er aðeins önnur tveggja leikmanna TCU sem hefur verið í byrjunarliðinu í öllum leikjunum.

Helena er efst hjá liðinu í fráköstum (7,0), stoðsendingum (3,0) og vörðum skotum (0,83) og þá er hún þriðji stigahæsti leikmaðurinn, með 8,8 stig að meðaltali í leik.

Helena hefur vakið sérstaka athygli fyrir hversu vel hún hefur passað upp á boltann en hún hefur gefið 18 stoðsendingar en aðeins tapað 8 boltum í þessum sex leikjum. - óój



**ATKVÆÐAMIKIL** Helena Sverrisdóttir vekur athygli með TCU. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Magimix
- réttu tækin fyrir eldhúsið



GLÆSILEGAR BRAUÐRISTAR

**MAGIMIX brauðristar**
MAGIMIX brauðristar fyrir tvær eða fjórar sneiðar. Fást í stáli, svörtu eða rauðu. Þessar glæsilegu brauðristar frá Magimix afþýða og rista flestar gerðir af brauðum.
**Verð frá kr.: 19.500**



magimix

KAFFIHÚSIÐ HEIM Í ELDHÚS

**MAGIMIX-NESPRESSO kaffivélar**
Njótið þess að fá rjúkandi kaffi og expressó kaffi á innan við mínútu heima í eldhúsi.
**Verð frá kr.: 23.500**

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is


Allt sem þarf...
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.
FRÉTTABLAÐIÐ
ÞRIÐJUDAGUR
...alla daga
FRÉTTABLAÐIÐ
Skútumenn játuðu að vera burðardýr
2.790.000 kr.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### N1-deild karla í handbolta:

**Stjarnan-Haukar 25-28 (12-11)**

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Ólafur Víðir Ólafsson 8/3 (12/3), Björgvin Hólmgeirsson 6 (15), Heimir Örn Árnason 5/1 (10/1), Gunnar Ingi Jóhannsson 2 (5), Volodymir Kysil 2 (2), Ragnar Helgason 1 (3), Björn Friðriksson 1 (1).
**Varin skot**: Hlynur Morthens 15/1 (31/4, 48%), Roland Valur Eradze 5 (17/2, 29%).
**Hraðaupphlaup:** 3 (Björgvin, Gunnar, Ólafur).
**Fiskuð víti:** 4 (Björn 2, Ragnar, Ólafur).
**Utan vallar:** 6 mín.
**Mörk Hauka (skot):** Andri Stefan 6 (10), Kári Kristjánsson 5 (5), Jón Karl Björnsson 5/5 (6/6), Arnar Jón Agnarsson 4 (14), Gunnar Berg Viktorsson 3 (6), Þröstur Þráinsson 2 (3), Gísli Jón Þórisson 1 (2), Freyr Brynjarsson 1 (3), Sigurbergur Sveinsson 1 (6).
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 12 (32/2, 38%), Gísli Guðmundsson 4 (12/4, 33%).
**Hraðaupphlaup:** 4 (Andri 2, Kári, Þröstur)
**Fiskuð víti:** 6 (Kári 3, Sigurbergur 2, Freyr).
**Utan vallar:** 6 mín.

**Afturelding-Fram 23-25**

**Mörk Aftureldingar (skot):** Hilmar Stefánsson 5/3 (7/3), Hrafn Ingvarsson 5 (9), Magnús Einarsson 4 (6), Davíð Ágústsson 3 (3), Reynir Árnason 3 (6), Jóhann Jóhannsson 2 (3), Daníel Jónsson 1 (5).
**Varin skot:** Davíð Hlíðdal Svansson 25/1 (50/3, 50%).
**Hraðaupphlaup:** 4 (Magnús 2, Davíð, Reynir).
**Fiskuð víti:** 3 (Magnús 2, Hrafn).
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk Fram (skot):** Hjörtur Hinriksson 6 (8), Hall dór Sigfússon 5/3 (7/3), Rúnar Kárason 4 (6), Stefán Baldvin Stefánsson 3 (7), Filip Kliszczyk 3 (10), Jóhann Gunnar Einarsson 2 (7/1), Enar Ingi Hrafnsson 1 (2), Haraldur Þorvarðsson 1 (3).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 13 (36/3, 36%), Magnús Gunnar Erlendsson 1 (1) 100%.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Hjörtur, Haraldur, Jóhann, Stefán).
**Fiskuð víti:** 4 (Einar Ingi 3, Stefán).
**Utan vallar:** 2 mínútur.

### STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **12** | **8** | **3** | **1** | **340-291** | **19** |
| HK | 10 | 7 | 1 | 2 | 274-243 | 15 |
| **Fram** | **11** | **7** | **1** | **3** | **312-283** | **15** |
| Stjarnan | 11 | 6 | 1 | 4 | 328-299 | 13 |
| **Valur** | **9** | **4** | **2** | **3** | **231-217** | **10** |
| Akureyri | 11 | 2 | 2 | 7 | 287-307 | 6 |
| **Afturelding** | **11** | **2** | **2** | **7** | **273-289** | **6** |
| ÍBV | 11 | 1 | 0 | 10 | 274-390 | 2 |

Alþjóðlegt mót í Wales:

## Bæði úr leik

**BADMINTON** Systkinin Magnús Ingi og Tinna Helgabörn komust ekki í gegnum undankeppnina á Alþjóðlega badmintonmótinu Yonex Welsh International 2007 sem fer fram í Cardiff.

Magnús Ingi og Tinna eru samt ekki hætt keppni því þau taka saman þátt í tvenndarleik á þessu móti og þar byrja þau í aðalkeppninni. **- óój**



**MARKI FAGNAÐ** Ólafur Ingi Skúlason kom sínu liði Helsingborg í 1-0.
NORDICPHOTOS/AFP

Evróukeppni félagsliða:

## Báðir Ólafarnir á skotskónum

**FÓTBOLTI** Íslendingaliðin unnu sína leiki í UEFA-bikarnum í gær og bæði Ólafur Örn Bjarnason og Ólafur Ingi Skúlason komu sínum liðum í 1-0.

Brann vann 2-1 sigur á Dinamo Zagreb þar sem Ólafur Örn Bjarnason skoraði fyrsta mark leiksins úr vítaspyrnu á 45. mínútur. Ólafur Ingi Skúlason skoraði fyrsta mark Helsingborg í 3-0 sigri á Austria Vín en markið kom á 47. mínútu. Grétar Rafn Steinsson lék síðan allan leikinn með AZ sem vann 1-0 sigur á Larissa.

Tottenham lenti 0-2 undir á heimavelli á móti danska liðin AaB en Dimitar Berbatov, Steed Malbranque og Darren Bent skoruðu allir í seinni hálfleik og tryggðu Spurs sigurinn. **- óój**

Nýliðarnir úr Vesturbænum hafa unnið sex af síðustu sjö leikjum sínum í Iceland Express-deild kvenna:

# KR með yfirburði í fráköstum í deildinni

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið KR hefur vakið mikla athygli það sem af er í Iceland Express-deild kvenna en Vesturbæjarstúlkur eru sem stendur í 3. sæti deildarinnar og hafa aðeins tapað tveimur leikjum og þeim báðum naumlega, gegn Haukum og Keflavík á útivelli.

KR-ingar hafa unnið alla fjóra heimaleiki sína og þegar tapleikirnir tveir eru skoðaðir sést að þeir gátu vel fallið þeirra megin.

KR tapaði með þremur stigum á móti Haukum í fyrsta leik þegar liðið spilaði án hins frábæra bandaríska leikmanns síns Monique Martin (37,7 stig í leik) og tapaði síðan með þremur stigum á móti toppliði Keflavíkur á útivelli í jöfnum og spennandi leik.

KR-liðið er frábært frákastalið og það hefur skilað nýliðunum langt í vetur en KR-liðið hefur tekið 60,2 prósent frákasta í þeirra leikjum. Þetta er rúmum sjö prósentum hærra hlutfall en hjá Haukum sem eru í 2. sætinu.

KR-liðið hefur tekið 57,9 fráköst að meðaltali í leik á móti aðeins 38,3 hjá mótherjum liðsins. KR-liðið hefur tekið 76,2 prósent frákasta undir sinni körfu og hefur einnig náð í 44,3 prósent frákasta í boði í sókninni.

KR-liðið hefur unnið fráköstin í öllum átta leikjum sínum og tóku minnst 53,7 prósent frákasta í fyrsta leiknum á móti Íslands- og bikarmeisturum Hauka.

KR-liðið á líka þrjá leikmenn inni á topp tíu listanum í fráköstum. Monique Martin er efst í deildinni með 18,7 fráköst að meðaltali en Sigrún Ámundadóttir er í 3. sæti og efst íslenskra leikmanna með 13,0 fráköst í leik. Hildur Sigurðardóttir er síðan í 8. sætinu og efst bakvarða með 10,6 fráköst að meðaltali í leik.

Helga Einarsdóttir (6,4 frák. á 21,6 mín.) og Sigurbjörg Þorsteinsdóttir (4,2 frák. á 16,5 mín.) eru einnig báðar að taka yfir 10 fráköst á hverjar 40 mínútur sem þær spila. **- óój**



**TAKA FLEST FRÁKÖST** Hildur Sigurðardóttir og félagar hennar í KR eru langbesta frákastaliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### HLUTFALL FRÁKASTA:

| | |
|---|---|
| 1. KR | 60,2% |
| 2. Haukar | 52,9% |
| 3. Grindavík | 52,3% |
| 4. Keflavík | 49,9% |
| 5. Hamar | 46,0% |
| 6. Valur | 43,8% |
| 7. Fjölnir | 43,5% |

### LEIKIR KR OG HLUTFALL FRÁKASTA

| | |
|---|---|
| 71-74 tap fyrir Haukum | 53,7% |
| 84-60 sigur á Hamri | 63,2% |
| 90-71 sigur á Fjölni | 70,1% |
| 93-57 sigur á Val | 64,1% |
| 66-69 tap fyrir Keflavík | 56,5% |
| 83-75 sigur á Grindavík | 58,7% |
| 88-81 sigur á Haukum | 56,3% |
| 72-64 sigur á Hamri | 64,2% |

# Vörnin skilaði Haukaliðinu sigri

**Haukar gerðu góða ferð í Garðabæinn í gær þar sem þeir lögðu Stjörnuna, 25-28, í toppslag N1-deildarinnar. Góður varnarleikur Hauka í seinni hálfleik lagði grunninn að sigrinum.**

**HANDBOLTI** Það eru engin ný sannindi í íslenskum handbolta að vörn vinni leiki og það sannaðist enn á ný í Garðabænum í gær. Þá spiluðu Haukar góðan varnarleik gegn Stjörnunni í síðari hálfleik og það skilaði liðinu sanngjörnum sigri, 25-28. Varnarleikur Stjörnunnar á sama tíma var í molum og ljóst að liðið saknar lykilmanna í vörninni sárlega. Haukar eru eftir leikinn með sex stigum meira en Stjarnan í deildinni.

Fyrri hálfleikur í Mýrinni í gær fer nú ekki í sögubækurnar fyrir fallegan handbolta. Sóknarleikur beggja liða var ákaflega slakur og í raun neyðarlegur á köflum. Í raun voru engir leikmenn að spila neitt sérstaklega vel fyrir utan markverði liðanna – Hlyn og Magnús – sem báðir vörðu ágætlega á köflum.

Blessunarlega var leikurinn þó jafn allan hálfleikinn. Liðin skiptust á að halda forystunni og aldrei munaði meira en tveim mörkum á liðunum. Heimamenn fóru þó með eins marks forskot inn í hálfleikinn, 12-11.

Síðari hálfleikur var talsvert mikið betri. Haukar mættu mun grimmari til leiks og þéttu varnarleikinn til muna, sem varð þess valdandi að liðið náði þriggja marka forskoti í fyrsta skipti í leiknum, 14-17.

Stjarnan setti þá Roland í markið fyrir Hlyn, sem hafði staðið sig vel, en það reyndist ekki góð ákvörðun. Roland varði nokkra bolta í upphafi og síðan ekki söguna meir. Gunnar Berg Viktorsson kom á óvart með því að skora ágæt mörk á meðan Haukar héldu alltaf frumkvæðinu. Stjarnan náði mest að minnka muninn í eitt mark en Haukarnir höfðu þægilega þriggja marka forystu undir lokin og lönduðu verðskulduðum sigri.

„Við erum í einhverri niðursveiflu þessa dagana. Haukarnir vildu sigurinn meira en við og áttu sigurinn skilinn,“ sagði niðurlútur þjálfari Stjörnunnar, Kristján Halldórsson. „Við erum óöruggir, höfum ekki alveg trú á því sem við erum að gera og það endurspeglast í leik liðsins. Við höfum misst sjálfstraustið og þurfum að finna það aftur.”

Kári Kristjánsson átti mjög fínan leik inni á línu Hauka sem og í vörninni. Hann var eðli málsins samkvæmt talsvert hressari en Kristján í leikslok.

„Stjörnuna vantar besta varnarmann deildarinnar sem er Patrekur Jóhannesson og það munar líka um Jón Heiðar í vörninni hjá þeim. Svo fannst mér líka vera andleysi í þeirra leik. Við byrjuðum hægt en það kom bullandi gredda í okkur í síðari hálfleik og við klárum þetta mjög sannfærandi að því mér fannst,“ sagði Kári brosmildur en hann var lengi frá og er að koma sterkur til baka eftir meiðslin.

„Þetta var erfiður tími í meiðslunum og það vantar enn upp á úthaldið hjá mér. Mér fannst vörnin góð hjá okkur í dag og er á því að við séum með bestu 6/0 vörnina á landinu í dag.“ **- hbg / - tom**



**VEL TEKIÐ Á ÞVÍ** Heimir Örn Árnason og félagar í Stjörnunni komust lítið áleiðis gegn sterkri vörn Haukanna í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Afturelding veitti Fram harða keppni í N1-deild karla í handbolta í gærkvöldi:

# Framarar mörðu sigur í Mosfellsbæ

**HANDBOLTI** Fram vann Aftureldingu 23-25 í elleftu umferð N1-deildar karla í handbolta að Varmá í gærkvöldi, en fyrir leikinn var búist við öruggum sigri Fram.

Gestirnir í Fram byrjuðu leikinn betur, en heimamenn í Aftureldingu voru samt ekki langt undan til að byrja með og eftir stundarfjórðung var staðan 5-6 Fram í vil. Þá kom hins vegar slæmur kafli hjá Aftureldingu og Fram skoraði fimm mörk í röð og breytti stöðunni í 5-11. Framarar voru svo komnir í með helmings mun, 7-14, áður en Afturelding náði að laga stöðuna aðeins í lok hálfleiksins, en staðan var 10-15 þegar fyrri hálfleik var lokið.

Heimamenn komu gríðarlega grimmir til leiks í síðari hálfleik og söxuðu jafn og þétt á forskot gestanna og þegar seinni hálfleikur var rétt rúmlega hálfnaður var munurinn kominn niður í eitt mark, 19-20.

Það ætlaði svo allt um koll að keyra að Varmá þegar Afturelding jafnaði leikinn, 21-21, í fyrsta skipti síðan í upphafi leiks. Afturelding fékk svo kjörið tækifæri til að komast yfir en náði ekki að nýta það og Fram skoraði tvö í röð. Afturelding náði svo að minnka muninn í eitt mark, 23-24, þegar tæpar tvær mínútur voru eftir og spennan var gríðarleg. Það voru hins vegar Framarar sem áttu lokaorðið að þessu sinni og lokatölur urðu 23-25. Ferenc Buday, þjálfari Fram, var ánægður með sigur sinna manna. „Auðvitað hefðum við átt að vera búnir að gera út um leikinn miklu fyrr, miðað við hvernig fyrri hálfleikurinn spilaðist. En ég er samt sáttur með sigurinn og stigin og ég hrósa Aftureldingu fyrir fínan leik og áhorfendunum fyrir góða stemmningu,“ sagði Buday.

Bjarki Sigurðsson, þjálfari Aftureldingar, var vonsvikinn í leikslok. „Því miður hafðist þetta ekki, en við sýndum það og sönnuðum að við getum vel barist og mér fannst við eiga skilið að fá annað stigið. Það var margt mjög jákvætt í leik okkar miðað við síðasta leik til dæmis og við verðum bara að halda áfram og reyna að draga lærdóm af þessu,“ sagði Bjarki. **- óþ**



**VANN GÖMLU FÉLAGANA** Einar Ingi Hrafnsson skoraði eitt mark gegn gömlu félögunum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR


Office 1 Superstore
Allt fyrir jólapakkann
undir einu þaki
Jólaopnunartímar
verslana Office 1*
14. des. Föstudagur 09:00-20:00
15. des. Laugardagur 10:00-20:00
16. des. Sunnudagur 12:00-20:00
17. des. Mánudagur 09:00-20:00
18. des. Þriðjudagur 09:00-20:00
19. des. Miðvikudagur 09:00-20:00
20. des. Fimmtudagur 09:00-22:00
21. des. Föstudagur 09:00-22:00
22. des. Laugardagur 10:00-22:00
23. des. Sunnudagur 10:00-23:00
24. des. Mánudagur 09:00-13:00
*nema í Smáralind - opið samkvæmt opnunartímum Smáralindar
Office 1 ...um land allt!
5%
Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)

## > Ron Perlman

Ron er fæddur hinn 13. apríl 1950 í New York í Bandaríkjunum, sem gerir hann 57 ára gamlan í dag. Tilviljun réði því að Ron gerðist leikari en hann fékk sitt fyrsta alvöru hlutverk þegar hann var orðinn 31 árs gamall, í kvikmyndinni Quest for Fire. Hann sló hins vegar fyrst almennilega í gegn í þáttunum Beauty and the Beast á árunum 1987 til 1989 þegar hann lék á móti Lindu Hamilton. Á síðustu árum hefur Ron leikið talsvert í hlutverkum sem krefjast mikillar förðunar, til dæmis í kvikmyndunum The Beast og Hellboy. Sú síðarnefnda er einmitt á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld kl. 21.45.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILL NÝJA SJÓNVARPSSTÖÐ

# *Hasarstöð fyrir fullorðna*

Stundum hellist yfir mann þörf um að drepa á heilanum, algjörlega, eða í það minnsta setja hann í hlutlausan. Áreitið getur stundum valdið því að heilastöðvarnar virka eins og ónefnd tölva, allir gluggar opnir en enginn þeirra virkar, einu skilaboðin sem maður fær frá skjánum eru á ensku með allt að því prakkaralegum undirtóni: „Not Responding“. Og því miður er ekki hægt að beita heilann sömu aðferðum og tölvan fær stundum að kenna á; hún lamin eins og harðfiskur og henni loks blótað í sand og ösku. Ef einhver stæði upp og hæfi fyrirvaralausar barsmíðar á höfðinu með tilheyrandi látum yrði sá og hinn sami eflaust fluttur hið snarasta á brott af mönnunum í hvíta sloppnum.

Sjónvarpið hefur gert allt of mikið af því að undanförnu að vekja með manni spurningar. Og stundum hreinlega brotnar maður undir siðferðislega áleitnum spurningum hjá Opruh, Dr. Phil og Kastljósinu. Óttinn hefur á einhvern undarlegan hátt vakið mann til umhugsunar um næsta mann, næsta nágrenni, að ekki sé talað um heilsuna, fuglaflensuna og loftslagsmálin.



Og því er það stundum að maður vildi óska þess að til væri sjónvarpsstöð sem færi með mann í ferðalag en fararstjórarnir væru hetjur á borð við John McClane, Indiana Jones og James Bond. Slík stöð myndi endursýna sígildar hasarmyndir eins og Die Hard-þríleikinn, Lethal Weapon-fjórleikinn og allar Bond-myndirnar. Heilinn færi sjálfkrafa í „hibernate“ eða „restart“ enda reynir söguþráðurinn ekki mikið á ályktunarhæfnina né má reikna með að eldfim umræða skapist í lok hverrar sýningar um eðli og tilgang mannsins. Heldur bara algjör dauði.

BOND Á HVERJU KVÖLDI

## EKKI MISSA AF



▶ **20:10** Útsvar Sjónvarpið



▶ **20:45** Tekinn 2 Stöð 2



▶ **22:00** Law & Order Skjár Einn



▶ **22:00** Psycho Stöð 2 bíó



▶ **22:45** Silent Witness Sirkus

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 07/08 bíó leikhús** e.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur** (55.65)
**17.52 Villt dýr** (26.26)
**18.00 Snillingarnir** (38.42)
**18.24 Þessir grallaraspóar** (7.26)
**18.30 Svona var það** (11.22) e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Útsvar** Í þessum þætti eigast við lið Akraness og Hafnarfjarðar og meðal keppenda eru Guðríður Haraldsdóttir blaðamaður og Björk Jakobsdóttir leikari.

**21.10 Lewis - Þeir sem guðirnir tortíma...** Bresk sakamálamynd þar sem Lewis glímir við dularfullt sakamál. Meðal leikenda eru Kevin Whately, Laurence Fox, Sian Thomas. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**22.45 Max** Ungversk/kanadísk bíómynd frá 2002 um vinskap listaverkasalans Max Rothman og ungs myndlistarnema að nafni Adolf Hitler. Meðal leikenda eru John Cusack, Noah Taylor, Leelee Sobieski, Molly Parker og Ulrich Thomsen.

**00.30 Í vondum málum** (Caught Up) Bandarísk bíómynd frá 1998. Þegar Daryl losnar úr fangelsi eftir fimm ára vist er mamma hans dáin, kærastan hans gift og hann fær hvergi vinnu. Meðal leikenda eru Cynda Williams, Snoop Dogg og LL Cool J. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Date Movie**
**08.00 Home Alone**
**10.00 Just My Luck**
**12.00 You Stupid Man**
**14.00 Home Alone**
**16.00 Just My Luck**
**18.00 You Stupid Man**
**20.00 Date Movie**

▶**22.00 Psycho** Endurgerð einnar mögnuðustu hrollvekju allra tíma, mynd Hitchcocks frá árinu 1960. Aðalhlutverk: Julianne Moore, Vince Vaughn, Anne Heche.

**00.00 21 Grams**
**02.00 Kill Bill**
**04.00 Psycho**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Töfravagninn, Kalli kanína og félagar
**08.15 Oprah**
**09.00 Í fínu formi**
**09.15 The Bold and the Beautiful**
**09.40 Wings of Love** (75.120)
**10.25 Commander In Chief** (2.18)
**11.15 Veggfóður** (3.20)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (113.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (114.114)
**14.45 Lífsaugað III** (e)
**15.25 Bestu Strákarnir** (4.50) (e)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.35 The Simpsons** (14.22) (e)

**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Þátturinn verður lauflettur, með frjálsu sniði og það eina sem lagt er upp með er að hann verði skemmtilegur; bjóða upp á skemmtilega viðmælendur, skemmtilega tónlist og skemmtilegar uppákomur. 2007.

▶**20.45 Tekinn 2** (12.14) Önnur sería hinnar geysivinsælu þáttaraðar Tekinn þar sem Auðunn Blöndal fetar í fótspor Ashtons Kutcher og hrekkir fræga fólkið á óborganlegan hátt. 2007.

**21.20 Stelpurnar** snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni hlægilegri en nokkru sinni fyrr.

**21.45 Hellboy** Ævintýraleg mynd um púka sem alinn var upp af nasistum en ákveður að nota styrk sinn og ofurkrafta til þess að vernda jarðarbúa fyrir þeim sem leitast við að tortíma þeim. Aðalhlutverk: John Hurt, Ron Perlman, Selma Blair. 2004. Bönnuð börnum.

**23.45 Star Trek: Generations** Dularfullt fyrirbæri sem brúar ólíka tíma verður það til þess að flugstjórarnir tveir á Enterprise taka höndum saman í baráttu upp á líf og dauða. Maltin gefur þrjár stjörnur. Aðalhlutverk: William Shatner, Patrick Stewart.

**01.40 I, Robot**
**03.30 End of Days**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 UEFA Cup** (Tottenham - Aalborg)

**17.20 UEFA Cup** (Tottenham - Aalborg) Útsending frá leik Tottenham og Álaborgar sem fór fram fimmtudagskvöldið 29. nóvember.

**19.00 Gillette World Sport 2007**

**19.30 NFL - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.

**20.00 Spænski boltinn - Upphitun**

**20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (Sam Boyd Stadium) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum. Mjög reynir á kappana við þessar aðstæður en ýmsar tækninýjungar hafa verið nýttar varðandi búnað vélhjólanna sem til að mynda gefa þeim aukið svif í stökkum.

**21.55 Heimsmótaröðin í póker**

**22.45 Heimsmótaröðin í póker 2006**

**23.35 NBA-körfuboltinn** (Golden State - Houston)

## SÝN 2

**17.30 Arsenal - Wigan**

**19.10 Fulham - Blackburn**

**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

**21.50 PL Classic Matches** Leikur Chelsea og Arsenal á Stamford Bridge var taumlaus skemmtun. Frábærir leikmenn í liðunum á borð við Zola, Tony Adams, Ian Wright og Dennis Bergkamp.

**22.20 PL Classic Matches** Frábær leikur á White Hart Lane í desembermánuði 1997. Gianfranco Zola og félagar fóru á kostum í leiknum.

**22.50 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.

**23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**8.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 Game tíví** (e)
**17.25 7th Heaven** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Friday Night Lights** (e)
**20.00 Charmed** (16.22)

**21.00 Survivor: China** (11.14) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.

▶**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (18.22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York-borgar og leit hennar að glæpamönnum. Tvær systur eru myrtar og Logan og Barek komast á slóð hjúkku sem stundar svartagaldur.

**22.50 Masters of Horror** (10.13) Leikstjórinn að þessu sinni er Tom Holland (Fright Night og Child´s Play). Sagan kallast We All Scream for Ice Cream. Fyrir mörgum árum endaði hrekkur nokkurra krakka með ósköpum. Nú eru krakkarnir orðnir fullorðnir og undarlegir hlutir fara að gerast.

**23.50 Backpackers** (22.26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn.

**00.15 Law & Order: SVU** (e)
**01.00 Allt í drasli** (e)
**01.30 C.S.I. Miami** (e)
**02.30 World Cup of Pool 2007** (e)
**03.30 C.S.I.** (e)
**04.15 C.S.I.** (e)
**05.00 Vörutorg**
**06.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45
### Tekinn 2



Auðunn Blöndal heldur áfram að kvelja fræga fólkið. Að þessu sinni eru fórnarlömbin hans Svava í Sautján og Árni Johnsen alþingismaður. Svava situr að snæðingi í World Class í Laugum þegar móðir tveggja stúlkna gengur að henni og hellir sér yfir hana vegna mjög hás verðs í verslunum hennar og áhrifa þess á rekstur heimilisins. Árni Johnsen fær svo heldur betur að kenna á því þegar þjónustustúlka á Múlakaffi sakar hann um kvenfyrirlitningu, dónaskap og frekju.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
## MAX
### Sjónvarpið kl. 22.45

Ungversk/kanadísk bíómynd frá 2002. Eftir fyrri heimsstyrjöldina varð Þýskaland hluti af Weimar-lýðveldinu í kjölfar þess að veldi keisarans hrundi. Gyðingurinn Max Rothman barðist í stríðinu en er nú listaverkasali og leitar að ungu hæfileikafólki á götum München. Hann kynnist sérvitrum ungum myndlistarmanni sem barðist einnig í stríðinu og heitir Adolf Hitler. Áhugi Hitlers á myndlist er að dvína en Rothman hvetur hann til dáða. Með aðalhlutverk fara John Cusack, Noah Taylor, Leelee Sobieski, Molly Parker og Ulrich Thomsen.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Tímakornið
**21.10** Flakk
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (69.260)
**16.30 Hollyoaks** (70.260)
**17.00 Skífulistinn**
**17.45 Totally Frank**
**18.10 Pink Floyd - The Dark Side of the Moon** (e) Vandaður þáttur sem fjallar um sögu hljómsveitarinnar Pink Floyd þar sem The Dark Side of the Moon er í fyrirrúmi.
**19.00 Hollyoaks** (69.260)
**19.30 Hollyoaks** (70.260)
**20.00 Skífulistinn**
**20.45 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
**21.10 Pink Floyd - The Dark Side of the Moon** (e) Vandaður þáttur sem fjallar um sögu hljómsveitarinnar Pink Floyd þar sem The Dark Side of the Moon er í fyrirrúmi.
**22.00 Numbers** (7.24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála. 2006.
▶**22.45 Silent Witness** (4.10) Dr. Sam Ryan er snúin aftur í tíunda sinn en hún hefur engu gleymt þegar kemur að rannsókn flókinnan sakamála. Aðalhlutverk er sem fyrr í höndum Amöndu Burton sem hefur aflað sér gríðarlegrar vinsælda í hlutverki hinnar kláru Dr. Ryan. Bönnuð börnum.
**23.40 Hollywood Uncensored**
**00.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Gestir Ingva Hrafns Jónssonar skoða málefni líðandi stundar með liðna viku sem útgangspunkt.
**21.00 Mér finnst** Maríanna Friðjónsdóttir stýrir umræðuþætti þar sem konur hafa orðið.

## DR 1

**11.10** Task Force **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.25** Dødens detektiver **12.50** Rabatten **13.20** VQ - Videnskabsquiz **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Tjenesten - nu på TV **14.30** Boogie Listen **15.30** F for får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** Øreflip **16.30** Shanes verden **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov 1**9.00** Niels Hausgaard - Os der glor **20.00** TV Avisen **20.30** Million Dollar Baby **22.40** Perfect **0.35** Boogie Listen

## NRK 1

**11.25** V-cup kombinert: 15 km langrenn **12.20** Program ikke fastsatt **12.40** V-cup skiskyting: 7,5 km sprint, kvinner **14.00** Orson og Olivia **14.30** Øya **15.00** VG-lista Topp 20 **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** V-cup hopp: Laghopp 1. omgang 1**6.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Charlie og Lola **17.15** Pippi Langstrømpe **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.05** Detektimen: Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Detektimen: Dalziel og Pascoe **23.10** Gasolin **23.55** Korte grøss: Vincents mørke hemmelighet **0.20** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**11.05** Bakom kulisserna på zoo **13.30** Solens mat **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Anslagstavlan **16.35** Hos Musse **17.00** Hotell Kantarell **17.25** Musikvideo **17.30** Fåret Shaun **17.35** Häxan Surtant **18.00** Barda **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Seriestart: På spåret 2**0.00** Melodifestivalen 2007: Årskrönika **21.00** Fredagsbio: Smala Sussie **22.40** Rapport **22.50** Kulturnyheterna **23.00** Grotesco **23.30** The Four Feathers



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Besti bitinn er hjá Sollu frænku minni. Hún er góður kokkur og góður gestgjafi.“*

Bergur Ebbi Benediktsson, meðlimur í Sprengjuhöllinni.

# Doktorar með órakaða punga

„Það var annað hvort þeir eða Hairdoctor,“ segir Dr. Gunni, sem hefur fengið hljómsveitina Dr. Spock til að flytja fyrir sig lagið Hvar ertu nú? í næsta þætti Laugardagslaganna.

„Mig langaði að gera eitthvað nýtt í minni Eurovision-ferð því það er greinilegt að fólk vill eitthvað gott flipp,“ segir Gunni, sem segir að lagið sé loðið á bakinu og með hár á pungnum. „Þetta er karlmannlegt sjómannarokk sem skiptist í tvo kafla. Annars vegar í brjálað óveður með stormi og slarki og hins vegar fellur allt í ljúfa löð þess á milli með spegilsléttum sjó. Það er verið að reyna að koma íslenska sjómanninum í Eurovision. Það er miklu meira Ísland að syngja sjipp og hoj heldur en hó hó og hey hey,“ segir Gunni, sem tapaði fyrir olíubornum Eurovisonslagara Barða Jóhannssonar í síðustu lotu.

Hvar ertu nú? er þriðja og síðasta lagið sem Dr. Gunni sendir í Laugardagslögin og hefur hann ekki haft erindi sem erfiði hingað til. Í þetta sinn etur hann kappi við Magnús Þór og Hafdísi Huld og vonar það besta. „Þetta er eina rokklagið síðan Botnleðja var með sitt lag. Þetta er bara miklu þyngra og ljótara en samt er þetta ekkert óskiljanlegt villimannaöskur. Ég hef fulla trú á að það séu einhverjir rokkarar ennþá á meðal vor. Ég vona að það sé ekki alveg búið að raka punginn á öllum.“ - fb



**DR. SPOCK** Hljómsveitin Dr. Spock flytur sjómannarokk Dr. Gunna.



**GUNNAR HJÁLMARSSON** Tónlistarmaður, betur þekktur sem Dr.Gunni

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** pest **6.** ógrynni **8.** langar **9.** hola **11.** þurrka út **12.** rót **14.** slappi **16.** býli **17.** hópur **18.** angan **20.** fyrir hönd **21.** stígur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fuglsnef **3.** tveir eins **4.** gufuskip **5.** hamfletta **7.** heilladrjúgur **10.** mál **13.** mas **15.** innyfla **16.** strit **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** of, **8.** vil, **9.** gat, **11.** má, **12.** grams, **14.** slaki, **16.** bæ, **17.** lið, **18.** ilm, **20.** pr, **21.** slóð.
**LÓÐRÉTT: 1.** gogg, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** farsæll, **10.** tal, **13.** mal, **15.** iðra, **16.** bis, **19.** mó.








**MAGNÚS** Er í þættinum World's Richest People sem áður hét World's Most Successful People en ekki er þó allt sem sýnist.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MAGNÚS SCHEVING:** HEIMILDARÞÁTTUR SÝNDUR Á DISCOVERY

# Magnús segist vera ríkasti maður í heimi

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr á árinu kom framleiðslufyrirtækið ITN Factual hingað til lands og fylgdist með Magnúsi Scheving, forstjóra Latabæjar, í leik og starfi. Í tilkynningu frá fyrirtækinu kom fram að þættirnir bæru nafnið The World's Most Successful og ekki væri hægt að komast hjá því að greina frá miklum uppgangi Latabæjar og útrás þessarar alíslensku hugmyndar. Þátturinn verður frumsýndur í Ástralíu á allra næstu dögum og verður á dagskrá með reglulegu millibili en talið er að yfir fimmtíu milljónir manna muni sjá hann.

En það hefur sem hefur vakið einna mestu athyglina er að þátturinn hefur nú fengið nýtt nafn og heitir í dag The World's Richest. Magnús hefur hingað til ekki gefið mikið fyrir þær vangaveltur að hann hafi hagnast fjárhagslega á þessari hugmynd sinni, síður en svo. Því kom nafngiftin óneitanlega nokkuð spánskt fyrir sjónir enda gefur hún allt annað til kynna.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Magnús komist þó ágætlega að orði þegar hann útskýrir tilveru sína í þættinum. „Ég er ekki eingöngu ríkasti maður í Evrópu heldur ríkasti maður í heimi. Ekki samt í bókstaflegum skilningi þess orðs, langt því frá. Ég nýt hins vegar þeirra forréttinda að fá að ferðast út um allan heim og gleðja börn með leik og söng,“ segir Magnús í þættinum.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er Magnús nú á ferðalagi um Suður-Ameríku og varð töluvert fjaðrafok í kringum komu hans. Magnús var eltur á röndum af fólki í Chile sem vildi fá álit hans á hinu og þessu og krakkar stoppuðu hann á götum úti til að fá eiginhandaáritanir og vildu fá að leika sínar eigin útfærslur af Latabæ, íklædd búningum hetjanna sinna.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslendingar virðast vera sólgnir í stórtónleika og þá sérstaklega yfir jólin þegar verslunaræðið rennur á þjóðina. Og það virðist þegar vera hafið ef marka má fréttir af nýárstónleikum **Bubba Morthens**. Slík var eftirspurnin eftir miðum að færri komust að en vildu og er þegar að verða uppselt. Ísleifur B. Þórhallsson og félagar hjá Concert eru hins vegar þaulvanir þessum vinsældum og voru ekki lengi að bæta við aukatónleikum þannig að aðdáendur kóngsins þurfa engu að kvíða.



DVD-diskur **Auðuns Blöndal** þar sem hann hrekkir fólk í fyrsta Tekinn-þættinum er komin út. Þættirnir vöktu gríðarlega athygli og nutu mikilla vinsælda enda þykir fátt jafn fyndið og að sjá fræga fólkið gera sig að fíflum fyrir framan myndavélarnar. Hins vegar er það útlitið á disknum sem hefur vakið hvað mesta athyglina núna en óprúttnir aðilar hafa þóst greina að myndin á forsíðunni hafi verið tekin fyrir þáttaröð númer tvö og að grínistinn sé með tvo putta á lofti því til staðfestingar.



Og það eru fleiri á lofti um þessar mundir. Samkvæmt heimildum Mannlífsvefjarins skemmtilega hefur **Ásgeir Davíðsson**, betur þekktur sem Geiri á Goldfinger, nefnilega bryddað upp á því að lána fínum frúm Kópavogsbæjar súlurnar sínar á skemmtistaðnum. Svokallað súlu-fitness nýtur mikilla vinsælda og hefur Geiri komið til móts við skort á súluskorti með því að opna staðinn sinn. Heimildir Mannlífs herma þó að fötum sé hins vegar ekki fækkað. - fgg




FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**Þú færð aðeins það besta hjá okkur**

STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA
RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX
NÝLÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA.




# Vefþula klæmist við notendur

Vefþulan Ragga var tekin í notkun á netinu fyrir hálfum mánuði en nafn hennar er til komið af því að fyrrverandi sjónvarpsþulan Ragnheiður Elín Clausen ljáði verkefninu rödd sína. Ragga er þula sem les hvaða texta sem er á íslensku á netinu og er fyrst og fremst ætluð íslenskum námsmönnum sem eiga við lestrarörðugleika að stríða. En fleiri nýta sér hæfileika vefþulunnar. „Við fáum allt að tvær beiðnir á sekúndu á álagstímum og Ragga les að jafnaði um sex þúsund lestra á dag,“ segir Þórarinn Stefánsson, framkvæmdastjóri Hexia.net, sem á og rekur vefþuluna. „Við erum alveg gáttuð enda héldum við að við værum að búa til lítið og sætt tól fyrir fólk með lestrarörðugleika. Lauslega ágiskað er sá hópur um þriðjungur notenda, Þriðjungur er fólk að grínast og býr til gervifréttir en loks eru það strákpjakkar sem láta Röggu klæmast við sig,“ segir hann.



**SEX ÞÚSUND LESTRAR Á DAG** Vefþulan Ragga annar varla eftirspurn og sinnir sex þúsund beiðnum á dag að jafnaði.

Þórarinn segist ekki líta svo á að þetta sé neikvæð þróun. „Ekki ef fólki finnst þetta skemmtilegt og einhver brosir að þessu. Okkur finnst óskaplega gaman að hafa búið Röggu til og fylgjast með þróuninni. Fólki dettur ýmislegt í hug. Sumir hafa til dæmis búið til hringitóna fyrir síma sem eru misjafnir eftir því hver hringir, til dæmis: „Guðmundur, mamma þín!“ og „Guðmundur, konan þín er að hringja“. Kerfið rétt svo annar notkuninni. Við megum varla líta af því og þurfum að fara að bæta við búnaði. En auðvitað er þetta skemmtilegt, að færri komist að en vilji. Við áttum ekki von á því og brosum þess vegna breitt þessa dagana.“ - sók

# JÓLAGESTIR 4

*Björgvin Halldórsson og gestir*




STEFÁN HILMARSSON
GARÐAR THÓR CORTES
SVALA BJÖRGVINSDÓTTIR
SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
EDGAR SMÁRI
BJÖRGVIN FRANZ
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
OG FÉLAGAR ÚR
GOSPELKÓR REYKJAVÍKUR

## 20% afsláttur

af allri íslenskri tónlist í Holtagörðum




Einnig fáanleg

## Jólagestir 1-3

í sérstakri hátíðarútgáfu



**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



GREAT WALL
长城饭店
RESTAURANT

- Veisluþjónusta
- Hlaðborð
- Pinnaveisla
- Sushi
- Tilboð

Allar nánari upplýsingar á **Greatwall.is**
**Vesturgata 6-8 - sími: 552-1900**




## BAKÞANKAR
**Bergsteins Sigurðssonar**

# *Sultur*

Þrátt fyrir (eða kannski vegna þess) að við höfum aldrei verið jafn meðvituð um lýðheilsu er offitan að ríða okkur á slig. Veganestið til komandi kynslóða er óhóflega skammtað og samanstendur aðallega af unnum kjötvörum og mettaðri fitu. Það fennir seint í óvenjudjúp sporin sem bústnir fætur okkar skilja eftir sig og á milli þeirra má greina slóð skuldahalans sem aukakílóin hafa í för með sér. Ef fer sem horfir verður V-deginum breytt í baráttudag gegn kynbundnu ofeldi.

**SJÁLFSAGT** er þess ekki langt að bíða að mörmengaður hugur okkar fari að líta öfundaraugum til Afríku, álfunnar sem við vorkenndum svo sárt fyrir stuttu. Smám saman fara hinir ofëldu að sjá næringarskort og niðurgang sem hagnýtar aðferðir til að halda sér slank. Þegar öllu er á botninn hvolft glíma Vesturlönd í rauninni við sama vanda og þróunarlönd. Þetta snýst allt um magamál – þau þurfa að rýmka sitt en við að minnka okkar. Sultur eru að verða jafn mikið samfélagsmein á Íslandi og sultur er í Afríku. Þar vantar pening fyrir áveitum. Hér vantar pening fyrir hjáveitum.

**NÚ** er magamál að linni. Offituvandinn er í rauninni togstreita milli þriggja sjónarmiða; manneldis, munúðar og mannúðar (ef ég væri sjálfshjálparbók myndi ég kalla þau M-in þrjú). Tilraunir til að finna jafnvægi þarna á milli hafa hingað til skilað sér í hálfkáki á borð við það að fá sér sykurlaust kók með hamborgaranum. Í áfengislögum er kveðið á um að bannað sé að selja þeim vín sem er augljóslega drukkinn. Í stað þess að gaufast í að banna súkkulaðiauglýsingar fyrir börn er ekkert því til fyrirstöðu að skylda afgreiðslufólk á skyndibitastöðum til að synja viðskiptavinum yfir kjörþyngd afgreiðslu („mér sýnist þú hafa fengið nóg, farðu heim og hlauptu þetta af þér“).

**SJÁLFSAGT** hefur kjörorðið „minna er meira“ aldrei átt jafn vel við og nú. Á tuttugustu öld ruddi sér til rúms sú lífsspeki að manni þyrfti að„að þykja vænt um sjálfan sig“, „líða vel í eigin skinni,“ og fleiri klisjur. Sjáið hverju það hefur skilað okkur. Lífsfyllingin hefur fært sig úr sálinni yfir á lærin. Lausnin felst í skammti af hollri sjálfsfyrirlitningu; hafa ímugust á spegilmynd sinni og gera það að lífsmarkmiði sínu að spegillinn hafi sem minnst að spegla. Aðeins þá á maður möguleika á að upplifa sanna hamingju: að koma fram á forsíðu Vikunnar – í allt of víðum buxum.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 30. nóvember, 334. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.41 | 13.16 | 15.51 |
| Akureyri | 10.48 | 13.01 | 15.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





DYNAMO REYKJAVÍK

# „GUÐNI FER Á KOSTUM“



**Dramatískt lífshlaup Guðna Ágústssonar**; skemmtilegar sögur, hatrömm átök að tjaldabaki. Einn vinsælasti stjórnmálamaður þjóðarinnar segir söguna eins og hún horfir við honum.
**Sigmundur Ernir Rúnarsson** ræðir við Guðna en styðst líka við fjölmargar heimildir sem ekki hefur verið vitnað til áður.

„Guðni fer á kostum ... gríðarlega skemmtileg aflestrar. ... ég gat ekki varist því aftur og aftur að finnast stílbrögð og texti Sigmundar hreinasta lostæti.“
– Össur Skarphéðinsson, eyjan.is

Veröld